# HEIMSMARKMIÐ

Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun

# STÖÐUSKÝRSLA

Júní 2018

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.03 2026

# EFNI

**Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun** ................................ 3

Markmið 1: ........................................ 8
Markmið 2: ........................................ 11
Markmið 3: ........................................ 13
Markmið 4: ........................................ 18
Markmið 5: ........................................ 23
Markmið 6: ........................................ 27
Markmið 7: ........................................ 30
Markmið 8: ........................................ 33
Markmið 9: ........................................ 36
Markmið 10: ........................................ 39
Markmið 11: ........................................ 42
Markmið 12: ........................................ 46
Markmið 13: ........................................ 50
Markmið 14: ........................................ 53
Markmið 15: ........................................ 56
Markmið 16: ........................................ 59
Markmið 17: ........................................ 64

VIÐAUKI 1 ........................................ 81

VIÐAUKI 2 ........................................ 122

VIÐAUKI 3 ........................................ 133

Skjal sótt af '00000000' dags: 25.03 2026

# Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun

Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun voru samþykkt af fulltrúum allra aðildarríkja Sameinuðu þjóðanna í september árið 2015. Markmiðin, sem gilda á tímabilinu 2016-2030, eru 17 talsins með 169 undirmarkmið og taka bæði til innanlandsmála sem og alþjóðasamstarfs á gildistímanum. Aðalsmerki Heimsmarkmiðanna er að þau eru algild og því hafa aðildarríkin skuldbundið sig til þess að vinna skipulega að innleiðingu markmiðanna bæði á innlendum og erlendum vettvangi út gildistíma þeirra.

Heimsmarkmiðin byggja um margt á arfleifð þúsaldarmarkmiða Sameinuðu þjóðanna og Ríó+20 ráðstefnu Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun sem haldin var árið 2012. Þúsaldarmarkmiðin voru átta talsins og beindust aðallega að þróunarríkjum heimsins. Markmiðin skiluðu góðum árangri á gildistíma þeirra á árunum 2000-2015, en á þeim tíma minnkaði sárafátækt um meira en helming, verulega dró úr mæðra-og barnadauða, aðgangur að hreinu vatni jókst til muna, sem og aðgangur barna að menntun.[1] Helsti munurinn á Þúsaldar- og Heimsmarkmiðunum felst meðal annars í því að Heimsmarkmiðin gilda um öll aðildarríki Sameinuðu þjóðanna en ekki einungis um þróunarríki, þó vissulega séu forsendur ríkjanna ólíkar. Að auki gegnir sjálfbær þróun, þá sér í lagi er varðar umhverfis- og auðlindamál, stærra hlutverki innan Heimsmarkmiðanna en hún gerði í Þúsaldarmarkmiðunum.

Heimsmarkmiðin eru samþætt og órjúfanleg og mynda jafnvægi milli þriggja stoða sjálfbærrar þróunar; hinnar efnahagslegu, félagslegu og umhverfislegu. Þá fela þau einnig í sér fimm meginþemu sem eru mannkynið, jörðin, hagsæld, friður og samstarf. Aðalinntak markmiðanna er jafnframt að engir einstaklingar eða hópar verði skildir eftir. Því er mikilvægt að ríki horfi ekki eingöngu til meðaltala við mælingar á árangri sínum heldur nálgist innleiðingu markmiðanna á heildstæðan hátt. Heimsmarkmiðin eru margþætt og metnaðarfull og krefjast skipulagðrar vinnu af hálfu stjórnvalda en einnig þátttöku og samstarfs milli ólíkra hagsmunaaðila. Þá eru innri tengsl og samþætt eðli markmiðanna afar þýðingarmikil fyrir framkvæmd þeirra. Óhætt er að fullyrða að ef þjóðum heimsins tekst að ná markmiðunum innan gildistíma áætlunarinnar þá mun líf allra og umhverfi hafa batnað til mikilla muna árið 2030.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.03.2026

**Heimsmarkmiðin um sjálfbæra þróun eru eftirfarandi:**

**1: Engin fátækt.** Útrýma fátækt í allri sinni mynd alls staðar.

**2: Ekkert hungur.** Útrýma hungri, tryggja fæðuöryggi og bætta næringu og stuðla að sjálfbærum landbúnaði.

**3: Heilsa og vellíðan.** Stuðla að heilbrigðu lífi og vellíðan fyrir alla frá vöggu til grafar.

**4: Menntun fyrir alla.** Tryggja öllum jafnan aðgang að góðri menntun og tækifæri til náms alla ævi.

**5: Jafnrétti kynjanna.** Jafnrétti kynjanna verði tryggt og völd allra kvenna og stúlkna efld.

**6: Hreint vatn og hreinlætisaðstaða.** Tryggja öllum aðgengi að hreinu vatni og sjálfbæra nýtingu þess svo og hreinlætisaðstöðu.

**7: Sjálfbær orka.** Tryggja öllum aðgang að öruggri og sjálfbærri orku á viðráðanlegu verði.

**8: Góð atvinna og hagvöxtur.** Stuðla að viðvarandi sjálfbærum hagvexti og arðbærum og mannsæmandi atvinnutækifærum fyrir alla.

**9: Nýsköpun og uppbygging.** Byggja upp trausta innviði, stuðla að sjálfbærri iðnvæðingu og hlúa að nýsköpun.

**10: Aukinn jöfnuður**. Draga úr ójöfnuði innan og á milli landa.

**11: Sjálfbærar borgir og samfélög.** Gera borgir og íbúðasvæði öllum auðnotuð, örugg og sjálfbær.

**12: Ábyrg neysla og framleiðsla.** Sjálfbær neyslu- og framleiðslumynstur verði tryggð.

**13: Aðgerðir í loftslagsmálum.** Grípa til bráðra aðgerða gegn loftslagsbreytingum og áhrifum þeirra.

**14: Líf í vatni.** Vernda og nýta hafið og auðlindir þess á sjálfbæran hátt.

**15: Líf á landi.** Vernda og endurheimta vistkerfi á landi og stuðla að sjálfbærri nýtingu þeirra, vinna að sjálfbærri stjórnun skóga, berjast gegn eyðimerkurmyndun, stöðva jarðvegseyðingu og endurheimta landgæði og sporna við hnignun líffræðilegrar fjölbreytni.

**16: Friður og réttlæti.** Stuðla að friðsælum og sjálfbærum samfélögum fyrir alla jarðarbúa, tryggja öllum jafnan aðgang að réttarkerfi og byggja upp skilvirkar og ábyrgar stofnanir fyrir alla.

**17: Samvinna um markmiðin.** Efla framkvæmd og blása lífi í alþjóðlegt samstarf um sjálfbæra þróun.

Ísland tók virkan þátt í samningaviðræðum um markmiðin á vettvangi Sameinuðu þjóðanna á árunum 2012-2015. Í viðræðunum lagði Ísland sérstaka áherslu á jafnréttismál, málefni hafsins, endurnýjanlega orku, landgræðslu og sjálfbæra landnýtingu auk rannsókna og lækningar á taugasjúkdómum. Innleiðing markmiðanna hefur farið vel af stað á alþjóðavísu og gegna Heimsmarkmiðin núorðið stóru hlutverki í öllu starfi Sameinuðu þjóðanna, sem og öðru alþjóðlegu samstarfi Íslands.

Skjal sótt af '000000000' dags: 25.03 2026

Hinn eiginlegi vettvangur fyrir eftirfylgni markmiðanna er ráðherrafundur hjá Sameinuðu þjóðunum í New York, „High Level Political Forum on Sustainable Development" (HLPF), sem haldinn er í júlí ár hvert. Á fundinum gefst aðildarríkjunum tækifæri til þess að kynna innleiðingu sína á markmiðunum en mælst er til að ríkin efni til slíkrar kynningar a.m.k. þrisvar á gildistíma markmiðanna. Ísland mun efna til sinnar fyrstu kynningar um Heimsmarkmiðin árið 2019.

Fyrstu markvissu skref stjórnvalda við innleiðingu Heimsmarkmiðanna á Íslandi voru að setja á laggirnar verkefnastjórn Heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna og ákvörðun um ritun stöðuskýrslu. Stöðuskýrslu þessari er ætlað að veita innsýn inn í stöðu Íslands gagnvart markmiðunum á innlendum og erlendum vettvangi. Það felur bæði í sér kortlagningu á helstu verkefnum, áætlunum og áskorunum stjórnvalda í tengslum við tiltekin markmið en jafnframt aðgengi að gögnum fyrir þá mælikvarða sem lagðir hafa verið markmiðunum til grundvallar. Á grunni þeirrar vinnu og ráðgjafar frá sérfræðingum innan Háskóla Íslands eru jafnframt lögð fram forgangsmarkmið sem vísa munu stjórnvöldum veginn við innleiðingu markmiðanna næstu árin. Nánari útlistun á forgangsmarkmiðunum og aðferðafræðinni sem notuð var við val á þeim má finna aftar í skýrslunni. Þá byggist skýrslan að verulegu leyti á gagnasöfnun sem Hagstofa Íslands hefur unnið í nánu samstarfi við verkefnastjórnina, en niðurstöður þeirrar úttektar má finna í fyrsta viðauka skýrslunnar.

Heimsmarkmiðin eru afar víðfeðm og ná yfir flest svið stjórnsýslunnar, bæði á lands- og sveitarstjórnarstigi. Hvert yfirmarkmið felur í sér ákveðið þema og undirmarkmiðin endurspegla það. Hins vegar er það ekki svo að hægt sé að einangra ákveðin undirmarkmið við eitt ákveðið yfirmarkmið. Ástæðan er sú að markmiðin tengjast innbyrðis, svo innleiðing á einu undirmarkmiði getur haft áhrif á framgang annars yfir- eða undirmarkmiðs. Áhrifin geta meðal annars falist í óvæntum áhrifum á aðra málaflokka, bæði jákvæð eða neikvæð, en slíkt fer að töluverðu leyti eftir aðstæðum. Farið er nánar yfir þessi samverkandi áhrif síðar í skýrslunni og áform verkefnastjórnarinnar um innleiðingu markmiðanna í gegnum stefnumótun fjármálaáætlunar.

Eins og áður hefur verið nefnt er innleiðing Heimsmarkmiðanna ekki einungis á hendi stjórnvalda, heldur mun þurfa samhent átak margra ólíkra hagsmunaaðila til þess að þau megi verða að veruleika. Í ljósi þess er mikilvægt fyrir stjórnvöld að hvetja til samráðs og samstarfs um innleiðingu markmiðanna. Í skýrslunni má finna umfjöllun um ungmennaráð Heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna og fleiri samstarfsaðila verkefnastjórnarinnar auk þess sem gerðar eru tillögur að framtíðarskipulagi og verklagi í kringum innleiðingu Heimsmarkmiðanna hér á landi.

Stöðuskýrsla þessi er mikilvægt upphafsskref í átt að farsælli innleiðingu Íslands á Heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun. Skýrslunni er ætlað að varpa ljósi á núverandi stöðu Íslands, bæði á innlendum og erlendum vettvangi, til undirbúnings skipulagðri og samhæfðri vinnu í átt að markmiðunum á komandi árum. Heimsmarkmiðin eru stórt og viðamikið verkefni en ef ólíkir kraftar koma saman getur sameiginleg framtíðarsýn um þróun í átt að sjálfbæru samfélagi orðið að veruleika.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.03 2026

## Verkefnastjórn Heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna

Á fundi ríkisstjórnarinnar 24. mars 2017 var samþykkt að skipuð yrði verkefnastjórn forsætisráðuneytis, utanríkisráðuneytis, umhverfis- og auðlindaráðuneytis, velferðarráðuneytis, fjármála- og efnahagsráðuneytis og Hagstofu Íslands, sem halda skyldi utan um greiningu, innleiðingu og kynningu á Heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna. Verkefnastjórn Heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna (hér eftir „verkefnastjórnin“) skipa átta fulltrúar fyrrgreindra ráðuneyta ásamt fulltrúa frá Hagstofu Íslands. Forsætisráðuneytið gegnir formennsku í stjórninni og utanríkisráðuneytið varaformennsku. Til þess að tryggja aðkomu allra ráðuneyta að vinnunni var einnig myndaður tengiliðahópur með fulltrúum annarra ráðuneyta, auk áheyrnarfulltrúa frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga.

Samkvæmt ákvörðun ríkisstjórnarinnar er meginhlutverk verkefnastjórnarinnar að greina stöðu undirmarkmiða Heimsmarkmiðanna, rita stöðuskýrslu með tillögum um forgangsröðun markmiða til ríkisstjórnarinnar og leggja fram tillögur um framtíðarskipulag og verklag í tengslum við innleiðingu markmiðanna hér á landi. Þá skal verkefnastjórnin sérstaklega horfa til þess hvernig samhæfa megi innleiðingu Heimsmarkmiðanna við stefnu og áætlanagerð Stjórnarráðsins í gegnum málaflokkastefnur fjármálaáætlunar og hvernig vinna megi að innleiðingu markmiðanna í samstarfi við ólíka hagsmunaaðila innanlands, sem og sinna alþjóðlegu samstarfi um markmiðin.

Í þessari skýrslu leggur verkefnastjórnin fram yfirlit yfir stöðu Heimsmarkmiðanna 17 hér á landi og alþjóðastarf þeim tengt og gerir tillögur að forgangsmarkmiðum stjórnvalda til næstu ára og um framtíðarverklag við framkvæmd markmiðanna hér á landi.

## Tölfræði Heimsmarkmiðanna

Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun eru á margan hátt langhlaup í átt að mjög metnaðarfullum markmiðum. Yfirmarkmiðin 17 eru afar víðfeðm og því reyndist nauðsynlegt að semja undirmarkmið svo unnt væri að meta stöðu þjóða m.t.t. yfirmarkmiðanna í heild. Undirmarkmiðin (e. targets) eru 169 talsins og eru þau tengd 232 mælikvörðum (e. indicators). Út frá mælikvörðunum hafa Sameinuðu þjóðirnar leitast við að smíða ítarlegt mælaborð fyrir Heimsmarkmiðin svo að þjóðir heimsins hafi sem skýrasta mynd af stöðu sinni gagnvart markmiðunum hverju sinni. Með þessari stöðuskýrslu fylgir tölfræðiviðauki þar sem sjá má fyrstu útgáfu af þessu mælaborði.

Hagstofa Íslands hefur átt fulltrúa í verkefnastjórn Heimsmarkmiðanna til ráðgjafar og stuðnings, þá ekki síst í þeirri grunnvinnu sem nauðsynleg er til að leggja hornsteininn að tölfræði Heimsmarkmiðanna. Sama fyrirkomulag verður áfram og mun Hagstofan halda utan um uppbyggingu á tölfræði Heimsmarkmiðanna. Verkefnastjórnin hefur leitað til fjölda stofnana til að finna áreiðanlegar gagnalindir og einnig hefur verið grandskoðað hvar Ísland kunni að vanta gögn. Verkefnastjórnin gerði samning við Stofnun Sæmundar fróða við Háskóla Íslands um gæðamat á þeim gögnum sem fyrir lágu en mjög mikilvægt er að þau gögn sem lögð eru til grundvallar séu alþjóðlega samanburðarhæf og að allir mælikvarðar séu skýrt skilgreindir. Greiningarvinnan var unnin af víðtæku neti íslenskra fræðimanna þar sem stuðst var við fremstu sérfræðinga á hverju fagsviði. Afurð vinnunnar var ítarleg skýrsla um

Skjal sótt af '000000000' dags: 25.03 2026

mat á gögnum og gagnabönkum tengdum Heimsmarkmiðunum sem reyndist traustur grunnur fyrir frekari tölfræðivinnu.

Tölfræði Heimsmarkmiðanna á sér einnig alþjóðlega hlið sem er ekki síður áhugaverð til að setja Heimsmarkmiðin í samhengi. Skilgreiningarvinna á mælikvörðum er enn í fullum gangi og starfar sérfræðinefnd á vegum Sameinuðu þjóðanna (IAEG-SDGs) við það umfangsmikla og flókna verkefni að þróa alþjóðlega tækar mælingar fyrir undirmarkmiðin. Þessa nýju mælikvarða þarf svo að setja í íslenskt samhengi, finna traustar gagnalindir og vinna tölfræði sem sýnir stöðu Íslands gagnvart markmiðunum og um leið öðrum þjóðum út frá sömu mælikvörðum.

Hinn alþjóðlegi vettvangur Heimsmarkmiðanna getur verið nokkuð flókinn og jafnvel villandi þar sem fleiri en ein útgáfa af mælikvörðum og markmiðum er til staðar. Því er mikilvægt að átta sig á að mælikvarðar Sameinuðu þjóðanna eiga við um heiminn allan en lönd eða svæði geta líka sett sér eigin mælikvarða til að styðja við sína eigin markmiðasetningu. Þannig verður Evrópusambandið með tölfræðimælikvarða sem snúa að þeirra málefnum og jafnvel gætu orðið til norrænir tölfræðimælikvarðar ef Norðurlöndin taka sig saman. Þótt oft séu notaðir mælikvarðar Sameinuðu þjóðanna til að gæta samræmis er það ekki alltaf svo og því mikilvægt fyrir notendur tölfræðigagna um Heimsmarkmiðin að huga að uppruna og samræmi ef nýta á tölfræðimælikvarða rétt. Hið jákvæða er að gróska er í vinnslu tölfræðilegra upplýsinga um Heimsmarkmiðin og mikil eftirspurn er eftir tölfræði til markmiðasetningar og hagnýtingar bæði á innlendum og alþjóðlegum vettvangi. Þegar fram líða stundir mun tölfræðin mynda sögu utan um framvindu þjóða gagnvart Heimsmarkmiðunum og vonandi verður það vottur um metnað gagnvart Heimsmarkmiðunum í verki.

[1] Utanríkisráðuneytið, 6. september 2017, Þróunarsamvinna sem fjárfesting og framlag til framtíðar, www.stjornarradid.is.



Skjal sótt af '00000000' dags: 25.03 2026

1 ENGIN FÁTÆKT

# Útrýma fátækt í allri sinni mynd alls staðar

Mikill árangur hefur náðst á heimsvísu í baráttunni gegn fátækt. Hins vegar býr enn fjöldi fólks, sérstaklega í þróunarríkjum, við örbirgð og alla fylgifiska hennar, s.s. hungur, húsnæðisleysi, skort á tryggri lífsafkomu, lélegt eða ekkert aðgengi að menntun, skort á heilbrigðisþjónustu og annarri grunnþjónustu auk félagslegrar útskúfunar.

Ísland er velferðarríki á vestrænan mælikvarða og lífskjör íslenskra ríkisborgara því almennt talin góð samanborið við aðrar þjóðir heimsins. Nýjustu mælingar sýna að á Íslandi ríkir mestur tekjujöfnuður og minnst fátækt meðal Evrópuþjóða[2] en þrátt fyrir þær jákvæðu niðurstöður býr ákveðinn hópur fólks enn við efnislegan skort og fátækt. Eitt af meginstefjum Heimsmarkmiðanna er að skilja engan eftir og því er mikilvægt að hafa það að leiðarljósi við innleiðingu fyrsta markmiðsins um að útrýma fátækt á Íslandi.

## Útrýming fátæktar í öllum myndum

Það getur verið vandkvæðum bundið að skilgreina fátækt, sér í lagi er kemur að alþjóðasamanburði. Það er stefna stjórnvalda að styrkja sérstaklega stöðu fólks sem stendur höllum fæti og gera tillögur til úrbóta á kjörum tekjulægstu hópanna í samfélaginu. Velferðarvakt íslenskra stjórnvalda lét vinna greiningu á sárafátækt árið 2016 sem leiddi í ljós að á bilinu 1,3 til 3% landsmanna búa við sárafátækt.[3] Velferðarvaktin lagði til grundvallar verkefninu skilgreiningu á sárafátækt sem samsvarar þeim hópi sem Hagstofan mælir að búi við verulegan skort á efnislegum gæðum. Mælingin „skortur á efnislegum gæðum“ var þróuð af evrópsku hagstofunni Eurostat með það fyrir augum að bregðast við vissum annmörkum tekjumælinga á fátækt.

**1.2 Hlutfall karla, kvenna og barna á öllum aldri, sem búa við fátækt samkvæmt skilgreiningu í hverju landi, lækki um a.m.k. helming.**

Á Íslandi eru ekki til opinber viðmið um fátækt en helst hefur verið notast við skilgreiningu á lágtekjumörkum sem miða við 60% af miðgildi ráðstöfunartekna. Samkvæmt tölum Hagstofunnar voru 8,8% íbúa undir lágtekjumörkum árið 2016, þar á meðal 11% barna og 24,9% einstæðra foreldra. Til samanburðar má nefna að árið 2011 mældust 9,2% landsmanna undir lágtekjumörkum.[4] Félagslegt tryggingakerfi hefur verið við lýði á Íslandi frá því á fyrri hluta 20. aldar. Lögum samkvæmt eiga allir sem eru löglega búsettir á Íslandi rétt á grunnþjónustu sem felur í sér aðgengi að menntun, heilbrigðisþjónustu, öruggu húsnæði, félagslegu tryggingakerfi og félagsþjónustu.



Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.03 2026

Sveitarfélög veita fjárhagsaðstoð til framfærslu einstaklinga og fjölskyldna sem ekki geta séð sér og sínum farborða án aðstoðar. Um fjárhagsaðstoð sveitarfélaga gilda reglur viðkomandi sveitarfélags í samræmi við lög um félagsþjónustu sveitarfélaga en 4,4% heimila á Íslandi fengu slíka fjárhagsaðstoð árið 2016.[5] Þeir sem búsettir eru hér á landi fá greiðslur almannatrygginga vegna barneigna, barna, örorku, endurhæfingar, atvinnuleysis, vinnuslysa, öldrunar o.fl. Hlutfall örorkulífeyrisþega var 8,1% af íbúum á aldrinum 18-66 ára árið 2017.[6] Á Íslandi er skyldubundin aðild að lífeyrissjóðum fyrir fólk á vinnumarkaði sem fær greiddan lífeyri þegar starfsaldri lýkur.

**1.3 Ráðstafanir verði gerðar, í samræmi við aðstæður í hverju landi, til að innleiða félagslegt tryggingakerfi og vernd öllum til handa, þar með talin lágmarksframfærsluviðmið. Stuðningur við fátækt fólk og fólk í viðkvæmri stöðu verði stóraukinn.**

Eitt markmiða í fjármálaáætlun stjórnvalda 2019-2023 um stuðning við einstaklinga, fjölskyldur og börn lýtur að því að styrkja sérstaklega stöðu fólks sem stendur höllum fæti og gera tillögur til úrbóta á kjörum tekjulægstu hópanna í samfélaginu. Sérstaklega skal hugað að stöðu barna, með áherslu á þau sem glíma við fjölþættan vanda og búa við fátækt.

**1.b Mótuð verði traust umgjörð um stefnumál á landsvísu, svæðum og alþjóðlegum vettvangi, byggð á þróunaráætlunum sem styðja sérstaklega við fátæka og taka mið af kynjamismunun, í því skyni að styðja við stigvaxandi fjárfestingu í aðgerðum sem miða að því að útrýma fátækt.**

Stefnt er að því að einfalda almannatryggingakerfið, tryggja betur framfærslu tekjulægstu hópanna og auðvelda samfélagsþátttöku þeirra. Með einföldun bótakerfisins er stefnt að því að samspil tekna fólks með skerta starfsgetu og örorkulífeyri feli í sér hvata til virkrar þátttöku á vinnumarkaði, enda er atvinnuþátttaka talin ein þýðingarmesta leiðin til að koma í veg fyrir félagslega einangrun og fátækt.

Unnið er að því að auka greiðslur til foreldra í fæðingarorlofi í áföngum. Brúa þarf bil milli fæðingarorlofs og leikskóla og lenging fæðingarorlofs er mikilvægur liður í því. Þá er lögleiðing jafnlaunavottunar og innleiðing jafnlaunakerfa til þess fallin að draga úr fátækt og stuðla að auknum jöfnuði í samfélaginu.

## Ísland á alþjóðlegum vettvangi

Meginmarkmið alþjóðlegrar þróunarsamvinnu Íslands eru að styðja viðleitni alþjóðasamfélagsins til að útrýma fátækt og hungri og stuðla að sjálfbærri þróun. Unnið er að þeim markmiðum m.a. með fjárframlögum til tvíhliða og marghliða þróunarsamvinnu, með sérstakri áherslu á samvinnu við fátæk og óstöðug ríki og að bæta stöðu þeirra sem búa við lökust lífskjör. Tvíhliða samstarfslönd Íslands eru Malaví og Úganda og njóta þau mests stuðnings frá Íslandi auk Mósambík, Palestínu og Afganistan, sem einnig fá umtalsverðan íslenskan stuðning í gegnum fjölþjóðastofnanir og borgarasamtök. Í öllum þeim ríkjum beinist þungi stuðningsins frá Íslandi að þeim hópum sem búa við sárafátækt og kerfisbundinn ójöfnuð, einkum í dreifbýli.

**1.1. Sárri fátækt útrýmt alls staðar. Miðað verði við að enginn þurfi að lifa á lægri fjárhæð á dag en sem nú nemur 1,25 Bandaríkjadal.**

Í jafningjarýni þróunarsamvinnunefndar OECD (OECD-DAC) á íslenska þróunarsamvinnu árið 2017 kom fram að rúm 40% af þróunaraðstoð Íslands

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.03.2026

**1.2 Lækka um helming hlutfall þeirra sem búa við fátækt í öllum sínum birtingarmyndum samkvæmt skilgreiningu í hverju landi.**

árið 2015 fór til mjög fátækra ríkja sem er töluvert hærra hlutfall en meðaltal aðildarríkja DAC (28%).[7] Samkvæmt bráðabirgðatölum OECD-DAC fyrir 2017 námu opinber framlög Íslands til þróunarsamvinnu 0,29% af VÞT en framlög aðildarríkja þróunarsamvinnunefndar OECD (DAC) námu 0,31% af VÞT að meðaltali.[8] Í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar og fjármálaáætlun 2019-2023 kemur fram að ríkisstjórnin stefni að því að auka framlög til þróunarsamvinnu og að þau verði 0,35% af VÞT árið 2022.

[2] Forsætisráðuneytið, 3. maí 2016, Jöfnuður tekna aldrei meiri á Íslandi, www.stjornarradid.is.
[3] Hagstofa Íslands, 13. september 2016, Sárafátækt.
[4] Hagstofa Íslands, hagstofa.is.
[5] Velferðarráðuneyti og Hagstofa Íslands, 2017, Félagsvísar, 6. útgáfa.
[6] Hagstofa Íslands, Örorkulífeyrisþegar eftir kyni og aldri 2008-2017, px.hagstofa.is.



Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.03 2026

2 EKKERT HUNGUR

# Útrýma hungri, tryggja fæðuöryggi og bæta næringu og stuðla að sjálfbærum landbúnaði

Ef rétt er að farið geta landbúnaður, skógrækt og sjávarútvegur séð öllum fyrir nægum og næringarríkum mat auk þess að skapa atvinnu og tekjur. Raunveruleikinn er hins vegar annar. Jarðvegur, ferskvatn, höfin, skógar og líffræðilegur fjölbreytileiki eiga á hættu að skaðast meira en þegar er orðið, með fyrirsjáanlega slæmum afleiðingum fyrir líf fólks og umhverfið. Loftslagsbreytingar hafa ennfremur ýtt undir vandann þar sem þær auka líkurnar bæði á flóðum og langvarandi þurrkum. Í mörgum þróunarríkjum á fólk sem býr í dreifbýli erfitt með að ná endum saman, með þeim afleiðingum að það neyðist til þess að flytja í borgir þar sem þeirra bíður oft atvinnuleysi og fátækt. Alþjóðlegir matvæla- og landbúnaðarmarkaðir þurfa að breytast verulega svo tryggja megi öllum næringarríka fæðu. Í alþjóðlegri þróunarsamvinnu hafa íslensk stjórnvöld beitt sér fyrir því að draga úr fátækt og hungri, bæði í samstarfsríkjum sem og í gegnum fjölþjóðastofnanir.

## Útrýming hungurs og aðgengi að fæðu

Á Íslandi er framboð næringarríkrar fæðu gott og enginn á að þurfa að búa við sult. Íslensk stjórnvöld sjá til þess að þeir sem ekki ná endum saman fái viðeigandi aðstoð, t.d. í formi margskonar bóta. Afar mikilvægt er að ná til allra sem eru í slíkri stöðu, í samræmi við markmið Heimsmarkmiðanna um að skilja enga hópa eftir við innleiðingu þeirra.

**2.1 Eigi síðar en árið 2030 verði hungri útrýmt og aðgengi allra manna tryggt að öruggri, næringarríkri og nægri fæðu allt árið um kring.**

Ríkisstjórnin hefur kveðið skýrt á um að spornað verði við fátækt og að stuðningi verði beint til þeirra sem eru í mestri þörf. Þetta verði gert m.a. með endurskoðun kerfis barnabóta, vaxtabóta, barnalífeyris og húsnæðisbóta þar sem fjárhagslegum stuðningi verði beint með markvissari hætti að tekjulægri hópum. Einnig verði örorkulífeyriskerfi almannatrygginga einfaldað með fækkun bótaflokka, sameiningu frítekjumarka og með innleiðingu starfsgetumats þegar við á með áherslu á getu fólks til starfa. Líkt og að framan greinir teljast 1-3% íbúa landsins í þeim hópi sem býr við sárafátækt, samkvæmt skilgreiningu Velferðarvaktarinnar. Það er sá hópur sem er hvað viðkvæmastur og fylgjast þarf með að grunnþörfum hans sé mætt, m.a. hvað varðar nægа og næringarríka fæðu. Sjá verður til þess að hungur og vannæring verði aldrei að vandamáli hér á landi.

**2.2 Eigi síðar en árið 2030 verði vannæringu í hvaða mynd sem er útrýmt.**



Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.03.2026

## Sjálfbær matvælaframleiðsla

Íslensk stjórnvöld leggja áherslu á að vera leiðandi í framleiðslu á heilnæmum landbúnaðarafurðum. Lögð verður áhersla á nýsköpun og vöruþróun til að stuðla að byggðafestu, auka verðmætasköpun og nýta tækifæri sem byggjast á áhuga á matarmenningu með sjálfbærni og gæði að leiðarljósi.

**2.4 Tryggja sjálfbært fyrirkomulag matvælaframleiðslu og koma á traustum starfsháttum í landbúnaði sem eykur framleiðni og framleiðslu og stuðlar þar með að viðhaldi vistkerfa.**

Meginmarkmiðið er að landbúnaður á Íslandi sé sjálfbær og vernd búfjárstofna sé tryggð. Ríkisstjórnin mun beita sér fyrir því að bregðast við vanda sauðfjárbænda til skemmri og lengri tíma. Samhliða nýrri kynslóð landbúnaðarsamninga verða innleiddir sérstakir aðlögunarsamningar um nýja starfsemi til sveita. Með þeim verður rudd braut fyrir bændur til að byggja upp nýjar búgreinar eða hasla sér völl á öðrum sviðum. Slíkir aðlögunarsamningar til búháttabreytinga verða tímabundnir og háðir skilyrðum um byggðafestu, verðmætasköpun og búsetu viðkomandi jarðar og geta stuðlað að nýsköpun, náttúruvernd og nýjum áherslum í rannsóknum og menntun.

Þá mun ríkisstjórnin jafnframt ráðast í aðgerðir til að þróa lífhagkerfið enn frekar, grænar lausnir og aðferðir til að draga úr umhverfisáhrifum matvælaframleiðslu með hvötum og stuðningi sem miði meðal annars að kolefnisjöfnun greinarinnar. Í því skyni þarf að efla lífrænan landbúnað sérstaklega.

## Ísland á alþjóðlegum vettvangi

Meginmarkmið Íslands í alþjóðlegri þróunarsamvinnu er að draga úr fátækt og hungri og stuðla að almennri velferð á grundvelli kynjajafnréttis, mannréttinda og sjálfbærrar þróunar. Sérstaklega skal hugað að réttindum barna og að þau fái tækifæri til að dafna og þroska hæfileika sína. Vannæring getur haft varanleg neikvæð áhrif áandlegan og líkamlegan þroska barna. Aðgangur að næringarríkri fæðu er lykilatriði en aðrir þættir eins og aðgengi að hreinu vatni og bættri salernisaðstöðu, bólusetningar og aðgangur að grunnheilbrigðisþjónustu hafa einnig mikil áhrif. Í Malaví, samstarfslandi Íslands, búa um 42% barna undir 5 ára aldri við mikla vaxtarhömlun.[9] Þar í landi hafa íslensk stjórnvöld veitt fé í verkefni eins og öflun hreins vatns, byggingu spítala og máltíðir fyrir skólabörn.

Ísland styður m.a. Matvælastofnun Sameinuðu þjóðanna (WFP) og Barnahjálp Sameinuðu þjóðanna (UNICEF). Báðar stofnanir sinna mikilvægum næringarverkefnum í þróunarlöndum og á mannúðarsvæðum. Þá ber að nefna að þróunarsamvinna og annað alþjóðasamstarf Íslands á sviði landgræðslu og sjálfbærra fiskveiða miðar að því að auka fæðuöryggi í heiminum.

**2.1 Eigi síðar en árið 2030 verði hungri útrýmt og aðgengi allra manna tryggt að öruggri, næringarríkri og nægri fæðu allt árið um kring.**

[7] OECD, Development Cooperation Report 2017.
[8] OECD, 9. apríl 2017, Development aid stable in 2017 with more sent to poorest countries.
[9] UNICEF, UNICEF Data: Monitoring the Situation of Children and Women, data.unicef.org/country/mwi/.



Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.03.2026

**3 HEILSA OG VELLÍÐAN**

# Stuðla að heilbrigðu lífi og vellíðan fyrir alla frá vöggu til grafar

Almenn góð heilsa og vellíðan eru mikilvægir þættir í viðleitninni til að ná markmiðum sjálfbærrar þróunar. Á undanförnum árum hafa stór skref verið stigin í því að bæta lífslíkur manna, t.d. með því að draga úr mæðra- og ungbarnadauða og koma í veg fyrir útbreiðslu sjúkdóma. Enn er þó verk að vinna til að tryggja heilsu og vellíðan stærri hóps mannkyns en nú nýtur þeirra gæða.

Í nýjustu skýrslu Efnahags- og framfarastofnunarinnar (OECD) um stöðu heilbrigðismála segir að heilbrigðari lífshættir, hærri tekjur og betri menntun, ásamt betri heilbrigðisþjónustu hafi stuðlað að aukinni meðalævilengd á síðustu áratugum. Lífslíkur Íslendinga eru með því hæsta sem gerist í heiminum og um þrír af hverjum fjórum fullorðinna (76%) á Íslandi töldu sig við góða eða mjög góða heilsu árið 2015.[10]

**3.1 Dánarhlutfall mæðra á heimsvísu verði lægra en 70 af hverjum 100.000 fæðingum lifandi barna.**

## Mæðra- og ungbarnadauði og aðgangur að heilsugæsluþjónustu á sviði kyn- og frjósemisheilbrigðis

Mæðradauði er sjaldgæfur á Íslandi og tíðni hans með því lægsta sem þekkist á alþjóðavísu.[11] Mæðraeftirlit og fæðingarþjónusta er eingöngu veitt af menntuðu heilbrigðisstarfsfólki og er allur kostnaður við eftirlit á meðgöngu og fyrst eftir fæðingu með börnum og móður greiddur af hinu opinbera. Ungbarnadauði á Íslandi er með allra minnsta móti á heimsvísu og hefur dauðsföllum vegna slysa ungra barna fækkað á undanförnum árum með aukinni áherslu á slysavarnir barna.[12] Öflug ung- og smábarnavernd fer fram á heilsugæslustöðvum og hefur það markmið að styðja við heilsu og þroska barna frá fæðingu til 6 ára aldurs.

**3.2 Dauðsföll nýbura og barna yngri en 5 ára sem unnt er að fyrirbyggja heyri sögunni til fyrir árið 2030. Allar þjóðir stefni að því að lækka dánartíðni nýbura niður fyrir 12 af hverjum 1.000 fæddum hið minnsta og dánartíðni barna yngri en 5 ára niður fyrir 25 af hverjum 1.000 fæddum.**

Almenningur hefur góðan aðgang að getnaðarvörnum og upplýsingum og fræðslu um kynheilbrigði hjá heilsugæslu og kvensjúkdómalæknum. Brýnt er þó að huga enn betur að forvörnum og ráðgjöf um getnaðarvarnir sem komið geta í veg fyrir óráðgerða þungun. Sérlega þarf að huga að yngri konum og konum sem standa höllum fæti í samfélaginu. Fæðingartíðni meðal ungra mæðra hefur farið hratt lækkandi á undanförnum áratugum



Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.03.2026

**3.7 Heilsugæsluþjónusta á sviði kyn- og frjósemisheilbrigðis verði öllum tryggð með viðeigandi ráðgjöf og fræðslu, auk stuðnings við gerð fjölskylduáætlana. Frjósemisheilbrigði verði liður í opinberri stefnu og áætlanagerð allra þjóða.**

og var árið 2017 5,9 á hverjar 1000 konur í aldurshópnum 15-19 ára. Meðalaldur frumbyrja hefur farið hækkandi og er nú 27,8 ár.[13]

## Útrýming farsótta og fækkun ótímabærra dauðsfalla

Á Íslandi hefur almennt tekist að halda smitsjúkdómum í lágmarki en sóttvarnalæknir vaktar stöðu smitsjúkdóma og bregst við með aðgerðum innan þeirra marka sem lög heimila. Sérstaklega hefur verið lögð áhersla á þá hópa sem eru í meira mæli útsettir fyrir smiti. Meðal aðgerða er aukinn aðgangur sprautusjúklinga að hreinum nálum. Árið 2016 varð marktæk fjölgun einstaklinga með HIV-sýkingu og verður gripið til aðgerða til að mæta þeim vanda en dregið hefur úr nýgengi berkla hér á landi á undanförnum árum.[14] Alþjóðaheilbrigðisreglugerðin (IHR) varð bindandi alþjóðasamningur árið 2007 og tekur löggjöfin á Íslandi mið af henni. Gildissvið sóttvarnalaga var útvíkkað árið 2007 og nær nú yfir sjúkdóma sem valdið geta farsóttum og ógnað almannaheill. Sóttvarnalög veita mikilvægan ramma um skjótar og áhrifaríkar aðgerðir gegn margs konar vá hér á landi en lagaramminn hérlendis um eiturefni og mengun er jafnframt ítarlegur og veitir góða vernd hvað varðar mengun og hættuleg efnum. Framfylgd laganna er á höndum ýmissa stofnana hins opinbera, s.s. Umhverfisstofnunar, Neytendastofu, heilbrigðisnefnda sveitarfélaga og Vinnueftirlits ríkisins.

**3.3 Farsóttum af völdum alnæmis, berkla, malaríu og vanræktra hitabeltissjúkdóma verði útrýmt og barist gegn lifrarbólgu, vatnsbornum sjúkdómum og öðrum smitsjúkdómum.**

Árið 2016 var fjöldi ótímabærra dauðsfalla um 461 á hverja 100 þúsund íbúa landsins, sá hæsti síðan árið 2002.[15] Unnið er að fyrirbyggjandi þáttum með heilsueflingu og forvarnastarfi til að koma í veg fyrir ótímabær dauðsföll. Unnið er heildstætt með helstu áhættu- og áhrifaþætti heilbrigðis svo sem með áfengis-, tóbaks- og vímuvörnum, ráðleggingum um næringu, hreyfingu, geðrækt og tannvernd ásamt ofbeldis- og slysavörnum. Skimun fyrir legháls- og brjóstakrabbameini á sér langa sögu á Íslandi og er stöðugt unnið að því að auka þátttöku kvenna í skimunum. Þá er einnig áætlað að hefja skimun fyrir krabbameini í ristli og endaþarmi á árinu 2018. Fullnægjandi mönnun í heilbrigðiskerfinu hefur reynst áskorun sem gæti haft áhrif á þróun greiningar og meðferðar sjúkdóma takist ekki að tryggja fullnægjandi mönnun með nauðsynlegu starfsfólki. Árið 2014 var samþykkt stefna í geðheilbrigðismálum til fjögurra ára þar sem áhersla er lögð á fyrirbyggjandi aðgerðir og snemmtæka íhlutun. Unnið er að framkvæmd stefnunnar og hefur vinnuhópur um sjálfsvígsforvarnir skilað tillögum um aðgerðir til að draga úr sjálfsvígum.

**3.9 Dregið verði umtalsvert úr veikindum og dauðsföllum af völdum hættulegra efna, eða mengunar í andrúmslofti, vatns- eða jarðvegsmengunar.**

**3.4 Ótímabærum dauðsföllum vegna sjúkdóma, annarra en smitsjúkdóma, verði fækkað um þriðjung. Stuðlað verði að bættu geðheilbrigði og vellíðan.**

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.03.2026

## Aðgangur að heilbrigðisþjónustu, nauðsynlegum lyfjum og bóluefni

Allir landsmenn hafa aðgang að heilbrigðisþjónustu og er sjúkrahúslega sjúklingum að kostnaðarlausu. Á undanförnum árum hefur reglum um greiðsluþátttöku sjúklinga vegna heilbrigðisþjónustu utan sjúkrahúsa verið breytt til að draga úr kostnaði þeirra sem þurfa mikið á lyfjum og þjónustu heilbrigðiskerfisins að halda og þak sett á greiðsluþátttöku landsmanna hvað þetta varðar. Komugjöld á heilsugæslu eru lág fyrir fullorðna og engin vegna barna. Jafnframt starfa skólahjúkrunarfræðingar í öllum grunnskólum landsins. Bólusetningar barna eru að fullu greiddar af hinu opinbera og eru bóluefni jafnframt aðgengileg öllum landsmönnum á viðráðanlegu verði. Tannlækningar barna að 18 ára aldri eru gjaldfrjálsar. Fullorðnir þurfa að standa straum af kostnaði sínum vegna tannlækninga, en hið opinbera tekur að hluta til þátt í tannlæknakostnaði hjá öldruðum og öryrkjum. Aðgengi að sálfræðiþjónustu hefur verið aukið í heilsugæslu en sálfræðiþjónusta hjá sjálfstætt starfandi sálfræðingum er aðeins niðurgreidd fyrir börn. Launafólk hefur þó aðgang að styrkgreiðslum frá stéttarfélögum til að mæta sálfræðikostnaði og tannlæknakostnaði.

**3.8 Komið verði á almennu sjúkratryggingakerfi þannig að allir fái notið nauðsynlegrar heilbrigðisþjónustu óháð efnahag. Gæði þjónustunnar og aðgengi að nauðsynlegum, öruggum og skilvirkum lyfjum og bóluefnum verði öllum tryggð.**

**3.5 Forvarnir og meðferð vegna vímuefnamisnotkunar, meðal annars misnotkunar fíkniefna og skaðlegrar notkunar áfengis, verði efld.**

## Forvarnir og meðferð vegna vímuefnamisnotkunar og fækkun umferðarslysa

Á Íslandi er unnið heildstætt forvarnastarf með helstu áhættu- og áhrifaþætti heilbrigðis. Ísland fullgilti rammasamning Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar (WHO) um tóbaksvarnir árið 2005 og hefur sett stefnu í forvörnum gegn áfengis- og vímuefnanotkun sem felst meðal annars í að takmarka aðgengi. Einkasala áfengis er á hendi ríkisins en samkvæmt gildandi lögum um áfengi er bannað að selja, veita eða afhenda áfengi þeim sem eru yngri en 20 ára. Umtalsverður árangur hefur náðst í að draga úr notkun áfengis, ólöglegra vímuefna og tóbaks meðal ungmenna á Íslandi og er notkun þessara efna nú að meðaltali sú lægsta í Evrópu.[16] Þá er áfengisneysla á Íslandi undir meðaltali OECD ríkja, eða 7,5 lítrar af hreinum vínanda á íbúa 15 ára og eldri árið 2015.[17] Góður aðgangur er að meðferðarúrræðum vegna misnotkunar fullorðinna á vímuefnum en þörf er á að styrkja úrræði fyrir fólk og ungmenni með fjölþættan vanda, þ.e. geð- og vímuvanda eða þroska- og vímuvanda.

Banaslys í umferðinni hafa verið fá síðastliðinn áratug, eða að meðaltali um 15 á ári.[18] Því vegur hvert slys hlutfallslega mikið sem útskýrir miklar sveiflur á milli ára. Til að bregðast við því er fremur litið til meðaltals yfir hvert fimm ára tímabil í stað stakra ára. Á hverju ári batnar staða umferðaröryggis á Íslandi fyrir tilstuðlan umferðaröryggisáætlunar en samkvæmt þeirri áætlun eru fjármunir veittir í mikilvægar vegaframkvæmdir er lúta að umferðaröryggi, sérstöku hraða- og ölvunareftirliti lögreglu ásamt fræðslu, kynningum og herferðum Samgöngustofu.

**3.6 Fjöldi dauðsfalla og alvarlega slasaðra vegna umferðarslysa lækkaður um helming á heimsvísu.**

Skjal sótt af '000000000' dags: 25.03.2026

## Ísland á alþjóðlegum vettvangi

Í þróunarsamvinnu Íslands er lögð áhersla á að bæta lífsskilyrði og auka tækifæri fólks með sterkari félagslegum innviðum, þar á meðal með bættu aðgengi að grunnheilbrigðisþjónustu. Unnið er að því markmiði með tvíhliða þróunarsamvinnu, framlögum til borgarasamtaka og veitingu kjarnaframlaga til fjölþjóðastofnana.

Í Malaví, samstarfslandi Íslands, hefur stjórnvöldum og samstarfsaðilum tekist að lækka tíðni mæðradauða um 37% á síðasta áratug.[19] Íslensk stjórnvöld leggja áherslu á lýðheilsu í Malaví til að draga úr mæðradauða og fjármögnuðu meðal annars byggingu fjölmargra fæðingardeilda og ellefu biðskýla fyrir verðandi mæður í dreifbýli í Mangochi-héraði, auk þess sem byggð hefur verið ein héraðsfæðingardeild með biðskýli, ungbarnaeftirlits- og fjölskylduáætlunardeild í héraðinu. Til viðbótar hefur tilvísunarkerfið verið bætt með fimm nýjum sjúkraflutningabílum, þannig ef upp koma bráða- eða áhættufæðingar á sveitafæðingardeildunum er auðveldara að bregðast við í tæka tíð. Nú hafa um 80% kvenna í héraðinu aðgang að fæðingardeild með góðri aðstöðu fyrir mæður, nýbura og aðstandendur þeirra. Í Malaví hefur stjórnvöldum og samstarfsaðilum jafnframt tekist að lækka tíðni barnadauða um 49% frá 2010 til 2015.[20]

**3.1 Dánarhlutfall mæðra á heimsvísu komið niður fyrir 70 af hverjum 100.000 fæðingum lifandi barna.**

**3.2 Bundinn endi á dauða nýbura og barna undir 5 ára aldri sem hægt er að koma í veg fyrir.**

**3.7 Almennur aðgangur að heilsugæsluþjónustu á sviði kyn- og frjósemisheilbrigðis tryggður.**

Árið 2000 fæddi meira en helmingur kvenna í Malaví börn sín án aðstoðar þjálfaðra heilbrigðisstarfsmanna á borð við ljósmæður og lækna, en á árinu 2016 var hlutfall fæðingaraðstoðar komið upp í 90 prósent. Þetta leiddi til þess að tíðni ungbarnadauða lækkaði úr 41 af hverjum 1000 fæðingum árið 2000 í 23 af hverjum 1000 fæðingum árið 2016.[21]

Íslensk stjórnvöld fjármagna margvíslegar aðgerðir heilbrigðisyfirvalda gegn ungbarna- og nýburadauða í Mangochi-héraði, þar á meðal styrkingu heilbrigðisþjónustu í mesta strjálbýlinu, sem veitt er af hartnær 600 heilbrigðisfulltrúum sem hafa fengið þjálfun á undanförnum árum.

Í þróunarsamvinnu Íslands er einnig lögð rík áhersla á kyn- og frjósemisheilbrigði og -réttindi. Árið 2016 ákvað Ísland að þrefalda framlög til Mannfjöldasjóðs Sameinuðu þjóðanna (UNFPA), en meðal verkefna UNFPA er að tryggja réttindi mæðra og barna til heilsuverndar, ungbarnaverndar, dreifingu getnaðarvarna og kynlífs- og fjölskyldufræðsla. Jafnframt hefur verið ákveðið að auka enn frekar stuðning við aðgerðir á sviði fjölskylduáætlana (þar á meðal aðgengi og notkun getnaðarvarna) í Mangochihéraði. Nýtt verkefni er í undibúningi með heilbrigðisyfirvöldum í Mangochi-héraði og UNFPA þar sem unnið verður með fjölskylduáætlanir til að draga úr fjölda ótímabærra barneigna unglingsstúlkna, fistúluviðgerðum og kynbundnu ofbeldi gegn konum.

**3.4 Ótímabærum dauðsföllum af völdum annarra sjúkdóma en smitsjúkdóma fækkað um þriðjung með fyrirbyggjandi aðgerðum og meðferð og stuðlað verði að geðheilbrigði og vellíðan.**

Á alþjóðavettvangi er ennfremur lögð rík áhersla á mikilvægi forvarna, lækningar og meðferðar við taugasjúkdómum, sérstaklega mænuskaða.

Skjal sótt af '000000000' dags: 25.03.2026

Sérstaklega hefur verið unnið að því að auka samstarf Norðurlandanna á þessu sviði í því augnamiði að auðvelda rannsóknir á sviðinu. Á vettvangi Sameinuðu þjóðanna hafa íslensk stjórnvöld vakið sérstaka athygli á málaflokknum í tengslum við umferðaröryggi og ósmitbæra sjúkdóma.

[10] OECD, 2017, Health at a Glance 2017: OECD Indicators, OECD Publishing, Paris.
[11] WHO, 2015. Trends in Maternal Mortality: 1990 to 2015. Estimates by WHO, UNICEF, UNFPA, World Bank Group and the United Nations Population Division.
[12] UNICEF, 2018, Every Child Alive: The urgent need to end newborn deaths. Sjá einnig viðauka 1.
[13] Hagstofa Íslands, 25. maí 2018, Frjósemi aldrei verið minni en árið 2017.
[14] Sjá viðauka 1.
[15] Sjá viðauka 1.
[16] European Monitoring Centre for Drugs and Drug Addiction, 2016, ESPAD Report 2015: Results from the European School Survey Project on Alcohol and Other Drugs.
[17] OECD, 2017, Health at a Glance 2017: OECD Indicators, OECD Publishing, Paris.
[18] Sjá viðauka 1.
[19] National Statistics office Malawi, Demographic and Health Survey 2010 and 2015/16.
[20] National Statistics Office Malawi, Demographic and Health Survey 2010 and 2015/16.
[21] UNICEF Publications, febrúar 2018, Every Child Alive: The urgent need to end newborn deaths.



Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.03 2026

**4 MENNTUN FYRIR ALLA**

# Tryggja öllum jafnan aðgang að góðri menntun og tækifæri til náms alla ævi

Íslensk menntastefna birtist í löggjöf um menntamál, í aðalnámskrám og fleiri stefnuskjölum sem ríkið gefur út. Ákvæði í lögum um menntamál falla vel að Heimsmarkmiðunum, s.s. um rétt allra til menntunar, gildi menntunar fyrir einstaklinga og samfélag og tengsl almennrar menntunar, lýðræðis, menningar og sjálfbærni. Meginmarkmið menntastefnunnar er að skapa umhverfi fyrir eflingu leik-, grunn- og framhaldsskólastigs sem og framhaldsfræðslu og menntun á háskólastigi, leggja grundvöll að virkri þátttöku allra í lýðræðissamfélagi og veita öllum viðeigandi undirbúning og fjölbreytt tækifæri fyrir frekara nám eða störf á vinnumarkaði.

**4.1 Eigi síðar en árið 2030 verði tryggt að allar stúlkur og drengir ljúki á jafnréttisgrundvelli gæðamenntun á grunnskólastigi án endurgjalds sem leiðir til góðs námsárangurs miðað við stöðu hvers og eins.**

## Grunnskóli og leikskóli fyrir alla

Samkvæmt lögum og aðalnámskrá er grunnskólum skylt að mennta öll börn á árangursríkan hátt. Allir nemendur eiga rétt á námi við hæfi í grunnskólum, bæði bóklegu námi, verk- og listnámi og sveitarfélögum er skylt að sjá nemendum fyrir viðeigandi námstækifærum hvernig sem á stendur um atgervi þeirra til líkama og sálar, félagslegt og tilfinningalegt ásigkomulag eða málþroska. Miðað er við að allir nemendur ljúki á jafnréttisgrundvelli gæðamenntun á grunnskólastigi án aðgreiningar og endurgjalds.

Nám á grunnskólastigi er ekki að öllu leyti endurgjaldslaust, heimildarákvæði er í lögum um gjaldtöku vegna ritfanga, skólaferðalaga, skólamáltíða og frístundastarfs. Í kjölfar löggildingar Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna árið 2013 hefur gagnrýni á gjaldtökuheimildir grunnskólalaga aukist og mörg sveitarfélög hafa þegar brugðist við með því að afnema gjaldtöku fyrir ritföng og nokkur sveitarfélög hafa gengið lengra í þeim efnum. Það er áskorun fyrir íslenskt samfélag að takmarka enn frekar gjaldtöku vegna starfsemi grunnskóla, m.a. vegna ritfanga.

**4.2 Eigi síðar en árið 2030 verði tryggt að allar stúlkur og drengir eigi þess kost frá barnæsku að þroskast, fá umönnun og leikskólamenntun þannig að þau verði tilbúin fyrir grunnskólanám.**

Íslenska leikskólastigið er skilgreint sem fyrsta stig skólakerfisins. Árið 2016 voru 94% íslenskra barna 3-5 ára í leikskóla (að grunnskólaaldri) og 47% barna undir 3ja ára aldri.[22] Helsta áskorunin er að fjölga menntuðum leikskólakennurum sem kjósa að starfa í leikskólum. Samkvæmt lögum á hlutfallið að vera að lágmarki 66% en er einungis um 32%.[23]



Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.03.2026

Einnig hefur reynst áskorun að veita börnum leikskólavist strax að loknu fæðingarorlofi foreldra, eða frá eins árs aldri barna. Starfshópur á vegum mennta- og menningarmálaráðuneytisins skilaði árið 2015 greiningarskýrslu til Alþingis með tillögum til úrbóta.[24]

**4.3 Eigi síðar en árið 2030 verði öllum konum og körlum tryggður jafn aðgangur á viðráðanlegu verði að góðri tækni-, starfs- og framhaldsmenntun, þar á meðal á háskólastigi.**

## Tækni-, starfs- og framhaldsmenntun

Allt frá gildistöku núverandi laga um framhaldsskóla frá 2008 hafa staða og horfur starfsmenntunar á framhaldsskólastigi verið til umfjöllunar. Lítil sem engin breyting hefur orðið á hlutfalli skráðra nemenda á verk- og starfsnámsbrautum af heildarfjölda framhaldsskólanema undanfarin ár. Þeir hafa skv. Hvítbók mennta- og menningarmálaráðuneytisins um umbætur í menntun frá árinu 2014 að jafnaði verið um 30-32%[25]. Unnið er að því að koma á markvissu og skilvirku starfsnámi sem höfðar jafnt til yngri sem eldri nemenda á grundvelli áhersluatriða sem sett voru fram í Hvítbókinni með það að markmiði að fjölga nemendum í starfsnámi. Þá er einnig unnið að gerð nýs reiknilíkans fyrir framhaldsskóla sem stuðla á að jafnræði, skilvirkni, góðri nýtingu á opinberu fé og framkvæmd á menntastefnu yfirvalda. Markmiðið er m.a. að nemendur í öllum landshlutum hafi aðgengi að fjölbreyttu bók- og starfsnámi sem uppfyllir kröfur næsta skólastigs og/eða atvinnulífs, einnig að auka gæði í starfsemi háskóla, rannsóknarstofnana og þekkingarsetra, sem og að efla samstarf háskóla og tengsl við önnur skólastig, atvinnulíf og samfélag.

## Jafnrétti til náms

**4.5 Eigi síðar en árið 2030 verði kynjamismunun afnumin í menntun og fólki í viðkvæmri stöðu tryggður jafn aðgangur að menntun og starfsþjálfun á öllum stigum, þar á meðal fólki með fötlun, frumbyggjum og börnum sem búa við erfiðar aðstæður.**

**4.4 Eigi síðar en árið 2030 hafi umtalsvert fjölgað ungmennum og fullorðnum sem hafa færni á viðeigandi sviðum, þar á meðal á sviði tækni- og starfsmenntunar, til þess að geta gegnt störfum, fengið mannsæmandi vinnu og stundað frumkvöðlastarfsemi.**

Núgildandi menntastefna felur í sér jafnrétti til náms og menntun án aðgreiningar í leik-, grunn- og framhaldsskóla. Niðurstöður úttektar Evrópumiðstöðvar á framkvæmd stefnu um menntun án aðgreiningar á Íslandi staðfesta að núverandi löggjöf og stefnumótun fræðsluyfirvalda felur í sér stuðning við markmið og áherslur skóla án aðgreiningar og eru í samræmi við alþjóðlega sáttmála og samninga sem Ísland hefur undirgengist.[26] Hlutfallslega færri nemendur eru í sérskólum og sérúrræðum í skólum á Íslandi en víðast í Evrópu en formlegar greiningar á sérþörfum þeirra eru langt yfir meðallagi. Fram kemur einnig að menntakerfið í heild er vel fjármagnað en að endurhugsa þurfi úthlutun fjármagnsins þannig að það styðji betur við stefnuna um menntun án aðgreiningar. Skipaður hefur verið stýrihópur til að vinna aðgerðaáætlun í samræmi við niðurstöður úttektarinnar.

Í framkvæmdaáætlun um málefni innflytjenda 2016-2019 sem samþykkt var á Alþingi árið 2016 er lögð áhersla á jafna stöðu og tækifæri til menntunar og að þekking og reynsla innflytjenda sé metin. Börn og ungmenni með annað móðurmál en íslensku njóti sömu tækifæra til náms og önnur börn



Skjal sótt af '000000000' dags: 25.03.2026

og ungmenni. Unnið verði markvisst gegn brottfalli innflytjenda úr framhaldsskólum með stuðningi á öllum skólastigum, m.a. með aukinni áherslu á kennslu í móðurmáli þeirra barna sem hafa annað móðurmál en íslensku. Nemendum af erlendum uppruna heldur áfram að fjölga í skólakerfinu og er nú brýnt að allar umbótaaðgerðir til aukinna gæða í skólastarfi taki mið af þörfum þess hóps.

### Færni í grunnþáttum og um sjálfbæra þróun

Menntastefna aðalnámskráa leik-, grunn- og framhaldsskóla frá 2011 er reist á sex grunnþáttum sem varða starfshætti, inntak og umhverfi náms á öllum skólastigum. Þeir eru læsi, sjálfbærni, heilbrigði og velferð, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti og sköpun. Lýðræðis- og mannréttindamenntun byggist á gagnrýnni hugsun og ígrundun um grunngildi samfélagsins. Slíkt nám gerir bæði ráð fyrir samstarfi út fyrir veggi skóla og samstarfi í skólanum, t.d. samstarfi við heimili barna og ungmenna og við æskulýðs- og íþróttastarf. Vel hefur gengið að innleiða grunnþætti menntunar inn í öll skólastig en helsta áskorunin er að samþætta grunnþættina inn í daglegt skólastarf og viðhalda virku samstarfi allra aðila skólasamfélagsins og jafnframt viðhalda góðum skólabrag þar sem unnið er markvisst gegn einelti og hvers konar birtingarmyndum ofbeldis.

**4.6 Eigi síðar en árið 2030 verði tryggt að öll ungmenni og verulegur hluti fullorðinna, bæði karlar og konur, hafi náð tökum á lestri, ritun og talnalæsi.**

**4.a Byggð verði upp og endurbætt aðstaða til menntunar sem miðast við börn, fatlaða og mismunandi kyn og öllum séð fyrir öruggu, friðsamlegu og árangursríku námsumhverfi án aðgreiningar.**

Læsi er einn grunnþátta menntunar í aðalnámskrá með áherslu á mikilvægi ritunar og lesturs í hefðbundnum skilningi. Niðurstöður PISA-rannsóknarinnar árið 2015 sýna að frammistaða íslenskra nemenda við lok grunnskóla er lakari en árið 2012. Læsi nemenda á náttúruvísindi hefur hrakað mikið á síðastliðnum áratug og læsi þeirra í stærðfræði hefur einnig hrakað stöðugt frá því það var fyrst metið árið 2003.[27] Megináskorunin er að snúa þeirri þróun við en einkum er nauðsynlegt að grípa til aðgerða í námi á unglingastigi, kennsluháttum á grunnskólastigi og faglegri starfsþróun kennara. Vinna að bættum lesskilningi hófst með markmiðasetningu til fimm ára í Hvítbók um umbætur í menntun (2014) og í framhaldinu gerðu menntamálaráðherra og öll sveitarfélög landsins, ásamt Heimili og skóla – landssamtökum foreldra, með sér þjóðarsáttmála um að a.m.k. 90% nemenda í hverju sveitarfélagi geti við lok grunnskóla lesið sér til gagns þegar PISA-rannsóknin verður á ný lögð fyrir á þessu ári.

**4.7 Eigi síðar en árið 2030 verði tryggt að allir nemendur öðlist nauðsynlega þekkingu og færni til þess að ýta undir sjálfbæra þróun, meðal annars með menntun til sjálfbærrar þróunar, sjálfbærum lífsstíl, mannréttindum, kynjajafnrétti, eflingu friðsamlegrar menningar án ofbeldis, heimsborgaravitund, viðurkenningu menningarlegrar fjölbreytni og framlagi menningar til sjálfbærrar þróunar**

Þá er einnig unnið að því að auðvelda fullorðnum einstaklingum að afla sér viðurkenndrar menntunar eða starfsréttinda, þ.e. þeim sem ekki hafa lokið formlegu námi eftir grunnskóla. Lagasetning um fullorðinsfræðslu er í endurskoðun með það að markmiði að

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.03 2026

setja skýran ramma um starfsemi menntastofnana og samstarf við atvinnulífið. Stefnt er að þátttöku í PIAAC sem er alþjóðleg rannsókn á vegum OECD um hæfni fólks á vinnumarkaði og í atvinnulífinu. Markmiðið er m.a. að skoða hvernig menntun skilar sér í hæfni starfsfólks til að sinna sínu starfi.

## Kennarar og kennaramenntun

Með lögum um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla nr. 87/2008 var meistaranám í flestum tilfellum gert að forsendu fyrir kennsluréttindum fyrir leik-, grunn- og framhaldsskólakennara. Meginrök að baki þeirri breytingu voru sjónarmið um að laga starfsmenntun íslenskra kennara að umbótum sem undanfarin ár hafa orðið á kennaramenntun víðs vegar um heim. Þær alþjóðlegu aðgerðir miða almennt að því að efla fagmennsku kennara og stuðla að og auka sjálfstæði þeirra og ábyrgðarskyldu.

Samkvæmt nýjustu tölum Hagstofu Íslands er hlutfall kennara með kennaramenntun á grunnskólastigi 94,4%, framhaldsskólastigi 86,4% og á leikskólastigi eru leikskólakennarar 29,3% og aðrir með uppeldismenntun 17,2%. Þá er hlutfall kennara yngri en 40 ára um 30% á leikskólastigi, 28% á grunnskólastigi og 24% á framhaldsskólastigi.[28] Nauðsynlegt þykir að efla kennaramenntun til að bregðast við fækkun kennara og minnkandi aðsókn í kennaranám fyrir leikskóla og grunn- og framhaldsskóla. Í áætlunum mennta- og menningarmálaráðuneytisins fyrir árin 2017-2021 er m.a. lögð áhersla á menntun og nýliðun kennarastéttarinnar. Veigamikill þáttur í nýliðun er endurskoðun og efling inntaks kennaramenntunar með þarfir kennaranema, skóla á öllum skólastigum og samfélagsins alls í huga. Jafna þarf hlutfall kynja í kennaranámi og fjölga ungum kennurum á öllum skólastigum. Mikilvægt er að stuðla að viðurkenningu á störfum kennara, efla faglegt sjálfstæði þeirra og leggja áherslu á skólaþróun á öllum skólastigum. Bregðast þarf við kennaraskorti í samstarfi ríkis, sveitarfélaga og stéttarfélaga.

4.c. **Eigi síðar en árið 2030 verði framboð á menntuðum og hæfum kennurum aukið verulega.**

## Ísland á alþjóðlegum vettvangi

Ísland tekur þátt í ýmiss konar alþjóðlegri samvinnu um kennaramenntun, bæði á norrænum vettvangi, evrópskum og alþjóðlegum. Sem dæmi má nefna norrænt samstarf á sviði menntamála og rannsókna, ESB samstarf og þátttöku í menntaáætlunum, OECD, Evrópuráðið, UNESCO og Evrópumiðstöð um nám án aðgreiningar og sérþarfir (European Agency for Inclusion and Special Needs Education).

Þrátt fyrir verulegar úrbætur alþjóðlega í aðgengi barna að grunnskólamenntun vantar töluvert upp á að alþjóðlegum þróunarmarkmiðum sé náð og gæði menntunar er víða ábótavant. Menntun er því lykilþáttur í þróunarsamvinnu Íslands. Áhersla er lögð á menntun barna ásamt uppbyggingu fagþekkingar innan áherslusviðanna. Í menntaþætti samstarfs Íslands við Malaví er stefnt að auknum gæðum menntunar í grunnskólum Mangochi-héraðs. Skólar og kennarabústaðir eru byggðir og lagfærðir, kennarar og skólastjórnendur eru þjálfaðir og leitast er við að börnin fái nauðsynleg námsgögn. Menntaverkefnin í Kalangala og Buikwe-héruðum

4.1. **Allar stúlkur og drengir ljúki á jafnréttisgrundvelli gæðamenntun á grunnskólastigi.**

Skjal sótt af '000000000' dags: 25.03.2026

í Úganda eru margþætt. Áhersla er lögð á mikilvægi vatns og hreinlætis við skóla, bætt húsnæði, námsgögn, þjálfun kennara, árangurseftirlit og orkusparandi og heilnæma eldun í skólaeldhúsum. Sérstök tilraunaverkefni eru rekin samhliða öðrum þáttum: Aðstoð við unglingsstúlkur á kynþroskaskeiði, bætt hirða skólagarða til að sporna við bágu næringarástandi barna og skipulögð þátttaka foreldra í skólastarfi. Í Úganda er jafnframt á áætlun tilraunaverkefni um að koma upp skólagörðum við einn til tvo skóla í því augnamiði að lækka kostnað við skólamáltíðir og bæta næringargildi máltíða í skólum. Íslensk stjórnvöld styðja einnig við starfsemi Háskóla Sameinuðu þjóðanna á Íslandi en einstaklingar frá þróunarlöndum hafa þann möguleika að læra við skólana endurgjaldslaust. Skólarnir vinna að uppbyggingu fagþekkingar í þróunarlöndum í málefnum jarðhita, sjávarútvegs, landgræðslu og jafnréttis og stuðla þannig jafnframt að framgangi annarra markmiða.

**4.a. Byggð verði upp og endurbætt aðstaða til menntunar sem miðast við börn, fatlaða og mismunandi kyn.**

**4.4 Færni ungmenna og fullorðinna verði byggð upp, þar á meðal á sviði tækni- og starfsmenntunar.**

[22] Hagstofa Íslands, hagstofa.is.
[23] Hagstofa Íslands, 21. september 2017, Leikskólabörnum og starfsfólki á leikskólum fækkar.
[24] Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2015. Skýrsla starfshóps vegna þingsályktunar um leikskóla að loknu fæðingarorlofi.
[25] Mennta- og menningarmálaráðuneyti, júní 2014, Hvítbók um umbætur í menntun.
[26] Mennta- og menningarmálaráðuneyti, 2017, Lokaskýrsla, Menntun fyrir alla á Íslandi: Úttekt á framkvæmd stefnu um menntun án aðgreiningar á Íslandi.
[27] Menntamálastofnun, 6. desember 2016, Niðurstöður PISA 2015.
[28] Sjá viðauka 1.



Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.03.2026

5 JAFNRÉTTI KYNJANNA

# Jafnrétti kynjanna verði tryggt og völd allra kvenna og stúlkna efld

Töluverðar framfarir hafa orðið í jafnréttismálum á heimsvísu á undanförnum áratugum. Engu að síður verða konur og stúlkur enn fyrir kerfisbundinni mismunun og ofbeldi vegna kyns síns. Kynjajafnrétti er mikilvægt mannréttindamál og af þeirri ástæðu verður að veita konum og stúlkum jöfn tækifæri til að ganga í skóla, fá viðeigandi heilbrigðisþjónustu og vinnu. Einnig eru jöfn tækifæri kvenna til þátttöku í stjórnmálum og ákvarðanatöku ein forsenda þess að auka völd þeirra og stuðla þannig að auknum friði, velmegun og sjálfbærni á heimsvísu.Fyrsta lagalega skrefið í jafnréttisátt á Íslandi var tekið árið 1850, en þá fengu dætur jafnan erfðarétt á við syni. Síðan hafa verið stigin fjölmörg skref til þess að tryggja jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla í íslensku samfélagi. Í alþjóðlegum samanburði hefur Ísland staðið framarlega í þessum efnum um árabil og undanfarin níu ár vermt fyrsta sæti á lista Alþjóðaefnahagsráðsins (e. World Economic Forum) yfir kynjabil (e. gender gap). Enn er þó valdaójafnvægi milli kynjanna á ýmsum sviðum þjóðfélagsins. Einna helst birtist það í ólíkri þátttöku kynjanna á vinnumarkaði og í valdastöðum, þar sem konur komast síður til æðstu metorða, en þess gætir einnig í fjölmiðlum, á samfélagsmiðlum og ástæða er til að geta sérstaklega um kynbundið ofbeldi í þessu samhengi.[29]

### Stefna og löggjöf sem stuðlar að auknu kynjajafnrétti

Hér á landi gilda lög nr. 10/2008 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla sem hafa það að markmiði að koma á og viðhalda jafnrétti og jöfnum tækifærum kvenna og karla og jafna þannig stöðu kynjanna á öllum sviðum samfélagsins. Efnisleg ákvæði laganna lúta bæði að samfélaginu utan og innan vinnumarkaðar, t.d. hvað varðar launajafnrétti, samræmingu fjölskyldu og atvinnulífs, kynferðislega áreitni, menntun og fleira. Jafnréttislög heimila til að mynda sértækar aðgerðir til að jafna stöðu kynjanna á vinnumarkaði og kveða á um að tekið skuli tillit til meðgöngu og barnsburðar á vinnumarkaði. Framangreindum lögum hefur verið breytt nokkrum sinnum síðastliðin ár í því skyni að stuðla að auknu kynjajafnrétti og draga úr mismunun. Þar má nefna jafnlaunavottun og bann við mismunun á grundvelli kyns í tengslum við vörukaup og þjónustu.

**5.1 Öll mismunun gagnvart konum og stúlkum verði afnumin alls staðar.**

**5.c Sett verði öflug stefna og raunhæf löggjöf sem stuðlar að kynjajafnrétti og því að efla völd kvenna og stúlkna á öllum sviðum samfélagsins.**

Stjórnvöldum ber samkvæmt jafnréttislögum að gera framkvæmdaáætlun í jafnréttismálum til fjögurra ára í senn. Gildandi áætlun fyrir árin



Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.03 2026

2016-2019 hefur þau markmið að stuðla að kynjajafnrétti og efla völd kvenna og stúlkna á öllum sviðum samfélagsins. Meðal verkefna áætlunarinnar er átak um samþættingu jafnréttissjónarmiða við alla ákvarðanatöku og stefnumótun í stjórnkerfinu í samræmi við jafnréttislög og kynjuð hagstjórn og fjárlagagerð. Ísland hefur fullgilt samning Sameinuðu þjóðanna um afnám allrar mismununar gagnvart konum (CEDAW) og valfrjálsa bókun hans og hvetur önnur ríki til að framfylgja ákvæðum hans að fullu.

**5.2 Allt ofbeldi gagnvart konum og stúlkum á opinberum vettvangi sem og í einkalífi verði afnumið.**

Í alþjóðlegum samanburði hefur íslenskur vinnumarkaður lengi haft þá sérstöðu að atvinnuþátttaka kvenna er mikil. Árið 2017 mældist hún tæp 80% sem er með því hæsta sem þekkist.[30] Síðastliðna áratugi hefur atvinnuþátttaka kvenna aukist jafnt og þétt en um þriðjungur kvenna sinnir hlutastörfum á móti um 14% karla.[31]

Mikil kynjaskipting starfa er einkennandi fyrir íslenskan vinnumarkað. Konur og karlar gegna ólíkum störfum og kynbundið námsval og kynjaskipting milli starfsgreina er enn áberandi. Þá eru karlar mun oftar ofar í valdastigum atvinnulífsins en konur og karlar virðast enn búa við betri starfsþróunarmöguleika en þær.[33]

### Útrýming alls ofbeldis gagnvart konum og stúlkum

Samningur Evrópuráðsins um forvarnir og baráttu gegn ofbeldi gegn konum var fullgiltur á Íslandi í apríl 2018. Samningurinn var samþykktur á vettvangi Evrópuráðsins 11. maí 2011 og undirritaður af íslenskum stjórnvöldum sama dag. Samningurinn er fyrsti bindandi samningurinn sem tekur heildstætt á baráttunni gegn ofbeldi gegn konum. Hann kveður á um réttindi brotaþola og skyldur opinberra aðila til að vernda og aðstoða þær konur sem verða fyrir ofbeldi, fræða almenning, stjórnvöld og fagaðila, sinna forvörnum gegn ofbeldi og bjóða ofbeldismönnum úrræði og meðferð.

Þá hefur dómsmálaráðherra samþykkt aðgerðaáætlun um meðferð kynferðisbrota innan réttarvörslukerfisins og ríkisstjórnin hefur samþykkt að veita viðbótarfjármagn til innleiðingar aðgerða á grundvelli hennar, m.a. til að fjölga stöðugildum hjá lögreglu og héraðssaksóknara, til að auka endurmenntun og til að bæta rannsóknarbúnað og verklagsreglur hjá lögreglu við meðferð kynferðisbrota. Þá hefur verið stofnaður stýrihópur um úrbætur gegn kynferðislegu ofbeldi sem hefur það að meginhlutverki að beita sér fyrir framsæknum og samhæfðum aðgerðum stjórnvalda gegn kynferðislegu ofbeldi, kynferðislegri og kynbundinni áreitni og að Ísland sé í fremstu röð í baráttunni gegn hvers kyns kynbundnu ofbeldi.

### Sameiginleg ábyrgð kynjanna á heimili og fjölskyldu

Meðal markmiða jafnréttislaga er að gera konum og körlum kleift að samræma fjölskyldu- og atvinnulíf og er það meðal annars lögbundið hlutverk Jafnréttisráðs. Einnig er í lögunum lögð sú skylda á atvinnurekendur að þeir geri nauðsynlegar ráðstafanir til að gera konum og körlum kleift að samræma starfsskyldur sínar og ábyrgð gagnvart fjölskyldu. Í því augnamiði leggja lögin áherslu á að ráðstafanir atvinnurekenda auki sveigjanleika í skipulagningu á vinnu og vinnutíma þannig að bæði sé tekið tillit til fjölskylduaðstæðna starfs-

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.03.2026

manna og þarfa atvinnulífs, þar með talið að starfsmönnum sé auðveldað að koma aftur til starfa eftir fæðingar- og foreldraorlof eða leyfi úr vinnu vegna óviðráðanlegra og brýnna fjölskylduaðstæðna. Lög um fæðingar- og foreldraorlof nr. 95/2000 hafa meðal annars að markmiði að tryggja barni samvistir við bæði föður og móður og einnig að gera bæði konum og körlum kleift að samræma fjölskyldu- og atvinnulíf. Allt frá setningu laganna árið 2000 hafa foreldrar almennt nýtt rétt sinn til fæðingarorlofs. Frá árinu 2009 hefur þó hlutfall feðra sem nýtir sér hluta af sameiginlegum rétti foreldra til fæðingarorlofs farið lækkandi[34] og þeim feðrum sem ekki nýta sér að fullu rétt sinn til fæðingarorlofs farið hlutfallslega fjölgandi frá árinu 2008.[35]

**5.4 Ólaunuð umönnunar- og heimilisstörf verði viðurkennd og metin með því að tryggja opinbera félagsþjónustu, innviði og stefnumörkun á sviði félagslegrar verndar og að ýtt verði undir sameiginlega ábyrgð innan heimilis og fjölskyldu eins og við á í hverju landi.**

Ólík staða kynjanna á vinnumarkaði hefur áhrif á skiptingu heimilisstarfa, en rannsóknir benda til að sá aðili í hjúskap sem vinnur lengri vinnuviku og/eða hefur hærri tekjur verji að jafnaði minni tíma í heimilisstörf. Á Íslandi hefur síðastliðin ár dregið saman á milli karla og kvenna þegar litið er til meðalfjölda klukkustunda á viku sem hvort kyn ver í heimilisstörf[36] (uppeldi barna og tómstundaiðja ekki meðtalin). Árið 2013 var munurinn 4,5 klukkustundir á viku í kjölfar þess að konur höfðu dregið lítillega úr þeim tíma sem þær verja í heimilisstörf. Rannsóknir hafa sýnt að hlutdeild karla í heimilisstörfum hefur aukist og hefðbundin kynjaviðhorf virðast hafa hopað í kjölfar efnahagshrunsins 2008 og þeirrar staðreyndar að fleiri karlar taka fæðingarorlof og sinna ungum börnum sínum.[37]

**5.5 Tryggð verði full og virk þátttaka kvenna og jöfn tækifæri þeirra til að vera leiðandi við ákvarðanatöku á öllum sviðum stjórn- og efnahagsmála sem og á opinberum vettvangi.**

## Full þátttaka kvenna á öllum sviðum stjórn- og efnahagsmála og á öðrum opinberum vettvangi

Í jafnréttislögum er kveðið á um að við skipun í nefndir, ráð og stjórnir á vegum ríkis og sveitarfélaga skuli þess gætt að hlutfall kynjanna sé sem jafnast og ekki minna en 40% hlutur hvors kyns þegar um fleiri en þrjá fulltrúa er að ræða. Þetta gildir einnig um stjórnir opinberra hlutafélaga og fyrirtækja sem ríki eða sveitarfélag er aðaleigandi að. Jafnframt er kveðið á um að þegar tilnefnt er í nefndir, ráð og stjórnir á vegum ríkis og sveitarfélaga skuli tilnefna bæði karl og konu. Tilnefningaraðila er heimilt að víkja frá framangreindu skilyrði þegar hlutlægar ástæður leiða til þess að ekki er mögulegt að tilnefna bæði karl og konu og skal tilnefningaraðili þá skýra ástæður þess. Í lögum um hlutafélög er jafnframt kveðið á um sams konar fyrirkomulag fyrir skipan í stjórnir félaga með 50 starfsmenn eða fleiri.

**5.a. Gerðar verði umbætur til að tryggja konum jafnan rétt til tækifæra á sviði efnahagsmála, eignarhalds á og yfirráða yfir landi og eignum í annarri mynd, aðgangs að fjármálaþjónustu, arfs og náttúruauðlinda í samræmi við landslög.**

**5.5 Tryggð verði full og virk þátttaka kvenna og jöfn tækifæri þeirra til að vera leiðandi við ákvarðanatöku á öllum sviðum stjórn- og efnahagsmála sem og á opinberum vettvangi.**

Hlutfall kvenna á Alþingi hefur smám saman farið hækkandi síðastliðna áratugi, þó það sé sveiflukennt og var 38,1% árið 2017 en 47,6% árið 2016. Hlutfall kvenna sem voru framkvæmdastjórar sveitarfélaga árið 2017 var 21,6%,



Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.03.2026

en hlutfall kvenna í sveitarstjórnum árið 2018 varð 47,2% og hefur aldrei verið hærra.[38]

### Ísland á alþjóðlegum vettvangi

**5.2 Allt ofbeldi gagnvart konum og stúlkum á opinberum vettvangi sem og í einkalífi verði afnumið.**

Í íslenskri utanríkisstefnu er lögð mikil áhersla á kynjajafnrétti og valdeflingu kvenna sem endurspeglast bæði í þróunarsamvinnu og í málsvarastarfi á alþjóðavettvangi. Kynjajafnrétti er jafnan forgangsmál þegar Ísland gegnir formennsku í svæðisbundnu samstarfi en Ísland mun m.a. taka við formennsku í Norðurskautsráðinu, Norrænu ráðherranefndinni og kjördæmis Norðurlandanna og Eystrasaltsríkjanna hjá Alþjóðabankanum árið 2019. Virðing fyrir mannréttindum kvenna og bann við mismunun á grundvelli kynferðis er grunnstefið í málflutningi stjórnvalda, m.a. hvað varðar kyn- og frjósemisréttindi, rétt kvenna til þátttöku á öllum sviðum samfélagsins, þar með talið í friðar- og öryggismálum, og mikilvægi þess að karlar beiti sér fyrir jafnrétti, enda sé það lykillinn að sjálfbærri þróun og velsæld allra.

**5.1 Öll mismunun gagnvart konum og stúlkum verði afnumin alls staðar.**

Í tvíhliða þróunarsamvinnu í samstarfslöndum Íslands, Malaví og Úganda, og í áherslulöndunum, Mósambík, Palestínu og Afganistan, hefur Ísland m.a. stutt valdeflandi verkefni á sviði mæðra- og ungbarnaheilsu, menntamála, vatns- og hreinlætismála og friðar- og öryggismála. UN Women, sem er áherslustofnun í fjölþjóðlegri þróunarsamvinnu, starfar á vettvangi, sinnir samræmingarhlutverki meðal stofnana SÞ, er leiðandi í stefnumótun á alþjóðavettvangi og vinnur einnig kerfisbundið að aukinni þátttöku kvenna á öllum sviðum stjórn- og efnahagsmála. Ísland veitir kjarnaframlög til UN Women auk framlaga til verkefna stofnunarinnar í Mósambík, Palestínu og Afganistan og mannúðarverkefnis UN Women í Zaatari-flóttamannabúðunum í Jórdaníu. Íslenska friðargæslan hefur einnig sent sérfræðinga til starfa fyrir UN Women, nú síðast til Tyrklands en áður til Palestínu.

**5.6 Tryggð verði jöfn tækifæri allra til kyn- og frjósemisheilbrigðis og -réttinda.**

**5.3 Allir skaðlegir siðir eins og barnahjónabönd, snemmbúin og þvinguð hjónabönd og limlesting kynfæra kvenna og stúlkna, verði afnumdir.**

Árið 2017 þrefaldaði Ísland framlög til Mannfjöldasjóðs Sameinuðu þjóðanna (UNFPA), í þágu kyn- og frjósemisréttinda og -heilbrigðis en meðal verkefna UNFPA er að tryggja réttindi mæðra og barna til heilsuverndar, tryggja ungbarnavernd, dreifingu getnaðarvarna og kynlífs- og fjölskyldufræðslu. Þá hlýtur UNFPA í Sýrlandi sérstakan stuðning frá Íslandi og einnig samstarfsverkefni UNFPA og UNICEF um afnám limlestingar á kynfærum kvenna.

Íslensk stjórnvöld styðja jafnframt við Jafnréttisskóla Háskóla Sameinuðu þjóðanna sem með þverfaglegum rannsóknum, kennslu og miðlun skal stuðla að kynjajafnrétti og félagslegu réttlæti í þróunarlöndum og á átakasvæðum.

[29] Sjá viðauka 1.
[30] Hagstofa Íslands, 2018, Konur og karlar á Íslandi 2018.
[31] Hagstofa Íslands, 2018, Konur og karlar á Íslandi 2018.
[32] Velferðarráðuneytið, mars 2018, Skýrsla félags- og jafnréttismálaráðherra um stöðu og þróun jafnréttismála 2015-17.
[33] Velferðarráðuneytið, mars 2018, Skýrsla félags- og jafnréttismálaráðherra um stöðu og þróun jafnréttismála 2015-17.
[34] Hagstofa Íslands, Viðtakendur og greiðslur vegna fæðingarorlofs 2001-2016, px.hagstofa.is.
[35] BSRB, 5. apríl 2017, Enn færri feður nýta rétt sinn til fæðingarorlofs.
[36] Velferðarráðuneytið, maí 2015, Staða kvenna og karla á íslenskum vinnumarkaði: Staðreyndir og staða þekkingar.
[37] Velferðarráðuneytið, maí 2015, Staða kvenna og karla á íslenskum vinnumarkaði: Staðreyndir og staða þekkingar.
[38] Hagstofa Íslands, hagstofa.is.



Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.03.2026

6 HREINT VATN OG HREINLÆTISAÐSTAÐA

# Tryggja öllum aðgengi að hreinu vatni og sjálfbæra nýtingu þess svo og hreinlætisaðstöðu

Hreint og aðgengilegt vatn fyrir alla er ómissandi hluti af lífi jarðarbúa. Á jörðinni er nægt magn ferskvatns til að ná megi þessu markmiði.  Hins vegar hafa bæði slæm hagstjórn og lélegir innviðir orsakað það að milljónir manna, að mestu leyti börn, deyja árlega úr sjúkdómum sem tengjast skorti á vatni og hreinlæti. Enn fremur auka þurrkar líkur á hungursneyð meðal fólks sem treystir á árstíðabundna uppskeru.

**6.1 Eigi síðar en árið 2030 verði öllum tryggður almennur og réttlátur aðgangur að heilnæmu drykkjarvatni á viðráðanlegu verði.**

## Aðgengi að vatni

Á Íslandi er betra aðgengi að endurnýjanlegum uppsprettum vatns en hjá nokkurri þjóð í veröldinni.[39] Heildarnýting á köldu vatni hefur verið áætluð um 200 milljón rúmmetrar á ári, sem samsvarar um 0,6% rúmmáls þess grunnvatns sem rennur til sjávar.[40] Þótt Íslendingar búi við ofgnótt vatns er mikilvægt að tryggja aðgengi að hreinu vatni með því að vernda það og vinna að sjálfbærri nýtingu þess. Lögum um stjórn vatnamála nr. 36/2011 er ætlað að stuðla að þessum markmiðum og langtímavernd vatnsauðlindarinnar. Í reglugerðum um varnir gegn mengun vatns og um neysluvatn eru gerðar kröfur til neysluvatns svo og kröfur um vatnsvernd, starfsleyfi, eftirlit og rannsóknir. Reglugerðirnar eru settar annars vegar með það að markmiði að vernda heilsu manna með því að tryggja að neysluvatn sé heilnæmt og hreint og hins vegar í því skyni að vernda vatnsból.  Með reglugerð um vatnsveitur sveitarfélaga eru settar reglur um réttindi, skyldur og ábyrgð notenda annars vegar og þjónustu vatnsveitu við íbúa og atvinnulíf hins vegar. Lög um hollustuhætti nr. 7/1998 hafa það m.a. að markmiði að tryggja landsmönnum heilnæm lífsskilyrði. Reglugerð um hollustuhætti er sett með stoð í lögunum og er í reglugerðinni ákvæði til að tryggja viðunandi hreinlætisaðstöðu.

**6.2 Eigi síðar en árið 2030 verði öllum tryggður jafn aðgangur að viðunandi hreinlætisaðstöðu. Endir verði bundinn á að fólk þurfi að ganga örna sinna utan dyra. Í þessu tilliti verði sérstakri athygli beint að þörfum kvenna og stúlkna og þeirra sem eru í viðkvæmri stöðu.**

## Vatnsgæði og skólphreinsun

Markmið laga um stjórn vatnamála felur í sér heildstæða verndun vatns – að vernda vatn og vatnavistkerfi, hindra frekari rýrnun vatnsgæða og bæta ástand vatnavistkerfa. Vatna-

**6.3 Árið 2030 verði búið að koma í veg fyrir mengun vatns og magn óhreinsaðs skólps helmingað.**

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.03.2026

áætlun, aðgerðaáætlun og vöktunaráætlun eru tæki til að ná þessum markmiðum og eru þær í vinnslu. Ísland hefur ekki lokið innleiðingu á lögunum en þegar því marki er náð skal taka aðgerðaáætlunina til endurskoðunar sjötta hvert ár.

**6.4 Komið verði í veg fyrir ferskvatnsskort og nýting vatns bætt til muna fyrir árið 2030.**

Um 74% íbúa landsins bjuggu við skólphreinsun árið 2014 en þar munar mest um skólphreinsun á höfuðborgarsvæðinu.[41] Hreinsun skólps er takmörkuð utan höfuðborgarsvæðisins. Það ógnar almennt ekki vatnsvernd, þar sem fráveitur frá þéttbýli leiða flestar út í sjó, en æskilegt er að auka skólphreinsun til að bæta ástand í fjörum og strandsjó.

### Vatnsauðlindin og vistkerfi

Ekki er útlit fyrir vatnsskort á Íslandi. Ávinningur af betri nýtingu vatns er einkum sá að halda stærð veitukerfa og fráveitubúnaðar innan hóflegra marka.

**6.5 Samþætt stjórnun vatnsauðlindarinnar verði innleidd að fullu árið 2030.**

Unnið er samkvæmt lögum um stjórn vatnamála að gerð vatnaáætlunar, aðgerðaáætlunar og vöktunaráætlunar sem eru samþættar fyrir landið allt. Gert er ráð fyrir að þessar áætlanir komi til framkvæmda á árinu 2020 eða þar um bil. Þær taka til yfirborðsvatns og grunnvatns ásamt árósavatni og strandsjó, til vistkerfa þeirra og tengdra vistkerfa.

### Ísland á alþjóðlegum vettvangi

**6.6 Eigi síðar en árið 2020 komi til framkvæmda vernd og endurheimt vatnstengdra vistkerfa, t.d. votlendis, áa og vatna. o.s.frv.**

Til margra ára hefur Ísland unnið að því að bæta aðgengi að hreinu vatni og hreinlætisaðstöðu í þróunarlöndum. Það er mikilvægt heilbrigðismál. Í Malaví var til að mynda nær 1000 vatnsveitum komið á laggirnar sem áætlað er að bætt hafi aðgengi að minnsta kosti 200 þúsund einstaklinga að hreinu vatni. Í nýju fjögurra ára verkefni, sem hófst í Malaví árið 2017, eru vatnsmál mikilvægur þáttur. Í Mósambík er unnið í samstarfi við UNICEF að því að bæta vatns- og hreinlætisaðstæður í Sambesíu-fylki, sem er eitt af fjölmennustu og fátækustu fylkjum landsins. Samstarfið er framhald verkefnis sem unnið var frá 2014 til 2017 og gaf góða raun. Markmið verkefnisins, sem hófst í ársbyrjun 2018 og stendur til ársloka 2020, er að auka tryggt aðgengi að heilnæmu drykkjarvatni og viðunandi hreinlætisaðstöðu hjá markhópum í dreifbýli, smábæjum og þéttbýliskjörnum ásamt bættum hreinlætisvenjum fólks. Er stefnt að því að 150 þúsund manns fái viðunandi hreinlætisaðstöðu, 25 þúsund manns fái aðgengi að nýjum vatnsveitum og að nær sex þúsund nemendur í 15 skólum fái bætta vatns- og hreinlætissaðstöðu.Í Úganda hefur fræðsla um mikilvægi vatns, hreinlætis í skólum og orkusparandi eldunar í skólaeldhúsum farið fram í gegnum fjölbreytt menntaverkefni. Í Buikwe-héraði eru nú í byggingu vatnsveitur, fjármagnaðar af íslenskri þróunaraðstoð, sem munu veita íbúum í öllum 39 fiski-

**6.1 Öllum tryggður almennur og réttmætur aðgangur að heilnæmu drykkjarvatni á viðráðanlegu verði.**

**6.b Stutt verði við þátttöku byggðarlaga á hverjum stað og hún efld þannig að bæta megi stjórnun vatns og hreinlætisaðgerða.**

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.03.2026

þorpum héraðsins aðgang að hreinu vatni á viðráðanlegu verði. Í sömu þorpum og grunnskólum eru einnig byggðar hreinlætisblokkir sem þjóna þessum byggðum. Samhliða uppbyggingunni er fólkið í þorpunum markvisst upplýst um mikilvægi hreins vatns og hreinlætis í heilbrigðu lífi. Um 18 til 20 þúsund nemendur í grunnskólum og 50 til 60 þúsund manns munu njóta góðs af þessum aðgerðum

## 6.2 Öllum tryggður jafn aðgangur að fullnægjandi salernis- og hreinlætisaðstöðu.

[39] Globalstat, www.globalstat.eu.
[40] Hagfræðistofnun HÍ, október 2011, Hagfræðileg greining á nýtingu vatns.
[41] Umhverfisstofnun, september 2017, Samantekt um stöðu fráveitumála á Íslandi 2014.



Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.03 2026

**7 SJÁLFBÆR ORKA**

# Tryggja öllum aðgang að öruggri og sjálfbærri orku á viðráðanlegu verði

Margar stórar áskoranir, auk tækifæra, sem heimurinn stendur frammi fyrir í dag tengjast orkumálum. Lífsgæði, byggðafesta, samfélagslegt jafnræði og framþróun atvinnulífsins eru órjúfanlega tengd framboði á orku. Þess vegna er sjálfbær nýting orku mikilvæg öllum þjóðum til framtíðar.

Staða Íslands í orkumálum er einstök þar sem langstærsti hluti þeirrar orku sem notuð er í landinu er endurnýjanleg, umhverfisvæn orka. Þó nota samgöngur á hafi, í lofti og á landi enn að mestum leyti óendurnýjanlega orku. Fjöldi rafknúinna bíla og bíla sem ganga fyrir öðrum vistvænum orkugjöfum eykst hratt um þessar mundir. Þrátt fyrir það er ljóst að orkuskipti eru eitt brýnasta verkefni íslenskra stjórnvalda á næstu árum.

**7.2 Hlutfall endurnýjanlegrar orku á heimsvísu verði aukið verulega fyrir árið 2030.**

## Hátt hlutfall endurnýjanlegrar orku

Hlutfall endurnýjanlegra orkugjafa á Íslandi var 71% árið 2015[42] og nánast öll raforka (99.9%) er framleidd með endurnýjanlegum orkugjöfum, vatnsafli, jarðhita og vindorku.[43] Jarðhiti og raforka eru nýtt til húshitunar í nær öllum byggingum á Íslandi (99.9%). Að þessu leyti sker Ísland sig úr á alþjóðavettvangi. Um 80% af þessari raforku eru notuð í stóriðju og mun það hlutfall hækka eitthvað á næstu árum þegar ný stóriðjuver sem þegar hafa verið samþykkt taka til starfa. Sé horft til skuldbindinga íslenskra stjórnvalda skv. Kýótó-bókuninni og Parísarsáttmálanum er ljóst að svigrúm til áframhaldandi uppbyggingar stóriðju, sem hefur í för með sér aukna kolefnislosun, er nánast ekki neitt. Þess í stað er líklegt að til framtíðar muni stjórnvöld horfa til umhverfisvæns iðnaðar.

**7.1 Almennt aðgengi að áreiðanlegri orku verði tryggt ekki seinna en árið 2030.**

## Aðgengi að endurnýjanlegri orku

Á heildina litið er bæði orkuframboð og orkuöryggi traust. Það felur í sér að aðgengi að nútímalegri og áreiðanlegri orkuþjónustu mjög gott. Allir landsmenn hafa aðgengi að rafmagni í híbýlum sínum og verð til almennings er lágt í alþjóðlegum samanburði, sérstaklega verð á orku til húshitunar. Stöðugt er unnið að styrkingu flutningskerfis raforku með það fyrir augum að auka afhendingaröryggi þannig að allir landsmenn búi við sömu aðstæður og tæki-



Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.03.2026

færi til að stofna og reka smá iðnfyrirtæki. Þetta á t.d. við um aukið framboð á þriggja fasa rafmagni í dreifbýli. Að þessu leyti eru orku- og byggðamál nátengd. Styrking dreifikerfis raforku styður einnig við áform um orkuskipti í samgöngum.

Í núverandi flutningskerfi raforku er orkuöryggi nokkuð mismunandi eftir landsvæðum. Afhendingaröryggi á Vestfjörðum og Norðausturlandi hefur verið einna lakast. Unnið er að endurbótum á þessum þáttum. Landsnet setur fram tímasettar áætlanir um uppbyggingu flutnings- og dreifikerfis raforku.

Jöfnun orkuverðs heimila hefur verið áherslumál stjórnvalda um langa hríð. Orkuverð heimila er hærra hjá þeim sem ekki hafa aðgang að jarðvarmaveitum til húshitunar eða búa á strjálbýlum svæðum þar sem dreifikostnaður rafmagns er hærri en í þéttbýli. Þessi verðmunur hefur verið brúaður að hluta til með niðurgreiðslum frá hinu opinbera. Ýmis sveitarfélög á köldum svæðum leita að heitu vatni til að nota til upphitunar. Reynsla undanfarinna ára gefur ákveðið tilefni til bjartsýni um að hlutur jarðhita aukist á kostnað rafhitunar með tilheyrandi sparnaði.

Samgöngur á landi og sjó eru enn að langmestu leyti knúnar jarðefnaeldsneyti og er það helsta ástæða þess að um 30% af frumorkunotkun á Íslandi kemur úr óendurnýjanlegum orkugjöfum.[44] Stjórnvöld hafa beitt skattaívilnunum í því skyni að hvetja til kaupa á bifreiðum sem nýta umhverfisvænt eldsneyti á borð við rafmagn, metan og metanól. Einnig eru í boði ívilnanir til að setja upp hleðslustöðvar fyrir rafmagnsbíla. Enn eru orkuskipti í skipaflota landsins skammt á veg komin enda hefur þróun á umhverfisvænum orkugjöfum fyrir úthafssiglingar verið hæg. Meðan engir slíkir valkostir eru í sjónmáli er óraunhæft að marka stefnu í þeim málaflokki. Aukin áhersla er á orkuskipti í haftengdri starfsemi.

## Aukin orkunýtni

Vegna tækniframfara hefur árleg meðaltalsnotkun heimila á rafmagni lækkað úr 4,9 MWh árið 2009 niður í 4,5 MWh árið 2014. Þetta kemur fram í nýrri raforkuspá orkuspárnefndar sem áætlar að orkunotkun hvers heimilis muni minnka niður í 4 MWh á næstu árum. Sparneytnir ljósgjafar og heimilistæki eru helstu skýringar á minnkandi raforkunotkun á heimilum landsmanna. Á móti kemur að tækjum á heimilum hefur farið fjölgandi en flestar nýjar tækjategundir eru orkugrannar. Orkunotkun á hvern bandaríkjadal af landsframleiðslu er mikil hérlendis og skýrist það annars vegar af því háa hlutfalli orkuframleiðslu hérlendis sem fer til stóriðju (80%), og hins vegar af fámenni þjóðarinnar.[45] Hið opinbera hefur beitt sér fyrir aukinni orkunýtni, t.d. með starfsemi Orkuseturs sem veitir almenningi ráðgjöf um orkusparnað.

**7.3 Hraði úrbóta í orkunýtni tvöfaldist fyrir árið 2030.**

## Ísland á alþjóðlegum vettvangi

Íslensk stjórnvöld eru framarlega á sviði jarðvarmanýtingar til upphitunar og raforkuframleiðslu. Jarðhitaskóli Háskóla Sameinuðu þjóðanna, sem miðlar tækniþekkingu til fagfólks frá þróunarríkjum, er mikilvægur þáttur í alþjóðlegu samstarfi á sviði sjálfbærrar orku en Ísland veitir einnig framlög til

Skjal sótt af '000000000' dags: 25.03 2026

ýmissa stofnana og sjóða sem með ýmsum hætti koma að verkefnum á sviði orkumála í þróunarríkjunum. Sem dæmi má nefna stuðning Íslands við orkusjóð Alþjóðabankans (ESMAP) en frá því sá stuðningur hófst hafa fjárfestingar Alþjóðabankans í jarðhita aukist talsvert. Í tengslum við samstarfið innan ESMAP veitir Ísland einnig stuðning í formi tæknilegrar ráðgjafar inn í jarðhitaverkefni Alþjóðabankans. Íslensk stjórnvöld veita jafnframt framlög til sjóðs á vegum Átaks Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra orku fyrir alla (SE4ALL) og Alþjóðastofnun fyrir endurnýjanlega orku (IRENA), svo dæmi séu nefnd. Ísland á einnig í tvíhliða samstarfi á sviði endurnýjanlegrar orku við ríki í Austur-Afríku. Í krafti sérþekkingar og mikillar reynslu í nýtingu endurnýjanlegrar orku hefur Ísland þannig áhrif á alþjóðavettvangi, langt umfram stærð lands og þjóðar.

**7.2 Hlutur endurnýjanlegrar orku í orkusamsetningu heimsins verði aukinn verulega.**

[42] Eurostat, 14. mars 2017. Renewable energy in the EU. Share of renewables in enery consumption in the EU still on the rise to almost 17% in 2015. Eleven member states already achieved their 2020 targets.
[43] Orkustofnun. 2016. Stöðluð yfirlýsing fyrir árið 2016.
[44] Orkustofnun, www.orkustofnun.is.
[45] Orkustofnun, orkuspárnefnd, desember 2015, Raforkuspá 2015-2050.



Skjal sótt af '000000000' dags: 25.03.2026

**8 GÓÐ ATVINNA OG HAGVÖXTUR**

# Stuðla að viðvarandi sjálfbærum hagvexti og arðbærum og mannsæmandi atvinnutækifærum fyrir alla

Víða í heiminum er það að hafa trygga atvinnu ekki nóg til þess að komast hjá fátækt. Sjálfbær hagvöxtur er því háður að samfélög heimsins skapi aðstæður þar sem fólk getur unnið störf á mannsæmandi launum sem skaða þó ekki umhverfið. Einnig þurfa ríki heims að sjá vinnuafli sínu fyrir starfsmöguleikum og viðeigandi vinnuskilyrðum.Hagvöxtur er mælikvarði fyrir heilbrigði hagkerfis og þykir mikilvægur fyrir framþróun ríkja. Ísland hefur viðhaldið jákvæðum hagvexti undanfarin sjö ár en fyrstu tvö árin eftir hrun (2009-10) var hagvöxtur neikvæður.[46] Atvinnuleysi á Íslandi jókst umtalsvert árið eftir hrun en hefur minnkað jafnt og þétt frá árinu 2009. Atvinnuleysi á Íslandi mældist 2,9% á fyrsta ársfjórðungi 2018, líkt og 2017, samkvæmt tölum Hagstofu Íslands.[47]

**8.1 Viðhalda hagvexti.**

### Hagvöxtur, atvinnugreinar og sjálfbærni

Tryggja þarf að jákvæður hagvöxtur gagnist öllum þjóðfélagsþegnum. Í því skyni er mikilvægt að hagvöxtur fyrir alla speglist í stefnumörkun í opinberum fjármálum. Það felst m.a. í gerð fjármálastefnu ríkisstjórnar og fjármálaáætlunar og samkomulagi ríkis og sveitarfélaga. Stefnumörkunin byggst á fimm grunngildum: sjálfbærni, varfærni, stöðugleika, festu og gagnsæi.

**8.2 Aukin framleiðni í atvinnulífinu með meiri fjölbreytni, tækninýjungum og nýsköpun.**

Framleiðni er lykilhugtak í áætlun stjórnvalda eins og fram kemur í stefnu Vísinda- og tækniráðs. Lögð er áhersla á nýsköpun og aukna framleiðni í öllum atvinnugreinum. Ríkisstjórnin hefur sett sér markmið um að fjárfestingar í rannsóknum og þróun verði 3% af VLF fyrir árið 2024. Hér á landi hefur aukinni framleiðni í atvinnulífinu verið náð með aukinni fjölbreytni, tækninýjungum og nýsköpun. Ísland hefur ekki farið varhluta af litlum framleiðnivexti í hinum vestræna heimi frá árinu 2008 en framleiðnin hefur vaxið kröftuglega síðustu tvö ár og samkvæmt þjóðhagsspá Hagstofunnar er nú gert ráð fyrir að vöxturinn verði 2,9% árið 2018. [48]

**8.4 Bætt nýting auðlinda í neyslu og framleiðslu. framleiðslu, þar sem iðnríkin ganga á undan.**

**8.9 Sjálfbær ferðaþjónusta sem skapar störf og leggur áherslu á staðbundna menningu og framleiðsluvörur.**

Stefna Íslands í sjávarútvegs- og landbúnaðarmálum er að auka enn frekar nýtingu aðfanga og afraksturs en Ísland er mjög framarlega í þessum mála-



Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.03.2026

**8.5 Full og gagnleg atvinna og mannsæmandi störf fyrir alla, m.a. fyrir ungt fólk og fólk með fötlun. Sömu laun greidd fyrir jafnverðmæt störf.**

flokki. Viðhald vistkerfa er megininntak í nýtingu íslenskra náttúruauðlinda og því leiðir hagnýting þeirra ekki til hnignunar þeirra. Þar af leiðandi er hagvöxtur nú þegar frátengdur hnignun auðlindanna. Ferðaþjónusta vex ört á Íslandi. Í fjármálaáætlun ríkisstjórnar 2019-2023 er lögð áhersla á orkusparnað og orkuskipti sem eiga að vinna að því að bæta kolefnisfótspor ferðaþjónustu og bæta umgengni um landið. Ekki hefur verið sett tímasett markmið um sjálfbæra ferðaþjónustu en unnið er að mótun stefnu fyrir ferðaþjónustuna.

### Atvinnuþátttaka

Almenn þátttaka á vinnumarkaði er talin ein þýðingarmesta leiðin til að koma í veg fyrir félagslega einangrun og fátækt. Mikilvægt er því að sem flestir geti verið virkir þátttakendur á vinnumarkaði án tillits til fötlunar eða skertrar starfsgetu en virkni í samfélaginu, þar með talið á vinnumarkaði, er einnig liður í auknum lífsgæðum. Af hálfu íslenskra stjórnvalda er því lögð áhersla á að tryggja nægjanlegt fjármagn til að unnt sé að veita snemmbæra aðstoð til að koma í veg fyrir langvarandi fjarveru af vinnumarkaði. Gert er ráð fyrir öflugri ráðgjöf Vinnumálastofnunar þannig að fólk verði komið með starf við hæfi, í nám eða með starfsþjálfunarsamning innan við níu mánuði frá því það leitaði fyrst til Vinnumálastofnunar. Lögð er áhersla á að efla þjónustu við atvinnuleitendur með fötlun, þá sem hafa skerta starfsgetu eða standa höllum fæti að öðru leyti auk þess að fjölga vinnusamningum öryrkja. Það er jafnframt stefna íslenskra stjórnvalda að hér á landi skuli greidd sömu laun fyrir jafnverðmæt störf óháð kyni og hefur jafnlaunavottun verið leidd í lög.

**8.6 Lækka hlutfall ungmenna, sem eru atvinnulaus eða stunda hvorki nám né þjálfun.**

Íslensk stjórnvöld leggja einnig áherslu á að aðstoða ungt fólk sem er án atvinnu eða stundar ekki nám eða þjálfun. Atvinnuleysi meðal ungs fólks á Íslandi mældist 4,5% hjá 16-24 ára í lok febrúar 2017.[49] Samkvæmt norrænu velferðarvísunum árið 2017 var alls 4,1% fólks á aldrinum 18-24 ára hvorki að mennta sig né í vinnu eða þjálfun.[50] Eftir hrun var farið í viðamiklar aðgerðir til að hindra að ungt fólk félli út af vinnumarkaði og/eða skóla. Þar var um að ræða samvinnu ráðuneyta, sveitarfélaga, Vinnumálastofnunar, stofnana innan menntakerfisins og samtaka aðila vinnumarkaðarins. Jafnframt er lögð áhersla á að fjölga svokölluðum gæðastörfum fyrir ungt fólk í samstarfi við fyrirtæki og stofnanir sem mæti þörfum viðkomandi fyrir hæfnisuppbyggingu og þjálfun og auki líkur á að viðkomandi haldist í starfi.

**8.b. Þróa og hrinda í framkvæmd heildarstefnu um atvinnumál ungmenna og koma atvinnusáttmála Alþjóðavinnumálastofnunarinnar til framkvæmda**

### Viðkvæmir hópar

Ísland hefur fullgilt samþykktir frá Alþjóðavinnumálastofnuninni (ILO) er varða lágmarksaldur við vinnu, samþykkt um bann við barnavinnu í sinni verstu mynd og tafarlausar aðgerðir til að afnema hana, samþykkt um nauðungarvinnu eða skylduvinnu og samþykkt um afnám nauðungarvinnu. Einnig hefur Ísland fullgilt Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. Þá er unnið að nýrri aðgerðaáætlun um aðgerðir gegn mansali þar sem sérstaklega er gert ráð fyrir aðstoð fyrir börn þegar þau verða fórnarlömb mansals, en fyrri



Skjal sótt af '000000000' dags: 25.03.2026

áætlun rann út árið 2016. Stefnt er að því að leggja fram nýja áætlun haustið 2018.

Íslensk stjórnvöld skuldbinda sig til að tryggja öruggt og heilsusamlegt starfsumhverfi í samræmi við félagslega og tæknilega þróun í þjóðfélaginu og tryggja skilyrði fyrir því að innan vinnustaðanna sjálfra sé unnt að leysa öryggis- og heilbrigðisvandamál í samræmi við gildandi lög og reglur. Á Íslandi eru starfrækt öflug stéttarfélög sem gæta hagsmuna félagsmanna þeirra hvað varðar réttindi á vinnumarkaði en mikill meirihluti launafólks á innlendum vinnumarkaði eru félagsmenn í stéttarfélögum.[51]

**8.2 Aukinni framleiðni í atvinnulífinu verði náð með aukinni fjölbreytni, tækninýjungum og nýsköpun.**

## Ísland á alþjóðlegum vettvangi

Háskólar Sameinuðu þjóðanna þjálfa ungt fólk frá ýmsum þróunarlöndum með það fyrir augum að auka fjölbreytni og kynna nemendum tækninýjungar á sviði jarðhita, fiskimála og landgræðslu. Að auki stuðlar Jafnréttisskóli Háskóla SÞ að auknum skilningi á málefnum kvenna og barna, þ.m.t. mansali og þrælkun kvenna og barna. Ýmis þróunarverkefni sem Ísland styður beinast að því að efla menntun og halda ungmennum í skóla, m.a. í Malaví og Úganda. Í samvinnu við Alþjóðabankann vinnur Ísland að því að styrkja sjávarútveg í vestanverðri Afríku. Stefnt er að aukinni samvinnu við bankann á sviði sjávarútvegs á komandi árum. Í austanverðri Afríku hefur Ísland til margra ára unnið rannsóknarstarf í beislun jarðhita í samvinnu við Norræna þróunarsjóðinn og Alþjóðabankann. Með kortlagningu á mögulegri jarðhitavirkjun til raforkuframleiðslu er lagður grunnur að auknum hagvexti og fjölbreytni atvinnulífs til framtíðar.

**8.8 Réttindi á vinnumarkaði vernduð og stuðlað að öruggu og tryggu vinnuumhverfi fyrir allt launafólk.**

**8.7. Útrýma nauðungarvinnu og binda enda á nútímaþrælahald og mansal. Afnema barnaþrælkun og binda endi á nauðungarvinnu barna.**

**8.1 Viðhalda a.m.k. 7% vexti vergrar landsframleiðslu á ári í þeim þróunarlöndum sem eru skemmst á veg komin.**

[46] Hagstofa Íslands, hagstofa.is.
[47] Hagstofa Íslands, 3. maí 2018, Atvinnuleysi 2,9% á fyrsta ársfjórðungi.
[48] Hagstofa Íslands, 1. júní 2018, Þjóðhagsspá að sumri 2018.
[49] Hagstofa Íslands, 3. maí 2018. Hagtíðindi, Vinnumarkaður á 1. ársfjórðungi 2018.
[50] Sjá viðauka 1.
[51] Hagstofa Íslands, 3. september 2015, Aðild að stéttarfélögum. 2014.



Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.03 2026

9 NÝSKÖPUN OG UPPBYGGING

# Byggja upp trausta innviði, stuðla að sjálfbærri iðnvæðingu og hlúa að nýsköpun

Fjárfestingar í innviðum, þ.e. samgöngum, áveitum, orku, upplýsinga- og hugbúnaðartækni eru mikilvægar til þess að ná fram markmiðum um sjálfbæra þróun. Góðir innviðir auka lífskjör almennings og geta skapað tæknilegar lausnir til umhverfisvænnar iðnvæðingar. Tæknivæðing og nýsköpun eru forsendur iðnvæðingar, en iðnvæðing er forsenda þróunar í fátækari ríkjum heimsins.

Á Íslandi er íbúaþéttleiki sá minnsti í Evrópu, aðeins um 3,4 íbúar á $km^2$ samanborið við um 116 íbúa á $km^2$ að meðaltali í ESB. Deilist kostnaður við uppbyggingu innviða því á tiltölulega fáar hendur. Veðurfar reynir í mörgum tilfellum talsvert á innviði. Uppbygging og viðhald innviða er því krefjandi verkefni.

## Innviðir á Íslandi

**9.1 Þróaðir verði innviðir, sem eru áreiðanlegir, sjálfbærir og viðnámsþolnir, þar sem lögð verði áhersla á aðgang fyrir alla á viðráðanlegu verði.**

Innviðir rannsókna, þróunar og nýsköpunar á Íslandi eru almennt góðir. Þeir stuðla að eflingu vísindastarfsemi og hagnýtingu þekkingar í þágu samfélags og atvinnulífs. Frumkvöðlakraftur er mikill og stuðningur við frumkvöðla er góður. Styrkja þarf betur afrakstur af frumkvöðlastarfsemi svo hann leiði enn frekar til stofnunar nýrra fyrirtækja og markaðssetningar afurða á alþjóðlegum samkeppnismarkaði. Þjóðvegakerfi landsins uppfyllir ekki að fullu almenn evrópsk viðmið, t.d. eru enn einbreiðar brýr á aðalþjóðvegi landsins og ekki eru allir hliðarvegir bundnir varanlegu slitlagi.

**9.c. Aðgengi að upplýsinga- og fjarskiptatækni verði aukið verulega og lagt verði kapp á að skapa almennan aðgang á viðráðanlegu verði að Netinu í þeim löndum sem eru skemmst á veg komin í þróun.**

Ísland komst árið 2017 í efsta sæti meðal þjóða heims á lista Alþjóðafjarskiptasambandsins um stöðuna í upplýsingatækni og fjarskiptum en 176 ríkjum um allan heim er raðað í einkunnaröð.[52] Virk samkeppni á fjarskipta- og upplýsingatæknimarkaði, miklar fjárfestingar og umtalsverð nýsköpun einkennir lönd sem raðast efst. Góður efnahagur, læsi og almenn menntun í löndunum stuðla jafnframt að því að almenningur geti nýtt upplýsinga- og fjarskiptatækni til fulls í eigin þágu. Markmið Íslands um 99,9% aðgengi að a.m.k. 100Mb þráðbundnum nettengingum fyrir árslok 2020 er að því er virðist það metnaðarfyllsta sem þekkist meðal þjóða. Breiðbandsvæðing landsins er langt komin og er nú unnið að lagningu ljósleiðara til lögbýla í sveitum landsins í samræmi við fjarskiptaáætlun fyrir árin 2011-2022. Ljósleiðaratenging

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.03.2026

við útlönd er góð og flutningsgeta talsvert umfram eftirspurn. Engu að síður er unnið að styrkingu þessa sambands, m.a. til að geta mætt aukinni eftirspurn frá gagnaverum. Flutningskerfi raforku er traust og í stöðugri þróun en flestir landsmenn njóta tryggrar raforku og er unnið að frekari styrkingu þess á jaðarsvæðum. Markmiðið er að framleiðsla og dreifing raforku mæti þörfum atvinnulífs og almennings hvað varðar flutningsgetu og afhendingaröryggi og að kostnaður við flutning og dreifingu á raforku verði jafnaður á milli landshluta, sbr. t.d. byggðaáætlun fyrir árin 2018-2024.[53]

Almenningssamgöngur hafa á síðustu árum eflst, eftir nokkurn samdrátt, með endurskipulögðu áætlanakerfi og betri samþættingu mismunandi ferðamáta. Saman myndar áætlanakerfi ferja, flugs og almenningsvagna víðfermt net almenningssamgangna á Íslandi. Alls má áætla að um 95% Íslendinga búi í innan við 10 km fjarlægð frá stoppistöð í netinu. Flugsamgöngur við útlönd eru mjög góðar og veturinn 2017-18 var boðið upp á beint áætlunarflug til 57 borga.[54] Sókn ferðamanna til landsins hefur aukist mikið en á árinu 2017 var fjöldi erlendra ferðamanna um 2,2 milljónir sem var metfjöldi og 24,1% aukning frá árinu áður.[55] Uppbygging innviða hefur þó ekki náð að halda í við þessa fjölgun ferðamanna.

## Sjálfbærir innviðir og iðnaður

Meginmarkmið stefnumótandi áætlana ríkis og sveitarfélaga hverfast að miklu leyti um að innviðir landsins verði öruggir, áreiðanlegir, sjálfbærir og viðnámsþolnir. Ljóst er að innviðir eru lykill að samkeppnishæfni landsins, jafnt samkeppnishæfni atvinnulífsins, þróun byggðarlaga og almennri félagslegri velferð þegnanna. Þannig er t.d. markmið byggðaáætlunar 2018-2024 að jafna tækifæri allra landsmanna til atvinnu og þjónustu, jafna lífskjör og stuðla að sjálfbærri þróun byggðalaga um allt land. Sérstök áhersla er lögð á stuðning við svæði sem búa við langvarandi fólksfækkun, atvinnuleysi og einhæft atvinnulíf og einnig á aðgerðir sem stuðla að auknu jafnrétti kynjanna.

**9.4 Eigi síðar en árið 2030 verði innviðir uppfærðir og iðnaður aðlagaður svo að þeir verði sjálfbærir.**

Innviðir iðnaðar á Íslandi miða nær undantekningarlaust við bestu fáanlegu tækni. Allir þættir innviða, þ.m.t. framleiðsluferli, eru í stöðugri þróun og tekið er tillit til alþjóðlegra skuldbindinga sem samþykktar hafa verið. Ein stærsta áskorunin eru skuldbindingar um minnkun losunar skv. Parísarsamkomulaginu. Þar eru skuldbindingar um að draga úr losun tiltekinnar starfsemi um 40% miðað við 1990. Grípa þarf til mikilvirkra aðgerða ef þessi markmið í loftslagsmálum eiga að nást, sem nánar er fjallað um undir markmiði 13.

## Iðnþróun

Sjálfbær þróun er grunnstef í stefnu stjórnvalda. Einkum er lögð áhersla á að atvinnuvegir landsins byggi á sjálfbærri nýtingu auðlindanna. Í fjármálaáætlun fyrir árin 2019-2023 er lögð áhersla á sjálfbæra framleiðni, samdrátt í losun gróðurhúsalofttegunda, vöktun á áhættuþáttum og grænar lausnir í þágu umhverfismála. Rannsóknir, þróun og nýsköpun, sem eru forsendur efnahagslegra framfara og samfélagslegs velfarnaðar, tengjast sjálfbærri þróun með skýrum hætti. Það er ekki markmið að hlutur iðnaðar í atvinnulífi og vergri framleiðslu aukist. Áhersla er frekar á þekkingar-

**9.2 Stuðlað verði að sjálfbærri iðnþróun fyrir alla.**



Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.03.2026

**9.3. Aukið aðgengi minni iðnfyrirtækja og annarra fyrirtækja að lánum á viðráðanlegum kjörum. Auka aðlögun þeirra að verðmætakeðjum og mörkuðum.**

iðnað og aðrar þekkingargreinar en síður á hefðbundinn orkufrekan iðnað. Hlutur þekkingargreina fer ört vaxandi og má taka skapandi greinar sem dæmi um þá þróun. Annað dæmi er vöxtur líftæknigreina eins og líftækniiðnaðar sem sprottið hefur úr frjóum jarðvegi hefðbundinna atvinnuvega eins og sjávarútvegi.

### Fjármálaþjónusta fyrirtækja

Aðgengi fyrirtækja að almennri fjármálaþjónustu, eins og bankalánum, er almennt gott. Framboð á fjármagni til frumfjárfestinga í sprotafyrirtækjum er minna en eftirspurn og sama gildir um fjármögnun til vaxtar fyrirtækja. Frá árinu 1997 hefur ríkið rekið Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins sem er frumfjárfestir. Markaðsráðgjöf á vegum hins opinbera er fyrst og fremst veitt af Íslandsstofu og sendiráðum landsins, en Tækniþróunarsjóður styður lítil fyrirtæki og frumkvöðla sem eru að stíga sín fyrstu spor á erlendum mörkuðum.

### Vísindarannsóknir

**9.5 Vísindarannsóknir verði efldar og tæknigeta iðngreina bætt. Ýtt verði undir nýsköpun, fjöldi þeirra sem starfa við rannsóknir og þróun aukinn verulega og útgjöld til rannsókna og þróunar hins opinbera og einkageirans aukin.**

Í stefnu Vísinda- og tækniráðs er lögð áhersla á markvissa uppbyggingu innviða en höfuðáherslan er, eðli máls samkvæmt, á menntun, rannsóknir og nýsköpun. Leiðarljós stefnunnar er að fjárfesting í rannsóknum og þróun nái 3% af vergri landsframleiðslu fyrir árið 2024, sem gerir mögulegt að takast betur á við hraðar samfélagsbreytingar og flóknar hnattrænar áskoranir, t.d. loftslagsbreytingar, fæðuöryggi og lýðheilsu. Yrði Ísland þá komið í fremstu röð ríkja í vísindum og tækniþróun. Tæknigeta iðngreina mun endurspegla þessa aukningu, eins og verið hefur, og munu þróunarlönd njóta þeirrar aukningar í gegnum stuðningsáætlanir þróunarsamvinnu okkar.

### Ísland á alþjóðlegum vettvangi

Þeir styrkleikar Íslands sem hvað best nýtast þróunarlöndum til atvinnuuppbyggingar og styrkingar innviða eru á sviði sjávarútvegs og orkunýtingar. Þessum málaflokkum er einkum sinnt í gegnum Háskóla Sameinuðu þjóðanna á Íslandi. Jarðhitaskólinn, sem rekinn er hjá Orkustofnun, veitir auk þess ungum sérfræðingum frá þróunarlöndum sérhæfða þjálfun í rannsóknum og nýtingu jarðvarma. Sjávarútvegsskólinn er rekinn hjá Hafrannsóknastofnun til að efla sérfræðiþekkingu í sjávarútvegi og fiskveiðum í þróunarlöndum. Þessir skólar eru dæmi um grunnstofnanir sem yfirfæra bestu fáanlegu þekkingu á sínum sérsviðum til samstarfsríkja Íslands í þróunarlöndum. Starfsemi þeirra er veigamikill þáttur í að auka sérþekkingu á þessum fræðasviðum sem stuðlar að efldum vísindum, rannsóknum, tækniþróun og nýsköpun í samstarfsríkjunum. Starfsemin hefur skýran fókus þar sem áhersla er lögð á varanlegan árangur.

**9.b Stutt verði við tækniþróun, rannsóknir og nýsköpun innanlands í þróunarlöndum.**

[52] Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið, 11. apríl 2018, Ísland í 1. sæti meðal þjóða heims í upplýsingatækni og fjarskiptum.
[53] Alþingi, Stefnumótandi byggðaáætlun 2018-2024, www.althingi.is.
[54] Túristi. 11. september 2017, Áætlunarflug til 57 erlendra borga og Akureyrar, turisti.is.
[55] Ferðamálastofa. Heildarfjöldi erlendra ferðamanna, www.ferdamalastofa.is.



Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.03 2026

10 AUKINN JÖFNUÐUR

# Draga úr ójöfnuði innan og á milli landa

Á síðustu áratugum hafa stór skref verið stigin á heimsvísu við að minnka ójöfnuð og fátækt. Góður árangur hefur náðst hvað þetta varðar meðal fátækustu ríkja heims þótt enn sé langt í land. Tekjuójöfnuður hefur minnkað á milli ríkja, en hefur aftur á móti aukist innan þeirra. Milli áranna 2009 og 2016 sýndi Gini-stuðullinn þó minnkandi ójöfnuð á Íslandi en hann mældist 29,6% árið 2009, en 24,1% árið 2016.[56] Vaxandi samstaða er um að hagvöxtur sé einn og sér ekki nægjanleg forsenda þess að minnka fátækt, heldur þurfi stjórnvöld að sjá til þess að hagvöxtur hafi í för með sér ávinning fyrir alla.

## Tekjuaukning þeirra tekjulægstu

Ekki er til opinbert lágtekjuviðmið á Íslandi. Sveitarfélög veita fjárhagsaðstoð til framfærslu á grundvelli laga um félagsþjónustu sveitarfélaga en ekki er kveðið á um lágmarksframfærsluviðmið í lögunum. Aðilar vinnumarkaðarins semja fyrir launþega í kjarasamningsviðræðum og gilda þeir samningar sem lágmarkskjör fyrir alla launamenn í viðkomandi starfsgreinum á þeim svæðum sem samningarnir taka til, óháð kyni, þjóðerni eða ráðningartíma. Óheimilt er að gera samninga um lakari kjör en kveðið er á um í almennum kjarasamningum. Almennt er miðað við að bætur og aðrar opinberar greiðslur til framfærslu séu ekki hærri en nemur lágmarkslaunum.

**10.1 Eigi síðar en árið 2030 verði varanlegri tekjuaukningu náð fram í áföngum fyrir 40% þess mannfjölda sem tekjulægstur er og henni viðhaldið og gangi hraðar fyrir sig en almenn meðaltalstekjuaukning á landsvísu.**

Örorku- og endurhæfingarlífeyrir ásamt tengdum greiðslum er ætlaður til framfærslu þeirra sem hafa skerta starfsgetu og tekjur undir tilteknu viðmiði. Markmiðið er að gera fólki sem býr við þessar aðstæður kleift að lifa sjálfstæðu lífi. Enn fremur er áhersla lögð á að uppbygging þessara kerfa styðji fólk til virkrar þátttöku í samfélaginu, þar með til atvinnuþátttöku. Ellilífeyrir almannatrygginga er tekjutengdur og réttindi til hans miðast við 67 ára aldur. Megin lífeyrisgreiðslur aldraðra koma úr lífeyrissjóðakerfinu, sem byggist á atvinnuþátttöku, og aldraðir hafa greitt til af launum sínum á starfsævinni.

## Þátttaka allra í félags-, efnahags- og stjórnmálalífi

Lög nr. 10/2008 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla fela í sér almennt bann við mismunun á grundvelli kyns. Þá urðu þann 11. júní 2018 tvö frumvörp um bann við allri mismunun að lögum. Þar er kveðið á um jafna meðferð einstaklinga óháð kynþætti, þjóðernisuppruna, trú, lífsskoðun, fötlun, skertri

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.03 2026

starfsgetu, aldri, kynhneigð eða kynvitund. Lagasetningin er í samræmi við efni tilskipana 2000/78/EB um jafna meðferð á vinnumarkaði og 2000/43/EB um jafna meðferð óháð kynþætti eða þjóðernisuppruna. Samþykkt laganna felur í sér stórt skref í átt að virkri þátttöku sem flestra á vinnumarkaði og öðrum sviðum samfélagsins.

**10.2. Öllum gert kleift að taka þátt í félags-, efnahags- og stjórnmálalífi, án tillits til aldurs, kyns, fötlunar, kynþáttar, þjóðernis, uppruna, trúarbragða, efnahagslegrar eða annarrar stöðu.**

### Jöfn tækifæri tryggð og dregið úr ójöfnuði

Undanfarin ár hefur ýmsum lögum verið breytt með það að markmiði að draga úr ójöfnuði og jafna tækifæri. Má þar nefna breytingar á lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, lög um málefni fatlaðs fólks, s.s. um notendastýrða persónulega aðstoð, og lög um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum. Einnig má nefna lagabreytingar sem kveða á um einföldun bótakerfisins, breyttan lífeyristökualdur o.fl. Í gildi eru þingsályktanir um framkvæmdaáætlanir með stefnu og aðgerðum sem eiga að stuðla að því að einstaklingar sem standa höllum fæti njóti jafnræðis og standi jafnfætis öðrum. Má t.d. nefna framkvæmdaáætlanir í jafnréttismálum 2016-2019, í málefnum fatlaðs fólks 2017-2021 og í málefnum innflytjenda 2016-2019.

**10.3. Tryggja jöfn tækifæri og draga úr ójöfnuði, meðal annars með afnámi laga, stefnumótunar og framkvæmdar sem elur á mismunun, samhliða því að ýta undir lagasetningu, stefnumótun og framkvæmd sem styður við markmiðið.**

Í nýjum lögum um opinber fjármál eru sett fram gildi sem fela í sér að ávallt skuli hafa sjálfbærni, varfærni, stöðugleika, festu og gagnsæi að leiðarljósi. Þá er sérstakt ákvæði um kynjaða fjárlagagerð og hún skal höfð til hliðsjónar við gerð frumvarps til fjárlaga. Sífellt meiri áhersla er lögð á að sporna við og draga úr mismunun á grundvelli kyns, fötlunar eða annarra þátta í allri stefnumótun og áætlanagerð stjórnvalda.

**10.4 Mörkuð verði stefna í ríkisfjármálum, launamálum og á sviði félagslegar verndar sem í áföngum auki félagslegan jöfnuð**

### Alþjóðlegir fjármálamarkaðir og -stofnanir

Á grundvelli samningsins um Evrópska efnahagssvæðið (EES) hafa fjöldamargar Evrópugerðir um eftirlit á fjármálamörkuðum verið teknar upp í íslenskan rétt og munu fleiri slíkar verða innleiddar á komandi misserum. Markmiðið er að íslenskt regluverk endurspegli hið evrópska eftir því sem best er unnt en taki mið af íslenskum aðstæðum þar sem slíkt á við. Nokkur halli er á innleiðingu evrópskra reglna um fjármálamarkað sem skýrist meðal annars af smæð stjórnsýslunnar. Mikilvægt skref var stigið með samþykkt laga nr. 24/2017 um evrópskt eftirlitskerfi á fjármálamarkaði þar sem kveðið var á um lagagildi reglugerða um hið evrópska eftirlitskerfi á innri markaði Evrópusambandsins. Óvissa um lagagildið hafði staðið í vegi fyrir innleiðingu stórs hluta evrópskra reglna um fjármálamarkaðinn og má búast við að eitthvað muni draga úr innleiðingarhallanum í kjölfarið. Fjármagni hefur verið veitt til þess að draga úr halla á innleiðingum evrópsks regluverks í stjórnsýslunni með ráðningum fleiri sér-

**10.5 Reglusetning og eftirlit með alþjóðlegum fjármálamörkuðum og -stofnunum verði bætt og beiting slíkra reglna efld**

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.03 2026

fræðinga. Þótt þegar hafi dregið úr hallanum er ljóst að enn er mikið verk framundan og að nokkurn tíma mun taka fyrir íslenskt regluverk að endurspegla hið evrópska. Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn (AGS) lagði mat á fylgni Fjármálaeftirlitsins við 29 kjarnaviðmið Baselnefndar um bankaeftirlit árið 2014. Að mati sjóðsins var lágmarksviðmiðum mætt varðandi sjö af þessum 29 viðmiðum og því ljóst að mörg tækifæri voru til umbóta. Síðan þá hafa þónokkrar breytingar orðið á regluverki fjármálamarkaða og starfsemi Fjármálaeftirlitsins. Fyrir liggur að Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn muni á komandi árum framkvæma víðtækari úttekt en þá sem gerð var árið 2014 sem mun ná til vátrygginga-, lífeyrissjóða- og verðbréfamarkaða auk bankamarkaðar (e. financial sector assessment program).

### Tryggir búferlaflutningar

Framkvæmdaáætlun í málefnum innflytjenda var samþykkt í september 2016. Áætlunin byggist á fimm stoðum sem eru samfélag, fjölskylda, menntun, vinnumarkaður og flóttafólk. Í áætluninni eru 30 aðgerðir sem eiga allar að stuðla að jöfnum tækifærum allra landsmanna, óháð einstaklingsbundnum þáttum og aðstæðum. Vinna er hafin vegna 21 aðgerðar sem ýmist eru í undirbúningsferli, vinnslu eða lokið.

**10.7. Greitt verði fyrir skipulegum, öruggum, reglulegum og ábyrgum búferlaflutningum og för fólks, meðal annars með því að hrinda stefnumálum á sviði búferlaflutninga í framkvæmd á skipulegan og hagkvæman hátt**

Helstu áskoranir eru að skapa tækifæri og aðstæður til að innflytjendur geti orðið virkir þátttakendur í íslensku samfélagi. Alþjóðastofnanir hafa kallað málefni flóttafólks einhverja stærstu áskorun sem heimurinn stendur frammi fyrir í dag og er Ísland þar engin undantekning. Helsta áskorun varðandi flóttafólk þessi misserin er útvegun húsnæðis.

### Ísland á alþjóðlegum vettvangi

Jafnrétti kynjanna og réttindi barna og annarra berskjaldaðra hópa er í öndvegi í þróunarsamvinnu Íslands. Sérstakan gaum skal gefa að þeim hópum sem búa við skort á réttindum, eins og hinsegin fólk, fatlað fólk og aðrir sem eiga undir högg að sækja.

**10.2. Öllum gert kleift að taka þátt í félags-, efnahags- og stjórnmálalífi, án tillits til aldurs, kyns, fötlunar, kynþáttar, þjóðernis, uppruna, trúarbragða, efnahagslegrar eða annarrar stöðu.**

**10.b. Ýtt verði undir opinbera þróunaraðstoð og fjárstreymi til ríkja þar sem þörfin er mest.**

Helsta markmið þróunarsamvinnu Íslands er að draga úr ójöfnuði milli og innan landa. Þannig beinir Ísland stórum hluta framlaga sinna til fátækustu ríkjanna með áherslu á að styðja þá hópa sem búa við fátækt og ójöfnuð. Í því felst einkum stuðningur við uppbyggingu félagslegra innviða, ekki síst í dreifbýli, þar sem fátækt er hvað mest. Jafnframt er í íslenskri þróunarsamvinnu áhersla lögð á að styðja við sjálfbæra nýtingu náttúruauðlinda með jafnrétti og jöfnuð að leiðarljósi.

[56] Eurostat - Data Explorer, 11. júní 2018, Gini coefficient of equalivalised disposable income - EU-SILC survey.



Skjal sótt af '00000000' dags: 25.03.2026

**11 SJÁLFBÆRAR BORGIR OG SAMFÉLÖG**

# Gera borgir og íbúðarsvæði öllum auðnotuð, örugg og sjálfbær

Þéttbýli getur skapað aðstæður þar sem ný störf verða til og velmegun fólks eykst. Að viðhalda slíku ástandi, án þess að skaða umhverfi og auðlindir, felur í sér margar áskoranir. Algeng vandamál tengd þéttbýli fela meðal annars í sér ónægt fjármagn til þess að sinna grunnþjónustu, skort á fullnægjandi húsnæði og hnignandi innviði. Markmiðið um sjálfbærar borgir og samfélög leggur því áherslu á að allir íbúar í þéttbýli hafi jafnan aðgang að grunnþjónustu, orku, húsnæði og samgöngum.

Ísland er mjög dreifbýlt land en á hverjum ferkílómetra búa um það bil þrír einstaklingar. Þrátt fyrir það býr meirihluti Íslendinga, eða um 94%, í þéttbýli.[57] Í upphafi árs 2016 voru 60 þéttbýlisstaðir á landinu með 200 íbúa eða fleiri samkvæmt tölum Hagstofunnar, en rúmlega 60% íbúanna eru á höfuðborgarsvæðinu. Meðal helstu áskorana stjórnvalda eru að tryggja nægt framboð á húsnæði á viðráðanlegu verði og tryggja áframhaldandi grunnþjónustu í hæsta gæðaflokki.

### Húsnæði og almenningssamgöngur

Þörf er á auknu framboði á leiguhúsnæði á viðráðanlegu verði og er unnið að því að fjölga slíkum íbúðum á grundvelli laga frá 2016 um almennar íbúðir. Árið 2014 var meðalhlutfall húsnæðiskostnaðar af ráðstöfunartekjum leigjenda 24,3% og hlutfall leigjenda sem búa við íþyngjandi húsnæðiskostnað 18,7% samkvæmt tölum Hagstofunnar.[58] Þá var meðalbiðtími eftir félagslegu leiguhúsnæði á landsvísu 26,6 mánuðir árið 2015.[59]

**11.1 Eigi síðar en árið 2030 verði öllum tryggður aðgangur að fullnægjandi, öruggu húsnæði á viðráðanlegu verði.**

Allir þéttbýlisstaðir með fleiri en 100 íbúa eru tengdir með almenningssamgöngum; áætlanabílum, ferjum og/eða flugi. Áætlanaflug er til allra landshorna og er ríkisstyrkt þar sem ekki eru markaðslegar forsendur fyrir hendi. Miðað er við að allir íbúar geti nálgast nauðsynlega opinbera þjónustu á skemmri tíma en 3,5 klst. Ekki er merkjanlegur kynbundinn munur á notkun almenningssamgangna, nema í innanlandsflugi þar sem fleiri notendur eru karlar og þá oftast vegna starfa sinna.

**11.2 Eigi síðar en árið 2030 verði öllum veittur aðgangur að öruggum, aðgengilegum og sjálfbærum flutningakerfum á viðráðanlegu verði og öryggi á vegum bætt, einkum með auknum almenningssamgöngum.**

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.03.2026

## Loftgæði

Loftgæði á Íslandi eru almennt góð þrátt fyrir að sum loftmengunarefni fari yfir skilgreind viðmiðunarmörk nokkrum sinnum á ári. Veðurfar getur verið áhrifavaldur í því þegar mengandi efni fara yfir mörk. Helstu uppsprettur svifryks í þéttbýli eru umferð (slit gatna, útblástur bíla o.fl.), byggingarframkvæmdir og uppþyrlun göturyks. Utan þéttbýlisstaða eru uppsprettur svifryks m.a. sandfok, eldgos (öskufall/öskufok) og uppþyrlun ryks af malarvegum.

Allnokkrar rannsóknir hafa verið gerðar á mögulegum heilsufarsáhrifum loftmengunar á Íslandi og margar þeirra sýna fram á samband milli þessara þátta. Rannsóknirnar hafa ýmist beinist að loftmengun af völdum mannlegra athafna (umferð og jarðvarmavirkjanir, svifryk og önnur umferðartengd loftmengunarefni) eða vegna náttúrulegra þátta, þ.e. eldgosa (aska/svifryk og brennisteinsdíoxíð). Nauðsynlegt er að rannsaka þetta enn frekar til að geta svarað spurningunni um hvort raunverulegt orsakasamband sé milli þessara þátta.

**11.6 Eigi síðar en árið 2030 verði dregið úr neikvæðum umhverfisáhrifum borga á hvern einstakling, meðal annars með því að beina sérstakri athygli að loftgæðum og meðhöndlun sveitarfélaga á úrgangi og annars konar meðhöndlun úrgangs.**

Á Íslandi eru mörg sóknarfæri sem hægt er að nýta til að bæta loftgæði í landinu en í því sambandi er mikilvægt að efla vitund fólks um mál tengdum loftgæðum. Með aukinni vitneskju um loftgæði verða einstaklingar meðvitaðri um hvers konar loftmengun er í landinu, hvað megi gera til að takmarka hana og heilsufarsleg áhrif hennar. Nýlega gaf umhverfis- og auðlindaráðuneytið, í samstarfi við Umhverfisstofnun, út áætlun um loftgæði í landinu (Hreint loft til framtíðar – Áætlun um loftgæði á Íslandi) sem stuðla á að bættum loftgæðum í landinu.

## Almannavarnir

Markmið stefnu í almannavarna- og öryggismálum er að undirbúa, skipuleggja og framkvæma ráðstafanir sem miða að því að koma í veg fyrir og takmarka, eftir því sem unnt er, að almenningur verði fyrir líkams- eða heilsutjóni, eða að umhverfi eða eignir verði fyrir tjóni, af völdum náttúruhamfara.

**11.5 Eigi síðar en árið 2030 verði dregið verulega úr fjölda dauðsfalla vegna hamfara og fjölda þess fólks sem verður fyrir áhrifum af þeirra völdum.**

Almannavarnalögin kveða á um samhæft viðbúnaðarkerfi vegna hættuástands, m.a. vegna hamfara þar sem lögð er áhersla á forvarnir og áhættugreiningu, mótvægisaðgerðir til þess að styrkja áfallaþol, skýrt stjórnkerfi og boðleiðir þegar brugðist er við hættuástandi, og aðgerðir til endurreisnar í kjölfar áfalla.

## Vernda og tryggja menningar- og náttúruarfleifð

Menningar- og náttúruminjar eru verndaðar með lögum. Markmið laganna er að tryggja varðveislu menningarminja í eigin umhverfi, auðvelda aðgang og kynni þjóðarinnar af menningarminjum og greiða fyrir rannsóknum á þeim. Drög að stefnu innan málaflokksins til næstu fjögurra ára, sem nú er unnið að, hefur sex meginmarkmið, þ.e. að styrkja minjavörsluna, auka vitundarvakningu um menningarminjar, ljúka skráningu menningarminja, stuðla að rannsóknum á minjum, nýta minjar á sjálfbæran

**11.4 Viðleitni til þess að vernda og tryggja menningar- og náttúruarfleifð heimsins verði efld.**

Skjal sótt af '0000000000' dags. 25.03.2026

og skynsamlegan hátt í þágu samfélagsins og efla samvinnu landsmanna, jafnt lærðra sem leikra um minjavernd.

Markmið laga um náttúruvernd nr. 60/2013 er að vernda til framtíðar fjölbreytni íslenskrar náttúru, þar á meðal líffræðilega og jarðfræðilega fjölbreytni og fjölbreytni landslags. Lögin eiga að tryggja eftir föngum þróun íslenskrar náttúru á eigin forsendum og verndun þess sem þar er sérstætt eða sögulegt. Í lögunum er einnig að finna ákvæði sem stuðla að endurheimt raskaðra vistkerfa og auknu þoli íslenskra vistkerfa gegn náttúruhamförum og hnattrænum breytingum á náttúrunni. Jafnframt miða þau að vernd og sjálfbærri nýtingu auðlinda og annarra náttúrugæða. Lögunum er einnig ætlað að stuðla að samskiptum manns og náttúru þannig að hvorki spillist líf né land, loft eða lögur. Þau eiga að auðvelda umgengni og kynni almennings af náttúru landsins og menningarminjum sem henni tengjast og efla þekkingu og fræðslu um náttúruna. Einnig tryggja lögin rétt almennings til að fara um landið og njóta náttúrunnar og stuðla þannig að almennri útivist í sátt við náttúruna, landsmönnum til heilsubótar og aukinnar velsældar.

**11.7 Eigi síðar en árið 2030 verði almennur aðgangur veittur að öruggum og aðgengilegum grænum svæðum fyrir almenning, einkum konur og börn, eldra fólk og fólk með fötlun.**

Markmið laga um landsáætlun um uppbyggingu innviða til verndar náttúru og menningarsögulegum minjum nr. 20/2016 er að móta og samræma stefnu um uppbyggingu, rekstur og viðhald innviða í tengslum við fjölgun ferðamanna við helstu náttúruperlur og menningarminjastaði á Íslandi. Annars vegar er um að ræða efnislega innviði sem aukið geta álagsþol viðkomandi staðar af völdum aukinnar ferðamennsku. Hins vegar er um að ræða óefnislega innviði, þar með talið umgengnisreglur og landvörslu, sem miða fyrst og fremst að því að vernda viðkomandi stað fyrir auknum ágangi án þess að breyta yfirbragði hans til langframa. Landsáætlun skiptist í stefnumarkandi landsáætlun til tólf ára og þriggja ára verkefnaáætlun og hófst innleiðing hennar árið 2018.

**11.6 Eigi síðar en árið 2030 verði dregið úr neikvæðum umhverfisáhrifum borga á hvern einstakling, meðal annars með því að beina sérstakri athygli að loftgæðum og meðhöndlun sveitarfélaga á úrgangi og annars konar meðhöndlun úrgangs.**

### Byggðaáætlun

Unnið er að því að styðja við jákvæð efnahags-, félags- og umhverfisleg tengsl milli þéttbýlis, þéttbýlla svæða í borgarjaðri og dreifbýlissvæða með byggðaáætlun stjórnvalda. Sóknaráætlanir landshluta skilgreina svæðisbundnar áherslur byggðaáætlunar og taka mið af öðrum áætlunum ríkisins. Með þeim er sett fram langtímastefnumótun hvers landshluta og framtíðarsýn. Þannig er sóknaráætlununum ætlað að skapa aukna festu og efla fagleg vinnubrögð við áætlanagerð á sviði byggðamála. Með fyrirkomulaginu næst betri nýting á fjármunum og ákvarðanataka er færð nær heimamönnum sem þekkja best til aðstæðna. Grunnstefið sem snýr að Íslandi er hvort byggðastefna leiði

**11.3 Eigi síðar en árið 2030 verði efld sjálfbær þéttbýlismyndun fyrir alla og geta til skipulagningar og stýringar, sem byggist á þátttöku, á samþættum og sjálfbærum íbúðasvæðum í öllum löndum.**

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.03 2026

til minnkandi einangrunar tiltekinna þjóðfélagshópa og að jafnvægi sé á milli þéttbýlis- og dreifbýlisþróunar, t.d. varðandi uppbyggingu innviða og þjónustu.

**11.a Stutt verði við jákvæð efnahags-, félags- og umhverfisleg tengsl milli þéttbýlis, þéttbýlla svæða í borgarjaðri og dreifbýlissvæða með því að styrkja áætlanir um byggðaþróun á landsvísu og innan svæða.**

[57] Hagstofa Íslands, 20. mars 2017, Landsmönnum fjölgar um 1,8%, hagstofa.is.
[58] Hagstofa Íslands, 12. nóvember 2015. Byrði húsnæðiskostnaðar þyngst hjá leigjendum.
[59] Velferðarráðuneytið, 25. ágúst 2015. Um 5.000 leiguíbúðir í eigu sveitarfélaga.



Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.03 2026

12 ÁBYRG NEYSLA OG FRAMLEIÐSLA

# Sjálfbær neyslu- og framleiðslumynstur verði tryggð

Sjálfbær neysla og framleiðsla hefur það að markmiði að stuðla að skilvirkri nýtingu bæði auðlinda og orku, veita aðgang að grunnþjónustu og grænum störfum auk þess að bæta lífsgæði allra. Innleiðing markmiðsins hjálpar til við að ná fram heildarþróun sem dregur úr efnahagslegum, umhverfislegum og félagslegum kostnaði í framtíðinni, styrkir efnahagslega samkeppnishæfni og dregur úr fátækt.

Eins og flest önnur iðnvædd ríki stendur Ísland frammi fyrir töluverðum áskorunum til að ná markmiðum um sjálfbæra neyslu og framleiðslu. Nýting náttúruauðlinda, t.d. til orkuvinnslu, fiskveiða, ferðaþjónustu, landbúnaðar og ýmiss konar iðnaðar, eru meginstoðir í íslenska hagkerfinu. Því er mikið hagsmunamál að tryggja sjálfbæra og skilvirka nýtingu auðlindanna og tryggja að hún fari ekki yfir þolmörk umhverfisins. Ýmsar aðferðir hafa verið þróaðar til að greina sjálfbærni, m.a. hefur Global Footprint Network sett fram aðferðir til að reikna út vistspor ríkja heims.[60] Samkvæmt niðurstöðum þeirra er ljóst að Ísland er í hópi þeirra ríkja sem hafa verk að vinna við að draga úr vistspori sínu.

## Sjálfbær neysla og framleiðsla og skilvirk nýting auðlinda

Íslensk stjórnvöld hafa ekki sett fram sérstaka áætlun um sjálfbæra neyslu og framleiðslu en síaukin áhersla er lögð á að bæta nýtingu og umgengni við auðlindir landsins. Fiskveiðistjórnarkerfi Íslands er dæmi um afar skilvirka nýtingu auðlinda en fiskveiðar hafa í aldanna rás verið hornsteinn í íslensku efnahagslífi og fyrir fæðuöflun landsmanna. Fiskveiðistjórnarkerfið byggist á víðtækum rannsóknum á fiskistofnum og vistkerfi hafsins. Margir nytjastofnar á Íslandsmiðum hafa fengið vottun samkvæmt stöðlum sem eru í samræmi við alþjóðlegar samþykktir um sjálfbærni í fiskveiðum.

**12.1 Tíu ára rammaáætlun um sjálfbæra neyslu og framleiðslu verður hrundið í framkvæmd.**

Matarsóun hefur verið í brennidepli á síðari árum. Stefna íslenskra stjórnvalda „Saman gegn sóun“ felur í sér almenna stefnu um úrgangsforvarnir fyrir tímabilið 2015–2026. Eitt af markmiðum stefnunnar er að draga eftir mætti úr matarsóun, m.a. í því skyni að bæta nýtingu auðlinda og draga úr losun gróðurhúsalofttegunda. Niðurstöður fyrstu rannsóknar sem gerð hefur verið á sóun matvæla á Íslandi voru birtar 2016 og má samkvæmt þeim gera ráð fyrir að

**12.2 Markmiðum um sjálfbæra neyslu og framleiðslu verði náð ekki síðar en árið 2030.**



Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.03.2026

matarsóun á heimilum á Íslandi sé sambærileg við matarsóun í öðrum Evrópulöndum.[61] Í framhaldi af þeim verkefnum um matarsóun sem ýtt hefur verið úr vör verða markmið og mælikvarðar útfærð nánar með það að markmiði að draga úr matarsóun á hvern íbúa um tiltekið magn (kg á íbúa) innan tiltekins tíma.

Tölulegar upplýsingar um magn, uppruna og meðhöndlun einstakra úrgangstegunda er að finna á vef Hagstofu Íslands. Ísland hefur náð þeim markmiðum sem sett eru í úrgangslöggjöf ESB nema hvað varðar gler, timbur og lífrænan úrgang. Af heildarmagni úrgangs árið 2015 fóru tæp 78% í endurvinnslu eða aðra endurnýtingu og tæplega 88% af efnaúrgangi fóru til endurvinnslu en rúmlega 12% voru brennd eða urðuð. Rúmlega 99% af blönduðum heimilisúrgangi voru urðuð eða brennd án orkunýtingar.[62] Unnið er að því að fá áreiðanlegar tölur um notkun einnota burðarpoka úr plasti.

**12.3 Matarsóun á smásölu- og neytendastigi hafi minnkað um helming árið 2030 og dregið hafi úr glötuðum matvælum í framleiðslu- og birgðakeðjum.**

**12.6 Fyrirtæki, einkum stór og fjölþjóðleg fyrirtæki, verði hvött til þess að innleiða sjálfbæra þróun í starfsemi sína og fella upplýsingar um sjálfbærni inn í skýrslur sem gefnar eru út á þeirra vegum.**

Gerðar eru kröfur um að tiltekin mengandi fyrirtæki skili grænu bókhaldi. Ekki er krafist upplýsinga um sjálfbærni í skýrslum viðkomandi fyrirtækja en stefnt að því að setja innbyggða hvatningu í þá veru í reglugerðir og starfsleyfi. Umhverfisstofnun heldur utan um losunarbókhald um tiltekin loftmengunarefni og hefur heimild til að krefja stjórnvöld, stofnanir og atvinnurekstur um nauðsynleg gögn og upplýsingar sem hún þarfnast vegna losunarbókhaldsins.

### Umhverfisvænni stjórnun efna og efnablandna

**12.5 Eigi síðar en árið 2030 verði verulega dregið úr myndun úrgangs með forvörnum, með því að minnka úrgang og auka endurvinnslu og endurnýtingu.**

Við gildistöku efnalaga á árinu 2013 varð efnalöggjöf á Íslandi sambærileg við efnalöggjöf ESB. Ísland er aðili að Stokkhólmssamningnum um þrávirk lífræn efni og Baselsamningnum um eftirlit með flutningi spilliefna milli landa. Þá er Ísland aðili að Efnavopnasamningnum, Vínarsamningnum um vernd ósonlagsins og Montrealbókuninni um efni sem valda rýrnun ósonlagsins og þeim hluta LRTAP (Long-Range Transboundary Air Pollution) samningsins sem fjallar um þrávirk lífræn efni. Ákvæði framangreindra samninga eru innleidd með aðild Íslands að EES-samningnum. Vorið 2017 gaf umhverfis- og auðlindaráðuneytið út uppfærða framkvæmdaáætlun Íslands um þrávirk lífræn efni en aðgerðaáætlun um notkun varnarefna 2016-2031 var gefin út á árinu 2016. Þá hefur fullgilding BAN-viðauka við Basel-samninginn tekið gildi og búið er að afhenda fullgildingarpappíra vegna Minamatasamningsins um kvikasilfur og tekur hann því væntanlega gildi á Íslandi í ágúst næstkomandi. Tölulegar upplýsingar um magn eiturefnaúrgangs á Íslandi er að finna á vef Hagstofunnar en áreiðanlegar tölulegar upplýsingar um magn, uppruna og meðhöndlun spilliefna á Íslandi eru til allt frá árinu 1997. Ísland fylgir skýrslugerð ESB-löggjafar hvað þetta varðar.

**12.4 Lífsferill efna og efnablandna verði gerður umhverfisvænni ekki síðar en árið 2020 og þar með dregið verulega úr losun efna út í andrúmsloft, vatn og jarðveg.**

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.03.2026

**12.8 Allir fái viðeigandi upplýsingar og fræðslu um sjálfbæra þróun og líf í sátt við náttúruna ekki seinna en árið 2030.**

### Innlend stefna um opinber innkaup

Stjórnvöld hafa unnið samkvæmt markaðri stefnu um vistvæn opinber innkaup frá árinu 2009. Stefnan var uppfærð 2013 með gildistíma til ársloka 2016. Unnið er að tillögum um framhald og framtíðarstefnu um opinber innkaup. Í lögum um opinber innkaup nr. 120/2016 eru ákvæði um að í útboðum megi setja skilyrði um umhverfismál og gera kröfur um umhverfismerki. Á Íslandi hefur ekki verið mótuð stefna um sjálfbær opinber innkaup en í framangreindum lögum eru veittar auknar heimildir til að taka tillit til umhverfisverndar, félagslegra markmiða og nýsköpunar við opinber innkaup.

**12.7 Stuðlað verði, í samræmi við innlenda stefnu og forgangsröðun, að sjálfbæru verklagi við opinber innkaup.**

### Upplýsingar til almennings um sjálfbæra þróun og lífshætti í sátt við náttúruna

Ákvæði um fræðslu um sjálfbæra þróun og umhverfismál er að finna í sameiginlegum kafla í aðalnámskrám leik-, grunn- og framhaldsskóla. Slík ákvæði eru einnig í kennsluskrám fyrir kennaranema í Háskóla Íslands og í Háskólanum á Akureyri. Verkefnið Skólar á grænni grein er samstarfsverkefni stjórnvalda og náttúruverndarsamtakanna Landverndar. Á þeim vettvangi hefur Landvernd tekið þátt í verkefni á vegum Norrænu ráðherranefndarinnar sem fólst í því að gefa út námsefni um úrgangsforvarnir undir yfirskriftinni *Af stað með úrgangsforvarnir*.

**12.b Tæki til að meta sjálfbærni ferðaþjónustu, sem skapar störf og ýtir undir staðbundna menningu og framleiðslu, verði þróuð.**

### Þróun tækni til sjálfbærni í ferðaþjónustu

Þróunin í ferðaþjónustu á Íslandi hefur verið mjög hröð á síðustu tíu árum og er greinin nú orðin ein af meginstoðum gjaldeyristekna þjóðarinnar. Þorri ferðamanna frá útlöndum kemur til að njóta náttúru landsins og það sama gildir um Íslendinga sem ferðast um eigið land. Um þessar mundir er unnið að því að stórbæta allar hagrænar mælingar í tengslum við ferðaþjónustu og ráðgert er að skilgreina mælikvarða sem nýtast til að meta sjálfbærni ferðaþjónustunnar.

### Ísland á alþjóðlegum vettvangi

Ísland tekur þátt í alþjóðlegu samstarfi um efna- og úrgangssamninga Sameinuðu þjóðanna eins og greint er frá að framan. Örugg efna- og úrgangsstjórnun eru grunnur að heilsuvernd og að tryggja sjálfbæra framleiðslu og þannig sjálfbæra neyslu.

**12.c Óskilvirkar niðurgreiðslur vegna jarðefnaeldsneytis verði lagfærðar í samræmi við innlendar aðstæður á hverjum stað. Jafnframt verði tekið fullt tillit til sérþarfa og aðstæðna þróunarlanda og að hugsanlega skaðlegum áhrifum á þróun þeirra sé haldið í lágmarki með því að verja fátæk samfélög sem fyrir áhrifum verða.**

Á alþjóðavettvangi hefur Ísland hefur tekið þátt í að mæla fyrir umbótum á sviði skaðlegra ríkisstyrkja til jarðefniseldsneyta, meðal annars með þátttöku í sameiginlegri ráðherrayfirlýsingu þess efnis á 11. ráðherrafundi WTO í Buenos Aires. Yfirlýsingin lagði áherslu á umhverfismál, þróun og

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.03.2026

einkum efnahagslegan ávinning af umbótum á ríkisstyrkjum til jarðefniseldsneytis.

Ísland tekur einnig virkan þátt í norrænu samstarfi á sviði ábyrgrar neyslu og framleiðslu en Ísland hefur m.a. haft forgöngu um norrænt verkefni og mótun stefnu um lífhagkerfið. Þá tekur Ísland þátt í norrænu samstarfi þar sem unnið er að sameiginlegum verkefnum sem m.a. felast í því að þróa, samræma og meta stjórntæki sem stuðla að sjálfbærri neyslu og framleiðslu. Ísland tekur einnig þátt í efnasamstarfi ESB á vegum Efnastofnunar Evrópu (ECHA) auk þess sem allir skólar Háskóla SÞ hér á landi miða að því að gera framleiðsluhætti sjálfbærari, t.a.m. með því að stuðla að sjálfbærri landnýtingu og fiskveiðistjórn.

[60] Global Footprint Network, www.footprintnetwork.org.
[61] Umhverfisstofnun, nóvember 2016, Food Waste in Iceland - Methodological report.
[62] Hagstofa Íslands, www.hagstofa.is.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.03.2026

13 AÐGERÐIR Í LOFTSLAGSMÁLUM

# Grípa til bráðra aðgerða gegn loftslagsbreytingum og áhrifum þeirra

Loftslagsbreytingar og áhrif þeirra á náttúru og samfélög eru ein helsta áskorun alþjóðasamfélagsins. Áhrifin eru margbreytileg en breytingar á hitastigi jarðar, öfgar í veðurfari, bráðnun jökla, auknir þurrkar og hækkun sjávarborðs eru til marks um þær breytingar sem eru að verða á loftslagi jarðarinnar. Styrkur gróðurhúsalofttegunda í andrúmslofti heldur áfram að aukast og er nú í sögulegu hámarki. Ef ekkert verður að gert gæti meðalhiti jarðar hækkað um 3°C á þessari öld. Það myndi hafa mest áhrif á fátækustu og berskjölduðustu íbúa jarðarinnar. Markmiðið um aðgerðir í loftslagsmálum tekur fyrst og fremst til þessarar ógnar og miðar að því að lönd efli viðnámsþol og aðlögunargetu til að bregðast við afleiðingum loftslagsbreytinga á sama tíma og allt kapp er lagt á að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda.

## Staðan nú og alþjóðlegar skuldbindingar Íslands

Ísland er aðili að Rammasamningi Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar (Loftslagssamningi SÞ) og þar með aðili að Kýótó-bókuninni sem og Parísarsamningnum um samdrátt í losun gróðurhúsalofttegunda. Loftslagssamningur SÞ er helsti vettvangur ríkja heims til þess að ná fram samningum um hnattræn viðbrögð við loftslagsbreytingum. Markmið Parísarsamningsins er að koma í veg fyrir að hitastig jarðar hækki um meira en 2°C og helst ekki meira en um 1,5°C miðað við meðalhitastig jarðar fyrir iðnvæðingu. Ísland ætlar að taka þátt í sameiginlegu markmiði með ríkjum Evrópusambandsins og Noregi um að draga úr losun um 40% frá því sem var árið 1990. Reiknað er með því að nánara útfært markmið um samdrátt í losun fyrir Ísland liggi fyrir á árinu 2018.

Losun gróðurhúsalofttegunda á Íslandi er mikil miðað við mannfjölda samanborið við mörg Evrópulönd, en hún var um 15,8 tonn koltvísýringsígilda á árinu 2015. Í Evrópusambandinu var þessi tala 8,7 tonn á mann á ári,[63] en meðaltal á heimsvísu er um 6,5 tonn á mann á ári.[64] Losun hér á landi er mest frá iðnaði og efnanotkun en þar á eftir kemur losun frá samgöngum á landi, landbúnaði og fiskveiðum. Ljóst er að á næstu árum þarf að grípa til umfangsmikilla aðgerða hér á landi til að draga úr losun svo uppfylla megi skuldbindingar Íslands gagnvart Loftslagssamningi SÞ. Ólíkt öðrum löndum er lítil losun frá orkuframleiðslu hér á landi og því litlir möguleikar til að draga úr losun í þeim geira þar sem bæði raforkuframleiðsla og húshitun á uppruna sinn í endurnýjanlegum orkuauðlindum landsins.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.03.2026

## Áskoranir og aðgerðir

Mestu möguleikar til samdráttar í losun gróðurhúsalofttegunda felast í að skipta út jarðefnaeldsneyti í samgöngum á landi og í sjávarútvegi. Jafnframt þarf að horfa til aðgerða sem leiða til samdráttar í losun frá landbúnaði. Grænum hvötum og umhverfissköttum er nú beitt til að ýta undir þróun íslensks samfélags í átt að lágkolefnishagkerfi. Til dæmis er kolefnisskattur innheimtur af jarðefnaeldsneyti og opinber gjöld af visthæfum bílum (raf-, vetnis- og metanbílum) eru felld niður. Uppbygging innviða vegna rafbíla er einnig styrkt af hinu opinbera. Losun frá stóriðju fellur undir viðskiptakerfi Evrópusambandsins um losunarheimildir (ETS). Þar er losunarheimildum fækkað á hverju ári sem leiðir til samdráttar í losun. Núverandi ríkisstjórn vinnur að aðgerðaáætlun í loftlagsmálum.

**13.3 Menntun, vitundarvakning og geta manna og stofnana til að draga úr loftslagsbreytingum og áhrifum þeirra verði bætt.**

Í íslenska skólakerfinu er nú lögð töluverð áhersla á sjálfbærnimenntun, þar á meðal menntun um loftslagsbreytingar. Samkvæmt aðalnámskrá er sjálfbærni ein af sex grunnstoðum menntunar á Íslandi. Sömuleiðis má nefna verkefni Landverndar, *Skólar á grænni grein*, sem miðar að umhverfis- og sjálfbærnifræðslu fyrir nemendur á öllum skólastigum. Þátttaka í þessu valkvæða verkefni er góð en það nær til um þriðjungs leikskólanema og helmings grunn- og framhaldsskólanema á landinu. Við háskóla landsins er gott framboð af námsleiðum í umhverfis- og sjálfbærnifræðum. Ísland hýsir fjórar námsleiðir undir merkjum Háskóla Sameinuðu þjóðanna og þrír þeirra koma beint inn á málefni tengd sjálfbærni og loftslagsbreytingum (þ.e. Jarðhitaskóli SÞ, Jafnréttisskóli SÞ og Landgræðsluskóli SÞ). Þá er undir merkjum sóknaráætlunar í loftslagsmálum unnið að verkefni um íslenska jökla sem lifandi kennslustofu, þar sem m.a. er lögð áhersla á líkanareikninga á hörfun jökla, fargbreytingum, landrisi o.fl. Sérstök áhersla er lög á að gera niðurstöðurnar sýnilegar og nýta til fræðslu.

## Aðlögun og aukið viðnámsþol

Ljóst er að umhverfisbreytingar af völdum loftslagsbreytinga munu fela í sér nýjar áskoranir fyrir skipulagsgerð og hið byggða umhverfi, s.s. vegna hækkunar sjávarborðs og bráðnunar jökla. Í landsskipulagsstefnu fyrir árin 2015-2026 er fjallað um hve mikilvægt sé að horfa til þess hvernig draga megi úr losun gróðurhúsalofttegunda við gerð skipulags. Jafnframt skal í skipulagi taka tillit til mögulegra áhrifa af völdum náttúruhamfara og loftslagsbreytinga. Er þar m.a. horft til breytinga á rennsli jökuláa, hækkandi sjávarstöðu, aukinnar flóðahættu og sandfoks.

**13.2 Ráðstafanir vegna loftslagsbreytinga verði felldar inn í landsbundnar áætlanir, stefnumál og skipulag.**

Aðlögun að loftslagsbreytingum snýst um að draga úr tjóni vegna líklegra breytinga og nýta þjóðinni til hagsbóta þær breytingar sem gefa tilefni til slíks. Á Veðurstofu Íslands er unnið að verkefni sem felst m.a. í samhæfingu á rannsóknum og eftirliti á náttúrufarsbreytingum, gerð sviðsmynda um líklega þróun loftslags á Íslandi og úttekt á aðlögunarþörf vegna afleiðinga loftslagsbreytinga hér á landi, s.s. breytinga á sjávarstöðu, gróðurfari og jöklum. Verkefnið er unnið í samráði við hagsmunaaðila. Upplýsingar um áhrif og aðlögun að loftslagsbreytingum eru m.a. birtar í skýrslu ráðuneytisins til Loftslagssamnings SÞ.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.03 2026

**13.1 Viðnámsþol og aðlögunargeta vegna loftslagsbreytinga og náttúruhamfara af þeirra völdum verði efld.**

Með loftslagsbreytingum má gera ráð fyrir að fjölga muni tilfellum skriðufalla og sjávarflóða. Á Veðurstofunni hefur verið unnið kerfisbundið að hættumati ofanflóða og einnig er vinna við eldgosa-, vatns- og sjávarflóðahættumat hafin. Í Stjórnarráði Íslands er unnið að því að koma gerð hættu- og áhættumats vegna náttúruvár á Íslandi í formlegt ferli (sbr. lög 49/1997 um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum) og er stefnt að því að Hamfarasjóður myndi umgjörð um slíkt ferli.

## Ísland á alþjóðlegum vettvangi

Ísland var meðal fyrstu ríkja til að fullgilda Parísarsamninginn og mun samkvæmt því leitast við að ná sameiginlegu markmiði með ríkjum ESB og Noregi um 40% minnkun á losun gróðurhúsalofttegunda árið 2030. Áherslur íslenskra stjórnvalda á endurnýjanlega orku og sjálfbæra landnýtingu vinna einnig að þessu markmiði, m.a. í gegnum Háskóla SÞ og alþjóðlegar stofnanir. Ísland veitir einnig fé í Græna loftslagssjóðinn (e. Green Climate Fund) og í sjóð sem hefur að markmiði að auka hlut kvenna frá þróunarlöndum í alþjóðlegum viðræðum um loftslagsmál (e. Womens' Delegate Fund). Framlög Íslands til Græna loftslagssjóðsins nema 200 þúsund bandaríkjadölum á ári á tímabilinu 2016-2020.

**13.a. Efnd verði fyrirheit þróaðra ríkja um 100 milljarða dollara framlag til Græna loftslagssjóðsins.**

[63] Eurostat.
[64] World Resources Institute.



Skjal sótt af '00000000' dags: 25.03.2026

14 LÍF Í VATNI

# Vernda og nýta hafið og auðlindir þess á sjálfbæran hátt

Heimshöfin gegna mikilvægu hlutverki við að gera jörðina byggilega. Breytingar í höfum, m.a. mengun, breyttir hafstraumar sem og breytt sýrustig og selta, hafa mikil áhrif á búsvæði þeirra lífvera sem þar lifa, sem og allt líf á jörðinni. Ísland er í fararbroddi þegar kemur að sjálfbærri nýtingu sjávarauðlinda. Heilbrigði sjávar er og verður mikilvægt fyrir íslenskan efnahag og mikilvæg uppspretta fæðu fyrir hundruð milljónir manna í Evrópu, Norður-Ameríku og víðar. Það er yfirlýstur vilji stjórnvalda að vinna með atvinnulífinu að vernd hafsins og sjálfbærri nýtingu auðlinda þess með samhentum aðgerðum. Heimsmarkmiðin setja ákveðinn ramma utan um þá vinnu bæði heima fyrir og á alþjóðavettvangi. Í þróunarsamstarfi leggur Ísland ríka áherslu á sjálfbæra nýtingu auðlinda hafsins enda eru málefni hafsins forgangsmál í íslenskri utanríkisstefnu.

## Umhverfisvernd og loftslagsmál

**14.1 Eigi síðar en árið 2025 verði verulega dregið úr og komið í veg fyrir hvers kyns mengun sjávar.**

Íslensk stjórnvöld leggja mikla áherslu á að halda hafinu hreinu svo og að takmarka mengun frá landi og mengun sem berst langt að. Samkvæmt vöktun sem Umhverfisstofnun hefur umsjón með, m.a. á grunni samþykkta OSPAR-samningsins, er hafið umhverfis Íslands lítið mengað í samanburði við önnur hafsvæði Evrópu.[65] Magn þungmálma, þrávirkra lífrænna efna og fleiri mengunarefna í hafinu og sjávarfangi er langt undir viðmiðunarmörkum hvað varðar heilsu manna og vistkerfi. Styrkur sumra mengunarefna fer minnkandi en vaxandi áhyggjur eru af mengun vegna rusls í hafi, ekki síst plasts. Til þess að bregðast við því hafa stjórnvöld sett sér stefnu um að draga úr magni plastsúrgangs, s.s. einnota plastumbúða og plastpoka, og einnig er stefnt að því að auka endurvinnsluhlutfall plasts. Sérstakt samkomulag er í gildi milli Úrvinnslusjóðs og útvegsmanna um endurvinnslu veiðarfæra og hefur það skilað góðum árangri en magn veiðarfæraúrgangs er um 1.100 tonn á ári.[66]

**14.3 Áhrifum af súrnun sjávar verði haldið í lágmarki og unnið gegn henni.**

Ísland hefur skuldbundið sig til að draga úr losun koldíoxíðs í samræmi við Parísarsamninginn. Sýrustig hafs lækkar af völdum upptöku koldíoxíðs úr andrúmsloftinu og óttast er að í framtíðinni muni lækkunin hafa skaðleg áhrif á lífríki hafsins, á kalkþörunga, skeldýr og kóralla. Hafrannsóknastofnun hefur það hlutverk að stunda rannsóknir og vöktun á súrnun sjávar. Vöktunin á sér langa sögu á heimsvísu og hefur vakið athygli á



Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.03.2026

alþjóðavettvangi. Um þessar mundir er unnið að uppfærslu á aðgerðaáætlun til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda.

### Vernd haf- og strandsvæða

Ákvarðanir íslenskra stjórnvalda um stjórn og nýtingu á vistkerfi sjávar og stranda eru byggðar á vísindalegri ráðgjöf með vistkerfisnálgun að leiðarljósi. Ísland hefur tilkynnt 14 verndarsvæði til OSPAR-gagnagrunnsins. Hlutfall þessara svæða af heildarlögsögu landsins er um 0,07% en um 0,38% af svæðinu eru innan þriggja sjómílna. Fjölmörg önnur svæði innan landhelginnar eru lokuð í því skyni að vernda lífríki hafsins, ekki síst fiskistofnana. Sum eru lokuð tímabundið, en önnur hafa verið lokuð í áratugi vegna fiskveiðihagsmuna. Á sumum svæðum er bann við notkun ákveðinna veiðarfæra en á öðrum eru allar veiðar bannaðar. Þessi svæði hafa ekki verið tilkynnt til OSPAR og eru því ekki skráð þar.

**14.2 Eigi síðar en árið 2020 verði gengið um vistkerfi sjávar og stranda og þau vernduð á sjálfbæran hátt til að koma í veg fyrir veruleg neikvæð áhrif.**

Stjórnvöld leggja áherslu á að ljúka kortlagningu hafsbotnsins innan landhelgi Íslands en sú kortlagning mun gegna lykilhlutverki við að taka frekari ákvarðanir um verndun viðkvæmra vistkerfa á hafsbotninum.

**14.6. Eigi síðar en árið 2020 verði tiltekin form niðurgreiðslna til sjávarútvegs, sem stuðla að of mikilli afkastagetu og ofveiði, bönnuð og niðurgreiðslur, sem stuðla að ólöglegum, ótilkynntum og stjórnlausum fiskveiðum afnumdar.**

### Sjálfbærar veiðar

Stefna stjórnvalda í fiskveiðistjórn miðar að því að lifandi auðlindir hafsins séu nýttar á sjálfbæran hátt. Markmið um að koma í veg fyrir ofveiði og ólöglegar veiðar er vel á veg komið. Á Íslandi hefur verið byggt upp fiskveiðistjórnarkerfi sem miðar að því að tryggja ábyrgar fiskveiðar sem byggjast á sjálfbærri nýtingu fiskistofna og góðri umgengni um vistkerfi hafsins. Stjórn fiskveiða á Íslandi byggist á víðtækum rannsóknum á fiskistofnum og vistkerfi hafsins. Ákvarðanir um veiðar og magn afla eru teknar á grundvelli vísindalegrar ráðgjafar og öflugt eftirlit er með fiskveiðum og skráningu afla.

**14.5 Eigi síðar en árið 2020 verði a.m.k. 10% af strand- og hafsvæðum vernduð, í samræmi við landslög og alþjóðalög, og byggt á bestu fyrirliggjandi vísindaupplýsingum.**

Íslenskur sjávarútvegur nýtur ekki ríkisstyrkja sem stuðla að ofveiði og offjárfestingu í fiskiskipaflota né ólöglegum veiðum.

### Ísland á alþjóðlegum vettvangi

Á alþjóðavettvangi sem og innanlands leggur Ísland áherslu á að stuðla að ábyrgri og sjálfbærri nýtingu lifandi auðlinda hafsins byggðri á traustri vísindalegri þekkingu. Íslensk stjórnvöld telja mikilvægt að fiskveiðistjórn sé á hendi þeirra sem mest eiga undir sjálfbærri nýtingu auðlindanna og því beri að styrkja svæðisbundna samvinnu um fiskveiðistjórn, ekki síst í því skyni að vinna gegn ólöglegum fiskveiðum.

**14.4 Eigi síðar en árið 2020 verði komið á skilvirku eftirliti með og tekið fyrir ofveiði og ólöglegar, óskráðar og stjórnlausar fiskveiðar, auk eyðileggjandi veiðiaðferða.**

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.03.2026

**14.7. Efnahagslegur ávinningur þróunarlanda aukinn vegna sjálfbærrar nýtingar sjávarauðlinda, meðal annars með því að ástunda sjálfbæra stjórnun fiskveiða, fiskeldi í sjó og ferðaþjónustu.**

Í þróunarsamvinnu byggist stefna íslenskra stjórnvalda á því að auka fæðuöryggi og örva hagþróun á grundvelli jafnaðar og sjálfbærrar auðlindanýtingar. Áhersla er lögð á að nýta íslenska þekkingu við að leysa alþjóðleg og staðbundin viðfangsefni, s.s. á sviði fiskimála. Sjávarútvegsskóli Háskóla SÞ hefur starfað á Íslandi síðan 1998. Markmið hans er að efla sérþekkingu í sjávarútvegi og fiskveiðum í þróunarríkjum. Nám við skólann felst í sex mánaða þjálfun á Íslandi fyrir sérfræðinga frá þróunarlöndum en að auki skipuleggur Sjávarútvegsskólinn stutt námskeið í þróunarlöndum í samvinnu við heimamenn og eftir atvikum alþjóðlegar stofnanir. Einnig styður skólinn sérfræðinga frá þróunarlöndum til meistara- og doktorsnáms í sjávarútvegsfræðum á Íslandi. Með því að miðla tækni- og vísindaþekkingu

**14.c Varðveisla og sjálfbær nýting hafsins og auðlinda þess verði efld með því að hrinda í framkvæmd alþjóðalögum.**

með þessum hætti til sérfræðinga í þróunarlöndum leggja íslensk stjórnvöld sitt af mörkum til að stuðla að sjálfbærni í fiskveiðum og vinnslu afurða í heimalöndum viðkomandi sérfræðinga. Ísland styður Alþjóðabankann a sviði fiskimàla og fjármagnar stöðu sérfræðings á sviði fiskimála hjá Alþjóðabankanum með aðsetur í Accra í Ghana. Sérfræðingurinn starfar að fiskverkefnum Alþjóðabankans í nokkrum löndum í Vestur-Afríku. Í samstarfi við Alþjóðabankann eru einnig í undirbúningi tvíhliða samstarfsverkefni á sviði fiskimála í Líberíu og Síerra Léone. Þá hýsir Ísland skrifstofu vinnuhóps Norðurskautsráðsins (e. Arctic Council) um málefni hafsins (PAME) og er hún staðsett á Akureyri. Ísland hefur verið leiðandi í alþjóðlegu samstarfi um málefni hafsins, hafréttarmál og fiskveiðar á vettvangi Sameinuðu þjóðanna, Matvæla- og landbúnaðarstofnunar SÞ (FAO) og innan svæðisbundinnar fiskveiðistjórnar, m.a. á vettvangi Norðaustur-Atlantshafs fiskveiðinefndarinnar (NEAFC). Ísland gegndi formennsku á aðildarríkjafundi Hafréttarsamningsins árið 2017. Þá tók Ísland virkan þátt í samningaviðræðum um fyrirkomulag og útkomu hafráðstefnu SÞ sem haldin var í júní 2017 í New York í þeim tilgangi að hraða vinnu að 14. Heimsmarkmiðinu um málefni hafsins. Þar lagði Ísland áherslu á ábyrga fiskveiðistjórn byggða á vísindalegri nálgun og mikilvægi þess að miðla af þekkingu þar að lútandi, líkt og gert er með hjálp Sjávarútvegsskóla Háskóla SÞ. Ísland lagði fram fyrirheit um aðgerðir til að stuðla að bætta ástandi sjávar. Þau lúta að því að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda,

**14.2 Eigi síðar en árið 2020 verði gengið um vistkerfi sjávar og stranda og þau vernduð á sjálfbæran hátt til að koma í veg fyrir verulega neikvæð áhrif.**

ljúka kortlagningu hafsbotnsins innan íslenskrar efnahagslögsögu og koma á sjálfbærum nýtingaráætlunum fyrir nokkra mikilvægustu fiskistofnana við landið til viðbótar við þær nýtingaráætlanir sem eru þegar í gildi. Ísland styður einnig átak Umhverfisstofnunar SÞ gegn plastmengun í sjó. Um þessar mundir taka íslensk stjórnvöld, undir forystu utanríkisráðuneytisins, þátt í alþjóðlegum viðræðum um takmörkun á ríkisstyrkjum í sjávarútvegi á vettvangi Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar, sem og viðræðum ríkjahóps með áþekkar áherslur og Ísland á sviði sjávarútvegs um sama efni.

**14.1 Verulega dregið úr hvers kyns mengun sjávar, einkum frá starfsemi á landi.**

[65] Umhverfisstofnun. Mengun hafs og stranda, www.ust.is.
[66] Úrvinnslusjóður, Veiðarfæri: Veiðarfæri úr gerviefnum, www.urvinnslusjodur.is.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.03.2026

**15 LÍF Á LANDI**

# Vernda og endurheimta vistkerfi á landi og stuðla að sjálfbærri nýtingu þeirra, vinna að sjálfbærri stjórnun skóga, berjast gegn eyðimerkurmyndun, stöðva jarðvegseyðingu, endurheimta landgæði og sporna við hnignun líffræðilegrar fjölbreytni

Eyðing skóga og eyðimerkurmyndun af mannavöldum fela í sér miklar áskoranir fyrir sjálfbæra þróun og í baráttunni gegn fátækt í heiminum. Mikilvægt er að berjast gegn frekari eyðingu skóga og eyðimerkurmyndun og vinna markvisst að endurheimt landgæða til þess að ná markmiðinu um að vernda líf á landi.Lífríki Íslands mótast af því að landið er eldvirk og ung úthafseyja fjarri öðrum löndum, staðsett norður við heimskautsbaug. Jafnframt hafði landnám manna mikil áhrif og eru vistkerfi á landi mjög mótuð af áhrifum mannsins sem lengst af var háður auðlindum þeirra til lífsbjargar. Til dæmis var gengið mjög á skóga landsins, gróðurlendi eyddust vegna ósjálfbærrar beitar og votlendi voru ræst fram til landbúnaðar. Nú hefur tekist að stöðva þessa eyðingu fyrri alda að mestu leyti en verkefni við að endurheimta landkosti og að tryggja sjálfbæra nýtingu landgæða og vernd lífs á landi eru umfangsmikil. Vaxandi áhrif loftslagsbreytinga á undanförnum áratugum hafa þegar haft merkjanleg áhrif á lífríki landsins og munu væntanlega gera áfram.

## Varðveisla líffræðilegrar fjölbreytni

Mikilvægur þáttur í sjálfbærri þróun felst í því að sporna við hnignun líffræðilegrar fjölbreytni. Til þess að það takist þarf að grípa til ýmissa aðgerða til að vernda náttúruna. Í því sambandi skiptir ný náttúruverndarlöggjöf frá árinu 2015 sem styður við slíkar aðgerðir miklu máli fyrir Ísland.

**15.5 Eigi síðar en árið 2020 verði farið í aðgerðir til að vernda líffræðilegan fjölbreytileika og hindra útrýmingu tegunda.**

Stofnun verndarsvæða er mikilvæg aðgerð til verndar lífríkis. Um 20% landsins eru nú friðlýst en töluvert skortir hins vegar á að friðlýstu svæðin endurspegli nægjanlega vernd lífríkis og þau búsvæði dýra og plantna sem þarfnast verndar. Á síðustu árum hefur verið unnið skipulega að flokkun landsins í vistgerðir að alþjóðlegri fyrirmynd. Í þeirri flokkun er dregið fram hvaða svæði á landinu sé mikilvægast að vernda. Þannig er að verða til góður grundvöllur þekkingar til að skipuleggja nauðsynlegar verndaraðgerðir til að koma í veg fyrir hnignun líffræðilegrar fjölbreytni í landinu. Það á einnig við um vistkerfi í fjalllendi. Eins er unnið að endurskoðun og uppfærslu á núverandi vál-

**15.a. Fjármagn verði aukið verulega í því skyni að varðveita og nýta líffræðilega fjölbreytni og vistkerfi með sjálfbærum hætti.**

**15.9 Verðmæti vistkerfa og líffræðilegrar fjölbreytni verði samþætt áætlanagerð hins opinbera ekki seinna en árið 2020.**



Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.03.2026

istum fyrir plöntur og dýr með það að markmiði að draga fram bestu vísindalega þekkingu á stöðu einstakra tegunda. Löggjöf um villt dýr landsins byggist á því að þau séu öll friðuð en hins vegar eru veittar undanþágur til veiða á ákveðnum tegundum. Miklu máli skiptir að sífellt sé unnið að eflingu þekkingar til að bæta ákvarðanatöku um sjálfbærni veiðanna og meta hvaða tegundir þoli veiði.

**15.6 Stuðlað verði að sanngjarnri og jafnri skiptingu ávinnings af nýtingu erfðaauðlinda og að viðeigandi aðgangi að slíkum auðlindum samkvæmt alþjóðlegum samþykktum.**

**15.8. Árið 2020 séu aðgerðir til að koma í veg fyrir innflutning ágengra framandi tegunda komnar til framkvæmda.**

Ágengar framandi lífverur stuðla að hnignun líffræðilegar fjölbreytni og þarf að sporna við slíku. Hér hafa nokkrar innfluttar tegundir reynst ágengar og má þar sérstaklega nefna mink, alaskalúpínu og skógarkerfil. Mikilvægt er að vinna að því að hefta útbreiðslu þeirra og leita leiða til að koma í veg fyrir innflutning á nýjum framandi tegundum sem kunna að reynast ágengar. Með nýjum náttúruverndarlögum hafa stjórnvöld betri tæki til þess.

Stjórnvöld hafa sett málefni hálendisins í forgang og hafið vinnu við að efla vernd þess með það að markmiði að það verði þjóðgarður í framtíðinni. Þar gæti Ísland orðið í fararbroddi við vernd fjalllendis og lífríkis þess.

**15.4 Verndun vistkerfa í fjalllendi verði tryggð eigi síðar en árið 2030.**

**15.7 Barátta gegn veiðiþjófnaði og ólöglegum viðskiptum með verndaðar tegundir verði efld.**

Veiðiþjófnaður er takmarkað vandamál á Ísland, en er alþjóðlega mikið vandamál. Hér hafa þó reglulega komið upp tilvik um þjófnað og útflutning á eggjum friðaðra tegunda sem verður að uppræta. Ísland styður alþjóðlegar aðgerðir til að vinna gegn veiðiþjófnaði.

## Vernd, endurheimt og sjálfbær nýting vistkerfa, þ.m.t. skóga

Barátta við uppblástur, gróðureyðingu og eyðimerkurmyndun hefur staðið yfir í rúmlega eina öld hér á landi. Margt hefur áunnist en fyrirliggjandi eru krefjandi verkefni til að stuðla að sjálfbærni landnýtingu og við endurheimt vistkerfa.

**15.3. Farið verði í aðgerðir til að berjast gegn eyðimerkurmyndun og fyrir endurheimt hnignandi lands og jarðvegs ekki síðar en árið 2030.**

Eftir aldalanga eyðingu hefur náðst að stöðva eyðingu skóga á Íslandi. Skógaþekja varð hér minnst á áttunda áratug síðustu aldar eða einungis um 1%. Náttúrulegir birkiskógar landsins eru nú víða í verulegri útbreiðslu vegna samspils ræktunaraðgerða, minnkandi beitar og hlýnandi loftslags. Jafnframt hefur ræktun skóga með víðtækari markmið sjálfbærrar þróunar aukist, sérstaklega vegna bindingar kolefnis og staðbundinnar verðmætasköpunar. Þekja skóga hefur því liðlega tvöfaldast síðustu áratugi.

**15.2 Árið 2020 hafi tekist að efla sjálfbæra stjórnun skóga.**

Stór hluti votlendis á láglendi var ræstur fram til landbúnaðar á árunum eftir stríð og fram undir 1980. Þetta hafði mikil áhrif á líf á landi. Einungis hluti þess lands sem var ræst fram var hins vegar tekinn til túnræktar eða beitar. Mikilvægt er að leita leiða til að endurheimta votlendisvistkerfi vegna mikilvægs lífríkis þeirra og til að auka bindingu kolefnis. Verulegur hluti gróðurþekju þurrlendis-

**15.1 Verndun, endurheimt og sjálfbær nýting landvistkerfa og ferskvatnsvistkerfa og vistkerfisþjónusta þeirra tryggð.**

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.03 2026

vistkerfa landsins er rofinn, ekki síst á viðkvæmari svæðum gosbeltisins. Með landgræðslu er unnið að endurheimt gróðurs og jarðvegs á þessum svæðum.

Stjórnvöld hafa áform um að auka verulega á næstu árum stuðning við endurheimt vistkerfa á landi, bæði vegna jákvæðra áhrifa þess fyrir lífríkin og vegna þeirra jákvæðu loftslagsáhrifa sem slíkar aðgerðir hafa.

**15.b. Fjármagn verði aukið verulega í því skyni að fjármagna sjálfbæra stjórnun skógarauðlindarinnar og hvetja þróunarlöndin til sjálfbærrar stjórnunar skóga.**

## Ísland á alþjóðlegum vettvangi

Ísland hefur tekið virkan þátt í alþjóðlegri umræðu um þátt eyðimerkurmyndunar og endurheimtar vistkerfa í sjálfbærri þróun. Í samstarfi við Háskóla Sameinuðu þjóðanna rekur Ísland Landgræðsluskóla (UNU-LRT) sem vinnur að uppbyggingu þekkingar í þróunarlöndum á því sviði og miðlar af reynslu Íslendinga við endurheimt landgæða og landgræðslu. Ísland er á meðal stofnenda vinahóps Eyðimerkursamningsins á vettvangi Sameinuðu þjóðanna sem kom því til leiðar að verndun, endurheimt og stöðvun landeyðingar hlyti ríkari sess í Heimsmarkmiðunum en áætlað var. Síðastliðið ár hefur Ísland einnig leitt samningaviðræður um ályktun er varðar eyðimerkurmyndun og landgræðslu í annarri nefnd SÞ sem fjallar um sjálfbæra þróun. Ísland hefur jafnframt beitt sér fyrir því að málefni sem varða endurheimt vistkerfa geti orðið hluti af samþættum aðgerðum við að berjast gegn loftslagsbreytingum á vettvangi Loftslagssamnings SÞ (UN-FCCC). Íslenskir sérfræðingar hafa einnig tekið þátt í hnattrænu samstarfi um jarðvegsmál í þágu fæðuöryggis (e. Global Soil Partnership for Food Security) á vettvangi Matvæla- og landbúnaðarstofnunar SÞ (FAO).

**15.3. Farið verði í aðgerðir til að berjast gegn eyðimerkurmyndun og fyrir endurheimt hnignandi lands og jarðvegs ekki síðar en árið 2030.**

Ísland hefur að auki verið virkur þátttakandi í ýmsum alþjóðasamningum sem lúta að lífi á landi og má þar sérstaklega nefna Samninginn um líffræðilega fjölbreytni (UN-CBD), Ramsar-samninginn um vernd votlendis og CITES-samninginn um alþjóðaverslun með plöntur og dýr í útrýmingarhættu. Vinnuhópur Norðurskautsráðsins (e. Arctic Council) um verndun lífríkis (CAFF) er, eins og áður hefur fram komið, staðsettur á Akureyri.

**15.1 Verndun, endurheimt og sjálfbær nýting land- og votlendisvistkerfa verði tryggð í síðasta lagi árið 2020.**

**15.5 Draga úr hnignun náttúrulegra búsvæða, stöðva tap líffræðilegrar fjölbreytni og koma í veg fyrir útrýmingu tegunda í bráðri hættu.**

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.03.2026

16 FRIÐUR OG RÉTTLÆTI

# Stuðla að friðsælum og sjálfbærum samfélögum fyrir alla jarðarbúa, tryggja öllum jafnan aðgang að réttarkerfi og byggja upp skilvirkar og ábyrgar stofnanir fyrir alla

Ísland er talið eitt friðsælasta land heims samkvæmt Efnahags- og friðarstofnuninni (IEP) og hefur verið það frá árinu 2008.[67] Þrátt fyrir þessa jákvæðu niðurstöðu er þó margt sem má betur fara og hafa íslensk stjórnvöld einsett sér að taka sérstaklega á aðkallandi málum, s.s. á ofbeldi í íslensku samfélagi. Með utanríkisstefnu sinni leggur Ísland lóð sín á vogarskálarnar til að stuðla að friðsamlegri lausn deilumála, virðingu fyrir alþjóðalögum og mannréttindum, jafnrétti, lýðræði og hagsæld.

## Réttarríki

Jafn aðgangur allra að réttarkerfinu á Íslandi er grunnþáttur í íslensku réttarfari en að efla réttarríkið er þó viðvarandi markmið. Frá og með 1. janúar 2018 er dómstólakerfið á Íslandi þriggja þrepa kerfi í stað tveggja áður. Með þeirri breytingu verður réttarkerfið á Íslandi styrkt enn frekar.

**16.3 Réttarríkið verði eflt á landsbundnum og alþjóðlegum vettvangi og jafn aðgangur allra að réttarkerfinu tryggður.**

## Ofbeldi

Íslensk stjórnvöld hafa lagt ríka áherslu á að draga úr hvers kyns ofbeldi. Í mars árið 2017 var efnt til samráðs á landsvísu milli félagsþjónustu, barnaverndaryfirvalda, mennta- og heilbrigðiskerfis, lögreglu og ákæruvalds undir forystu velferðar-, dómsmála- og mennta- og menningarmálaráðuneytisins um að undirbúin yrði aðgerðaáætlun til fjögurra ára gegn ofbeldi í íslensku samfélagi. Samráðshópur um meðferð kynferðisbrota innan réttarvörslukerfisins hefur skilað aðgerðaáætlun til dómsmálaráðherra og hefur ríkisstjórnin samþykkt að veita viðbótarfjármagn til innleiðingar aðgerða þeirra sem lagðar eru til. Þá var í upphafi þessa árs stofnaður stýrihópur um úrbætur gegn kynferðislegu ofbeldi sem hefur það að meginhlutverki að beita sér fyrir framsæknum og samhæfðum aðgerðum stjórnvalda gegn kynferðislegu ofbeldi, kynferðislegri og kynbundinni áreitni. Markmiðið er að Ísland verði í fremstu röð í baráttunni gegn hvers kyns kynbundnu ofbeldi.

**16.1 Dregið verði verulega úr öllum tegundum ofbeldis og tengdum dauðsföllum.**

## Verndun barna

Ísland hefur fullgilt samþykktir frá Alþjóðavinnumálastofnuninni (ILO) er varða lágmarksaldur við vinnu, samþykkt um bann við barnavinnu í sinni

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.03.2026

verstu mynd og tafarlausar aðgerðir til að afnema hana, samþykkt um nauðungarvinnu eða skylduvinnu og samþykkt um afnám nauðungarvinnu. Einnig hefur Ísland fullgilt Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. Þá er unnið að nýrri aðgerðaáætlun um aðgerðir gegn mansali þar sem sérstaklega er gert ráð fyrir aðstoð fyrir börn. Stefnt er að því að leggja fram nýja áætlun haustið 2018. Í Barnahúsi fara fram könnunarviðtöl og/eða skýrslutökur fyrir dómstólum í málum þar sem grunur leikur á að börn hafi orðið fyrir kynferðislegu ofbeldi eða áreitni. Einnig fara fram viðtöl í Barnahúsi við börn sem komið hafa hingað til lands án forsjáraðila og sótt um alþjóðlega vernd.

**16.2 Upprætt verði misnotkun, misneyting, mansal og allar tegundir ofbeldis gegn börnum og pyntingar á þeim.**

### Skipulögð brotastarfsemi og spilling

Brotastarfsemi verður sífellt alþjóðlegri í eðli sínu og við því hafa íslensk stjórnvöld brugðist með auknu alþjóðlegu samstarfi og eflingu innlendra stofnana í réttarvörslukerfinu og víðar. Ísland er aðili að Samningi Sameinuðu þjóðanna gegn fjölþjóðlegri skipulagðri glæpastarfsemi og að Alþjóðalögreglunni Interpol. Ísland er einnig aðili að alþjóðlega vinnuhópnum FATF og hafa stjórnvöld brugðist við tilmælum FATF um baráttu gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka og halda áfram þeirri vinnu. Þetta er mikilvægur liður í að standa vörð um fjármálakerfið og koma sem best í veg fyrir að ágóði af ólöglegri starfsemi flæði þar í gegn. Þá skiptir sú vinna einnig miklu máli í baráttunni gegn skipulagðri brotastarfsemi.

**16.4 Eigi síðar en árið 2030 verði dregið verulega úr ólöglegu flæði fjármagns og vopna og barátta gegn hvers kyns skipulagðri brotastarfsemi efld .**

Ísland er jafnframt aðili að ríkjahópi gegn spillingu innan Evrópuráðsins (GRECO), samningi OECD um baráttu gegn mútugreiðslum til erlendra opinberra starfsmanna í alþjóðlegum viðskiptum og Sáttmála Sameinuðu þjóðanna gegn spillingu (UNCAC). Stjórnvöld upplýsa þessar stofnanir reglulega um íslenska löggjöf, stjórnsýslu og annað sem máli skiptir svo hægt sé að leggja mat á frammistöðu Íslands og vinna að frekari úrbótum.

**16.a Stofnanir verði styrktar til að koma í veg fyrir ofbeldi og berjast gegn hryðjuverkum og brotastarfsemi.**

### Skilvirkar og ábyrgar stofnanir

**16.5 Dregið verði verulega úr hvers kyns spillingu og mútum.**

Íslensk stjórnvöld hafa lagt áherslu á að auka gagnsæi með stefnumótun hér innanlands sem m.a. felst í lagasetningu og vitundarvakningu. í því skyni hefur Alþingi samþykkt siðareglur sem m.a. ættu að auka gagnsæi auk þess sem dómarar og ákærendur hafa sett sér siðareglur. GRECO hefur lagt áherslu á að styrkja hagsmunaskráningu þingmanna og þá um leið ráðherra sem flestir eru líka þingmenn. Í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar er lögð áhersla á góð vinnubrögð, opna stjórnsýslu og gagnsæi. Forsætisráðherra hefur skipað starfshóp sem á að yfirfara reglur um hagsmunaskráningu bæði ráðherra og þingmanna með hliðsjón af ábendingum og alþjóðlegum viðmiðum. Forsætisráðherra hefur einnig skipað nefnd um umbætur á löggjöf á sviði tjáningar-, fjölmiðla- og upplýsingafrelsis sem ætlað er að vinna breytingar á lögum sem varða vernd uppljóstrara og umbætur í umhverfi stjórnsýslu, meðal annars í takt við ábendingar alþjóðastofnana. Þá verður lagt til við forsætisnefnd að reikningar Alþingis

**16.6 Þróaðar verði skilvirkar og ábyrgar stofnanir á öllum stigum sem hafa gagnsæi að leiðarljósi.**

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.03.2026

verði opnaðir í samræmi við það sem þegar hefur verið gert í Stjórnarráðinu.

### Gagnsæi í stjórnsýslu og þátttaka almennings

Ríkisstjórnin mun beita sér fyrir því að efla traust á stjórnmálum og stjórnsýslu. Einn þáttur í því er að yfirfara reglur um hagsmunaskráningu bæði ráðherra og þingmanna með hliðsjón af ábendingum og alþjóðlegum viðmiðum.

Á undanförnum árum hefur íslensk stjórnsýsla þróast í átt að aukinni viðbragðshæfni og þátttöku almennings í ákvarðanatöku. Jafnframt hafa stjórnvöld á síðustu árum unnið í anda opinnar stjórnsýslu og opnað nýjan Stjórnarráðsvef þar sem möguleiki er á endurgjöf almennings og fyrirtækja með ýmsum hætti. Einnig hefur verið opnuð samráðsgátt Stjórnarráðsins á island.is þar sem almenningi er veitt tækifæri til að koma sjónarmiðum sínum varðandi lagafrumvörp og aðra stefnumarkandi ákvarðanatöku stjórnvalda á framfæri. Árið 2016 voru jafnframt samþykkt ný lög um opinber fjármál sem tengja saman stefnumótun stjórnvalda við ríkisfjármál. Með innleiðingu laganna verður fjárlagaferlið gagnsærra, stefnuþættir opnari og beintengdir fjármagni sem einnig mun leiða til þess að fjárlagaferlið verði opnara almenningi.

**16.7 Tryggð verði ákvarðanataka á öllum sviðum sem er ítarleg, bregst við aðstæðum og byggir á þátttöku.**

Tjáningarfrelsi og aðgangur að upplýsingum eru meðal hornsteina íslensks samfélags, sbr. m.a. 73. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands, þar sem kveðið er á um að hver maður eigi rétt á að láta hugsanir sínar í ljós. Þá eiga upplýsingalög að tryggja að starfsemi stjórnvalda sé gagnsæ og allar upplýsingar og gögn skuli gerð opinber nema sérstakar aðstæður krefjist annars. Samkvæmt alþjóðlegum úttektum er frelsi fjölmiðla vel tryggt hér á landi og skipar Ísland 13. sæti á lista Samtaka blaðamanna án landamæra (e. Reporters without borders) um fjölmiðlafrelsi í heiminum. Ísland var hins vegar í 10. sæti á þessum lista árið 2017 og féll því niður um þrjú sæti á milli ára.[68] Þá hefur Mannréttindadómstóll Evrópu kveðið upp dóma á undanförnum árum um að brotið hafi verið gegn tjáningarfrelsi fjölmiðla. Íslensk stjórnvöld taka þessa dóma alvarlega og vinna að því að tryggja að íslensk löggjöf og réttarframkvæmd samrýmist alþjóðlegu skuldbindingum á þessu sviði.

**16.10 Tryggður verði aðgangur að upplýsingum og vernd grundvallarréttinda í samræmi við landslöggjöf og alþjóðasamninga.**

### Á alþjóðlegum vettvangi

Ísland leiddi viðræður um fimmtu endurskoðun á aðgerðaáætlun SÞ um aðgerðir gegn hryðjuverkum sumarið 2016 þar sem lögð var sérstök áhersla á þátt kvenna og ungmenna í baráttunni gegn hryðjuverkum. Á vettvangi mannréttindaráðs SÞ hefur Ísland beitt sér sérstaklega varðandi réttindi kvenna, barna og hinsegin fólks. Ísland studdi ásamt hinum Norðurlöndunum stofnun stöðu sérstaks fulltrúa sem eftirlit hefur með réttindum hinsegin fólks á vettvangi Sameinuðu þjóðanna. Frá september síðastliðnum hefur Ísland leitt félags-, mannúðar- og menningarnefnd (þriðju nefnd) allsherjarþings SÞ. Það er í fyrsta skipti í yfir 50 ár sem Ísland tók að sér formennsku í einni undirnefnda allsherjarþingsins. Nýverið gegndi Ísland einnig

**16.5 Dregið verði verulega úr spillingu og mútum í öllum myndum.**



Skjal sótt af '000000000' dags: 25.03 2026

formennsku í nefnd um félagslega þróun (e. Commission for Social Development) og lagði fastanefnd Íslands fram drög að ályktun og leiddi samningaviðræður um meginþema aðalfundar nefndarinnar sem sneri að mögulegum leiðum til að vinna gegn fátækt. Þar að auki hefur Ísland tekið að sér viðræðustjórn í samningaviðræðum um endurskoðun á efnahags- og félagsmálanefnd Sameinuðu þjóðanna (ECOSOC) frá því í desember síðastliðnum. Ísland hefur áfram verið öflugur málsvari kynjajafnréttis og valdeflingar kvenna á vettvangi Sameinuðu þjóðanna, meðal annars skrifaði utanríkisráðherra undir rammasamning við Stofnun Sameinuðu þjóðanna um kynjajafnrétti og valdeflingu kvenna (UN Women) og tók forseti Íslands við hlutverki eins talsmanna HeForShe-átaksins frá fráfarandi forsætisráðherra í desember 2017. Í samvinnu við önnur ríki hafa íslensk stjórnvöld skipulagt fjölda svokallaðra rakarastofuviðburða sem hátt í 2.000 manns, þar af helmingur karlmenn, hafa sótt til að auka vitund og skilning á mikilvægi þátttöku karla í jafnréttismálum. Þá var fyrrverandi utanríkisráðherra Íslands skipaður í stöðu framkvæmdastjóra Mannréttinda- og lýðræðisstofnunar ÖSE (e. Office for Democratic Institutions and Human Rights, ODIHR) í júlí 2017.

**16.3 Réttarríkið eflt og jafn aðgangur allra að réttarkerfinu tryggður.**

**16.2 Upprætt verði misnotkun, misneyting, mansal og allar tegundir ofbeldis gegn börnum og pyntingar á þeim.**

Utanríkisráðuneytið fer með formennsku í landsnefnd um mannúðarrétt sem stofnuð var í samræmi við heit stjórnvalda og Rauða krossins á alþjóðaráðstefnu Rauða krossins árið 2007. Áfram er unnið að framkvæmd fjögurra sameiginlegra heita fyrir tímabilið 2016-2019 sem fulltrúar Rauða krossins á Íslandi og íslenskra stjórnvalda skuldbundu sig til að vinna að árið 2015. Heitin varða m.a. vernd til handa flóttafólki frá átakasvæðum, aukna aðstoð við fórnarlömb mansals og ráðstafanir gegn fordómum gagnvart útlendingum og til að auðvelda þeim að laga sig að samfélaginu. Framkvæmd heitanna er á áætlun. Íslensk stjórnvöld lögðu myndarleg lóð á vogarskálar að því er varðar aðstoð vegna aukins straums flóttamanna í Evrópu á árinu 2016. Alls voru veittir tveir milljarðar króna frá því síðla árs 2015 til þess að bregðast við þeim vanda sem steðjar að flóttamönnum, bæði í mannúðaraðstoð nærri stríðsátökum sem og vegna móttöku flóttafólks hér á landi. Þá verður frumvarp um innleiðingu Kampala-breytinganna á stofnsamþykktum Alþjóðlega sakamáladómstólsins um brot gegn friði og innleiðingu refsiákvæða Genfar-sáttmálanna lagt fram á Alþingi í haust.Enn fremur hafa íslensk stjórnvöld um nokkurt skeið lagt áherslu á framkvæmd ályktunar öryggisráðs SÞ nr. 1325 um konur, frið og öryggi, sem miðar að því að tekið sé tillit til sérstöðu kvenna í átökum og áréttir mikilvægi þátttöku kvenna í friðarumleitunum og -uppbyggingu. Þessu tengt var komið á samstarfi árið 2016 við UN Women og félagsmálaráðuneytið í Mósambík um konur, frið og öryggi. Meginmarkmið verkefnisins er að tryggja að ferlar og áætlanir sem stuðla að friði, öryggi og endurreisn í mósambísku samfélagi stuðli að jafnrétti og valdeflingu kvenna og stúlkna sem oft verða út undan í þess háttar ferlum og áætlunum.

**16.b Lög og stefnumál á sviði sjálfbærrar þróunar, sem mismuna engum, verði efld og þeim framfylgt.**

**16.7 Tryggð verði ákvarðanataka á öllum stigum þar sem brugðist er við aðstæðum, er víðtæk, byggist á þátttöku og er lýsandi.**

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.03.2026

[67] Vision of Humanity. Global Peace Index 2018. visionofhumanity.org/indexes/global-peace-index/
[68] Reporters without borders, 2018, 2018 World Press Freedom Index.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.03 2026

17 SAMVINNA UM MARKMIÐIN

# Efla framkvæmd og blása lífi í alþjóðlegt samstarf um sjálfbæra þróun

Heimsmarkmið númer 17 snýr að því að efla innlent og alþjóðlegt samstarf um sjálfbæra þróun og er ákall til allra ríkja um að gera skyldu sína. Heimsmarkmiðin byggjast meðal annars á því að fátækt sé ein stærsta áskorun mannkyns og að endir skuli bundinn á hana fyrir 2030. Markmið Íslands með alþjóðlegri þróunarsamvinnu er að leggja lóð á vogarskálar baráttu gegn fátækt í heiminum og uppfylla þannig pólitískar og siðferðislegar skyldur Íslendinga sem ábyrgrar þjóðar í samfélagi þjóðanna.

Nauðsynlegt er að auka flæði fjármagns til þróunarlanda til þess að ná Heimsmarkmiðunum fyrir árið 2030. Aðrir þættir skipta einnig miklu máli, s.s. uppbygging getu og tækniþekkingar, viðskipti og kerfistengd málefni.

## Fjármál

**17.2 Veita sem nemur 0,7% af vergum þjóðartekjum í þróunarsamvinnu með áherslu á fátækustu löndin.**

Íslensk stjórnvöld styðja markmið Sameinuðu þjóðanna um að iðnríki skuli veita sem nemur 0,7% af vergum þjóðartekjum (VÞT) til þróunarsamvinnu, en framlög aðildarríkja Þróunarsamvinnunefndar OECD (DAC) námu 0,31% af VÞT að meðaltali árið 2017. Opinber framlög Íslands til þróunarsamvinnu árið 2017 námu 0,29% af VÞT[69] sem er töluverð aukning frá 2015 þegar framlög námu 0,24% af VÞT.[70] Þessa hækkun má að hluta til rekja til aukins kostnaðar við móttöku flóttamanna og hælisleitenda á Íslandi sem er talin fram til opinberrar þróunarsamvinnu skv. reglum OECD-DAC. Ein veigamesta ábending jafningjarýni OECD-DAC sem framkvæmd var árið 2017 á þróunarsamvinnu Íslands var að Íslendingar ættu að auka framlög til þróunarsamvinnu enda hafi þjóðin til þess allar forsendur. Í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar og fjármálaáætlun 2019-2023 kemur jafnframt fram að ríkisstjórnin stefni að því að auka framlög til þróunarsamvinnu. Þau verði 0,35% af VÞT árið 2022.

**17.3. Kallað verði eftir viðbótarfjármagni frá hinum ýmsu aðilum til handa þróunarlöndum.**

Mikilvægt er að tryggja að fátækustu löndin njóti góðs af þróunaraðstoð en í þróunarsamvinnu Íslands er lögð áhersla á samvinnu við fátækar þjóðir þar sem lífskjör eru hvað lökust. Í fyrrnefndri jafningjarýni OECD-DAC á alþjóðlegri þróunarsamvinnu Íslands kom fram að rúm 40% af þróunaraðstoð Íslands árið 2015 fóru til mjög fátækra ríkja, sem er töluvert hærra hlutfall en meðaltal aðildarríkja DAC (28%).

Þörfin fyrir fjármagn í þróunarlöndum fer langt fram úr getu opinberrar þróunaraðstoðar eins og áréttað var í niðurstöðum alþjóðaráðstefnu um fjár-

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.03 2026

mögnun þróunar í Addis Ababa árið 2015. Því þykir ljóst að fjárfestingar einkaaðila sem stuðla að sjálfbærni, vinna gegn fátækt og hungri og stuðla að almennri velmegun eru nauðsynlegar til að ná Heimsmarkmiðunum. Í þessu skyni styðja íslensk stjórnvöld við stofnanir sem m.a. stuðla að fjárfestingum einkaaðila. Má þar nefna Alþjóðabankann sem er meðal þeirra stærstu á því sviði og leggur mikla áherslu á mikilvægi einkageirans í fjármögnun þróunar. Tvær undirstofnanir bankans, Alþjóðalánastofnunin (IFC) og Fjölþjóðlega fjárfestingarábyrgðarstofnunin (MIGA), sinna t.d. einvörðungu samstarfi við einkageirann í formi fjárfestingaábyrgða, lána og fjármögnunar til að hvetja til fjárfestinga í þróunarlöndum og viðskipta við þróunarlönd.

Utanríkisráðuneytið stefnir að auknu samstarfi við atvinnulífið um þróunarverkefni þar sem sértök áhersla er lögð á að nýta íslenska sérþekkingu til að vinna gegn fátækt og hungri og stuðla að sjálfbærri þróun. Á sama tíma er unnið að auknu samstarfi við atvinnulífið í því skyni að stuðla að auknum viðskiptum og fjárfestingum í þróunarlöndum. Vinnuhópur um framangreint hefur skilað af sér niðurstöðum þar sem fram koma ýmsar tillögur um hvernig haga megi auknu samstarfi við atvinnulífið og verður unnið að því að koma þeim í framkvæmd á næstu mánuðum. Í kjölfarið á skýrslu og tillögum stýrihóps um *Utanríkismál til framtíðar* var í október 2017 sett á fót ný deild Svæðasamstarfs og atvinnulífs innan þróunarsamvinnuskrifstofu (ÞSS). Helstu verkefni deildarinnar verða umsjón með svæðasamstarfi og samstarfi við atvinnulífið og starfi skóla Háskóla Sameinuðu þjóðanna (HSÞ) á Íslandi. Auk þess að hafa umsjón með undirbúningi og framkvæmd þróunarverkefna er deildinni ætlað að auka þátttöku atvinnulífsins í þróunarsamvinnu á þeim forsendum að slíkt samstarf og möguleg verkefni séu virðisaukandi, hafi skýra tengingu við þróunarsamvinnumarkmið og styðji við atvinnusköpun og sjálfbæran vöxt í fátækustu ríkjum heims.

**17.4. Sjálfbær skuldastaða þróunarlanda.**

Nauðsynlegt er að þróunarlönd fái einnig aðstoð til að ná sjálfbærri skuldastöðu og stuðla að ábyrgri fjárhagsstjórnun, m.a. með því að fella niður og endurskipuleggja skuldir. Í því skyni tekur Ísland þátt í skuldaniðurfellingu þróunarríkja í gegnum Alþjóðabankann, annars vegar í gegnum Alþjóðaframfarastofnunina (IDA) og hins vegar í gegnum Átak um niðurfellingar á skuldum þróunarríkja (MDRI).

**17.7. Stuðlað að dreifingu umhverfisvænnar tækni til þróunarlandanna.**

## Tækni og uppbygging getu og færni

Stuðla þarf að þekkingarmiðlun og miðlun og dreifingu umhverfisvænnar tækni til þróunarlanda. Í alþjóðlegri þróunarsamvinnu hefur Ísland stutt töluvert við þennan málaflokk. Með starfsemi skóla Háskóla SÞ á Íslandi stuðla íslensk stjórnvöld að yfirfærslu til þróunarlanda og uppbyggingu á getu og færni á sviði jarðhita-, sjávarútvegs-, landgræðslu- og jafnréttismála. Uppbygging getu og færni er jafnframt kjarninn í öllu tvíhliða samstarfi þar sem stutt er við héraðsstjórnir til að veita íbúum grunnþjónustu á borð við menntun, heilbrigðisþjónustu, vatns- og salernisaðstöðu.

**17.6. Samstarf um vísindi, tækni og nýsköpun eflt.**

Íslensk stjórnvöld hafa sömuleiðis staðið fyrir samstarfi um jarðhitarannsóknir í Austur-Afríku en verkefnið hefur miðað að því að aðstoða lönd við frumrannsóknir til að fá úr því skorið hvort nýtanlegan jarðhita sé að finna. Jarðhitaverkefnið felur mjög eindregið í sér miðlun og

**17.9. Uppbygging á getu í þróunarlöndunum.**

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.03.2026

dreifingu umhverfisvænnar tækni. Sömuleiðis hefur Ísland stutt við stofnun svæðisbundinnar þjálfunarmiðstöðvar í Kenía fyrir jarðhitaþróun í Afríku, en Jarðhitaskóli HSÞ á Íslandi tekur þátt í þeirri vinnu.

## Viðskipti

Viðskipti sem taka tillit til sjónarmiða sjálfbærni og samfélagslegrar ábyrgðar eru hvati fyrir farsæla efnahagsþróun. Í því samhengi er mikilvægt að efla viðskiptatengsl og auka fjárfestingar í þróunarlöndum. Nauðsynlegt er að minnka viðskiptahindranir fyrir þróunarlönd og auðvelda þeim að koma vörum á markað, en þar gegnir Alþjóðaviðskiptastofnunin (WTO) lykilhlutverki. Ísland hefur lagt og leggur áherslu á að ljúka viðræðum í Doha-lotunni. Ísland hefur stutt þetta markmið innan WTO og tekið þátt í viðræðum. Þá hefur Ísland beitt sér fyrir því að koma jafnréttismálum á dagskrá í umræðu um alþjóðaviðskipti innan Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar (WTO). Nýlega skrifaði Ísland undir samning við Alþjóðaviðskiptamiðstöðina (ITC) í kjölfar athugunar á því með hvaða hætti íslensk stjórnvöld geti veitt þróunarríkjum stuðning í tengslum við viðskiptamál. Stuðningurinn er að hluta eyrnamerktur verkefninu SheTrades sem snýst um efnahagslega valdaeflingu kvenna og hefur það að markmiði að tengja konur og kvenfrumkvöðla í þróunarríkjum og á stríðshrjáðum svæðum við markaði. Lög um að greitt verði fyrir markaðsaðgangi vara upprunninna í löndum sem eru skemmst á veg komin í þróun (LDC) voru samþykkt á Alþingi þann 8. júní 2018. Tollur fellur því niður af vörum sem falla undir 97% allra tollskrárnúmera í tollskrá í viðauka I við tollalög og þá er ráðherra heimilt að setja sérstakar upprunareglur fyrir vörurnar.

17.10 **Marghliða, opið og réttlátt alþjóðlegt viðskiptakerfi.**

17.12 **Tollfrjáls og kvótalaus markaðsaðgangur fyrir þróunarlönd.**

17.11. **Útflutningur þróunarlanda verði aukinn verulega.**

## Kerfistengd málefni

Í alþjóðlegri þróunarsamvinnu Íslands er lögð áhersla á samstarf og gagnkvæma ábyrgð á árangri. Í því samhengi er lykilatriði að tryggja góða stjórnarhætti og berjast gegn spillingu. Sem dæmi um eignarhald og gagnkvæma ábyrgð á árangri má nefna að í tvíhliða þróunarsamvinnu Íslands er áhersla lögð á að styðja áætlanir samstarfsaðila, bæði héraðs- og landsstjórna. Mikilvægt er að heimamenn beri sjálfir ábyrgð á verkefnum og að eignarhald þeirra á aðgerðum sé skýrt. Á sama tíma er lögð áhersla á að fylgjast vel með árangri verkefna. Þau eru öll metin reglulega af sjálfstæðum aðilum á grundvelli alþjóðlegra viðmiða.Efla þarf samstarf á heimsvísu um sjálfbæra þróun og skiptir aðkoma borgarasamtaka á þeim vettvangi miklu máli. Utanríkisráðuneytið hefur um árabil veitt styrki til verkefna á vegum borgarasamtaka.

17.16. **Efla samstarf á heimsvísu um sjálfbæra þróun.**

17.15. **Eignarhald og gagnkvæm ábyrgð í þróunarsamvinnu.**

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.03.2026

### Samvinna innanlands

Verkefnastjórn Heimsmarkmiðanna mun beita sér fyrir skilvirku samstarfi við hagsmunaaðila við innleiðingu markmiðanna hérlendis. Þegar hefur verið stofnað ungmennaráð Heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna og samstarf hafið við Embætti landlæknis um tengingu Heimsmarkmiðanna við *Heilsueflandi samfélag*. Þá mun verkefnastjórnin einnig beita sér fyrir auknu samstarfi milli opinberra aðila innbyrðis sem og við einkaaðila, borgaralegt samfélag og fræðasamfélagið. Í því skyni hafa kynningarmál fyrst um sinn verið höfð í forgrunni til að auka vitund og þekkingu landsmanna á markmiðunum. Í framhaldi af því mun verkefnastjórnin skapa vettvang fyrir ólíka hagsmunaaðila til að eiga samráð og koma sínum sjónarmiðum á framfæri við stjórnvöld.Farið er nánar yfir áform í þessum efnum síðar í skýrslunni en samstarf um markmiðin er og mun áfram verða ein af megináherslum verkefnastjórnarinnar í hennar störfum.

17.17. **Hvatt verði til samstarfsverkefna opinberra aðila innbyrðis, opinberra aðila og einkaaðila og á vettvangi borgaralegs samfélags og stutt við önnur slík samstarfsverkefni.**

[69] OECD, 9. apríl 2018, Development aid stable in 2017 with more sent to poorest countries.
[70] OECD, 8. apríl 2014, Development aid stable in 2014 but flows to poorest countries still falling.



Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.03.2026

# FORGANGSRÖÐUN MARKMIÐANNA

Eins og áður hefur komið fram samanstanda Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna af 17 yfirmarkmiðum og 169 undirmarkmiðum, ásamt 232 mælikvörðum. Undirmarkmiðin 169 eiga flest að einhverju leyti við um Ísland, en þó mismikið. Fljótlega varð því ljóst að til þess að ná mælanlegum árangri við innleiðingu markmiðanna hérlendis yrði að forgangsraða þeim til að bæta skilvirkni og yfirsýn í stefnumótun og áætlanagerð. Þó ber að nefna að forgangsmarkmiðin útiloka ekki að unnið verði að innleiðingu annarra markmiða. Stefnan er vitaskuld sett á að innleiða öll markmiðin sem eiga við um Ísland en þegar hefur góður fjöldi markmiðanna að mestu verið innleiddur á Íslandi. Í þeim tilfellum verður lögð áhersla á að gera enn betur og jafnframt miðla reynslu og þekkingu Íslands til annarra þjóða heimsins.

Fyrstu skrefin sem tekin voru í þeim tilgangi að forgangsraða markmiðunum var, eins og fram kemur í umfjöllun um mælikvarða markmiðanna, að meta hvaða gögn væru til á Íslandi um hvern mælikvarða og gæði þeirra. Mikilvægt var að gögnin væru samanburðarhæf alþjóðlega og að mælikvarðar þeim tengdir væru skýrt skilgreindir. Í júlí 2017 var Stofnun Sæmundar fróða við Háskóla Íslands falið að meta þá gagnaöflun sem þá hafði þegar farið fram. Markmið verkefnisins var gerð tveggja skýrslna þar sem annars vegar var lagt mat á gæði þeirra gagna sem verkefnastjórnin hafði safnað og hins vegar að leggja fram tillögur af hálfu stofnunarinnar um aðferðafræði við forgangsröðun Heimsmarkmiðanna hér á landi. Unnið var út frá tillögum sem fram komu í skýrslunni og stuðst við svokallað Criteria Based Framework. Í stuttu máli voru markmiðin metin út frá fjórum viðmiðum; samræmi við núgildandi stefnu, tenging við íslenskan veruleika, aðgengi að gögnum og fjarlægð að markmiði, á tilteknum skala en viðmiðin vógu misþungt í útreikningunum. Að höfðu samráði við sérfræðinga innan ráðuneytanna er lagt til að eftirfarandi undirmarkmið verði sett í forgang í vinnu stjórnvalda við innleiðingu Heimsmarkmiðanna innanlands og í alþjóðasamstarfi af hálfu utanríkisráðuneytisins næstu árin.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.03.2026

# FORGANGSMARKMIÐ INNANLANDS OG Í ALÞJÓÐASAMSTARFI

Forgangsmarkmiðin endurspegla áherslur stjórnvalda við innleiðingu markmiðanna næstu árin. Þau útiloka þó ekki að unnið verði að innleiðingu annarra markmiða, sér í lagi þeirra sem vel eru á veg komin. Þá verður jafnframt lögð áhersla á að miðla reynslu og þekkingu Íslands til annarra þjóða heimsins.

Innanlands
Alþjóðasamstarf
Innanlands + Alþjóðasamstarf

**1 ENGIN FÁTÆKT**

1.1 Eigi síðar en árið 2030 verði sárri fátækt útrýmt alls staðar. Miðað verði viðað enginn lifi á lægri fjárhæð á dag en sem nú nemur 1,25 Bandaríkjadal á dag.

1.2 Eigi síðar en árið 2030 lækki hlutfall karla, kvenna og barna á öllum aldri, sem búa við fátækt í öllum sínum birtingarmyndum samkvæmt skilgreiningu í hverju landi, um a.m.k. helming.

**2 EKKERT HUNGUR**

2.1 Eigi síðar en árið 2030 verði hungri útrýmt og aðgengi allra manna, einkum fátækra og fólks í viðkvæmri stöðu, meðal annars ungbarna, tryggt að öruggri, næringarríkri og nægri fæðu allt árið um kring.

**3 HEILSA OG VELLÍÐAN**

3.1 Eigi síðar en árið 2030 verði mæðradauði í heiminum kominn niður fyrir 70 af hverjum 100.000 lifandi fæddum börnum.

3.2 Eigi síðar en árið 2030 verði bundinn endir á dauða nýbura og barna undir 5 ára aldri sem hægt væri að koma í veg fyrir og stefni öll lönd að því að lækka tíðni nýburadauða að minnsta kosti niður í 12 af hverjum 1.000 lifandi fæddum börnum og dánartíðni barna undir 5 ára aldri að minnsta kosti niður í 25 af hverjum 1.000 lifandi fæddum börnum.

3.4 Eigi síðar en árið 2030 verði ótímabærum dauðsföllum af völdum annarra sjúkdóma en smitsjúkdóma fækkað um þriðjung með fyrirbyggjandi aðgerðum og meðferð og stuðlað verði að geðheilbrigði og vellíðan.

3.5 Forvarnir og meðferð vegna vímuefnamisnotkunar, meðal annars misnotkunar fíkniefna og skaðlegrar notkunar áfengis, verði efldar.

3.6 Eigi síðar en árið 2020 verði fjöldi dauðsfalla og alvarlega slasaðra vegna umferðarslysa lækkaður um helming á heimsvísu.

3.7 Eigi síðar en árið 2030 verði tryggður almennur aðgangur að heilsugæsluþjónustu á sviði kyn- og frjósemisheilbrigðis, meðal annars vegna fjölskylduáætlana, upplýsingagjafar og fræðslu, og tryggt verði að frjósemisheilbrigði verði fellt inn í innlent skipulag og áætlanir. (sjá einnig 5.6)

**4 MENNTUN FYRIR ALLA**

4.1 Eigi síðar en árið 2030 verði tryggt að allar stúlkur og drengir ljúki á jafnréttisgrundvelli gæðamenntun á grunnskólastigi án endurgjalds sem leiðir til góðs námsárangurs miðað við stöðu hvers og eins.

4.4 Eigi síðar en árið 2030 hafi umtalsvert fjölgað ungmennum og fullorðnum sem hafa færni á viðeigandi sviðum, þar á meðal á sviði tækni- og starfsmenntunar, til þess að geta gegnt störfum, fengið mannsæmandi vinnu og stundað frumkvöðlastarfsemi. (sjá einnig 8.6)

4.7 Eigi síðar en árið 2030 verði tryggt að allir nemendur öðlist nauðsynlega þekkingu og færni til þess að ýta undir sjálfbæra þróun, meðal annars með menntun til sjálfbærrar þróunar, sjálfbærum lífsstíl, mannréttindum, kynjajafnrétti, eflingu friðsamlegrar menningar án ofbeldis, heimsborgaravitund, viðurkenningu menningarlegrar fjölbreytni og framlagi menningar til sjálfbærrar þróunar.

4.a. Byggð verði upp og endurbætt aðstaða til menntunar sem miðast við börn, fatlaða og mismunandi kyn og öllum séð fyrir öruggu, friðsamlegu og árangursríku námsumhverfi án aðgeiningar.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.03.2026

4.c. Eigi síðar en árið 2030 verði framboð á menntuðum og hæfum kennurum aukið verulega, meðal annars með alþjóðlegri samvinnu um kennaramenntun í þróunarlöndum, einkum þeim sem eru skemmst á veg komin og smáeyríkjum.




5.1 Öll mismunun gagnvart konum og stúlkum verði afnumin alls staðar.

5.2 Allt ofbeldi gagnvart konum og stúlkum á opinberum vettvangi sem og í einkalífi, þar með talið mansal og kynferðisleg misneyting og misneyting af öðru tagi, verði afnumið.

5.3 Allir skaðlegir siðir, eins og barnahjónabönd, snemmbúin og þvinguð hjónabönd og limlesting kynfæra kvenna og stúlkna, verði afnumdir.

5.5 Tryggð verði full og virk þátttaka kvenna og jöfn tækifæri þeirra til að vera leiðandi við ákvarðanatöku á öllum sviðum stjórn- og efnahagsmála sem og á opinberum vettvangi.




6.1 Eigi síðar en árið 2030 verði öllum tryggður almennur og réttlátur aðgangur að heilnæmu drykkjarvatni á viðráðanlegu verði.

6.2 Eigi síðar en árið 2030 verði öllum tryggður jafn aðgangur að fullnægjandi hreinlætisaðstöðu. Endir verði bundinn á að fólk þurfi að ganga örna sinna utan dyra. Í þessu tilliti verði sérstakri athygli beint að þörfum kvenna og stúlkna og þeirra sem eru í viðkvæmri stöðu.

6.3 Eigi síðar en árið 2030 verði vatnsgæði aukin með því að draga úr mengun, útiloka að sorpi sé fleygt og lágmarka losun hættulegra efna og efnablanda og hluta. Hlutfall óunnins skólps og frárennslisvatns verði helmingað og endurvinnsla og örugg endurnotkun auknar verulega um heim allan.

6.5 Eigi síðar en árið 2030 komi samþætt stjórnun vatnsauðlinda til framkvæmda á öllum sviðum, meðal annars með samstarfi yfir landamæri eftir því sem við á.

6.6 Eigi síðar en árið 2020 komi til framkvæmda vernd og endurheimt vatnstengdra vistkerfa, þar með talið fjallendis, skóga, votlendis, áa, grunnvatnsbóla og vatna.

6.b Stutt verði við þátttöku byggðarlaga á hverjum stað og hún efld þannig að bæta megi stjórnun vatns og hreinlætisaðgerða.




7.2 Eigi síðar en árið 2030 verði hlutur endurnýjanlegrar orku í orkusamsetningu heimsins aukinn verulega.




8.1 Viðhaldið verði hagvexti á hvern einstakling í samræmi við aðstæður í hverju landi og að minnsta kosti 7% vexti vergrar landsframleiðslu á ári í þeim þróunarlöndum sem eru skemmst á veg komin.

8.2 Aukinni framleiðni í atvinnulífinu verði náð með aukinni fjölbreytni, tækninýjungum og nýsköpun, meðal annars með því að beina athygli að vinnuaflsfrekum geirum sem fela í sér mikinn virðisauka.

8.4 Fram til ársins 2030 verði nýtni auðlinda í neyslu og framleiðslu bætt stöðugt og leitast við að frátengja hagvöxt frá hnignun umhverfisins í samræmi við 10 ára rammaáætlunina um sjálfbæra neyslu og framleiðslu, með iðnríkin í fararbroddi.

8.5 Eigi síðar en árið 2030 verði full og gagnleg atvinna og mannsæmandi störf að veruleika fyrir allar konur og karla, meðal annars fyrir ungt fólk og fatlað fólk, og sömu laun verði greidd fyrir jafnverðmæt störf.

8.9 Eigi síðar en árið 2030 verði hugað að stefnumálum og þeim hrundið í framkvæmd í því skyni að stuðla að sjálfbærri ferðaþjónustu sem skapar störf og leggur áherslu á staðbundina menningu og framleiðsluvörur.




9.1 Þróaðir verði innviðir, sem eru traustir, sjálfbærir og viðnámsþolnir, meðal annars innviðir innan svæða og yfir landamæri, í því skyni að styðja við efnahagsþróun og velsæld manna, þar sem lögð verði áhersla á réttmætan aðgang fyrir alla á viðráðanlegu verði.

9.5 Vísindarannsóknir verði efldar, tæknigeta iðngreina í öllum löndum verði endurbætt, þar á meðal í þróunarlöndum. Eigi síðar en árið 2030 verði ýtt undir nýsköpun og fjöldi þeirra sem starfa við rannsóknir og þróun aukinn verulega fyrir hverja milljón íbúa, og útgjöld til rannsókna og þróunar hins opinbera og einkageirans verði aukin.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.03 2026

9.c. Aðgengi að upplýsinga- og fjarskiptatækni verði aukið verulega og lagt verði kapp á að skapa almennan aðgang á viðráðanlegu verði að Netinu í þeim löndum sem eru skemmst á veg komin í þróun.

10 AUKINN JÖFNUÐUR

10.2. Eigi síðar en árið 2030 verði öllum gert kleift að taka þátt í félags-, efnahags- og stjórnmálalífi, án tillits til aldurs, kyns, fötlunar, kynþáttar, þjóðernis, uppruna, trúarbragða, efnahagslegrar eða annarrar stöðu.

10.3 Tryggja jöfn tækifæri og draga úr ójöfnuði, meðal annars með afnámi laga, stefnumótunar og framkvæmdar sem elur á mismunun, samhliða því að ýta undir lagasetningu, stefnumótun og framkvæmd sem styður við markmiðið.

11 SJÁLFBÆRAR BORGIR OG SAMFÉLÖG

11.1 Eigi síðar en árið 2030 verði öllum tryggður aðgangur að fullnægjandi og öruggu húsnæði á viðráðanlegu verði. Grunnþjónusta og fátækrahverfi endurbætt.

11.2 Eigi síðar en árið 2030 verði öllum veittur aðgangur að öruggum, aðgengilegum og sjálfbærum flutningakerfum á viðráðanlegu verði og öryggi á vegum bætt. Lögð verði aukin áhersla á almenningssamgöngur með sérstakri áherslu á þarfir þeirra sem eru í viðkvæmri stöðu, kvenna, barna, fatlaðs fólks og eldra fólks.

11.4 Viðleitni til þess að vernda og tryggja menningar- og náttúruarfleifð heimsins verði efld.

11.6 Eigi síðar en árið 2030 verði dregið úr neikvæðum umhverfisáhrifum borga á hvern einstakling, meðal annars með því að beina sérstakri athygli að loftgæðum og meðhöndlun sveitarfélaga á úrgangi.

11.a Stutt verði við jákvæð efnahags-, félags- og umhverfisleg tengsl milli þéttbýlis, þéttbýlla svæða í borgarjaðri og dreifbýlissvæða með því að styrkja áætlanir um byggðaþróun á landsvísu og innan svæða.

12 ÁBYRG NEYSLA OG FRAMLEIÐSLA

12.1 Hrundið verði í framkvæmd 10 ára rammaáætlunum um sjálfbæra neyslu og framleiðslu, þar sem öll lönd, með iðnríkin í fararbroddi, grípa til aðgerða. Tekið verði tillit til þróunar og getu þróunarlandanna.

12.2 Eigi síðar en árið 2030 verði markmiðum um sjálfbæra meðferð og skilvirka nýtingu náttúruauðlinda náð.

12.7 Stuðlað verði að sjálfbæru verklagi við opinber innkaup í samræmi við innlenda stefnu og forgangsröðun.

12.c Óskilvirkar niðurgreiðslur vegna jarðefnaeldsneytis, sem ýta undir sóun, verði lagfærðar í samræmi við innlendar aðstæður á hverjum stað. Markaðsröskun vegna þessa verði upprætt, meðal annars með því að endurskipuleggja skattlagningu og leggja slíkar skaðlegar niðurgreiðslur niður í áföngum, þar sem þær fyrirfinnast. Jafnframt verði sýnt fram á þau umhverfisáhrif sem þær valda. Tekið verði fullt tillit til sérþarfa og aðstæðna þróunarlanda og hugsanlegum, skaðlegum áhrifum á þróun þeirra verði haldið í lágmarki með því að verja fátæk samfélög sem fyrir áhrifum verða.

13 AÐGERÐIR Í LOFTSLAGSMÁLUM

13.2 Ráðstafanir vegna loftslagsbreytinga verði felldar inn í landsbundnar áætlanir, stefnumál og skipulagskipulag.

13.a Efnd verði fyrirheit þróaðra ríkja um 100 milljarða dollara framlag, bæði frá hinu opinbera og einkaaðilum, í því skyni að aðstoða þróunarlönd við að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og stuðla að gagnsæi aðgerða. Jafnframt verði unnið sem fyrst að fjármögnun Græna loftslagssjóðsins þannig að hann geti starfað af fullum krafti.

14 LÍF Í VATNI

14.1 Eigi síðar en árið 2025 verði verulega dregið úr og komið í veg fyrir hvers kyns mengun sjávar, einkum frá starfsemi á landi, þ.m.t. rusli í sjó og mengun af völdum næringarefna.



Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.03.2026

14.2 Eigi síðar en árið 2020 verði gengið um vistkerfi sjávar og stranda og þau vernduð á sjálfbæran hátt til að koma í veg fyrir veruleg neikvæð áhrif. Þetta verði meðal annars gert með því að efla viðnámsþol þeirra og gripið verði til aðgerða til að endurheimta og efla heilbrigði þeirra og framleiðslu.

14.3 Áhrifum af súrnun sjávar verði haldið í lágmarki og unnið gegn henni, t.d. með því að efla vísindasamstarf á þessu sviði.

14.7 Eigi síðar en árið 2030 hafi efnahagslegur ávinningur þróunarlanda sem eru smáeyjaríki og þeirra landa sem eru skemmst á veg komin í þróun aukist vegna sjálfbærrar nýtingar sjávarauðlinda, sem felst meðal annars í því að ástunda sjálfbæra stjórnun fiskveiða, fiskeldi í sjó og ferðaþjónustu.

14.c Varðveisla og sjálfbær nýting hafsins og auðlinda þess verði efld með því að hrinda í framkvæmd alþjóðalögum, samkvæmt ákvæðum þar að lútandi í hafréttarsamningi Sameinuðu þjóðanna, þar sem kveðið er á um lagaramma um varðveislu og sjálfbæra nýtingu hafsins og auðlinda þess, og minnt er á í 158. gr. í skjalinu *Framtíðin sem við viljum.*

15 LÍF Á LANDI

15.1 Eigi síðar en árið 2020 verði tryggð verndun, endurheimt og sjálfbær nýting vistkerfa á landi og í ferskvatni og þjónusta þeirra, einkum skóga, votlendis, fjallendis og þurrkasvæða, í samræmi við skuldbindingar samkvæmt alþjóðasamningum.

15.2 Eigi síðar en árið 2020 hafi tekist að efla sjálfbæra  stjórnun í öllum gerðum skóga, stöðva skógareyðingu, endurheimta hnignandi skóga og auka verulega nýskógrækt og endurræktun skóga á heimsvísu.

15.3. Eigi síðar en árið 2030 verði barist gegn eyðimerkurmyndun, hnignandi land og jarðvegur verði endurheimt, þ.m.t. land sem er raskað af eyðimerkurmyndun, þurrkum og flóðum, og unnið að því að koma á hlutleysi milli hnignunar og endurreisnar lands í heiminum

15.5 Gripið verði til brýnna aðgerða og aðgerða sem skipta máli til að draga úr hnignun náttúrulegra búsvæða, stöðva tap líffræðilegrar fjölbreytni og eigi síðar en árið 2020, verði gripið til aðgerða til að vernda tegundir í bráðri hættu og koma í veg fyrir útrýmingu þeirra.

15.6 Stuðlað verði að sanngjarnri og jafnri skiptingu ávinnings af nýtingu erfðaauðlinda og aðgangi við hæfi að slíkum auðlindum samkvæmt alþjóðlegum samþykktum.

15.8. Gripið verði til ráðstafana, eigi síðar en árið 2020, til að koma í veg fyrir aðflutning ágengra, framandi tegunda og dregið verulega úr áhrifum þeirra á vistkerfi á landi og í vatni og þeim tegundum sem eru í forgangi verði stýrt eða þeim útrýmt.

15.9 Eigi síðar er árið 2020 verði verðmæti vistkerfa og líffræðilegrar fjölbreytni samþætt landsbundinni og staðbundinni áætlanagerð, þróunarferlum, aðgerðum til að draga úr fátækt og skýrslugerðum.

16 FRIÐUR OG RÉTTLÆTI

16.1 Dregið verði alls staðar verulega úr hvers kyns ofbeldi og dauðsföllum því tengdum.

16.3 Réttarríkið verði eflt á landsbundnum og alþjóðlegum vettvangi og jafn aðgangur allra að réttarkerfinu tryggður.

16.5 Dregið verði verulega úr hvers kyns spillingu og mútum.

17 SAMVINNA UM MARKMIÐIN

17.2 Iðnríkin komi að fullu til framkvæmda skuldbindingum sínum um opinbera þróunaraðstoð, t.d. þeirri skuldbindingu margra iðnríkja að láta 0,7% af opinberri þróunaraðstoð/vergum þjóðartekjum renna til þróunarlanda og 0,15 til 0,20% af opinberri þróunaraðstoð/vergum þjóðartekjum til þeirra landa sem eru skemmst á veg komin í þróun. Þau ríki sem veita opinbera þróunaraðstoð eru hvött til þess að íhuga að setja sér það markmið að láta a.m.k. 0,20% af opinberri þróunaraðstoð/vergum þjóðartekjum renna til þeirra landa sem eru skemmst á veg komin í þróun.

17.3. Kallað verði eftir viðbótarfjármagni frá hinum ýmsu aðilum til handa þróunarlöndum.

17.10 Stuðlað verði að alþjóðlegu viðskiptakerfi, sem byggist á reglum, er opið, án mismununar og er réttlátt og marghliða, innan ramma Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar og miðar meðal annars að því að ljúka viðræðum stofnunarinnar sem kenndar eru við Dóha.

17.17 Hvatt verði til skilvirkra samstarfsverkefna opinberra aðila innbyrðis, opinberra aðila og einkaaðila og á vettvangi borgaralegs samfélags og stutt við slík verkefni. Við framkvæmd þeirra verði byggt á reynslu af samstarfsverkefnum almennt og á fjármögnunaraðferðum þeirra.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.03.2026

# Tenging forgangsmarkmiða við meginflokka stefnuyfirlýsingar ríkisstjórnarinnar



## Sterkt samfélag






## Þróttmikið efnahagslíf






## Umhverfi og loftslag






## Nýsköpun og rannsóknir






## Jöfn tækifæri






## Lýðræði og gagnsæi






## Alþjóðamál




Skjal sótt af '000000000' dags: 25.03 2026

## Samræmd stefnumótun og málamiðlanir

*(e. policy coherence and trade-offs)*

Innri tengsl og samþætt eðli Heimsmarkmiðanna kalla á markvissa samræmingu milli stefna og áætlana við innleiðingu þeirra. Þá er bæði um að ræða samræmingu lárétt á milli málefnasviða ráðuneyta og annarra stefnumótandi aðila, og einnig lóðrétt á hinu alþjóðlega sviði. Ein helsta ástæða þess að samræmingar er þörf er að Heimsmarkmiðin hafa afar víðtæka skírskotun inn í öll þau málefnasvið og málaflokka sem stjórnvöld vinna að. Við innleiðingu markmiðanna er því mikilvægt að sjá til þess að stefnumótun sé samræmd innan stjórnsýslunnar og sömuleiðis eftirfylgni með framgangi markmiðanna. Nánar tengingar á milli markmiða bjóða upp á þann möguleika að framgangur eins markmiðs geti sömuleiðis veitt öðru markmiði brautargengi. Alhliða innleiðing krefst þess að jafnvægi sé á milli félagslegra, efnahagslegra og umhverfislegra sjónarmiða í allri stefnumótun, þvert á ráðuneyti og stjórnsýslustig og í samstarfi við hagsmunaaðila. Stjórnvöld þurfa því að sjá til þess að samráð sé haft við þá aðila sem að ákveðnum málaflokkum koma og að samræmd stefna sé fyrir innleiðingu hvers markmiðs fyrir sig.[71]

Eins og áður kom fram getur innleiðing eins markmiðs haft áhrif á framgöngu annars. Þau áhrif geta ýmist verið jákvæð eða neikvæð en með því að öðlast skilning á bæði sam- og mótverkandi tengingum milli einstakra markmiða aukast líkur á farsælu og hnitmiðuðu innleiðingarferli. Í dæmaskyni má nefna að innleiðing á Heimsmarkmiði 2, sem hefur það að markmiði að binda enda á hungur, gæti haft neikvæðar afleiðingar fyrir Heimsmarkmið 15 sem leggur áherslu á að vernda líf á landi, þar á meðal skóglendi, sem gæti þurft að víkja fyrir ræktarlandi.[72]

Því er mikilvægt að kortlagning verði gerð á birtingarmynd tengslanna hérlendis svo stjórnvöld og aðrir stefnumótandi aðilar megi vera betur meðvituð um möguleg jákvæð eða neikvæð áhrif sem aðgerðir tengdar tilteknum markmiðum geta haft í för með sér. Þá ber einnig að nefna mikilvægi þess að við stefnumótun sé jafnframt litið til mögulegra áhrifa sem aðgerðir hérlendis geta haft á aðrar þjóðir heimsins, sér í lagi þróunarlönd.

## Heimsmarkmiðin og fjármálaáætlun

Undanfarin tvö ár hefur verið lögð rík áhersla á tengingu Heimsmarkmiðanna við markmiðssetningu í stefnumótun málefnasviða fyrir fjármálaáætlun til fimm ára. Fjármálaáætlun er byggð á fjármálastefnu hins opinbera, grunngildum hennar og skilyrðum. Hún felur í sér ítarlega útfærslu á markmiðum sem sett eru fram í þeirri stefnu, dýpkar nánar markmið fjármálastefnu og greinir hvernig þeim verði náð frá ári til árs. Markmið með fjármálaáætluninni er að útfæra markmið um tekjur og gjöld hins opinbera og þróun þeirra en í fjármálaáætlun eru sýnd framlög (fjárheimildir) til starfsemi ríkisins innan 34 málefnasviða til næstu fimm ára. Hvert málefnasvið nær yfir tiltekin verkefni, svo sem starfsemi dómstóla og háskóla, og með fjármálaáætluninni er lagður grunnur að skýrri forgangsröðun útgjalda og markvissum undirbúningi aðgerða til að ná fram markmiðum í fjármálastefnu og fjármálaáætlun.[73]

Skjal sótt af '00000000' dags: 25.03 2026

Með því að tengja undirmarkmið Heimsmarkmiðanna við markmið málefnasviða gefst tækifæri til að kortleggja með hvaða hætti unnið er að innleiðingu tiltekinna Heimsmarkmiða og að sama skapi áætla hversu mikið fjármagn er lagt til innleiðingar markmiðanna hverju sinni. Með þeim hætti gefst jafnframt tækifæri til að kortleggja nánar tenginguna á milli markmiðanna hér innanlands og þannig áætla þær málamiðlanir sem upp geta komið í stefnumótun fyrir markmiðin. Kostnaðar- og ábatagreining á tilteknum aðgerðum m.t.t. annarra markmiða getur þannig nýst í stefnumótun til að hámarka þau samlegðaráhrif sem talin eru vera til staðar, og þar með ávinning tiltekins fjármagns. Það sama gildir um mögulegan fórnarkostnað.

Unnið verður áfram að tengingu Heimsmarkmiðanna við stefnumótun fjármálaáætlunar og aðferðafræðin við það þróuð enn frekar. Unnið er að rafrænni lausn fyrir stefnumótun fjármálaáætlunar og tengingu hennar við Heimsmarkmiðin. Slíkur gagnagrunnur mun auðvelda stefnumótunarsérfræðingum innan ráðuneytanna að hafa yfirsýn yfir markmiðin og þar með auka samræmingu milli stefna og áætlana ólíkra málefnasviða.

## Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna og Samband íslenskra sveitarfélaga

Í júní 2017 leitaði forsætisráðuneytið eftir tilnefningu áheyrnarfulltrúa frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga vegna verkefnastjórnar Heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna. Taldi ráðuneytið mikilvægt með hliðsjón af umfangi verkefnisins að náið samstarf yrði haft við sambandið við vinnu verkefnastjórnarinnar.

Samband íslenskra sveitarfélaga er skv. sveitarstjórnarlögum sameiginlegur málsvari og samstarfsvettvangur sveitarfélaga og er sérstakur samstarfssáttmáli í gildi við ríkisstjórn Íslands, þar sem kveðið er á um samskipti þessara tveggja stjórnsýslustiga með formlegum hætti. Í samþykktum þess segir enn fremur að sambandið vinni að sameiginlegum hagsmunamálum sveitarfélaga, annist vinnumarkaðsmál fyrir þeirra hönd og sinni almennri fræðslu um málefni sveitarstjórnarstigsins, innan þess og utan.

Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna hafa breiða skírskotun og segja má að fátt sé þeim óviðkomandi í samfélagslegu tilliti. Í framkvæmd hvíla Heimsmarkmiðin á stoðum beggja stjórnsýslustiga eða ríkisstjórnarinnar annars vegar og sveitarstjórna hins vegar.

Á Íslandi eru alls 72 sveitarstjórnir, misjafnlega í sveit settar hvað íbúafjölda, atvinnulíf og efnahagsþróun varðar. Sem dæmi um fjölbreytileikann má nefna að innan við 50 búa í því sveitarfélagi sem fámennast er, en rúmlega 125 þúsund í því fjölmennasta. Í ljósi þessa var að sama skapi talið einsýnt að sambandið hefði mikilvægu hlutverki að gegna fyrir verkefnið sem samþættingar- og samræmingaraðili á sveitarstjórnarstigi.

Af þessum sökum er, í samráði við sambandið, lagt til að fulltrúi þess eigi framvegis sæti í verkefnastjórn Heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna. Samhliða því annist sambandið kynningu á sveitarstjórnarstigi með áherslu á miðlæga miðlun upplýsinga og ráðgjafar til sveitarfélaga um áherslumarkmið Íslands.

Skjal sótt af '000000000' dags: 25.03.2026

Um endanlega afstöðu sveitarfélaga og útfærslu á verkefninu vísast til XXXII. landsþings sambandsins, sem fer fram á Akureyri 26. til 29. september nk. í framhaldi af sveitarstjórnarkosningum 2018.

## Kynningarmál

Sérstök áhersla er lögð á að miðla upplýsingum um Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna til almennings enda er ljóst að þeim verður ekki náð án víðtækrar þátttöku almennings, atvinnulífs, fræðasamfélags og grasrótarsamtaka. Í því skyni hefur verið ráðinn sérstakur upplýsingafulltrúi á sviði Heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna hjá utanríkisráðuneytinu sem mun þróa og vinna upplýsingaefni til að auka vitund og skilning á Heimsmarkmiðunum og huga sérstaklega að samþættingu þeirra við starfsemi Stjórnarráðsins.

Í mars 2018 fór af stað kynningarherferð á öllum helstu miðlum landsins um Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna undir heitinu „Segjum góðar fréttir árið 2030". Þar sem markmiðin boða framfarir í öllum helstu sviðum samfélagsins á heimsvísu miðaði herferðin að því að greina frá nokkrum góðum fréttum úr framtíðinni, gangi markmiðin eftir. Markmiðið var að vekja athygli á Heimsmarkmiðunum í því augnamiði að virkja almenning til þátttöku í innleiðingu markmiðanna. Gerður var samningur við auglýsingastofuna Hvíta húsið um gerð myndbanda sem birt voru í sjónvarpi, samfélagsmiðlum (Facebook og YouTube) og kvikmyndahúsum, auk þess sem keyptir voru netborðar og heilsíðuauglýsingar sem birtar voru í íslenskum fjölmiðlum.

Rannsóknafyrirtækið Gallup var fengið til þess að mæla vitund almennings á Heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna. Fyrri mælingin var framkvæmd í desember 2017 og í janúar 2018, áður en kynningarherferðin hófst, og sú seinni í maí 2018. Áður en kynningarherferðin fór af stað þekktu 46,6 prósent landsmanna Heimsmarkmiðin eða höfðu heyrt um þau, samkvæmt niðurstöðum könnunarinnar, en í maí var hlutfallið komið upp í 57,4 prósent. Þeim sem sögðust þekkja Heimsmarkmiðin fjölgaði um 1,5 prósent milli kannana, en þeim sem höfðu heyrt um markmiðin fjölgaði um 9,3 prósent. Alls höfðu 27 prósent þátttakenda tekið eftir kynningarherferðinni. Niðurstöðurnar benda því til þess að herferðin hafi borið nokkurn árangur og aukið vitund meðal almennings.

Nú stendur yfir undirbúningur fyrir aðra kynningarherferð á Heimsmarkmiðunum. Kastljósinu verður að þessu sinni beint að þróunarsamvinnu Íslands og mun utanríkisráðuneytið fjármagna þá herferð. Gerðir verða þættir um ungmenni sem ferðast til þróunarríkis og upplifir heiminn á annan hátt en við gerum á Íslandi. Þættirnir verða sýndir í sjónvarpi RÚV auk þess sem efni verður miðlað á samfélagsmiðlum.

## Samráð og samstarf við hagsmunaaðila

Eitt af meginstefjum Heimsmarkmiðanna er samvinna milli ólíkra hagsmunaaðila við innleiðingu þeirra. Í raun er það svo að innleiðing markmiðanna mun ekki verða að veruleika nema með samvinnu milli stjórnvalda, sveitarfélaga, fyrir-tækja, félagasamtaka, fræðasamfélagsins, ungmenna og einstaklinga í

Skjal sótt af '000000000' dags: 25.03 2026

landinu. Stjórnvöld einsetja sér að eiga í góðu samstarfi og samráði við fyrrgreinda hópa svo innleiðing markmiðanna hérlendis megi verða sem farsælust. Eftirfarandi eru helstu samstarfsverkefni sem þegar hefur verið efnt til ásamt áformum um frekari samvinnu um markmiðin.

## Ungmennaráð Heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna

Í 12. og 13. gr. Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna er kveðið skýrt á um rétt barna til að láta skoðanir sínar í ljós og til að hafa áhrif á málefni er þau varða. Í ljósi þess var ákveðið að virkja þátttöku ungmenna á Íslandi í gegnum ungmennaráð Heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna. Það er í samræmi við sáttmála ríkisstjórnarinnar þar sem kveðið er á um að framfylgja skuli ákvæðum Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna, m.a. um aukin áhrif barna í samfélaginu.

Ungmennaráð Heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna samanstendur af tólf fulltrúum víðsvegar af landinu á aldursbilinu 13-18 ára. Ungmennaráðið kemur saman sex sinnum á ári og fundar jafnframt árlega með ríkisstjórn. Hlutverk ráðsins er að fræðast og fjalla um Heimsmarkmiðin ásamt því að vinna og miðla gagnvirku efni á samfélagsmiðlum um markmiðin og sjálfbæra þróun.

Meginmarkmið ungmennaráðsins er að vekja athygli á Heimsmarkmiðunum og sjálfbærri þróun, bæði meðal jafningja sem og samfélagsins í heild sinni. Ungmennaráðinu er ætlað að vera lifandi vettvangur þar sem Heimsmarkmiðin og Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna eru höfð að leiðarljósi og rædd með gagnrýnum og lausnamiðuðum hætti. Ungmennum er með þessum hætti gefinn vettvangur til að vekja athygli á Heimsmarkmiðunum og sjálfbærri þróun og skapa þannig jafningjum tækifæri til að láta rödd sína heyrast um fyrrgreind málefni.

Mikill áhugi var meðal ungmenna í landinu á þátttöku í ungmennaráðinu. Yfir 140 umsóknir bárust verkefnastjórninni um setu í ráðinu og því greinilegt að íslensk ungmenni láta sig sjálfbæra þróun varða. Starfsemi ungmennaráðsins fer vel af stað og hefur það eftir aðeins tvo fundi þegar hitt ríkisstjórnina og mótað sér skýra stefnu um störf sín næstu mánuðina. Þá mun ungmennaráðið jafnframt funda með ríkisstjórninni og bera undir hana tillögur sínar um aðgerðir til stuðnings sjálfbærri þróun hérlendis.

Sérfræðingur í þátttöku barna og ungmenna hjá UNICEF á Íslandi heldur utan um starfsemi ráðsins fyrir hönd verkefnastjórnarinnar. Ungmennaráðið mun verða virkt á samfélagsmiðlum og deila þar ýmiss konar efni og vangaveltum tengdum markmiðunum og sjálfbærri þróun. Þá mun það einnig veita stjórnvöldum, í gegnum verkefnastjórn Heimsmarkmiðanna, aðhald og ráðgjöf við innleiðingu markmiðanna.

## Heilsueflandi samfélag

*Heilsueflandi samfélag* er starf sem Embætti landlæknis kom á fót og heldur utan um í samstarfi við fleiri með það að meginmarkmiði að styðja samfélög í að skapa umhverfi og aðstæður sem stuðla að heilbrigðum lífsháttum, heilsu og vellíðan allra íbúa. Fulltrúar verkefnastjórnar Heimsmarkmiðanna og Embættis landlæknis hafa hist reglulega síðan í janúar 2018 til að ræða hvernig *Heilsueflandi samfélag* getur nýst við innleiðingu Heimsmarkmið-

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.03.2026

anna og öfugt. Einnig hefur verið samstarf um viðburði og útgáfu efnis þar sem *Heilsueflandi samfélag* og Heimsmarkmiðin hafa verið kynnt og tengingin þar á milli.

*Heilsueflandi samfélag* er samfélag þar sem heilsa og líðan allra íbúa er höfð í fyrirrúmi í allri stefnumótun og aðgerðum á öllum sviðum. Þetta getur átt við um sveitarfélag, hverfi, samliggjandi sveitarfélög, landsfjórðunga eða önnur svæði. Í starfinu er markvisst unnið að því að brúa bilið á milli gagna, stefna og aðgerða með því að nota lýðheilsuvísa, gátlista og önnur gögn til að meta þarfir hvers samfélags. Unnið er með áhrifaþætti heilbrigðis og vellíðunar, s.s. félags-, efnahags- og menningarlegar aðstæður, manngert og náttúrulegt umhverfi, til að skapa sem ákjósanlegastar aðstæður í lífi, leik og starfi á öllum æviskeiðum. Ef vel er staðið að innleiðingu *Heilsueflandi samfélags* má vænta þess að andleg, líkamleg og félagsleg heilsa og vellíðan íbúa verði betri en ella, auk þess sem jöfnuður, lífsgæði og öryggi aukist. Fyrir vikið ætti samfélagið að verða eftirsóknarverðara, hagkvæmara og almennt sjálfbærara.[74]

Þriðja Heimsmarkmiðið, sem kveður á um heilbrigt líf og vellíðan allra frá vöggu til grafar, er samofið hinum sextán markmiðunum (sjá mynd 1) og rímar einkar vel við markmið *Heilsueflandi samfélags*. Verkefnastjórnin og Embætti landlæknis hafa því tekið höndum saman um að innleiða Heimsmarkmiðin í starf *Heilsueflandi samfélags* og í sameiningu vinna að aukinni vitundarvakningu á meðal sveitarfélaga og almennings um Heimsmarkmiðin, sjálfbæra þróun og áhrifaþætti heilsu og vellíðanar. Þá felst í samstarfinu jafnframt tækifæri til gagnaöflunar, t.d. er varðar næringu, hreyfingu, geðrækt, líðan, félagslíf, lífsgæði, lífsvenjur, umhverfi, aðstæður og öryggi landsmanna. Slík gagnaöflun getur reynst mikilvæg fyrir stefnumótun og ákvarðanatöku stjórnvalda, bæði til samræmingar á milli ólíkra málefnasviða og til að tryggja að enginn hópur verði skilinn eftir við innleiðingu markmiðanna.

**Mynd 1. Yfirlitsmynd frá Alþjóðaheilbrigðisstofnuninni (WHO) sem sýnir tengingar þriðja markmiðsins um heilsu og vellíðan við hin markmiðin sextán.**






Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.03.2026

## Samvinna um markmiðin

Auk fyrrgreindra aðila telur verkefnastjórnin mikilvægt að koma á samráði og samstarfi við fyrirtæki og félagasamtök, fræðasamfélagið o.fl. um innleiðingu markmiðanna hérlendis. Verkefnastjórnin er hinn eiginlegi samráðsvettvangur stjórnvalda um Heimsmarkmiðin en talið er að hún gæti nýst enn frekar til samráðs við aðra hagsmunaaðila. Því leggur verkefnastjórnin til að skipuð verði ný verkefnastjórn með fulltrúum frá öllum ráðuneytum Stjórnarráðsins ásamt fulltrúum frá Hagstofu Íslands og Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Þá er einnig lagt til að ungmennaráð Heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna og Félag Sameinuðu þjóðanna eigi þar áheyrnarfulltrúa og taki virkan þátt í vinnu verkefnastjórnarinnar þegar það á við.

Umfram breytta skipun verkefnastjórnarinnar er jafnframt lagt til að opnuð verði samráðsgátt á vef Stjórnarráðsins um Heimsmarkmiðin, heimsmarkmidin.is, þar sem öllum verður frjálst að koma áherslum, verkefnum og hugmyndum sínum tengdum Heimsmarkmiðunum á framfæri til verkefnastjórnarinnar. Slík samráðsgátt yrði þannig opinber vettvangur til samráðs og upplýsingamiðlunar milli stjórnvalda og hagsmunaaðila um markmiðin, þar á meðal fyrirtækja, félagasamtaka, sérfræðinga á hinum ýmsu sviðum, nema og einstaklinga. Með þeim hætti má t.a.m. tengja saman ólíka aðila um hugmyndir sem stuðlað geta að sjálfbærri þróun hérlendis, vekja athygli á því sem nú þegar er vel gert og að sama skapi stuðla að samhæfðari stefnumótun, aukinni verðmætasköpun og bættri innleiðingu á Heimsmarkmiðunum hérlendis.

## Lokaorð

Í skýrslu þessari hefur verkefnastjórn Heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna leitast við að draga upp mynd af stöðu Íslands gagnvart Heimsmarkmiðunum, bæði innanlands og á alþjóðlegum vettvangi. Sú stöðutaka er tvíþætt; annars vegar kortlagning á helstu stefnum, aðgerðum, lögum, áformum og áskorunum er varða markmiðin 17 og undirmarkmið þeirra, og hins vegar úttekt á aðgengi að gögnum fyrir þá mælikvarða sem lagðir hafa verið til grundvallar mælingum á framgangi þjóða gagnvart markmiðunum. Víst er að innleiðing Íslands er vel á veg komin samanborið við mörg önnur ríki heimsins. Áskoranir leynast þó víða og því er mikilvægt að til staðar sé sterk umgjörð og skýr stefna fyrir innleiðingu Heimsmarkmiðanna hérlendis svo þau megi verða að veruleika fyrir árið 2030.

Í því skyni eru í skýrslunni lagðar fram tillögur að forgangsmarkmiðum fyrir næstu ár innleiðingarinnar, bæði hérlendis og í alþjóðasamstarfi. Miðað er við að innleiðing markmiðanna hérlendis muni að stóru leyti fara fram í gegnum stefnumótun fyrir fjármálaáætlun en með þeim hætti er leitast við að tryggja samræmda stefnumótun milli málefnasviða með tengingu við fjármagn og þar með markvissa innleiðingu markmiðanna af hendi stjórnvalda. Eitt af meginstefjum markmiðanna er samvinna milli ólíkra hagsmunaaðila um innleiðingu þeirra. Með það að leiðarljósi er lagt til að skipuð verði ný verkefnastjórn um Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna með fulltrúum frá öllum ráðuneytum Stjórnarráðsins, Hagstofu Íslands og Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Vonast er til að efling þess vettvangs muni styrkja samráð og samvinnu um markmiðin enn frekar.



Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.03 2026

Segja má að ungmenni séu helstu hagsmunaaðilar markmiðanna, enda munu þau taka við keflinu þegar gildistími markmiðanna rennur sitt skeið. Því er rík áhersla lögð á að þeirra sjónarmið fái skýran hljómgrunn í vinnu stjórnvalda tengdri markmiðunum. Í því skyni hefur verið stofnað ungmennaráð Heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna með fulltrúum víðast hvar af landinu. Ungmennaráðið hefur það að meginmarkmiði að vekja athygli á Heimsmarkmiðunum hérlendis og jafnframt að veita stjórnvöldum, í gegnum verkefnastjórnina, aðhald og ráðgjöf við innleiðingu þeirra. Fleiri samstarfsverkefni eru hafin eða í bígerð en verkefnastjórnin leggur jafnframt til að opnuð verði samráðsgátt á vef Stjórnarráðsins um Heimsmarkmiðin.  Talið er að sú gátt muni nýtast sem vettvangur fyrir upplýsingagjöf til stjórnvalda en jafnframt sem frjór jarðvegur fyrir nýsköpun og samstarf um markmiðin.

Ísland mun kynna innleiðingu sína á Heimsmarkmiðunum á „High Level Political Forum on Sustainable Development" (HLPF), ráðherrafundi hjá Sameinuðu þjóðunum í New York í júlí 2019. Um er að ræða fyrstu kynningu Íslands á þessum æðsta eftirfylgnivettvangi markmiðanna en mælst er fyrir um að þjóðir heimsins greini reglulega frá innleiðingu sinni út gildistíma þeirra. Lögð verður sérstök áhersla á aðkomu ólíkra hagsmunaaðila að kynningunni en undirbúningur hennar mun jafnframt fela í sér áframhaldandi kynningu á markmiðunum fyrir almenningi, átak í öflun gagna fyrir mælikvarða markmiðanna og markvissa innleiðingu markmiðanna í stefnur og áætlanir stjórnvalda. Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna gætu orðið eitt stærsta framfaraskref þjóða heimsins ef þau ná fram að ganga. Sjálfbær þróun er lykillinn að farsælli framtíð mannkyns og því munu stjórnvöld beita sér af krafti fyrir framgangi Heimsmarkmiðanna bæði á innlendum og alþjóðlegum vettvangi til ársins 2030.

Skjal sótt af '00000000' dags: 25.03.2026

[71] International Council for Science, 2017, A Guide to SDG Interactions: From Science to Implementation.
[72] International Council for Science, 2017, A Guide to SDG Interactions: From Science to Implementation.
[73] Stjórnarráð Íslands, Þingsályktun um fjármálaáætlun fyrir árin 2019-2023, www.stjornarradid.is
[74] Embætti landlæknis, 2017. *Heilsueflandi samfélag*, www.landlaeknir.is.

VIÐAUKI 1

# TÖLFRÆÐI HEIMSMARKMIÐANNA

**Í viðauka þessum er dregin upp tölfræðileg svipmynd af Íslandi út frá þeim viðmiðum sem lögð hafa verið til grundvallar Heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna. Eins og áður hefur komið fram hafa 232 mælikvarðar verið lagðir til grundvallar til að meta með samhæfðum hætti stöðu þjóða gagnvart Heimsmarkmiðunum. Fyrir þessa stöðuskýrslu hafa verið teknir saman 67 af þeim 164 mælikvörðum sem hvíla á skilgreindri aðferðafræði. Það er ágætis byrjun enda talsvert í land að fyrir liggi fullnægjandi skilgreiningar á öllum mælikvörðunum á alþjóðavísu auk þess sem mikið samhæfingar- og gæðastarf hefur verið innt af hendi til að leggja traustan tölfræðilegan grunn til lengri tíma fyrir verkefnið. Hagstofa Íslands var verkefnastjórn Heimsmarkmiðanna til ráðgjafar við samantekt á tölfræðiupplýsingunum. Jafnframt var leitað til fræðasamfélagsins og Stofnun Sæmundar fróða við Háskóla Íslands fengin til að leiða gæðamat okkar færustu fræðimanna á þeim upplýsingum sem lagðar eru til grundarvallar mati á stöðu Íslands.**

Vinnan á alþjóðavettvangi við að skilgreina og lýsa tölfræðilegum mælikvörðum Sameinuðu Þjóðanna heldur áfram og mun gefa af sér sífellt ítarlegri mynd af stöðu þjóða gagnvart Heimsmarkmiðunum. Fyrir Ísland eru meðfylgjandi 67 mælikvarðar ágætis upphafspunktur fyrir almenna umræðu og til að glöggva sig á stöðu Íslands. Framundan er að styrkja tölfræðilegar stoðir Heimsmarkmiðanna með það að markmiði að draga upp enn skýrari mynd af stöðu Íslands.

Upplýsingarnar í viðaukanum eru byggðar á þeim gögnum og upplýsingum sem fyrir lágu við skrif hans. Þau hafa verið dregin saman í greiningarskjal á ábyrgð Hagstofu Íslands, sem hluti af aðkomu hennar að verkefnastjórn um Heimsmarkmiðin. Gagna- og upplýsingasöfnunin er áframhaldandi og í þróun. Tölfræðiviðaukinn og greiningarskjalið sem hann byggist á verða uppfærð eftir því sem frekari gögn og upplýsingar berast. Í flestum tilfellum þar sem niðurstaðan er sú að gögnum er ekki safnað kerfisbundið um mælikvarða, og því ekki aðgengileg, er ástæða til að kanna frekar möguleika á að draga saman gögn og upplýsingar um mælikvarðann.

## MARKMIÐ 1 – Engin fátækt

Undir Heimsmarkmið 1 falla sjö undirmarkmið sem mæld eru með fjórtán mælikvörðum. Af þessum fjórtán mælikvörðum hvíla tíu á skilgreindri aðferðafræði en skilgreiningar liggja ekki fyrir varðandi fjóra þeirra, þ.e. mælikvarða:

- *1.4.1 Hlutfall íbúa sem búa í húsnæði með aðgangi að grunnþjónustu.*
- *1.a.1 Hlutfall innlendra úrræða sem stjórnvöld úthluta beint til áætlana um að draga úr fátækt.*
- *1.a.3 Heildarfjárhæð allra styrkja og óafturkræfra fjárveitinga sem veitt er beint til áætlana um að draga úr fátækt, sem hlutfall af vergri landsframleiðslu.*
- *1.b.1 Hlutfall opinberra rekstrar- og stofnkostnaðarfjárveitinga til atvinnugreina sem konur, fátækir og viðkvæmir hópar njóta umfram aðra.*

Af þeim mælikvörðum sem hvíla á skilgreindri aðferðafræði eru fimm sem gögnum er ekki safnað um á reglubundinn hátt að svo stöddu. Þeir eru:

- *1.4.2 Hlutfall allra fullorðinna íbúa með örugg leiguréttindi á landi, með lagalega viðurkennd gögn og sem meta réttindi sín til lands sem örugg, eftir kyni og tegund ábúðar.*

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.03.2026

- *1.5.1 Fjöldi dauðsfalla, týndra einstaklinga og fólks sem orðið hefur fyrir beinum áhrifum af völdum hamfara á hverja 100.000 íbúa.*
- *1.5.2 Beint efnahagslegt tap í tengslum við hamfarir miðað við verga landsframleiðslu.*
- *1.5.3 Fjöldi landa sem hafa samþykkt og komið til framkvæmda innlendum áætlunum um að draga úr áhrifum hamfara í samræmi við Sendai-rammaáætlunina um forvarnir gegn náttúruvá 2015-2030.*
- *1.5.4 Hlutfall sveitarstjórna sem hafa samþykkt og komið til framkvæmda staðbundnum áætlunum um að draga úr áhrifum hamfara í samræmi við innlendar áætlanir um það.*

Verið er að kanna fýsileika þess að greina þrjá mælikvarða á grundvelli fyrirliggjandi gagna:

- *1.2.2 Hlutfall karla, kvenna og barna á öllum aldri, sem búa við fátækt í öllum sínum birtingarmyndum samkvæmt skilgreiningum í hverju landi.*
- *1.3.1 Hlutfall íbúa sem njóta félagslegrar lágmarksverndar/félagslegra verndarkerfa, eftir kyni, þar sem greint er á milli barna, atvinnulausra einstaklinga, eldri borgara, fatlaðra, barnshafandi kvenna, nýbura, fórnarlamba vinnuslysa og fátækra og annarra í viðkvæmri stöðu.*
- *1.a.2 Hlutfall heildarútgjalda hins opinbera til nauðsynlegrar þjónustu (menntunar, heilbrigðismála og félagsverndar).*

Þá var það metið svo að einn mælikvarði eigi ekki við á Íslandi:

- *1.1.1 Hlutfall íbúa undir alþjóðlegum fátæktarmörkum eftir kyni, aldri, atvinnustöðu og landfræðilegri staðsetningu (þéttbýli/dreifbýli).*

Gögn liggja fyrir um einn mælikvarða:

- *1.2.1 Hlutfall íbúa undir innlendum fátæktarmörkum, eftir kyni og aldri.*

*1.2.1 Hlutfall íbúa undir innlendum fátæktarmörkum, eftir kyni og aldri.*

Á Íslandi eru engin opinber fátæktarmörk en hefð hefur skapast fyrir því að horfa til lágtekjumarka sem eru skilgreind sem tekjur undir 60% af miðgildi ráðstöfunartekna allra íbúa landsins á ársgrundvelli. Sú mæling endurspeglar einkum þá hugmynd að fátækt sé afstæð, þ.e. að fátækt sé skortur eða útilokun sem leiðir af lágum tekjum og að fólk undir ofangreindum mörkum hafi þannig ekki nægar bjargir til að njóta þeirra lífsgæða sem teljast eðlileg í því samfélagi sem það býr.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.03.2026

## Mynd 1. Lágtekjuhlutfall í Evrópu 2016, allir og börn




Mynd 1 sýnir lágtekjuhlutföll Evrópulanda árið 2016, bæði fyrir alla íbúa landsins og fyrir börn 17 ára og yngri. Hvað varðar alla íbúa landsins er hlutfallið lægst á Íslandi en þegar kemur að börnum mælist hlutfallið ögn lægra í Danmörku og Finnlandi.

## Mynd 2. Lágtekjuhlutfall á Íslandi yfir tíma, allir, karlar, konur og börn




Mynd 2 sýnir þróun lágtekjuhlutfallsins á Íslandi á tímabilinu 2004-2016. Það er athyglivert að lágtekjuhlutfallið lækkar í kjölfar hrunsins á sama tíma og lífskjör alls þorra almennings versnuðu. Ástæðan er sú að tekjur millitekjuhópsins drógust meira saman en lágtekjuhópanna. Þetta dregur fram mikilvægan eiginleika þessarar mælingar, að hana er aðeins hægt að túlka út frá hugmyndum um afstæðan skort en ekki sem vísbendingu um fátækt í neinum algildum skilningi enda ljóst að fátækt jókst í kjölfar hrunsins ef lágtekjumörkin væru skilgreind út frá föstu viðmiði um kaupmátt fremur en að hreyfast með þróun tekna. Að sama skapi er nauðsynlegt að hafa fyrirvara á fjölþjóðlegum samanburðum á lágtekjuhlutföllum, sér í lagi á milli landa sem búa við mjög mismunandi hagsæld enda ljóst að lífskjör fólks undir lágtekjumörkum í efnaminni löndum eru önnur og verri en sama hóps í þeim efnameiri.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.03 2026

## Markmið 2 – Ekkert hungur

Undir Heimsmarkmið 2 falla sjö undirmarkmið sem eru mæld með þrettán mælikvörðum. Þar af eru þrír án skilgreindrar aðferðafræði:

- *2.3.1 Framleiðslumagn á starfseiningu, flokkað eftir umfangi búskapar/ hjarðmennsku/skógræktar.*
- *2.3.2 Meðaltekjur lítilla matvælaframleiðenda, eftir kyni og hvort um frumbyggja er að ræða.*
- *2.4.1 Hlutfall landbúnaðarsvæðis til framleiðslu og sjálfbærs landbúnaðar.*

Af þeim mælikvörðum sem hvíla á skilgreindri aðferðafræði eru þrír sem gögnum er ekki safnað um á reglubundinn hátt að svo stöddu. Þeir eru:

- *2.1.2 Algengi nokkurs eða alvarlegs fæðuóöryggis hjá þjóðinni, byggt á Mælikvarðanum um fæðuóöryggi (FIES - Food Insecurity Experience Scale).*
- *2.c.1 Mælikvarði fyrir frávik í matvælaverði.*
- *2.5.1 Fjöldi erfðaauðlinda plantna og dýra á sviði matvæla og landbúnaðar sem komið hefur verið tryggilega fyrir í varðveisluaðstöðu til meðallangs og langs tíma.*

Undirbúningur gagnaöflunar er varðar mælikvarða 2.5.1 er hafin.

Verið er að kanna fýsileika þess að greina fjóra mælikvarða á grundvelli fyrirliggjandi gagna:

- *2.1.1 Algengi vannæringar.*
- *2.2.1 Algengi kyrkings í vexti (hæð m.v. aldur <-2 staðalfrávik frá meðaltali Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar (WHO)) meðal barna undir 5 ára aldri.*
- *2.2.2 Algengi lélegs næringarástands (þyngd m.v. hæð >+2 eða <-2 staðalfrávik frá meðaltali barnavaxtarstuðuls Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar) meðal barna undir 5 ára aldri, eftir tegund (vanþrif og ofþyngd).*
- *2.a.2 Heildartilfærslur hins opinbera (opinber þróunaraðstoð að viðbættum öðrum opinberum tilfærslum) til landbúnaðargeirans.*

Þá var það metið svo að einn mælikvarði eigi ekki við á Íslandi:

- *2.a.1 Leitnistuðull fyrir landbúnað í útgjöldum hins opinbera.*

Alls liggja fyrir gögn um tvo mælikvarða:

- *2.5.2 Hlutfall staðbundinna tegunda sem metnar eru í hættu, ekki í hættu eða á óvissustigi m.t.t. útrýmingar.*
- *2.b.1 Útflutningsstyrkir vegna landbúnaðarafurða.*

*2.5.2 Hlutfall staðbundinna tegunda sem metnar eru í hættu, ekki í hættu eða á óvissustigi m.t.t. útrýmingar.*

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.03 2026

Mælikvarði 2.5.2 fjallar um innlenda búfjárstofna í hættu. Gögn þar um eru tiltæk hjá Landbúnaðarháskóla Íslands (LBHI). Alls eru skilgreindir sex búfjárstofnar en fjórtán ef fuglar eru taldir með. Þar af eru tveir í hættu, þ.e. geitur og forystufé.

2.b.1 Útflutningsstyrkir vegna landbúnaðarafurða

Þessi mælikvarði fjallar um stuðning við útflutning. Á Íslandi er ekki um að ræða stuðning við útflutning en það eru til staðar innflutningshindranir sem virka á sama veg. Það sama á við um markaðsstuðning við innanlandsafurðir.

## MARKMIÐ 3 – Góð heilsa og vellíðan

Undir Heimsmarkmið 3 falla þrettán undirmarkmið sem eru mæld með samtals 27 mælikvörðum. Þar af eru tveir mælikvarðar án skilgreindrar aðferðafræði:

- 3.5.1 *Umfang meðferðarinngrips (lyfjafræðilegrar, sálfélagslegrar og endurhæfingar- og eftirmeðferðarþjónustu) vegna vanda af völdum lyfjamisnotkunar.*
- 3.b.3 *Hlutfall heilbrigðisstarfsstöðva sem búa yfir grunnbirgðum af viðeigandi nauðsynlegum lyfjum á viðráðanlegu verði á sjálfbærum grunni.*

Af þeim mælikvörðum sem hvíla á skilgreindri aðferðafræði eru tveir sem gögnum er ekki safnað um á reglubundinn hátt að svo stöddu:

- 3.8.1 *Umfang nauðsynlegrar heilbrigðisþjónustu (skilgreint sem meðalumfang nauðsynlegrar þjónustu á grundvelli gátunaríhlutana sem taka til frjósemisheilbrigðis og heilbrigðis mæðra, nýbura og barna, smitsjúkdóma, smitlausra sjúkdóma, og þjónustugetu og aðgengis almennings og þeirra samfélagshópa sem standa höllustum fæti).*
- 3.b.1 *Hlutfall markþýðis sem fengið hefur allar bólusetningar samkvæmt viðkomandi landsáætlun.*

Verið er að kanna fýsileika þess að greina átta mælikvarða á grundvelli fyrirliggjandi gagna:

- 3.1.2 *Hlutfall fæðinga þar sem faglærðir heilbrigðisstarfsmenn eru til staðar.*
- 3.3.5 *Fjöldi einstaklinga sem þarfnast inngrips vegna vanmeðhöndlaðra hitabeltissjúkdóma.*
- 3.8.2 *Hlutfall íbúa með mikil útgjöld vegna heilbrigðismála sem hlutfall af heildarútgjöldum- eða tekjum heimilis.*
- 3.9.1 *Dánartíðni sem rekja má til loftmengunar á heimilum og í andrúmslofti.*
- 3.9.2 *Dánartíðni sem rekja má til mengaðs vatns, lélegrar salernisaðstöðu og skorts á hreinlæti (ófullnægjandi aðgangur að hreinu vatni, salernisaðstöðu og hreinlæti, WASH-þjónustu).*
- 3.9.3 *Dánartíðni sem rekja má til eitrana af vangá.*
- 3.c.1 *Þéttleiki og dreifing heilbrigðisstarfsmanna.*
- 3.d.1 *Geta og viðbúnaður gegn heilbrigðisvá samkvæmt alþjóðlegum heilbrigðisreglum (IHR).*

Skjal sótt af '00000000' dags: 25.03 2026

Alls liggja fyrir gögn um fimmtán mælikvarða:

- *3.1.1 Dánarhlutfall mæðra.*
- *3.2.1 Dánartíðni barna undir 5 ára aldri.*
- *3.2.2 Dánartíðni nýbura.*
- *3.3.1 Fjöldi nýrra HIV-sýkinga á hverja 1.000 ósýkta landsmenn, eftir kyni, aldri og helstu samfélagshópum.*
- *3.3.2 Nýgengi berkla á hverja 100.000 íbúa.*
- *3.3.3 Nýgengi malaríu á hverja 100.000 íbúa.*
- *3.3.4 Nýgengi lifrarbólgu B á hverja 100.000 íbúa.*
- *3.4.1 Dánartíðni af völdum hjarta- og æðasjúkdóma, krabbameins, sykursýki eða langvinnra öndunarfærasjúkdóma.*
- *3.4.2 Dánartíðni af völdum sjálfsvíga.*
- *3.5.2 Skaðleg notkun áfengis, skilgreint út frá innlendu samhengi sem áfengisnotkun á mann (15 ára og eldri) innan almanaksárs, í lítrum af hreinu áfengi.*
- *3.6.1 Dánartíðni af völdum umferðarslysa.*
- *3.7.1 Hlutfall kvenna á barneignaaldri (15-49 ára) sem fá fullnægjandi og nútímalega þjónustu m.t.t. fjölskylduáætlanagerðar.*
- *3.7.2 Fæðingartíðni meðal unglingsstúlkna (10-14 ára annars vegar og 15-19 ára hins vegar) á hverjar 1.000 stúlkur í viðkomandi aldurshópi.*
- *3.a.1 Útbreiðsla tóbaksnotkunar eftir aldurshópum hjá 15 ára og eldri.*
- *3.b.2 Samanlögð nettóþróunaraðstoð opinberra aðila til rannsókna í læknisfræði og helstu heilbrigðisgreina.*

### *3.1.1 Dánarhlutfall mæðra.*

Samkvæmt tölum frá Embætti landlæknis voru á tímabilinu 2000-2017 skilgreind tvö tilvik af mæðradauða. Þar er um að ræða dauðsföll þar sem tengslin við meðgöngu og fæðingu eru augljós. Þar sem mæðradauði er mjög sjaldgæfur á Íslandi er ekki rétt að reikna hann niður á tiltekinn fjölda fæðinga eða ár.

### *3.2.1 Dánartíðni barna undir 5 ára aldri.*

Hagstofan safnar og birtir árlega þær upplýsingar sem liggja til grundvallar þessum mælikvarða og hefur gert síðan 1971. Markmið Sameinuðu þjóðanna er að fjöldi dauðsfalla sé undir 25 á hverja 100 þúsund íbúa. Ísland náði því markmiði áður en skipulagðar skráningar hófust. Á tímabilinu 1975 til 2016 lækkaði tíðnin umtalsvert, úr 16,7 í tæplega tvö á hverja þúsund íbúa landsins.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.03.2026

**Mynd 3. Dánartíðni barna undir 5 ára aldri, andlát á hverja 1000 einstaklinga.**




*3.2.2 Dánartíðni nýbura.*

Hagstofan heldur utan um þau gögn sem liggja til grundvallar þessum mælikvarða og hefur safnað þeim árlega frá 1951. Markmið Sameinuðu þjóðanna er að færri en 12 börn á hver þúsund fædd deyi innan 28 daga frá fæðingu. Ísland náði því markmiði áður en skipulagðar skráningar hófust og árið 2016 lést minna en eitt barn á hverjar 1000 fæðingar en árið 2000 var tíðnin 2,5 börn.

**Mynd 4. Fjöldi nýburadauða á hver 1000 fædd börn**




*3.3.1 Fjöldi nýrra HIV-sýkinga á hverja 1.000 ósýkta landsmenn, eftir kyni, aldri og helstu samfélagshópum.*

Embætti landlæknis hefur safnað gögnum um nýgengi HIV smita frá árinu 1983. Árið 2016 voru það átta á hver 100.000, þ.e. 27 einstaklingar, og er það hæsta tala frá því skráning hófst. Nýgengi hefur nær alltaf verið hærra hjá körlum en konum.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.03 2026

**Mynd 5. Fjöldi nýskráðra HIV smita á hverja 100 þúsund íbúa.**




### *3.3.2 Nýgengi berkla á hverja 100.000 íbúa.*

Embætti landlæknis safnar gögnum um nýgengi berkla og eru gagnasöfn með upplýsingum frá 1997 aðgengileg. Árið 2015 voru átta einstaklingar greindir með berkla og árið 2016 voru þeir sex. Nýgengi er því í kringum tvo á hverja 100 þúsund ósmitaða íbúa.

### *3.3.3 Nýgengi malaríu á hverja 100.000 íbúa.*

Embætti landlæknis safnar gögnum um greind malaríusmit á Íslandi og gögn eru aðgengileg aftur til ársins 1997. Árið 2015 var einn einstaklingur greindur með malaríu og árið 2016 voru þeir tveir. Nýgengi er því næstum því núll einstaklingar á hverja 100 þúsund ósmitaða íbúa.

### 3.3.4 Nýgengi lifrarbólgu B á hverja 100.000 íbúa.

Embætti landlæknis safnar gögnum um nýgengi lifrarbólgu B og ná gögnin aftur til 1997. Árið 2015 greindust sautján einstaklingar með lifrabólgu B og árið 2016 voru það 59. Nýgengi var því í kringum fimm á hver 100 þúsund ósmitaða íbúa árið 2015 og átján á árið 2016.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.03.2026

**Mynd 6. Fjöldi greindra tilfella af malaríu, berklum og lifrarbólgu B á hverja 100 þúsund ósmitaða íbúa.**




*3.4.1 Dánartíðni af völdum hjarta- og æðasjúkdóma, krabbameins, sykursýki eða langvinnra öndunarfærasjúkdóma.*

Embætti landlæknis safnar gögnum um dánarmein, þ.m.t. um ótímabær andlát vegna sjúkdóma annarra en smitsjúkdóma. Árið 2016 var fjöldi slíkra dauðsfalla um 461 á hverja 100 þúsund íbúa landsins og hafði ekki verið hærri síðan árið 2002.

**Mynd 7. Fjöldi dauðsfalla af völdum hjarta- og æðasjúkdóma, krabbameina, sykursýki og öndunarfærasjúkdóma á hverja 100 þúsund íbúa.**




*3.4.2 Dánartíðni af völdum sjálfsvíga.*

Embætti landlæknis safnar gögnum um dauðsföll af völdum sjálfsvíga og vísvitandi sjálfsskaða. Árið 2016 var um 40 tilfelli að ræða.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.03 2026

**Mynd 8. Fjöldi dauðsfalla af völdum sjálfsvíga og vísvitandi sjálfsskaða.**




*3.5.2 Skaðleg notkun áfengis, skilgreint út frá innlendu samhengi sem áfengisnotkun á mann (15 ára og eldri) innan almanaksárs, í lítrum af hreinu áfengi.*

Mælikvarðinn gerir ráð fyrir því að til séu viðmið um skaðlega áfengisneyslu í hverju landi fyrir sig. Á Íslandi er ekkert slíkt opinbert viðmið og gögnum um áfengisneyslu einstaklinga ekki safnað árlega. Aftur á móti var spurt um áfengisneyslu í evrópsku heilsufarsrannsókninni sem var framkvæmd af Hagstofunni haustið 2015. Í gögnum heilsufarsrannsóknarinnar er að finna mælingu á tíðni óhóflegrar drykkju, en óhófleg drykkja er skilgreind sem neysla 60 gramma af hreinum vínanda í einni setu sem jafngildir 3 stórum bjórum eða 5 vínglösum.

**Mynd 9. Hlutfall fólks sem neytti áfengis í óhóflegu magni einusinni í mánuði eða oftar. Evrópulönd 2014 og 2015.**




Árið 2015 neytti um fjórðungur íbúa landsins áfengis í óhóflegu magni a.m.k. einu sinni í mánuði eða oftar. Tíðnin var hæst í Noregi og Danmörku, eða 44% og 37,4%. Ísland var þó ofan við meðaltal Evrópusambandsins, sem var tæplega 20%. Ef aðeins er horft til þeirra sem neyta áfengis í óhóflegu magni í hverri viku þá var staðan önnur, en Ísland var þá með áttunda lægsta hlutfallið.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.03.2026

*3.6.1 Dánartíðni af völdum umferðarslysa.*

Embætti landlæknis heldur dánarmeinaskrá og Hagstofa Íslands birtir tölfræði á grundvelli hennar. Þó nokkrar sveiflur eru í fjölda andláta af völdum umferðarslysa frá ári til árs en leitnin hefur verið niður á við frá aldamótum og var lægst árið 2014, þá fjögur dauðsföll, en hæst árið 2000, þá 32 dauðsföll.

**Mynd 10. Fjöldi látinna í umferðarslysum 1981-2016**




*3.7.1 Hlutfall kvenna á barneignaaldri (15-49 ára) sem fá fullnægjandi og nútímalega þjónustu m.t.t. fjölskylduáætlanagerðar.*

Gögnum um mælikvarðann er ekki markvisst safnað en leiða má líkur að því að hlutfallið sé 100%.

*3.7.2 Fæðingartíðni meðal unglingsstúlkna (10-14 ára annars vegar og 15-19 ára hins vegar) á hverjar 1.000 stúlkur í viðkomandi aldurshópi.*

Hagstofa Íslands birtir tölur um fæðingartíðni og þ.m.t. sundurgreinda eftir aldri móður. Fæðingatíðni hjá 15-19 ára hefur lækkað frá úr 22,8 á hverjar 1000 konur á sama aldri árið 2000 í 6,5 árið 2016. Fæðingatíðni stúlkna 14 ára og yngri er núll það sem af er þessari öld en þó hendir það stöku ár að svo ungar stúlkur eignist barn.

Skjal sótt af '00000000' dags: 25.03 2026

**Mynd 11. Fæðingartíðni 10-14 ára og 15-19 ára á hverjar 1000 stúlkur á sama aldri.**




*3.a.1 Útbreiðsla tóbaksnotkunar eftir aldurshópum hjá 15 ára og eldri.*

Hagstofa Íslands birtir tölur um hlutfall þeirra sem reykja daglega. Hlutfallið hefur lækkað jafnt og þétt á undanförnum áratugum, úr 33% árið 1987 í 11% árið 2015. Almennt er ekki tölfræðilega marktækur munur á konum og körlum.

**Mynd 12. Hlutfall fólks á aldrinum 15-79 ára sem reykir daglega.**

*3.b.2 Samanlögð nettóþróunaraðstoð opinberra aðila til rannsókna í læknisfræði og helstu heilbrigðisgreina.*

Ísland veitir ekki þróunaraðstoð á sviði rannsókna til læknisfræði og helstu heilbrigðisgreina sérstaklega, þó ákveðinn hluti þróunarsamvinnu tengist heilsugeiranum.

## MARKMIÐ 4 – Menntun fyrir alla

Undir Heimsmarkmið 4 falla tíu undirmarkmið sem eru mæld með ellefu mælikvörðum. Þar af eru þrír mælikvarðar án skilgreindrar aðferðafræði:

- 4.1.1 *Hlutfall barna og ungmenna a) í 2. og 3. bekk, b) við lok grunnskóla, c) við lok framhaldsskóla sem náð hefur a.m.k. lágmarksfærni í i. lestri og ii. stærðfræði, eftir kyni.*
- 4.2.1 *Hlutfall barna undir 5 ára aldri sem eru með eðlilegan þroska hvað varðar heilbrigði, nám og sálfélagslega vellíðan, eftir kyni.*
- 4.7.1 *Að hvaða marki i. menntun í heimsborgararétti og ii. menntun í sjálfbærri þróun, þ.m.t. í kynjajafnrétti og mannréttindum, hefur verið felld inn á öllum stigum í a) innlendar menntunaráætlanir, b) námskrár, c) kennaramenntun og d) mat á nemendum.*

Verið er að kanna fýsileika þess að greina fjóra mælikvarða á grundvelli fyrirliggjandi gagna:

Skjal sótt af '000000000' dags: 25.03 2026

- *4.2.2 Þátttökuhlutfall í skipulögðu námi (ári áður en opinberum aldri til grunnskólanáms er náð), eftir kyni.*
- *4.3.1 Þátttökuhlutfall ungmenna og fullorðinna í formlegu og óformlegu námi og þjálfun á síðastliðnum 12 mánuðum, eftir kyni.*
- *4.5.1 Jöfnuðarvísar (konur/karlar, dreifbýli/þéttbýli, fátækasti/ríkasti fimmtungur og aðrir hópar, s.s. öryrkjar, frumbyggjar og þeir sem hafa orðið fyrir barðinu á átökum, eftir því sem gögn verða tiltæk), fyrir alla menntavísa í þessari skrá sem unnt er að aðgreina.*
- *4.6.1 Hlutfall íbúa í tilteknum aldurshópi sem náð hafa a.m.k. ákveðinni verkfærni í a) læsi og b) tölulæsi, eftir kyni.*

Alls liggja fyrir gögn um fjóra mælikvarða:

- *4.4.1 Hlutfall ungmenna og fullorðinna sem búa yfir upplýsinga- og fjarskiptatækniþekkingu, eftir tegund þekkingar.*
- *4.a.1 Hlutfall skóla með aðgengi að a) rafmagni, b) Netinu til kennslu, c) tölvum til kennslu, d) aðlöguðum innviðum og námsgögnum fyrir fatlaða nemendur, e) drykkjarhæfu vatni, f) aðskilinni salernisaðstöðu fyrir kynin og g) handþvottaaðstöðu (sbr. skilgreiningar WASH-vísisins).*
- *4.b.1 Umfang opinberrar þróunaraðstoðar til skólastyrkja eftir sviðum og námsgreinum.*
- *4.c.1 Hlutfall kennara í: a) forskólum, b) grunnskólum, c) neðri bekkjum framhaldsskóla, d) efri bekkjum framhaldsskóla sem notið hafa a.m.k. skipulegrar lágmarksþjálfunar fyrir kennara (þ.e. í kennslufræðum) áður en starf hefst eða í starfi, sem krafist er til kennslu á viðkomandi skólastigi í tilteknu landi.*

*4.4.1 Hlutfall ungmenna og fullorðinna sem búa yfir færni í upplýsinga- og fjarskiptatækni, eftir tegund þekkingar*

Hagstofa Íslands safnar upplýsingum um færni fólks á ýmsum sviðum upplýsingatækni sem hluta af samevrópskri rannsókn Information Society Statistics. Hagstofan hóf þessa gagnasöfnun aftur árið 2017 eftir nokkurra ára hlé. Í rannsókninni er slík færni greind í fjóra þætti, þ.e. 1) öflun og varðveisla upplýsinga; 2) samskipti; 3) kerfisfærni; og 4) hugbúnaður. Færni fólks á hverju sviði er metin á þríkosta skala: 1) skortir grunnfærni; 2) grunnfærni; 3) meira en grunnfærni. Að lokum er búinn til samsettur mælikvarði á almennri færni sem tekur mið af færni fólks á ólíkum sviðum .

Það eru tengsl á milli aldurs fólks og færni við notkun upplýsingatækni, þ.e. nær allir undir 45 ára aldri hafa grunnfærni á öllum sviðum en svo minnkar færnin á hverju aldursbili þar fyrir ofan. Engu að síður er grunnfærni á öllum sviðum almenn í eldri aldurshópunum.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.03.2026

**Mynd 13. Hlutfall fólks sem hefur a.m.k. almenna grunnfærni á tilteknum sviðum upplýsingatækninotkunar eftir aldri 2017.**




**Mynd 14. Hlutfall fólks með a.m.k. almenna grunnfærni við notkun tölvu- og upplýsingatækni 2017.**




Niðurstöður evrópsku upplýsingatæknirannsóknarinnar benda til þess að Ísland standi nokkuð vel hvað varðar almenna grunnfærni við notkun upplýsingatækni, en Ísland og Lúxemborg eru saman á toppi listans árið 2017 með 85%.

*4.a.1 Hlutfall skóla með aðgengi að a) rafmagni, b) Netinu til kennslu, c) tölvum til kennslu, d) aðlöguðum innviðum og námsgögnum fyrir fatlaða nemendur, e) drykkjarhæfu vatni, f) aðskilinni salernisaðstöðu fyrir kynin og g) handþvottaaðstöðu (sbr. skilgreiningar WASH-vísisins).*

Gögnum um mælikvarðann er ekki markvisst safnað en leiða má líkur að því að hlutfallið sé 100%.

*4.b.1 Umfang opinberrar þróunaraðstoðar til skólastyrkja eftir sviðum og námsgreinum.*

Skjal sótt af '000000000' dags: 25.03.2026

Árið 2016 fóru 582,7 milljónir íslenskra króna í hina fjóru skóla Sameinuðu þjóðanna sem reknir eru á Íslandi (Utanríkisráðuneytið).

*4.c.1 Hlutfall kennara í: a) forskólum, b) grunnskólum, c) neðri bekkjum framhaldsskóla, d) efri bekkjum framhaldsskóla sem notið hafa a.m.k. skipulegrar lágmarksþjálfunar fyrir kennara (þ.e. í kennslufræðum) áður en starf hefst eða í starfi, sem krafist er til kennslu á viðkomandi skólastigi í tilteknu landi.*

**Mynd 15. Hlutfall kennara í grunnskólum með kennsluréttindi og hlutfall starfsfólks í leikskólum með leikskólakennaramenntun, 1998-2016.**




Upplýsingar um menntun starfsfólks á mismunandi skólastigum eru birtar á vef Hagstofu Íslands. Allur þorri kennara í grunnskólum landsins hafa kennsluréttindi, eða 94,4% árið 2016. Hlutfallið hækkaði á milli 2008 og 2011, úr 84,8% í 95,5% en hefur síðan verið nokkuð stöðugt um eða yfir 95%. Hlutfall starfsfólks í leikskólum með leikskólakennaramenntun er þónokkuð lægra. Hlutfallið hækkaði á milli 2000 og 2013, úr 23,7% í 33,6%, en hefur lækkað síðan og árið 2016 var það 29,3%. Hagstofan birtir einnig tölur um hlutfall kennara á framhaldsskólastigi með kennsluréttindi en sem stendur hafa þær tölur ekki verið uppfærðar um allnokkurt skeið. Nýjustu tölurnar eru frá 2012 en þá voru 86,4% þeirra sem störfuðu við kennslu í framhaldsskólum með kennsluréttindi.

## MARKMIÐ 5 – Jafnrétti kynjanna

Undir Heimsmarkmið 5 falla níu undirmarkmið, sem mæld eru með samtals fjórtán mælikvörðum. Ekki liggur fyrir skilgreind aðferðafræði fyrir einn þeirra:

- *5.a.2 Hlutfall landa þar sem lagaramminn (þ.m.t. venjuréttur) tryggir jafnan rétt kvenna til eignarhalds á landi og/eða yfirráða.*

Af þeim mælikvörðum sem hvíla á skilgreindri aðferðafræði eru fjórir sem gögnum er ekki safnað um á reglubundinn hátt að svo stöddu:

- *5.3.2 Hlutfall stúlkna og kvenna á aldrinum 15-49 sem hafa undirgengist limlestingu/skurð á kynfærum sínum, eftir aldri.*



Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.03 2026

- *5.6.1 Hlutfall kvenna á aldrinum 15-49 ára sem taka eigin upplýstar ákvarðanir varðandi kynlíf, notkun getnaðarvarna og frjósemisheilbrigði.*
- *5.a.1 a) Hlutfall heildarmannfjölda í landbúnaði sem hefur eignarhald á eða öruggan rétt til landbúnaðarlands, eftir kyni, og b) hlutfall kvenna meðal eigenda eða rétthafa til landbúnaðarlands, eftir tegund ábúðar.*
- *5.c.1 Hlutfall landa með kerfi til að hafa eftirlit með og annast opinberar fjárveitingar til að stuðla að jafnrétti kynjanna og valdeflingu kvenna*

Verið er að kanna fýsileika þess að greina þrjá mælikvarða á grundvelli fyrirliggjandi gagna:

- *5.3.1 Hlutfall kvenna á aldrinum 20-24 ára sem giftust eða höfðu verið í sambandi fyrir 15 ára aldur og fyrir 18 ára aldur.*
- *5.5.2 Hlutfall kvenna í stjórnunarstöðum.*
- *5.b.1 Hlutfall einstaklinga sem eiga farsíma, eftir kyni.*

Alls liggja fyrir gögn um sex mælikvarða:

- *5.1.1 Hvort til staðar er lagarammi sem miðar að því að efla, framfylgja og hafa eftirlit með því hvort kynin njóti jafnréttis og að þeim sé ekki mismunað.*
- *5.2.1 Hlutfall kvenna og stúlkna eldri en 15 ára sem hafa verið í sambandi og orðið fyrir líkamlegu, kynferðislegu eða andlegu ofbeldi af hálfu núverandi eða fyrrverandi sambúðarmaka á síðastliðnum 12 mánuðum, eftir tegund ofbeldis og aldri.*
- *5.2.2 Hlutfall kvenna og stúlkna eldri en 15 ára, sem hafa orðið fyrir kynferðislegu ofbeldi af hálfu annarra en sambúðarmaka á síðastliðnum 12 mánuðum, eftir aldri og verknaðarstað.*
- *5.4.1 Hlutfall tíma sem varið er til ólaunaðra heimilis- og umönnunarstarfa, eftir kyni, aldri og staðsetningu.*
- *5.5.1 Hlutfall kvenna a) á þjóðþingum og b) í sveitarstjórnum.*
- *5.6.2 Fjöldi landa sem tryggja fullan og jafnan aðgang kvenna og karla eldri en 15 ára, með lagasetningu og reglum, að kyn- og frjósemisheilbrigðisþjónustu, upplýsingum og menntun.*

*5.1.1 Hvort til staðar er lagarammi sem miðar að því að efla, framfylgja og hafa eftirlit með því hvort kynin njóti jafnréttis og að þeim sé ekki mismunað.*

Lög um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008 hafa það að markmiði að koma á og viðhalda jafnrétti og jöfnum tækifærum kvenna og karla og jafna þannig stöðu kynjanna á öllum sviðum samfélagsins. Þau kveða jafnframt á um með hvaða hætti skuli efla, framfylgja og hafa eftirlit með því hvort kynin njóti jafnréttis og að þeim sé ekki mismunað.

*5.2.1 Hlutfall kvenna og stúlkna eldri en 15 ára sem hafa verið í sambandi og orðið fyrir líkamlegu, kynferðislegu eða andlegu ofbeldi af hálfu núverandi eða fyrrverandi sambúðarmaka á síðastliðnum 12 mánuðum, eftir tegund ofbeldis og aldri.*

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.03.2026

Embætti ríkislögreglustjóra safnar gögnum er lúta að þessum mælikvarða og hafa gert frá 2015. Ekki hafa verið birtar niðurstöður úr könnunum fyrir árin 2016 og 2017. Gögn byggja á árlegri könnun á reynslu landsmanna 18 ára og eldra á afbrotum á undangengnu ári og viðhorfum til lögreglu. Ártal er könnunarárið, en spurt er um undangengið ár. Hlutfall karla sem urðu fyrir heimilisofbeldi var 5,0% og hlutfall kvenna 5,0%.

*5.2.2 Hlutfall kvenna og stúlkna eldri en 15 ára, sem hafa orðið fyrir kynferðislegu ofbeldi af hálfu annarra en sambúðarmaka á síðastliðnum 12 mánuðum, eftir aldri og verknaðarstað.*

Embætti ríkislögreglustjóra safnar gögnum er lúta að þessum mælikvarða. Gögn byggja á árlegri könnun á reynslu landsmanna 18 ára og eldra á afbrotum á undangengnu ári og viðhorfum til lögreglu. Ártal er könnunarárið, en spurt er um undangengið ár. Í gögnum er ekki hægt að taka frá tilvik af hendi maka/fyrrum maka og eiga svörin því við um allt kynferðisofbeldi.

**Mynd 16. Hlutfall þeirra sem hafa orðið fyrir kynferðisbroti undangengið ár, eftir aldri**




**Mynd 17. Hlutfall þeirra sem hafa orðið fyrir kynferðisbroti undangengið árið**




Skjal sótt af '00000000' dags: 25.03.2026

*5.4.1 Hlutfall tíma sem varið er til ólaunaðra heimilis- og umönnunarstarfa, eftir kyni, aldri og staðsetningu.*

Ekki eru til alþjóðlega samanburðarhæf gögn um alla þætti mælikvarðans en sjá má skýrslu aðgerðarhóps Velferðarráðuneytis frá 2015 og könnun um vinnu aðstandenda fatlaðs fólks. Samkvæmt skýrslu aðgerðahópsins er ólaunuð vinna karla 9 klst. á viku og kvenna 13,5 klst. á viku.

*5.5.1 Hlutfall kvenna a) á þjóðþingum og b) í sveitarstjórnum.*

Hagstofa Íslands birtir tölfræði yfir kjörna fulltrúa, bæði til Alþingis og til sveitarstjórna. Hlutfall kvenna á Alþingi hefur aukist á síðustu áratugum og eftir kosningar 2016 var það 47,6% og hafði aldrei áður verið hærra. Í kosningunum 2017 lækkaði hlutfallið hinsvegar aftur í 38,1%.

Hlutfall kvenna í sveitarstjórnum hefur einnig aukist á síðustu áratugum. Eftir alþingis-kosningarnar 2017 var hlutfallið 44%. Hliðstæð þróun hefur átt sér stað í sveitarstjórnum nema hvað að þar hefur hlutfall kvenna vaxið mun jafnar en á þingi. Árið 2018 eru konur um 47% af kjörnum fulltrúum í sveitarstjórn.

**Mynd 18. Skipting kjörinna Alþingismanna eftir kyni**




Skjal sótt af '000000000' dags: 25.03.2026

**Mynd 19. Skipting kjörinna sveitarstjórnarfulltrúa eftir kyni**




*5.6.2 Fjöldi landa sem tryggja fullan og jafnan aðgang kvenna og karla eldri en 15 ára, með lagasetningu og reglum, að kyn- og frjósemisheilbrigðisþjónustu, upplýsingum og menntun.*

Lög um ráðgjöf og fræðslu varðandi kynlíf og barneignir og um fóstureyðingar og ófrjósemisaðgerðir nr. 25/1975 kveða á um framkvæmd ráðgjafar og fræðslu varðandi kynlíf og barneignir.

## MARKMIÐ 6 – Hreint vatn og salernisaðstaða

Undir Heimsmarkmið 6 falla sjö undirmarkmið, sem mæld eru með samtals ellefu mælikvörðum. Aðferðafræði hefur verið skilgreind fyrir alla mælikvarða. Af þeim mælikvörðum sem hvíla á skilgreindri aðferðafræði eru þrírsem gögnum er ekki safnað um á reglubundinn hátt að svo stöddu:

- *6.3.2 Hlutfall vatnshlota með góðum vatnsgæðum.*
- *6.4.1 Breyting á nýtni í vatnsnotkun með tímanum.*
- *6.6.1 Breyting á umfangi vatnstengdra vistkerfa með tímanum.*

Þá var það metið svo að tveir mælikvarðar eigi ekki við á Íslandi:

- *6.5.2 Hlutfall vatnasvæða þvert á landamæri þar sem samkomulag er til staðar um vatnsnotkun.*
- *6.a.1 Umfang opinberrar þróunaraðstoðar í tengslum við vatns- og hreinlætismál sem hluta af samræmdri útgjaldaáætlun stjórnvalda.*

Verið er að kanna fýsileika þess að greina þrjá mælikvarða á grundvelli fyrirliggjandi gagna:

- *6.4.2 Álag á vatnsbúskap: ferskvatn minnkar sem hlutfall af tiltækum ferskvatnsauðlindum.*

Skjal sótt af '00000000' dags: 25.03.2026

- *6.5.1 Að hvaða marki samþættri stjórnun vatnsauðlinda hefur verið komið til framkvæmda (0-100).*
- *6.b.1 Hlutfall sveitarstjórnareininga með samþykktar og virkar stefnur og verklagsreglur varðandi þátttöku staðbundinna samfélaga í stjórnun vatns- og hreinlætismála.*

Alls liggja fyrir gögn um þrjá mælikvarða:

- *6.1.1 Hlutfall íbúa sem búa við örugga vatnsveitu.*
- *6.2.1 Hlutfall íbúa sem nýtur öruggrar salernisaðstöðu, þ.m.t. handþvottaaðstöðu með sápu og vatni.*
- *6.3.1 Hlutfall skólps sem fær örugga meðhöndlun.*

*6.1.1 Hlutfall íbúa sem búa við örugga vatnsveitu.*

Gögnum um mælikvarðann er ekki markvisst safnað en leiða má líkur að því að hlutfallið sé 100%.

*6.2.1 Hlutfall íbúa sem nýtur öruggrar salernisaðstöðu, þ.m.t. handþvottaaðstöðu með sápu og vatni.*

Gögnum um mælikvarðann er ekki markvisst safnað en leiða má líkur að því að hlutfallið sé 100%.

*6.3.1 Hlutfall skólps sem fær örugga meðhöndlun.*

74% af skólpi fer í skólpmeðferð þar sem einhverskonar hreinsun fer fram (Samantekt um stöðu fráveitumála á Íslandi árið 2014. September 2017, 2.útg).

## MARKMIÐ 7 – Sjálfbær orka

Undir Heimsmarkmið 7 falla fimm undirmarkmið, sem mæld eru með samtals sex mælikvörðum. Einn þeirra eru enn án skilgreindrar aðferðafræði:

- *7.b.1 Fjárfestingar í orkunýtni sem hlutfall af vergri landsframleiðslu og fjárhæð beinnar erlendrar fjárfestingar í fjármagnsflutningum fyrir innviði og tækni í þjónustu á sviði sjálfbærrar þróunar.*

Af þeim mælikvörðum sem hvíla á skilgreindri aðferðafræði er einn sem gögnum er ekki safnað um á reglubundinn hátt að svo stöddu:

- *7.a.1 Alþjóðlegt fjárstreymi til þróunarlanda sem veitt er til rannsókna og þróunar á hreinni orku og framleiðslu á endurnýjanlegri orku, þ.m.t. í blönduðum kerfum.*

Alls liggja fyrir gögn um fjóra mælikvarða:

- *7.1.1 Hlutfall íbúa með aðgang að rafmagni.*
- *7.1.2 Hlutfall íbúa sem reiða sig fyrst og fremst á hreint eldsneyti og tækni.*
- *7.2.1 Hlutur endurnýjanlegrar orku í heildarorkunotkun.*
- *7.3.1 Orkukræfni mæld með tilliti til frumorku og vergrar landsframleiðslu.*



Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.03 2026

*7.1.1 Hlutfall íbúa með aðgang að rafmagni.*

*7.1.2 Hlutfall íbúa sem reiða sig fyrst og fremst á hreint eldsneyti og tækni.*

Orkustofnun hefur ekki aðgengilegar tölur um þessa mælikvarða, en leiða má líkur að því að hlutfallið sé 100%. Í alþjóðlega gagnagrunnurinn Global tracking framework sem vísað er í lýsigögnum SÞ er hlutfallið 100% í báðum tilfellum.

*7.2.1 Hlutur endurnýjanlegrar orku í heildarorkunotkun.*

Samkvæmt gögnum frá Orkustofnun sem Eurostat heldur utan um var hlutfallið 70,45% árið 2014, en samkvæmt alþjóðlega gagnagrunninum Global tracking framework sem vísað er í lýsigögnum SÞ var hlutfallið 76,42% árið 2014.

*7.3.1 Orkukræfni mæld með tilliti til frumorku og vergrar landsframleiðslu.*

Orkustofnun hefur ekki aðgengilegar tölur um þessa mælikvarða. Samkvæmt alþjóðlega gagnagrunninum Global tracking framework sem vísað er í lýsigögnum SÞ var það 18,18MJ árið 2014.

## MARKMIÐ 8 - Góð atvinna og hagvöxtur

Undir Heimsmarkmið 8 falla tólf undirmarkmið sem eru mæld með samtals sautján mælikvörðum. Þar af eru fjórir sem enn eru án skilgreindrar aðferðafræði:

- *8.4.1. Efnisspor, efnisspor á mann og efnisspor miðað við verga landsframleiðslu.*
- *8.8.2. Að hve miklu leyti nýtur launafólk réttinda á innlendum vettvangi (félagafrelsis og kjaraviðræðna) byggt á gögnum Alþjóðavinnumálastofnunarinnar (ILO) og innlendri löggjöf, eftir kyni og farandstöðu.*
- *8.9.2. Hlutfall starfa í sjálfbærri ferðaþjónustu af heildarstarfafjölda í ferðaþjónustu.*
- *8.b.1. Fyrirliggjandi mótuð og rekstrartæk innlend áætlun hvað varðar atvinnumál ungmenna, annaðhvort sem sérstök áætlun eða sem hluti af innlendri atvinnuáætlun.*

Af þeim mælikvörðum sem hvíla á skilgreindri aðferðafræði eru þrír sem gögnum er ekki safnað um á reglubundinn hátt að svo stöddu:

- *8.3.1. Hlutfall óformlegra starfa í öðru en landbúnaði, eftir kyni.*
- *8.4.2. Innlend efnisnotkun, innlend efnisnotkun á mann og innlend efnisnotkun miðað við verga landsframleiðslu.*

Þá var það metið svo að einn mælikvarðinn eigi ekki við á Íslandi:

- *8.7.1. Hlutfall og fjöldi barna á aldrinum 5-17 ára sem stundar barnavinnu, eftir kyni og aldri.*

Verið er að kanna fýsileika þess að greina þrjá mælikvarða á grundvelli fyrirliggjandi gagna:

Skjal sótt af '000000000' dags: 25.03.2026

- *8.2.1. Árlegur vaxtarhraði raunverulegrar vergrar landsframleiðslu á hvern vinnandi einstakling.*
- *8.5.1. Meðaltímakaup starfandi karla og kvenna, eftir starfi, aldri og fötluðum einstaklingum.*
- *8.8.1. Tíðni banvænna og óbanvænna starfstengdra áverka, eftir kyni og farandstöðu.*

Alls liggja fyrir gögn um sjö mælikvarða:

- *8.1.1. Árlegur vaxtarhraði raunverulegrar vergrar landsframleiðslu á mann.*
- *8.5.2. Atvinnuleysishlutfall eftir kyni, aldri og fötluðum einstaklingum.*
- *8.6.1. Hlutfall ungmenna (15-24 ára) sem stunda ekki nám, atvinnu eða eru í starfsþjálfun.*
- *8.9.1. Bein verg landsframleiðsla af ferðaþjónustu sem hlutfall af vergri heildarlandsframleiðslu og vaxtarhraða.*
- *8.10.1. a) Fjöldi viðskiptabankaútibúa á hverja 100.000 fullorðna einstaklinga og b) fjöldi hraðbanka á hverja 100.000 fullorðna einstaklinga.*
- *8.10.2. Hlutfall fullorðinna (15 ára og eldri) með reikning hjá banka eða öðrum fjármálastofnunum eða fargreiðslumiðlunarþjónustu.*
- *8.a.1. Aðstoð vegna viðskiptaskuldbindinga- og greiðslna.*

8.1.1. Árlegur vaxtarhraði raunverulegrar vergrar landsframleiðslu á mann.

**Mynd 20. Verg landsframleiðsla á mann 1946-2017, magnbreyting frá fyrra ári**




Hagstofa Íslands safnar gögnum og birtir tölur um landsframleiðslu. Landsframleiðsla á Íslandi hefur verið nokkuð sveiflukennd með hröðum vaxtarskeiðum og hörðum samdráttarskeiðum. Síðasta harða samdráttarskeiðið var á árunum 2008 til 2010 en mest þó árið 2009 þegar landsframleiðsla á mann dróst saman um 6,5%. Síðan þá hefur hagur þjóðarinnar vænkast en árið 2016 hækkaði landsframleiðsla á mann um 6%. Nokkuð hægði á vextinum en árið 2017 mældist hann rúmlega 1%.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.03.2026

*8.5.2 Atvinnuleysishlutfall eftir kyni, aldri og fötluðum einstaklingum.*

Hagstofa Íslands mælir atvinnuleysi. Almennt hefur atvinnuástandið á Íslandi verið gott í samanburði við nágrannalöndin, enda atvinnuþátttaka beggja kynja há og atvinnuleysi fremur fátítt og skammvinnt nema á afmörkuðum tímabilum. Atvinnuleysi jókst síðast að ráði í kjölfar hrunsins, úr 2,3% á ársgrundvelli árið 2007 í 7,6% árið 2010 en hefur lækkað jafnt og þétt síðan og árið 2017 mældist atvinnuleysi 2,8%. Ungt fólk býr á öllum tímum við aukna hættu á atvinnuleysi. Atvinnuleysi fólks á aldrinum 16-24 ára var hæst rúmlega 16% í kjölfar hrunsins en lækkaði nokkuð hratt og varð lægst árið 2016, eða 6,5%, en hækkaði í 7,9% árið 2017.

**Mynd 21. Atvinnuleysi eftir aldri, 1991-2017**




**Mynd 22. Atvinnuleysi eftir kyni og aldri, 2017**




Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.03 2026

*8.6.1 Hlutfall ungmenna (15-24 ára) sem stunda ekki nám, atvinnu eða eru í starfs-þjálfun.*

Þessi mælikvarði byggir á evrópsku vinnumarkaðsrannsókninni sem Hagstofa Íslands sér um innsöfnun á fyrir Ísland. Árið 2017 var hlutfall ungs fólks á aldrinum 15-24 ára sem stunda ekki nám, atvinnu eða starfsþjálfun hvergi lægra í Evrópu en á Íslandi, eða 3,9% samanborið við 10,9% að meðaltali í ríkjum Evrópusambandsins. Hlutfallið hækkaði allnokkuð í kringum hrunið, úr 4% árið 2007 í 7,7% árið 2009 en hefur lækkað síðan. Aftur á móti varð sú breyting við hrunið að kynjahlutföll snerust við. Á tímabilinu 2004-2008 mælist hlutfallið gjarnan hærra hjá konum en körlum en eftir 2008 mælist það hærra hjá körlum allt til 2017 þegar hlutfallið mælist svo gott sem jafnt.

**Mynd 23. Hlutfall fólks á aldrinum 15-24 ára sem stunda ekki nám, atvinnu eða starfsþjálfun (NEET) eftir kyni**




**Mynd 24. Hlutfall fólks á aldrinum 15-24 ára sem stunda ekki nám, atvinnu eða starfsþjálfun. Evrópa 2017.**




Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.03 2026

*8.9.1 Bein verg landsframleiðsla af ferðaþjónustu sem hlutfall af vergri heildarlandsframleiðslu og vaxtarhraða.*

Mælikvarði 8.9.1. fjallar um hlutfall ferðaþjónustu af vergri þjóðarframleiðslu. Hún hefur aukist úr 3,6% árið 2009 í 8,4% árið 2016, en það ár var meðaltal ESB ríkjanna 3,9% (Hagstofa Íslands).

**Mynd 25. % ferðaþjónustu af vergri landsframleiðslu 2009-2016**




*8.10.1 a) Fjöldi viðskiptabankaútibúa á hverja 100.000 fullorðna einstaklinga og b) fjöldi hraðbanka á hverja 100.000 fullorðna einstaklinga.*

Staðfest gögn eru til um mælikvarðann að hluta. Samkvæmt IMF Financial Survey voru 35,6 bankaútibú á hverja 100.000 íbúa árið 2016. Við árslok árið 2015 voru 194 hraðbankar og 82 bankaútibú á landinu öllu samkvæmt upplýsingum frá Fjármálaráðuneytinu.

*8.10.2. Hlutfall fullorðinna (15 ára og eldri) með reikning hjá banka eða öðrum fjármálastofnunum eða fargreiðslumiðlunarþjónustu.*

Gögnum um mælikvarðann er ekki markvisst safnað en leiða má líkur að því að hlutfallið sé nánast 100%.

*8.a.1 Aðstoð vegna viðskiptaskuldbindinga- og greiðslna.*

Samkvæmt upplýsingum frá Utanríkisráðuneytinu var framlag Íslands 6,6 milljónir Bandaríkjadala árið 2015.

## MARKMIÐ 9 – Nýsköpun og uppbygging

Undir Heimsmarkmið 9 falla átta undirmarkmið sem mæld eru með samtals tólf mælikvörðum. Þar af er einn án skilgreindar aðferðafræði:

- *9.1.1 Hlutfall íbúa í dreifbýli sem býr í innan við 2 km fjarlægð frá heilsársvegi.*

Skjal sótt af '000000000' dags: 25.03 2026

Af þeim mælikvörðum sem hvíla á skilgreindri aðferðafræði eru tveir sem gögnum er ekki safnað um á reglubundinn hátt að svo stöddu:

- *9.3.1 Hlutfall lítilla og meðalstórra fyrirtækja í heildarvirðisauka.*
- *9.3.2 Hlutfall lítilla og meðalstórra fyrirtækja með lán eða lánalínu.*

Verið er að kanna fýsileika þess að greina fimm mælikvarða á grundvelli fyrirliggjandi gagna:

- *9.1.2 Farþega- og vöruflutningageta, eftir flutningsmáta.*
- *9.2.1 Framleiðsluvirðisauki sem hlutfall af vergri landsframleiðslu og á mann.*
- *9.4.1 Koltvísýringslosun á virðisaukaeiningu.*
- *9.b.1 Hlutfall virðisauka meðal- og hátæknifyrirtækja af heildarvirðisauka.*
- *9.c.1 Hlutfall íbúa með aðgang að farsímaneti, eftir tækni.*

Alls liggja fyrir gögn um fjóra mælikvarða:

- *9.2.2 Atvinna í framleiðslugreinum sem hlutfall af heildaratvinnuþátttöku.*
- *9.5.1 Útgjöld til rannsókna og þróunar sem hlutfall af vergri landsframleiðslu.*
- *9.5.2 Vísindamenn (í jafngildi fullrar stöðu) á hverja milljón íbúa.*
- *9.a.1 Heildarfjárstuðningur opinberra aðila á alþjóðavísu (opinber þróunaraðstoð, að viðbættri annarri opinberri fjármögnun) til innviða.*

### 9.2.2. Atvinna í framleiðslugreinum sem hlutfall af heildaratvinnuþátttöku.

Þessum upplýsingum er safnað sem hluta af vinnumarkaðsrannsókn Hagstofu Íslands. Hlutfall fólks í aðalstarfi við framleiðslu sem hlutfall af öllum hefur lækkað úr 16,2% árið 1991 í 9,9% árið 2017. Breytingin er tilkomin vegna fækkunar á framleiðslustörfum sem nemur 3100 störfum í framleiðslu en á sama tíma fjölgaði störfum almennt.

**Mynd 26. Hlutfall starfandi sem starfa við framleiðslu í aðalstarfi, 1991-2017**






Skjal sótt af '00000000' dags: 25.03 2026

• 9.5.1. Útgjöld til rannsókna og þróunar sem hlutfall af vergri landsframleiðslu.

Hagstofan heldur utan um gögn um útgjöld í rannsóknir og þróun og hefur gert frá 2013. Hlutfall slíkra útgjalda af landsframleiðslu var 1,8% árið 2013 og 2,1% árið 2016.

**Mynd 27. Útgjöld í rannsóknir og þróun sem hlutfall af landsframleiðslu**




*9.5.2. Vísindamenn (í jafngildi fullrar stöðu) á hverja milljón íbúa.*

Hagstofan heldur utan um gögn og hefur þeim verið safnað annað hvert ár frá 2013. Fjöldinn sem starfaði við rannsóknir var 2737 árið 2013, og 2941 árið 2015.

*9.a.1. Heildarfjárstuðningur opinberra aðila á alþjóðavísu (opinber þróunaraðstoð, að viðbættri annarri opinberri fjármögnun) til innviða.*

Árið 2016 voru 30% af hlutfalli opinberrar þróunaraðstoðar sem fór í innviði. Ekki eru til upplýsingar um annað fjármagnsflæði á þessu sviði.

## MARKMIÐ 10 - Aukinn jöfnuður

Undir Heimsmarkmið 10 falla tíu undirmarkmið sem mæld eru með samtals ellefu mælikvörðum. Þar af eru fjórir án skilgreindrar aðferðafræði:

- *10.3.1 Hlutfall íbúa sem tilkynnt hafa um persónulega reynslu af mismunun eða áreitni á síðastliðnum 12 mánuðum á grundvelli mismununar sem bönnuð eru samkvæmt alþjóðlegum mannréttindalögum.*
- *10.5.1 Mælikvarðar á fjárhagslegt heilbrigði.*
- *10.7.1 Ráðningarkostnaður sem greiddur er af launamanni sem hlutfall af árstekjum sem aflað er í viðtökulandi.*
- *10.7.2 Fjöldi landa sem hrundið hafa í framkvæmd vel stýrðri innflytjendastefnu.*

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.03 2026

Af þeim mælikvörðum sem hvíla á skilgreindri aðferðafræði eru tveir sem gögnum er ekki safnað um á reglubundinn hátt að svo stöddu:

- *10.a.1 Hlutfall tollskrársviða sem notuð eru vegna innflutnings frá þeim löndum sem eru skemmst á veg komin í þróun og þróunarlöndum með enga tolla.*
- *10.c.1 Kostnaður við peningasendingar sem hlutfall af þeirri upphæð sem send er.*

*Þá var það metið svo að einn mælikvarðinn eigi ekki við á Íslandi:*

- *10.6.1 Hlutfall aðildarríkja og atkvæðisréttur þróunarlanda innan alþjóðastofnana.*

Verið er að kanna fýsileika þess að greina þrjámælikvarða á grundvelli fyrirliggjandi gagna:

- *10.2.1 Hlutfall fólks með undir helming af meðaltekjum, eftir kyni, aldri og fötluðum einstaklingum.*
- *10.4.1 Hluti vinnuafls í vergri landsframleiðslu sem samanstendur af launum og millifærslum frá félagslega kerfinu.*
- *10.1.1 Vaxtarhraði í útgjöldum heimila eða tekjum á mann meðal lægstu 40 hundraðshluta íbúanna og hjá öllum íbúum.*

Gögn liggja fyrir um einn mælikvarða:

- *10.b.1 Heildarúrræði til þróunar, eftir viðtakanda og gjafalandi og tegund úrræðis (þ.e. opinber þróunaraðstoð, bein, erlend fjárfesting og önnur úrræði).*

*10.b.1 Heildarúrræði til þróunar, eftir viðtakanda og gjafalandi og tegund úrræðis (þ.e. opinber þróunaraðstoð, bein, erlend fjárfesting og önnur úrræði).*

Samkvæmt upplýsingum frá utanríkisráðuneytinu eru til upplýsingar um það fjármagn sem fer í opinbera þróunaraðstoð, sem er 0,29% af vergum þjóðartekjum, en ekki um annað fjármagnsflæði.

## MARKMIÐ 11 - Sjálfbærar borgir og samfélag

Undir Heimsmarkmið 11 falla tíu undirmarkmið sem eru mæld með samtals fimmtán mælikvörðum. Þar af eru sex án skilgreindrar aðferðafræði:

- *11.3.2 Hlutfall borga með beinu þátttökuferli fyrir íbúa við skipulag og stjórnun þéttbýlis, með reglubundnum og lýðræðislegum hætti.*
- *11.4.1 Heildarútgjöld (opinberra aðila og einkaaðila) á mann sem varið er til varðveislu, verndunar og friðunar allrar menningar- og náttúruarfleifðar, eftir tegund arfleifðar (menningararfleifð, náttúruarfleifð, blönduð arfleifð og arfleifð á heimsminjaskrá UNESCO), tegund stjórnvalda (landsstjórn, svæðisstjórn og sveitarstjórn), tegund fjármögnunar (rekstrarútgjöld/fjárfestingar) og tegund einkafjármögnunar (gjafir í fríðu, óhagnaðardrifinn einkageiri og kostun).*
- *11.7.1 Meðalhlutfall uppbyggðra svæða í borgum sem eru opin svæði til almennrar notkunar fyrir alla, eftir kyni, aldri og fötluðum einstaklingum.*
- *11.7.2 Hlutfall einstaklinga sem eru þolendur líkamlegrar eða kynferðislegrar áreitni, eftir kyni, aldri, fötlun og staðsetningu verknaðar, á síðastliðnum 12 mánuðum.*

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.03 2026

- *11.a.1 Hlutfall íbúa sem búa í borgum sem komið hafa til framkvæmda áætlunum um þróun í þéttbýli og svæðisbundna þróun þar sem mannfjöldaspár og auðlindanotkun hefur verið samþætt, eftir stærð borgar.*
- *11.c.1 Hlutfall fjárstuðnings til þeirra landa, sem eru skemmst á veg komin í þróun, sem úthlutað er til byggingar og endurbóta á varanlegum, álagsþolnum og auðlindanýtnum byggingum úr byggingarefnum af svæðinu.*

Af þeim mælikvörðum sem hvíla á skilgreindri aðferðafræði eru fimm sem gögnum er ekki safnað um á reglubundinn hátt að svo stöddu:

- *11.3.1 Hlutfall milli landnýtingar og fólksfjölgunar.*
- *11.5.2 Beint efnahagslegt tap af völdum hamfara í tengslum við verga landsframleiðslu á hnattræna vísu, skemmdir á þýðingamiklum innviðum og truflanir á veitingu grunnþjónustu.*
- *11.5.1 Fjöldi dauðsfalla, týndra einstaklinga og fólks sem orðið hefur fyrir beinum áhrifum af völdum hamfara á hverja 100.000 íbúa.*
- *11.b.1 Fjöldi landa sem hafa samþykkt og komið til framkvæmda innlendum áætlunum um að draga úr áhrifum hamfara í samræmi við Sendai-rammaáætlunina um forvarnir gegn náttúruvá 2015-2030.*
- *11.b.2 Hlutfall sveitarstjórna sem hafa samþykkt og komið til framkvæmda staðbundnum áætlunum um að draga úr áhrifum hamfara í samræmi við innlendar áætlanir um það.*

Verið er að kanna fýsileika þess að greina þrjá mælikvarða á grundvelli fyrirliggjandi gagna:

- *11.1.1 Hlutfall íbúa í þéttbýli sem búa í fátækrahverfum, óformlegu húsnæði eða óviðunandi húsnæði.*
- *11.2.1 Hlutfall íbúa með auðvelt aðgengi að almenningssamgöngum, eftir kyni, aldri og fötluðum einstaklingum.*
- *11.6.2 Árlegt meðalgildi fíngerðs ryks (þ.e. PM2,5 og PM10) í borgum (vegið m.v. íbúafjölda).*

Gögn liggja fyrir um einn mælikvarða:

- *11.6.1 Hlutfall fasts úrgangs frá þéttbýli sem er safnað saman með reglubundnum hætti og er fargað með viðunandi hætti sem hlutfall af heildarmagni fasts úrgangs í þéttbýli, eftir borgum.*

*11.6.1 Hlutfall fasts úrgangs frá þéttbýli sem er safnað saman með reglubundnum hætti og er fargað með viðunandi hætti sem hlutfall af heildarmagni fasts úrgangs í þéttbýli, eftir borgum.*

Frá árinu 2002 hefur það verið metið svo að allir íbúar á Íslandi njóti sorphirðu og í því sambandi ber að hafa í huga að skylda sveitarfélaga hvað varðar söfnun og flutnings heimilisúrgangs (sorps) er skýr sbr. 8.gr laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs. Árið 2016 var heildarmagn sorps 1.071.951 tonn. Af heildarmagninu voru 78,6% endurnýtt en 21,4% fargað, sem þýðir að endurnýtingarhlutfallið hækkaði um 2,5 prósentustig.

Skjal sótt af '000000000' dags: 25.03 2026

## MARKMIÐ 12 – Ábyrg neysla

Undir Heimsmarkmið 12 falla ellefu undirmarkmið sem eru mæld með samtals þrettán mælikvörðum. Alls eru níu af þrettán mælikvörðum án skilgreindrar aðferðafræði:

- *12.2.1 Efnisspor, efnisspor á mann og efnisspor miðað við verga landsframleiðslu.*
- *12.3.1 Hnattrænn stuðull fyrir matvælatap.*
- *12.4.2 Myndun hættulegs úrgangs á mann og hlutfall hættulegs úrgangs sem fær meðhöndlun, eftir tegund meðhöndlunar.*
- *12.6.1 Fjöldi fyrirtækja sem birta skýrslur um sjálfbærni.*
- *12.7.1 Fjöldi landa sem koma til framkvæmda stefnum og aðgerðaáætlunum um sjálfbær opinber innkaup.*
- *12.8.1 Að hvaða marki i. menntun í heimsborgararétti og ii. menntun í sjálfbærri þróun (þ.m.t. menntun í loftslagsbreytingum), hefur verið samþætt a) innlendum menntunaráætlunum, b) námskrám, c) kennaramenntun og d) mati á nemendum.*
- *12.a.1 Umfang stuðnings við þróunarlönd til rannsókna og þróunarstarfsemi vegna sjálfbærrar neyslu og framleiðslu og umhverfisvænnar tækni.*
- *12.b.1 Fjöldi sjálfbærra ferðaþjónustustefna eða -áætlana og aðgerðaáætlana sem komið hefur verið til framkvæmda með samþykktum eftirlits- og matsaðferðum.*
- *12.c.1 Fjárhæð niðurgreiðslna á jarðefnaeldsneyti á hverja einingu vergrar þjóðarframleiðslu (framleiðsla og notkun) og sem hlutfall heildarútgjalda landsins vegna jarðefnaeldsneytis.*

Af þeim mælikvörðum sem hvíla á skilgreindri aðferðafræði eru tveir sem gögnum er ekki safnað um á reglubundinn hátt að svo stöddu:

- *12.1.1 Fjöldi landa sem hafa innlendar áætlanir um sjálfbæra neyslu og framleiðslu eða hafa slíkar áætlanir sem forgangsverkefni eða markmið í innlendri stefnumótun.*
- *12.2.2 Innlend efnisnotkun, innlend efnisnotkun á mann og innlend efnisnotkun miðað við verga landsframleiðslu.*

Gögn liggja fyrir um tvo mælikvarða:

- *12.4.1 Fjöldi aðila að alþjóðlegum marghliða umhverfissamningum um hættulegan úrgang og önnur efni sem uppfylla skuldbindingar og skyldur þeirra varðandi upplýsingagjöf sem krafa er gerð um í hverjum viðeigandi samningi.*
- *12.5.1 Innlent endurvinnsluhlutfall, fjöldi tonna sem endurnýttur er.*

*12.4.1 Fjöldi aðila að alþjóðlegum marghliða umhverfissamningum um hættulegan úrgang og önnur efni sem uppfylla skuldbindingar og skyldur þeirra varðandi upplýsingagjöf sem krafa er gerð um í hverjum viðeigandi samningi.*

Ísland er aðili að hluta þessara samninga, en þó ekki að „Minamata Convention on Mercury" og „Rotterdam Convention" og því uppfyllir Ísland ekki öll skilyrðin fyrir þennan mælikvarða.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.03.2026

*12.5.1 Innlent endurvinnsluhlutfall, fjöldi tonna sem endurnýttur er*

Árið 2016 var heildarmagn sorps 1.071.951 tonn. Af heildarmagninu voru 78,6% endurnýtt en 21,4% fargað, sem þýðir að endurvinnsluhlutfallið hækkaði um 2,5 prósentustig.

## MARKMIÐ 13 – Verndun jarðarinnar

Undir Heimsmarkmið 13 falla fimm undirmarkmið sem mæld eru með átta mælikvörðum. Þar af eru fimm án skilgreindrar aðferðafræði:

- *13.2.1 Fjöldi landa sem hafa tilkynnt um að komið hafi verið á fót samþættri stefnu/stefnuáætlun/áætlun og hún orðin rekstrartæk sem eykur getu þeirra til að laga sig að neikvæðum áhrifum loftslagsbreytinga og stuðla að bættu viðnámi gegn loftslagsbreytingum og þróun í átt að lítilli losun gróðurhúsalofttegunda með hætti sem ógnar ekki matvælaframleiðslu (þ.m.t. með innlendri aðlögunaráætlun, landsákvörðuðu framlagi, landsskýrslu, skýrslugjöf annað hvert ár eða öðru).*
- *13.3.1 Fjöldi landa sem hafa fellt aðgerðir til mildunar, aðlögunar, skaðaminnkunar og snemmviðvörunar inn í námskrár grunnskóla, framhaldsskóla og æðri menntunar.*
- *13.3.2 Fjöldi landa sem hafa tilkynnt um eflda getu stofnana, kerfa og einstaklinga til að hrinda í framkvæmd aðgerðum til aðlögunar, mildunar og tækniyfirfærslu, og þróunaraðgerðum.*
- *13.a.1 Tiltækt fjármagn í Bandaríkjadölum á ári á tímabilinu 2020 og 2025 sem reiknast upp í 100 milljarða Bandaríkjadala skuldbindinguna.*
- *13.b.1 Fjöldi landa, sem eru skemmst á veg komin í þróun og lítilla eyríkja í hópi þróunarríkja, sem fá sérhæfðan stuðning, ásamt umfangi stuðnings, þ.m.t. fjármagn, tækni og getuuppbygging, til að efla getu til að útbúa skilvirkar áætlanir er varða loftslagsbreytingar, m.a. með áherslu á konur, ungmenni, staðbundin samfélög og jaðarhópa.*

Gögnum er ekki safnað á reglubundinn hátt á Íslandi um þá þrjá mælikvarða sem hafa skilgreinda aðferðafræði:

- *13.1.1 Fjöldi dauðsfalla, týndra einstaklinga og fólks sem orðið hefur fyrir beinum áhrifum af völdum hamfara á hverja 100.000 íbúa.*
- *13.1.2 Fjöldi landa sem hafa samþykkt og komið til framkvæmda innlendum áætlunum um að draga úr áhrifum hamfara í samræmi við Sendai-rammaáætlunina um forvarnir gegn náttúruvá 2015-2030.*
- *13.1.3 Hlutfall sveitarstjórna sem hafa samþykkt og komið til framkvæmda staðbundnum áætlunum um að draga úr áhrifum hamfara í samræmi við innlendar áætlanir um það.*

## MARKMIÐ 14 – Líf í sjó

Undir Heimsmarkmið 14 falla tíu undirmarkmið sem mæld eru með tíu mælikvörðum. Þar af eru fimm án skilgreindrar aðferðafræði:

- *14.1.1 Stuðull fyrir ofauðgun strandsvæða og þéttleika fljótandi plastúrgangs.*



Skjal sótt af '000000000' dags: 25.03.2026

- *14.2.1 Hlutfall af sérefnahagslögsögum landa sem stjórnað er með vistkerfislegum nálgunum.*
- *14.3.1 Meðalsýrustig sjávar mælt á samþykktum fjölda dæmigerðra sýnatökustöðva.*
- *14.7.1 Sjálfbærar fiskveiðar sem hlutfall af vergri þjóðarframleiðslu í litlum eyríkjum í hópi þróunarríkja, löndum sem eru skemmst á veg komin í þróun og öllum löndum.*
- *14.c.1 Fjöldi landa sem náð hafa árangri við að fullgilda, staðfesta og koma til framkvæmda á grundvelli laga-, stefnu- og stofnanaramma gerningum er varða málefni hafsins sem eru til framkvæmdar alþjóðalögum, eins og þau birtast í Hafréttarsamningi Sameinuðu þjóðanna, vegna varðveislu og sjálfbærrar nýtingar hafsins og auðlinda þess.*

Af þeim fimm sem hvíla á skilgreindri aðferðafræði eru þrír sem gögnum er ekki safnað um með reglubundnum hætti að svo stöddu:

- *14.6.1 Árangur landa við framkvæmd alþjóðlegra gerninga sem miða að því að berjast gegn ólöglegum, ótilkynntum og stjórnlausum fiskveiðum.*
- *14.a.1 Hlutfall heildarfjárveitinga til rannsókna sem ráðstafað er til rannsókna í haftækni.*
- *14.b.1 Árangur landa af beitingu laga-/reglu-/stefnu-/stofnanaramma þar sem aðgangsréttur lítilla útgerða er viðurkenndur og varinn.*

Alls liggja fyrir gögn um tvo mælikvarða:

- *14.4.1 Hlutfall fiskistofna innan líffræðilega sjálfbærra marka.*
- *14.5.1 Umfang friðaðra svæða sem hlutfall af hafsvæðum.*

14.4.1 Hlutfall fiskistofna innan líffræðilega sjálfbærra marka.

Skýrslur um ástand nytjastofna eru tiltækar fyrir nítján fiskistofna hjá Hafrannsóknarstofnun. Þessar skýrslur gefa til kynna hvort veiðidánartölur séu hærri en það sem krefst fyrir sjálfbæra nýtingu. Hlutfallið er um 90%.

*14.5.1 Umfang friðaðra svæða sem hlutfall af hafsvæðum.*

Samkvæmt upplýsingum frá Umhverfis- og auðlindaráðuneytinu eru opinberar tölur um hlutfallið á Íslandi 0,05% og er það tilkynnt til alþjóðlegra aðila.

## MARKMIÐ 15 – Líf á landi

Undir Heimsmarkmið 15 falla tólf undirmarkmið, sem mæld eru með samtals þrettán mælikvörðum (alls fjórtán ef horft er til þess að einn er endurtekinn). Þrír mælikvarðar eru án skilgreindrar aðferðafræði:

- *15.9.1 Árangur af innlendum markmiðum sem sett hafa verið í samræmi við 2. markmið Aichi-markmiðanna um líffræðilega fjölbreytni í Stefnuáætlun um líffræðilega fjölbreytni 2011-2020.*

Skjal sótt af '000000000' dags: 25.03 2026

- *15.a.1 Opinber þróunaraðstoð og opinber útgjöld til varðveislu og sjálfbærrar nýtingar líffræðilegrar fjölbreytni og vistkerfa.*
- *15.b.1 Opinber þróunaraðstoð og opinber útgjöld til varðveislu og sjálfbærrar nýtingar líffræðilegrar fjölbreytni og vistkerfa.*

Af þeim mælikvörðum sem hvíla á skilgreindri aðferðafræði eru níu sem gögnum er ekki safnað um á reglubundinn hátt að svo stöddu:

- *15.1.2 Hlutfall mikilvægra svæða í líffræðilegri fjölbreytni land- og ferskvatnssvæða sem falla undir friðunarsvæði, eftir vistkerfistegund.*
- *15.2.1 Árangur í sjálfbærri skógarstjórnun.*
- *15.3.1 Hlutfall landhnignunar af heildarlandsvæði.*
- *15.4.1 Umfang friðunarsvæða á mikilvægum stöðum fyrir líffræðilega fjölbreytni á fjallasvæðum.*
- *15.4.2 Stuðull fyrir gróðurþekju fjalllendis.*
- *15.5.1 Rauðlistastuðull.*
- *15.6.1 Fjöldi landa sem hafa samþykkt laga-, stjórnsýslu- og stefnuramma í því skyni að tryggja sanngjarna og réttláta skiptingu ávinnings.*
- *15.7.1/15.c.1 Hlutfall villtra lífvera sem verslað er með og veiddar hafa verið með ólögmætum hætti eða eru í ólöglegum viðskiptum.*
- *15.8.1 Hlutfall landa sem hafa samþykkt viðeigandi innlenda löggjöf og fjármagnað með fullnægjandi hætti forvarnir eða stjórnun á ágengum, framandi tegundum.*

Gögn liggja fyrir um einn mælikvarða:

- *15.1.1 Skógi vaxin svæði sem hlutfall af heildarlandsvæði.*

*15.1.1 Skógi vaxin svæði sem hlutfall af heildarlandsvæði.*

Árið 2015 var hlutfallið 0,49%, þ.e. 49.200 hektarar, og hefur aukist á undanförnum áratugum en árið 1990 var skóglendið 0,16% af heildarlandsvæði, eða 16.100 hektarar.

## MARKMIÐ 16 – Friður og réttlæti

Undir Heimsmarkmið 16 falla tólf undirmarkmið sem eru mæld með 23 mælikvörðum. Alls eru sjö mælikvarðar án skilgreindrar aðferðafræði:

- *16.1.2. Átakatengd dauðsföll á hverja 100.000 íbúa, eftir kyni, aldri og orsök.*
- *16.4.1. Heildarvirði ólögmæts inn- og útflæðis fjármagns (í gildandi bandaríkjadölum).*
- *16.4.2. Hlutfall haldlagðra, fundinna eða afhentra vopna þar sem lögbært stjórnvald hefur rakið eða sýnt fram á ólögmætan uppruna eða aðstæður í samræmi við alþjóðlega gerninga.*
- *16.6.2. Hlutfall íbúa sem eru ánægðir með síðustu upplifun sína af opinberri þjónustu.*



Skjal sótt af '000000000' dags: 25.03.2026

- *16.7.1. Hlutfall stöðugilda (eftir kyni, aldri, fötluðum einstaklingum og þjóðfélags- hópum) hjá opinberum stofnunum (innlendir og staðbundnir löggjafar, opinber þjónusta og dómskerfi) borið saman við skiptingu í samfélaginu.*
- *16.7.2. Hlutfall íbúa sem telja ákvarðanatöku vera fyrir alla og að brugðist sé við slíku, eftir kyni, aldri, fötlun og þjóðfélagshóp.*
- *16.b.1. Hlutfall íbúa sem tilkynnt hafa um persónulega reynslu af mismunun eða áreitni á síðastliðnum 12 mánuðum á grundvelli mismununar sem bönnuð er samkvæmt alþjóðlegum mannréttindalögum.*

Af þeim mælikvörðum sem hvíla á skilgreindri aðferðafræði er einn sem gögnum er ekki safnað um á reglubundinn hátt að svo stöddu:

- *16.5.1. Hlutfall einstaklinga sem hafa átt samskipti við opinberan embættismann í a.m.k. eitt skipti og greitt mútur til opinbers embættismanns eða fengið beiðni um það frá þessum opinberu embættismönnum á síðastliðnum 12 mánuðum.*

Þá var það metið svo að einn mælikvarðinn eigi ekki við á Íslandi:

- *16.8.1. Hlutfall aðildarríkja og atkvæðisréttur þróunarlanda innan alþjóðastofnana.*

*Verið er að kanna fýsileika þess að greina átta mælikvarða á grundvelli fyrirliggjandi gagna:*

- *16.1.3. Hlutfall íbúa sem orðið hefur fyrir líkamlegu, andlegu eða kynferðislegu ofbeldi á síðastliðnum 12 mánuðum.*
- *16.2.1. Hlutfall barna á aldrinum 1-17 ára sem orðið hafa fyrir einhvers konar líkam- legum refsingum og/eða andlegu ofbeldi af hálfu umönnunaraðila síðastliðinn mánuð.*
- *16.2.2. Fjöldi mansalsfórnarlamba á hverja 100.000 íbúa, eftir kyni, aldri og tegund misneytingar.*
- *16.2.3. Hlutfall ungra kvenna og karla á aldrinum 18-29 ára sem orðið hafa fyrir kyn- ferðislegu ofbeldi fyrir 18 ára aldur.*
- *16.3.2. Hlutfall ósakfelldra gæslufanga af heildarfjölda í fangelsum.*
- *16.5.2. Hlutfall rekstraraðila sem hafa átt samskipti við opinberan embættismann í a.m.k. eitt skipti og greitt mútur til opinbers embættismanns eða fengið beiðni um það frá þessum opinberu embættismönnum á síðastliðnum 12 mánuðum.*
- *16.6.1. Frumgjöld ríkissjóðs sem hlutfall af upprunalegum, samþykktum fjárlögum, eftir geira (eða fjárlagalínum eða þess háttar).*
- *16.a.1. Fyrir liggja sjálfstæðar mannréttindastofnanir í samræmi við Parísar-reglur Sameinuðu þjóðanna.*

Alls liggja fyrir gögn um sex mælikvarða:

- *16.1.1. Fjöldi fórnarlamba ásetningsmorða á hverja 100.000 íbúa, eftir kyni og aldri.*
- *16.1.4. Hlutfall íbúa sem upplifir sig örugga á göngu einir síns liðs í nágrenni heimilis síns.*
- *16.3.1. Hlutfall fórnarlamba ofbeldis á síðastliðnum 12 mánuðum sem tilkynnt hafa*

Skjal sótt af '000000000' dags: 25.03 2026

um brot gegn sér til lögbærra yfirvalda eða annarra opinberlega viðurkenndra sáttaumleitunaraðila.

- *16.9.1. Hlutfall barna undir 5 ára aldri á fæðingarskrá hjá borgaralegu yfirvaldi, eftir aldri.*
- *16.10.1. Fjöldi sannprófaðra tilvika þar sem blaðamenn, tengdir starfsmenn fjölmiðla, félagar í stéttarfélögum og baráttumenn fyrir mannréttindum hafa verið myrtir, rænt, horfið af mannavöldum, fangelsaðir með tilviljanakenndum hætti eða pyntaðir á síðastliðnum 12 mánuðum.*
- *16.10.2. Fjöldi landa sem hafa samþykkt og komið til framkvæmda aðgengi almennings að upplýsingum sem er tryggt samkvæmt stjórnarskrá, lögum og/eða stefnum.*

*16.1.1. Fjöldi fórnarlamba ásetningsmorða á hverja 100.000 íbúa, eftir kyni og aldri.*

Þessar upplýsingar eru fengnar úr málaskrá Embættis ríkislögreglustjóra. Á árunum 2007-2016 var fjöldi ásetningsmorða á bilinu núll til þrjú á ári. Fjöldi morða á hverja 100.000 íbúa var því frá 0 og upp í 0,9. Á tímabilinu voru konur um 26,7% fórnarlamba ásetningsmorða. Morð eru of fátíð til að gera á þeim greiningar eftir aldursdreifingu fórnarlamba.

*16.1.4. Hlutfall íbúa sem upplifir sig örugga á göngu einir síns liðs í nágrenni heimilis síns.*

Gögn fyrir mælikvarðann eru að finna í viðauka evrópsku lífskjararannsóknarinnar frá 2013 (EU-SILC) sem Hagstofan framkvæmir. Þar má sjá að 85,5% íbúa upplífðu sig mjög eða nokkuð örugga en 46,1% upplifðu sig mjög örugga. Ísland er með sjötta hæsta hlutfallið af þeim Evrópulöndum sem tóku þátt í lífskjararannsókninni 2013, hvort sem horft er til þeirra sem sem upplifðu sig mjög eða nokkuð örugga eða bara til þeirra sem upplifðu sig mjög örugga. Meðaltal landa Evrópsambandsins er 74,7%.

**Mynd 28. Öryggistilfinning þegar fólk er eitt utandyra í nágrenni við heimilis sitt að næturlagi, 2013.**




*16.3.1. Hlutfall fórnarlamba ofbeldis á síðastliðnum 12 mánuðum sem tilkynnt hafa um brot gegn sér til lögbærra yfirvalda eða annarra opinberlega viðurkenndra sáttaumleitunaraðila.*



Skjal sótt af '000000000' dags: 25.03.2026

Embætti ríkislögreglustjóra safna þessum upplýsingum með árlegri könnun á reynslu landsmanna af afbrotum á undangengnu ári og viðhorfum til lögreglu. Gögn fyrir árin 2010 og 2012 eru ekki fyrirliggjandi. Hlutfallið mældist hæst árið 2011, eða 45,8%, og lægst árið 2015, eða 34,2% árið 2015. Hér verður þó að hafa í huga að þessi hlutföll eru reiknuð af mjög litlum hópi en alls sögðust 2,1-3,9% svarenda í könnuninni hafa orðið fyrir ofbeldi á undangengnu ári.

**Mynd 29. Hlutfall fórnarlamba ofbeldis á síðastliðnum 12 mánuðum sem tilkynnt hafa um brot gegn sér til lögreglu**




*16.9.1. Hlutfall barna undir 5 ára aldri á fæðingarskrá hjá borgaralegu yfirvaldi, eftir aldri.*

Fæðing allra barna á Íslandi er skráð af hinu opinbera í Fæðingaskrá Embættis landlæknis.

*16.10.1. Fjöldi sannprófaðra tilvika þar sem blaðamenn, tengdir starfsmenn fjölmiðla, félagar í stéttarfélögum og baráttumenn fyrir mannréttindum hafa verið myrtir, rænt, horfið af mannavöldum, fangelsaðir með tilviljanakenndum hætti eða pyntaðir á síðastliðnum 12 mánuðum.*

Ekki liggja fyrir nákvæmar tölur en ætla má að fjöldinn sé nálægt núll.

*16.10.2. Fjöldi landa sem hafa samþykkt og komið til framkvæmda aðgengi almennings að upplýsingum sem er tryggt samkvæmt stjórnarskrá, lögum og/eða stefnum.*

Á Íslandi er þessu réttur tryggður með Upplýsingalögum (Lög nr. 14/2012).

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.03 2026

**MARKMIÐ 17 – Alþjóðleg samvinna**

Undir Heimsmarkmið 17 falla nítján undirmarkmið sem eru mæld með 25 mælikvörðum. Sjö mælikvarðar eru án skilgreindrar aðferðafræði:

- *17.5.1. Fjöldi landa sem samþykkt hafa og komið til framkvæmda aðgerðaáætlunum til að efla fjárfestingar fyrir þau lönd sem eru skemmst á veg komin í þróun.*
- *17.6.1. Fjöldi samstarfssamninga og -áætlana um vísindi og/eða tækni milli landa, eftir tegund samstarfs.*
- *17.7.1. Heildarfjárhæð samþykktra fjárveitinga til þróunarríkja sem ætlað er að styðja við þróun, yfirfærslu, dreifingu og útbreiðslu umhverfisvænnar tækni.*
- *17.13.1. Þjóðhagslegt mælaborð.*
- *17.14.1. Fjöldi landa þar sem fyrir hendi er fyrirkomulag til að stuðla að samfellu í stefnum um sjálfbæra þróun.*
- *17.17.1. Fjárhæð í Bandaríkjadölum sem veitt er til samstarfsverkefna einkaaðila og opinberra aðila og á vettvangi borgaralegs samfélags.*
- *17.18.1. Hlutfall mælikvarða fyrir sjálfbæra þróun, sem settir eru fram á innlendum vettvangi, með fullri aðgreiningu þegar við á vegna markmiðsins, í samræmi við grundvallarreglur um opinbera hagskýrslugerð.*

Af þeim mælikvörðum sem hvíla á skilgreindri aðferðafræði er einn sem gögnum er ekki safnað um á reglubundinn hátt að svo stöddu:

- *17.4.1. Greiðslubyrði sem hlutfall af útflutningi vöru og þjónustu.*

*Þá var það metið svo að sjö mælikvarðar eigi ekki við á Íslandi:*

- *17.3.1. Bein, erlend fjárfesting, opinber þróunaraðstoð og samstarf innan suðursvæða sem hlutfall af heildarfjárlögum ríkisins.*
- *17.3.2. Umfang peningasendinga (í Bandaríkjadölum) sem hlutfall af vergri heildarlandsframleiðslu.*
- *17.10.1. Vegið meðaltal tolla á heimsvísu.*
- *17.11.1. Hluti þróunarlanda og þeirra landa sem eru skemmst á veg komin í þróun af heildarútflutningi á heimsvísu.*
- *17.12.1. Meðaltollar á þróunarlönd, þau lönd sem eru skemmst á veg komin í þróun og lítil eyríki í hópi þróunarríkja.*
- *17.15.1. Að hvaða marki veitendur þróunarsamvinnu nota árangursramma og skipulagningarúrræði í eigu landanna.*
- *17.16.1. Fjöldi landa sem tilkynna um árangur af ramma fjölhagsmunaaðila um eftirlit með skilvirkni þróunaraðstoðar sem styður við markmið um að ná tilteknum markmiðum um sjálfbæra þróun.*

Verið er að kanna fýsileika þess að greina tvo mælikvarða á grundvelli fyrirliggjandi gagna:

- *17.1.2. Hlutfall innlendra fjárveitinga sem fjármagnaðar eru með innlendum sköttum.*
- *17.6.2. Fastar breiðbandsáskriftir á hverja 100 íbúa, eftir hraða.*

Skjal sótt af '000000000' dags: 25.03 2026

Alls liggja fyrir gögn um átta mælikvarða:

- *17.1.1. Heildartekjur hins opinbera sem hlutfall af vergri landsframleiðslu, eftir uppruna.*
- *17.2.1. Nettóþróunaraðstoð opinberra aðila, í heild og til þeirra landa sem eru skemmst á veg komin í þróun, sem hlutfall af vergum þjóðartekjum gjafaríkja í þróunaraðstoðarnefnd Efnahags- og framfarastofnunarinnar.*
- *17.8.1. Hlutfall einstaklinga sem nota Netið.*
- *17.9.1. Fjárhæð í Bandaríkjadölum sem veitt er til fjárhagslegs og tæknilegs stuðnings við þróunarlönd (m.a. með samstarfi milli svæða í norðri og suðri, innan suðursvæða og með þríhliða samstarfi).*
- *17.18.2. Fjöldi landa sem hafa innlenda hagskýrslulöggjöf sem er í samræmi við grundvallarreglur um opinbera hagskýrslugerð.*
- *17.18.3. Fjöldi landa sem hafa áætlun um landshagskýrslur sem er að fullu fjármögnuð og komin til framkvæmda, eftir tegund fjármögnunar.*
- *17.19.1. Andvirði allra úrræða í Bandaríkjadölum sem tiltæk eru til að efla tölfræðilega getu í þróunarlöndum.*
- *17.19.2. Hlutfall landa sem a) hafa framkvæmt a.m.k. eitt manntal og húsnæðistal á síðustu 10 árum og b) hafa náð 100% skráningu fæðinga og 80% skráningu dauðsfalla.*

*17.1.1. Heildartekjur hins opinbera sem hlutfall af vergri landsframleiðslu, eftir tekjuliðum.*

Þessar upplýsingar eru úr gögnum Hagstofunnar um opinber fjármál. Gögnin eru sundurliðuð samkvæmt GFSM ramma Alþjóðagjaldeyrissjóðsins í fjóra megin tekjuliði; þ.e. skatttekjur, félagsleg framlög, styrki og aðrar tekjur. Árið 2017 námu tekjur ríkisins 43,4% af vergri landsframleiðslu en skatttekjur námu 34,2% af VLF. Árið 2016 er nokkuð frábrugðið öðrum árum þar sem tekjur ríkisins voru umtalsvert hærra hlutfall af VLF það árið en árin á undan og á eftir. Þetta skýrist af því að stöðugleikaframlagið var skráð sem fjármagnsskattur í þjóðhagsreikningum.

**Mynd 30. Tekjur hins opinbera sem % af vergri landsframleiðslu, sundurgreint eftir uppruna**




Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.03 2026

*17.2.1. Nettóþróunaraðstoð opinberra aðila, í heild og til þeirra landa sem eru skemmst á veg komin í þróun, sem hlutfall af vergum þjóðartekjum gjafaríkja í þróunaraðstoðarnefnd Efnahags- og framfarastofnunarinnar.*

Samkvæmt upplýsingum frá utanríkisráðuneytinu var heildarhlutfallið 0,29% af vergum þjóðartekjum árið 2016 og hlutfallið sem fór til fátækustu ríkja var 0,08%.

*17.8.1. Hlutfall einstaklinga sem nota Netið.*

Undirmarkmiðið leggur áherslu á þróunarlönd. Mælikvarðinn fjallar um hlutfall íbúa sem nota internet. Hagstofa Íslands safnar þessum gögnum sem hluta af upplýsingatæknirannsókn evrópska hagskýrslusamstarfsins og niðurstöðurnar má m.a. finna á vef Eurostat. Internetnotkun er mjög almenn á Íslandi en árið 2017 notuðu 96% íbúa landsins 16 ára og eldri internetið daglega, sem er hæsta hlutfallið í Evrópu.

**Mynd 31. Hlutfall fólks 16 ára og eldri sem nota internetið daglega, 2017**




*17.9.1. Fjárhæð í bandaríkjadölum sem veitt er til fjárhagslegs og tæknilegs stuðnings við þróunarlönd (m.a. með samstarfi milli svæða í norðri og suðri, innan suðursvæða og með þríhliða samstarfi).*

Mælikvarðinn fjallar um aðstoð til þróunarlanda og tekið er fram að aðstoðin tengist uppbyggingu á færni til að framkvæma landsáætlanir. Ísland leggur fram fjármuni til almennrar uppbyggingu á færni í gegnum Háskóla Sameinuðu þjóðanna. Um það er fjallað undir undirmarkmiði 4.b.1.

*17.18.2. Fjöldi landa sem hafa innlenda hagskýrslulöggjöf sem er í samræmi við grundvallarreglur um opinbera hagskýrslugerð.*

Lög númer 163 frá 2007 um Hagstofu Íslands og opinbera hagskýrslugerð eru í samræmi við grundvallarreglur um opinbera hagskýrslugerð.

*17.18.3. Fjöldi landa sem hafa áætlun um landshagskýrslur sem er að fullu fjármögnuð og komin til framkvæmda, eftir tegund fjármögnunar.*

Slík áætlun er ekki til á Íslandi.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.03.2026

*17.19.1. Andvirði allra úrræða í Bandaríkjadölum sem tiltæk eru til að efla tölfræðilega getu í þróunarlöndum.*

Þetta er ekki áherslumál í þróunarsamvinnu Íslands.

*17.19.2. Hlutfall landa sem a) hafa framkvæmt a.m.k. eitt manntal og húsnæðistal á síðustu 10 árum og b) hafa náð 100% skráningu fæðinga og 80% skráningu dauðsfalla.*

Ísland uppfyllir öll þrjú atriðin sem talin eru upp.  Manntal var framkvæmt 2011 og allar fæðingar og öll andláta eru skráð.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.03.2026

VIÐAUKI 2

# HEIMSMARKMIÐIN

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.03 2026

1. MARKMIÐ:

## Útrýma fátækt í allri sinni mynd alls staðar

1.1 *Eigi síðar en árið 2030 verði sárri fátækt útrýmt alls staðar. Miðað verði við að enginn lifi á lægri fjárhæð á dag en sem nú nemur 1,25 Bandaríkjadal á dag.*

1.2 *Eigi síðar en árið 2030 lækki hlutfall karla, kvenna og barna á öllum aldri, sem búa við fátækt í öllum sínum birtingarmyndum samkvæmt skilgreiningu í hverju landi, um a.m.k. helming.*

1.3 *Ráðstafanir verði gerðar til samræmis við aðstæður í hverju landi til að innleiða félagsleg tryggingakerfi og vernd öllum til handa, þar með talin lágmarksframfærsluviðmið, og eigi síðar en árið 2030 verði stuðningur við og vernd fátæks fólks og fólks í viðkvæmri stöðu stóraukinn.*

1.4 *Eigi síðar en árið 2030 verði tryggt að allir karlar og konur, einkum fátækt fólk og fólk í viðkvæmri stöðu, eigi jafnan rétt til efnahagslegra bjargráða og aðgengis að grunnþjónustu, eignarhaldi á og yfirráðum yfir landi og eignum í annarri mynd, erfðum, náttúruauðlindum, viðeigandi nýrri tækni og fjármálaþjónustu, meðal annars smálánafjármögnun.*

1.5 *Eigi síðar en árið 2030 verði viðnámsþol fátækra og fólks í viðkvæmri stöðu eflt, sérstaklega varðandi neikvæð áhrif af völdum loftslagstengdra hamfara og annarra efnahags-, félags- og umhverfislegra áfalla og hamfara.*

1.a *Tryggðar verði umtalsverðar bjargir, meðal annars með efldri þróunarsamvinnu, til að þróunarlönd, einkum þau sem skemmst eru á veg komin, fái nægar og fyrirsjáanlegar bjargir, í því skyni að hrinda í framkvæmd áætlunum og stefnumálum sem miða að því að útrýma fátækt í öllum sínum birtingarmyndum.*

1.b *Að mótuð verði traust umgjörð um stefnumál á landsvísu, svæðum og alþjóðlegum vettvangi, byggð á þróunaráætlunum sem styðja sérstaklega við fátæka og taka mið af kynjamismunun, í því skyni að styðja við stigvaxandi fjárfestingu í aðgerðum sem miða að því að útrýma fátækt.*

2. MARKMIÐ:

## Útrýma hungri, tryggja fæðuöryggi og bætta næringu og stuðla að sjálfbærum landbúnaði

2.1 *Eigi síðar en árið 2030 verði hungri útrýmt og aðgengi allra manna, einkum fátækra og fólks í viðkvæmri stöðu, meðal annars ungbarna, tryggt að öruggri, næringarríkri og nægri fæðu allt árið um kring.*

2.2 *Eigi síðar en árið 2030 verði vannæringu í hvaða mynd sem er útrýmt, þar á meðal verði árið 2025 búið að ná alþjóðlegum markmiðum um að stöðva kyrking í vexti og uppdráttarsýki barna undir 5 ára aldri, og hugað verði að næringarþörfum unglingsstúlkna, þungaðra kvenna, kvenna með börn á brjósti og aldraðra.*

2.3 *Eigi síðar en árið 2030 verði framleiðni og tekjur lítilla matvælaframleiðenda tvöfölduð, einkum kvenna, frumbyggja, bændafjölskyldna, hirðingja og fiskimanna, meðal annars með öruggum og jöfnum aðgangi að landi, öðrum frjósömum auðlindum og aðföngum, þekkingu, fjármálaþjónustu, mörkuðum og tækifærum til virðisauka og starfa utan býla.*

2.4 *Eigi síðar en árið 2030 verði sjálfbært fyrirkomulag matvælaframleiðslu tryggt og viðnámsþolnum starfsháttum í landbúnaði hrint í framkvæmd sem eykur framleiðni og framleiðslu, stuðlar þar með að viðhaldi vistkerfa, eflir getu til þess að aðlagast loftslagsbreytingum, veðurhamförum, þurrki, flóðum og öðrum hamförum og bætir gæði lands og jarðvegs smám saman.*



Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.03.2026

2.5 Eigi síðar en árið 2020 verði við haldið erfðafræðilegri fjölbreytni fræja, ræktaðra plantna og búfjár og húsdýra og villtra tegunda þeim skyldar, meðal annars með tilkomu vel rekinna, fjölbreyttra, landsbundinna, svæðisbundinna og alþjóðlegra fræ- og plöntubanka og með auknum aðgangi að og sanngjarnri og jafnri skiptingu ávinnings af nýtingu erfðaauðlinda og tengdri, hefðbundinni þekkingu, eftir því sem samþykkt hefur verið á alþjóðavettvangi.

2.a Fjárfestingar verði auknar, meðal annars með aukinni alþjóðlegri samvinnu, í innviðum á svæðum utan þéttbýlis, rannsóknum og ráðgjafarþjónustu í landbúnaði, tækniþróun og genabönkum fyrir plöntur og búpening, í því skyni að bæta framleiðslugetu í landbúnaði í þróunarlöndum, einkum þeim sem skemmst eru á veg komin.

2.b Komið verði í veg fyrir hindranir og röskun á heimsmörkuðum með landbúnaðarvörur og þær lagfærðar, meðal annars með samhliða afnámi útflutningsstyrkja í landbúnaði í hvaða mynd sem er og allra útflutningsráðstafana sem hafa sömu áhrif, í samræmi við umboð Dóha-lotunnar um þróunarmál.

2.c Samþykktar verði ráðstafanir til þess að tryggja eðlilega starfsemi matvörumarkaða og afleiða þeirra og að greitt verði fyrir tímanlegum aðgangi að markaðsupplýsingum, meðal annars um matvælabirgðir, í því skyni að vinna gegn miklum sveiflum á matvælaverði.

3. MARKMIÐ:

## Stuðla að heilbrigðu lífi og vellíðan fyrir alla frá vöggu til grafar

3.1 Eigi síðar en árið 2030 verði mæðradauði í heiminum kominn niður fyrir 70 af hverjum 100.000 lifandi fæddum börnum.

3.2 Eigi síðar en árið 2030 verði bundinn endir á dauða nýbura og barna undir 5 ára aldri sem hægt væri að koma í veg fyrir og stefni öll lönd að því að lækka tíðni nýburadauða að minnsta kosti niður í 12 af hverjum 1.000 lifandi fæddum börnum og dánartíðni barna undir 5 ára aldri að minnsta kosti niður í 25 af hverjum 1.000 lifandi fæddum börnum.

3.3 Eigi síðar en árið 2030 verði búið að útrýma farsóttum á borð við alnæmi, berkla, malaríu og vanrækta hitabeltissjúkdóma og barist verði gegn lifrarbólgu, vatnsbornum sjúkdómum og öðrum smitsjúkdómum.

3.4 Eigi síðar en árið 2030 verði ótímabærum dauðsföllum af völdum annarra sjúkdóma en smitsjúkdóma fækkað um þriðjung með fyrirbyggjandi aðgerðum og meðferð og stuðlað verði að geðheilbrigði og vellíðan.

3.5 Forvarnir og meðferð vegna vímuefnamisnotkunar, meðal annars misnotkunar fíkniefna og skaðlegrar notkunar áfengis, verði efldar.

3.6 Eigi síðar en árið 2020 verði fjöldi dauðsfalla og alvarlega slasaðra vegna umferðarslysa lækkaður um helming á heimsvísu.

3.7 Eigi síðar en árið 2030 verði tryggður almennur aðgangur að heilsugæsluþjónustu á sviði kyn- og frjósemisheilbrigðis, meðal annars vegna fjölskylduáætlana, upplýsingagjafar og fræðslu, og tryggt verði að frjósemisheilbrigði verði fellt inn í innlent skipulag og áætlanir.

3.8 Komið verði á heilbrigðisþjónustu fyrir alla þar sem er vernd gegn fjárhagslegri áhættu, aðgengi að nauðsynlegri gæðaheilbrigðisþjónustu og aðgengi að öruggum, virkum, góðum og nauðsynlegum lyfjum og bóluefni á viðráðanlegu verði fyrir alla.

3.9 Eigi síðar en árið 2030 verði fækkað umtalsvert dauðsföllum og veikindum af völdum hættulegra efna og efnavara, loft-, vatns- og jarðvegsmengunar og -smitunar.

3.a Efld verði framkvæmd Rammasamnings Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar um tóbaksvarnir í öllum löndum, eftir því sem við á.

3.b Stutt verði við rannsóknir og þróun bóluefna og lyfja gegn smitsjúkdómum og öðrum sjúkdómum sem hafa einkum áhrif í þróunarlöndum, aðgengi verði veitt að nauðsynlegum lyfjum og bóluefnum á viðráðanlegu verði samkvæmt Dóha-yfirlýsingunni um TRIPS-samninginn og lýðheilsu sem staðfestir rétt þróunarlanda til þess að nýta sér til fulls ákvæði samningsins um hugverkarétt í viðskiptum sem fjalla um sveigjanleika í því skyni að vernda lýðheilsu og sérstaklega að allir geti haft aðgengi að lyfjum.

3.c Mun meira fjármagni verði veitt til heilbrigðismála sem og nýliðunar, þróunar, þjálfunar og til að halda í heilbrigðisstarfsfólk í þróunarlöndum, einkum þeim sem eru skemmst á veg komin og í þróunarlöndum sem eru smáeyjaríki.

3.d Geta allra landa, einkum þróunarlanda, til að styrkja viðvörunarkerfi verði efld til að draga úr áhættuþáttum og hafa stjórn á innlendri og hnattrænni heilsuvá.

Skjal sótt af '000000000' dags: 25.03.2026

4. MARKMIÐ:

## Tryggja jafnan aðgang allra að góðri menntun og stuðla að tækifærum allra til náms alla ævi

4.1 *Eigi síðar en árið 2030 verði tryggt að allar stúlkur og drengir ljúki á jafnréttisgrundvelli gæðamenntun á grunnskólastigi án endurgjalds sem leiðir til góðs námsárangurs miðað við stöðu hvers og eins.*

4.2 *Eigi síðar en árið 2030 verði tryggt að allar stúlkur og drengir eigi þess kost frá barnæsku að þroskast, fá umönnun og leikskólamenntun þannig að þau verði tilbúin fyrir grunnskólanám.*

4.3 *Eigi síðar en árið 2030 verði öllum konum og körlum tryggður jafn aðgangur á viðráðanlegu verði að góðri tækni-, starfs- og framhaldsmenntun, þar á meðal á háskólastigi.*

4.4 *Eigi síðar en árið 2030 hafi umtalsvert fjölgað ungmennum og fullorðnum sem hafa færni á viðeigandi sviðum, þar á meðal á sviði tækni- og starfsmenntunar, til þess að geta gegnt störfum, fengið mannsæmandi vinnu og stundað frumkvöðlastarfsemi.*

4.5 *Eigi síðar en árið 2030 verði kynjamismunun afnumin í menntun og fólki í viðkvæmri stöðu tryggður jafn aðgangur að menntun og starfsþjálfun á öllum stigum, þar á meðal fötluðu fólki, frumbyggjum og börnum sem búa við erfiðar aðstæður.*

4.6 *Eigi síðar en árið 2030 verði tryggt að öll ungmenni og verulegur hluti fullorðinna, bæði karlar og konur, hafi náð tökum á lestri, ritun og talnalæsi.*

4.7 *Eigi síðar en árið 2030 verði tryggt að allir nemendur öðlist nauðsynlega þekkingu og færni til þess að ýta undir sjálfbæra þróun, meðal annars með menntun til sjálfbærrar þróunar, sjálfbærum lífsstíl, mannréttindum, kynjajafnrétti, eflingu friðsamlegrar menningar án ofbeldis, heimsborgaravitund, viðurkenningu menningarlegrar fjölbreytni og framlagi menningar til sjálfbærrar þróunar.*

4.a *Byggð verði upp og endurbætt aðstaða til menntunar sem miðast við börn, fatlaða og mismunandi kyn og öllum séð fyrir öruggu, friðsamlegu og árangursríku námsumhverfi án aðgeiningar.*

4.b *Eigi síðar en árið 2020 verði umtalsvert fjölgað á heimsvísu námsstyrkjum á sviði háskólamenntunar, sem stendur þróunarlöndum til boða, einkum þeim sem eru skemmst á veg komin, í smáeyjaríkjum og Afríkuríkjum, til að stunda nám í iðnríkjum og öðrum þróunarríkjum, meðal annars í starfsnámi og upplýsinga- og samskiptatækni, tækninámi, verkfræði og raunvísindum.*

4.c *Eigi síðar en árið 2030 verði framboð á menntuðum og hæfum kennurum aukið verulega, meðal annars með alþjóðlegri samvinnu um kennaramenntun í þróunarlöndum, einkum þeim sem eru skemmst á veg komin og smáeyríkjum.*

5. MARKMIÐ:

## Jafnrétti kynjanna verði tryggt og völd allra kvenna og stúlkna efld

5.1 *Öll mismunun gagnvart konum og stúlkum verði afnumin alls staðar.*

5.2 *Allt ofbeldi gagnvart konum og stúlkum á opinberum vettvangi sem og í einkalífi, þar með talið mansal og kynferðisleg misneyting og misneyting af öðru tagi, verði afnumið.*

5.3 *Allir skaðlegir siðir, eins og barnahjónabönd, snemmbúin og þvinguð hjónabönd og limlesting kynfæra kvenna og stúlkna, verði afnumdir.*

5.4 *Ólaunuð umönnunar- og heimilisstörf verði viðurkennd og metin með því að tryggja opinbera félagsþjónustu, innviði og stefnumörkun á sviði félagslegrar verndar og að ýtt verði undir sameiginlega ábyrgð innan heimilis og fjölskyldu eins og við á í hverju landi.*

5.5 *Tryggð verði full og virk þátttaka kvenna og jöfn tækifæri þeirra til að vera leiðandi við ákvarðanatöku á öllum sviðum stjórn- og efnahagsmála sem og á opinberum vettvangi.*

5.6 *Tryggð verði jöfn tækifæri allra til kyn- og frjósemisheilbrigðis og -réttinda, eins og samþykkt var með framkvæmdaáætlunum alþjóðaráðstefnunnar um mannfjölda og þróun og kvennaráðstefnunnar í Beijing sem og niðurstöðum endurskoðunarráðstefna þeirra.*

5.a *Gerðar verði umbætur til að tryggja konum jafnan rétt til tækifæra á sviði efnahagsmála, eignarhalds á og yfirráða yfir landi og eignum í annarri mynd, aðgangs að fjármálaþjónustu, arfs og náttúruauðlinda í samræmi við landslög.*

5.b *Notkun stuðningstækni verði efld, einkum upplýsinga- og fjarskiptatækni, í því skyni að efla völd kvenna.*

5.c *Sett verði öflug stefna og raunhæf löggjöf sem stuðlar að kynjajafnrétti og því að efla völd kvenna og stúlkna á öllum sviðum samfélagsins.*

Skjal sótt af '00000000' dags: 25.03 2026

6. MARKMIÐ:

## Tryggja öllum aðgengi að hreinu vatni og sjálfbæra nýtingu þess svo og hreinlætisaðstöðu

6.1 *Eigi síðar en árið 2030 verði öllum tryggður almennur og réttlátur aðgangur að heilnæmu drykkjarvatni á viðráðanlegu verði.*

6.2 *Eigi síðar en árið 2030 verði öllum tryggður jafn aðgangur að fullnægjandi hreinlætisaðstöðu. Endir verði bundinn á að fólk þurfi að ganga örna sinna utan dyra. Í þessu tilliti verði sérstakri athygli beint að þörfum kvenna og stúlkna og þeirra sem eru í viðkvæmri stöðu.*

6.3 *Eigi síðar en árið 2030 verði vatnsgæði aukin með því að draga úr mengun, útiloka að sorpi sé fleygt og lágmarka losun hættulegra efna og efnablanda og hluta. Hlutfall óunnins skólps og frárennslisvatns verði helmingað og endurvinnsla og örugg endurnotkun auknar verulega um heim allan.*

6.4 *Eigi síðar en árið 2030 verði vatn nýtt mun betur á öllum sviðum. Dregið verði úr notkun ferskvatns á sjálfbæran hátt í því skyni að koma í veg fyrir vatnsskort. Jafnframt verði dregið verulega úr fjölda þeirra sem þjáist af vatnsskorti.*

6.5 *Eigi síðar en árið 2030 komi samþætt stjórnun vatnsauðlinda til framkvæmda á öllum sviðum, meðal annars með samstarfi yfir landamæri eftir því sem við á.*

6.6 *Eigi síðar en árið 2020 komi til framkvæmda vernd og endurheimt vatnstengdra vistkerfa, þar með talið fjallendis, skóga, votlendis, áa, grunnvatnsbóla og vatna.*

6.a *Eigi síðar en árið 2030 nái alþjóðleg samvinna og stuðningur til þess að efla getu vegna starfsemi og áætlana sem tengjast vatni og hreinlætisaðgerðum, þar með talin vatnsöflun, afsöltun, vatnsnýtni, hreinsun skópls og frárennslisvatns, endurvinnsla og endurnotkunartækni ná til þróunarlanda.*

6.b Stutt verði við þátttöku byggðarlaga á hverjum stað og hún efld þannig að bæta megi stjórnun vatns og hreinlætisaðgerða.

7. MARKMIÐ:

## Tryggja öllum aðgang að öruggri og sjálfbærri orku á viðráðanlegu verði

7.1 *Eigi síðar en árið 2030 verði almennt aðgengi tryggt að nútímalegri og áreiðanlegri orkuþjónustu á viðráðanlegu verði.*

7.2 *Eigi síðar en árið 2030 verði hlutur endurnýjanlegrar orku í orkusamsetningu heimsins aukinn verulega.*

7.3 *Eigi síðar en árið 2030 hafi hraði úrbóta í orkunýtni verið tvöfaldaður.*

7.a *Eigi síðar en árið 2030 verði alþjóðleg samvinna aukin í því skyni að auðvelda aðgengi að rannsóknum og tækni á sviði umhverfisvænnar orku, meðal annars endurnýjanlegrar orku, orkunýtni og þróaðrar og hreinni tækni á sviði jarðefnaeldsneytis, og ýtt undir fjárfestingu í orkugrunnvirkjum og tækni á sviði umhverfisvænnar orku.*

7.b *Eigi síðar en árið 2030 verði aukið við innviði og tækni uppfærð í því skyni að veita öllum í þróunarlöndum, einkum þeim sem eru skemmst á veg komin og þróunarlöndum sem eru smáeyjaríki og landluktum þróunarlöndum, nútímalega og sjálfbæra orkuþjónustu í samræmi við stuðningsáætlanir hvers og eins.*

8. MARKMIÐ:

## Stuðla að viðvarandi sjálfbærum hagvexti og arðbærum og mannsæmandi atvinnutækifærum fyrir alla

8.1 *Viðhaldið verði hagvexti á hvern einstakling í samræmi við aðstæður í hverju landi og að minnsta kosti 7% vexti vergrar landsframleiðslu á ári í þeim þróunarlöndum sem eru skemmst á veg komin.*

8.2 *Aukinni framleiðni í atvinnulífinu verði náð með aukinni fjölbreytni, tækninýjungum og nýsköpun, meðal annars með því að beina athygli að vinnuaflsfrekum geirum sem fela í sér mikinn virðisauka.*

8.3 *Unnið verði að framgangi þróunarmiðaðra stefnumála sem styðja við afkastamikla framleiðslustarfsemi, sköpun mannsæmandi starfa, frumkvöðlastarfsemi, sköpunarmátt og nýsköpun og hvatt verði til myndunar og vaxtar örfyrirtækja, lítilla og meðalstórra fyrirtækja, meðal annars aðgangi að fjármálaþjónustu.*

8.4 *Fram til ársins 2030 verði nýtni auðlinda í neyslu og framleiðslu bætt stöðugt og leitast við að frátengja hagvöxt frá hnignun umhverfisins í samræmi við 10 ára rammaáætlunina um sjálfbæra neyslu og framleiðslu, með iðnríkin í fararbroddi.*

8.5 *Eigi síðar en árið 2030 verði full og gagnleg atvinna og mannsæmandi störf að veruleika fyrir allar konur og karla, meðal annars fyrir ungt fólk og fatlað fólk, og sömu laun verði greidd fyrir jafnverðmæt störf.*

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.03.2026

8.6 *Eigi síðar en árið 2020 hafi hlutfall ungmenna, sem eru atvinnulaus eða stunda ekki nám eða þjálfun, lækkað verulega.*

8.7 *Gerðar verði tafarlausar og árangursríkar ráðstafanir til þess að útrýma nauðungarvinnu, endir bundinn á nútímaþrælahald og mansal. Tryggt verði bann við og afnám barnaþrælkunar, meðal annars nýliðunar og notkunar barnahermanna, og eigi síðar en árið 2025 verði bundinn endir á nauðungarvinnu barna í öllum myndum.*

8.8 *Réttindi á vinnumarkaði verði vernduð og stuðlað að öruggu og tryggu vinnuumhverfi fyrir allt launafólk, meðal annars farandlaunþega, einkum konur sem eru á faraldsfæti, og þá sem hafa ótrygga atvinnu.*

8.9 *Eigi síðar en árið 2030 verði hugað að stefnumálum og þeim hrundið í framkvæmd í því skyni að stuðla að sjálfbærri ferðaþjónustu sem skapar störf og leggur áherslu á staðbundina menningu og framleiðsluvörur.*

8.10 *Geta fjármálastofnana innanlands verði efld til þess að ýta undir og bæta aðgang að banka-, trygginga- og fjármálaþjónustu fyrir alla.*

8.a *Stuðningur við aðstoð til eflingar viðskiptum (e. Aid for Trade) verði aukinn í þágu þróunarlanda, einkum þeirra sem eru skemmst á veg komin, meðal annars á grundvelli eflds samþætts ramma um viðskiptatengda tækniaðstoð við þau lönd sem eru skemmst á veg komin í þróun (e. Enhanced Integrated Framework for Trade-Related Technical Assistance to Least Developed Countries).*

8.b *Eigi síðar en árið 2020 verði lokið við að þróa og hrinda í framkvæmd heildarstefnu um atvinnumál ungmenna og atvinnusáttmáli Alþjóðavinnumálastofnunarinnar komi til framkvæmda.*

9. MARKMIÐ:

## Byggja upp viðnámsþolna innviði fyrir alla, stuðla að sjálfbærri iðnvæðingu og hlúa að nýsköpun

9.1 *Þróaðir verði innviðir, sem eru traustir, sjálfbærir og viðnámsþolnir, meðal annars innviðir innan svæða og yfir landamæri, í því skyni að styðja við efnahagsþróun og velsæld manna, þar sem lögð verði áhersla á réttmætan aðgang fyrir alla á viðráðanlegu verði.*

9.2 *Stuðlað verði að sjálfbærri iðnþróun fyrir alla og eigi síðar en 2030 hafi hlutur iðnaðar í atvinnulífi og vergri landsframleiðslu aukist verulega, allt eftir innlendum aðstæðum, og hlutur iðnaðar tvöfaldaður í þeim löndum sem skemmst eru á veg komin í þróun.*

9.3 *Aukið verði aðgengi minni iðnfyrirtækja og annarra fyrirtækja, einkum í þróunarlöndum, að fjármálaþjónustu, meðal annars að lánum á viðráðanlegu verði. Einnig verði aðlögun þeirra að verðmætakeðjum og mörkuðum aukin.*

9.4 *Eigi síðar en árið 2030 verði innviðir uppfærðir og iðnaður aðlagaður svo að þau verði sjálfbær, þar sem nýting auðlinda verði skilvirkari, og innleidd verði tækni og iðnaðarferli í auknum mæli, sem eru hrein og umhverfisvæn, þar sem öll lönd grípi til aðgerða allt eftir getu hvers og eins.*

9.5 *Vísindarannsóknir verði efldar, tæknigeta iðngreina í öllum löndum verði endurbætt, þar á meðal í þróunarlöndum. Eigi síðar en árið 2030 verði ýtt undir nýsköpun og fjöldi þeirra sem starfa við rannsóknir og þróun aukinn verulega fyrir hverja milljón íbúa, og útgjöld til rannsókna og þróunar hins opinbera og einkageirans verði aukin.*

9.a *Greitt verði fyrir þróun varanlegra og viðnámsþolinna grunnvirkja í þróunarlöndum með auknum fjárhags-, tæknifræði- og tæknilegum stuðningi til Afríkulanda, landa sem eru skemmst á veg komin í þróun, landluktra þróunarlanda og þróunarlanda sem eru smáeyjaríki.*

9.b *Stutt verði við tækniþróun, rannsóknir og nýsköpun innanlands í þróunarlöndum, meðal annars með því að festa í sessi umhverfi stefnumótunar sem stuðlar til dæmis að fjölbreytni í iðnaði og virðisauka varnings.*

9.c *Aðgengi að upplýsinga- og fjarskiptatækni verði aukið verulega og lagt verði kapp á að skapa almennan aðgang á viðráðanlegu verði að Netinu í þeim löndum sem eru skemmst á veg komin í þróun.*

10. MARKMIÐ:

## Draga úr ójöfnuði innan og á milli landa

10.1 *Eigi síðar en árið 2030 verði varanlegri tekjuaukningu náð fram í áföngum fyrir 40% þess mannfjölda sem tekjulægstur er og henni viðhaldið og gangi hraðar fyrir sig en almenn meðaltalstekjuaukning á landsvísu.*

10.2 *Eigi síðar en árið 2030 verði öllum gert kleift að taka þátt í félags-, efnahags- og stjórnmálalífi, án tillits til aldurs, kyns, fötlunar, kynþáttar, þjóðernis, uppruna, trúarbragða, efnahagslegrar eða annarrar stöðu.*

10.3 *Tryggja jöfn tækifæri og draga úr ójöfnuði, meðal annars með afnámi laga, stefnumótunar og framkvæmdar sem elur á mis-*



Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.03.2026

*munun, samhliða því að ýta undir lagasetningu, stefnumótun og framkvæmd sem styður við markmiðið.*

10.4 *Mörkuð verði stefna í ríkisfjármálum, launamálum og á sviði félagslegrar verndar sem í áföngum auki félagslegan jöfnuð.*

10.5 *Reglusetning og eftirlit með alþjóðlegum fjármálamörkuðum og -stofnunum verði bætt og beiting slíkra reglna efld.*

10.6 *Tryggt verði aukið fyrirsvar og að rödd þróunarlanda heyrist betur þegar ákvarðanir eru teknar innan alþjóðlegra stofnana á sviði efnahags- og fjármála til að auka skilvirkni, trúverðugleika, áreiðanleika og lögmæti þeirra.*

10.7 *Greitt verði fyrir skipulegum, öruggum, reglulegum og ábyrgum búferlaflutningum og för fólks, meðal annars með því að hrinda stefnumálum á sviði búferlaflutninga í framkvæmd á skipulegan og hagkvæman hátt.*

10.a *Meginreglan um sérstaka og breytilega meðferð í þágu þróunarlanda, einkum þeirra sem eru skemmst á veg komin, verði framkvæmd í samræmi við samninga Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar.*

10.b *Ýtt verði undir opinbera þróunaraðstoð og fjárstreymi, meðal annars beina, erlenda fjárfestingu, til ríkja þar sem þörfin er mest, einkum landa sem eru skemmst á veg komin í þróun, Afríkulanda, þróunarlanda sem eru smáeyjaríki og landluktra þróunarlanda, í samræmi við landsáætlanir þeirra og fyrirætlanir.*

10.c *Eigi síðar en árið 2030 verði kostnaður vegna millifærslu peninga farandlaunþega lækkaður niður í minna en 3% og leiðum til peningasendinga lokað sem hafa í för með sér kostnað sem er yfir 5%.*

11. MARKMIÐ:

## Gera borgir og íbúðasvæði öllum auðnotuð, örugg og sjálfbær

11.1 *Eigi síðar en árið 2030 verði öllum tryggður aðgangur að fullnægjandi og öruggu húsnæði á viðráðanlegu verði. Grunnþjónusta og fátækrahverfi endurbætt.*

11.2 *Eigi síðar en árið 2030 verði öllum veittur aðgangur að öruggum, aðgengilegum og sjálfbærum flutningakerfum á viðráðanlegu verði og öryggi á vegum bætt. Lögð verði aukin áhersla á almenningssamgöngur með sérstakri áherslu á þarfir þeirra sem eru í viðkvæmri stöðu, kvenna, barna, fatlaðs fólks og eldra fólks.*

11.3 *Eigi síðar en árið 2030 verði sjálfbær þéttbýlismyndun fyrir alla efld. Jafnframt verði efld geta til skipulagningar og stýringar, sem byggist á þátttöku, á samþættum og sjálfbærum íbúðasvæðum í öllum löndum.*

11.4 *Viðleitni til þess að vernda og tryggja menningar- og náttúruarfleifð heimsins verði efld.*

11.5 *Eigi síðar en árið 2030 verði dregið verulega úr fjölda dauðsfalla vegna hamfara og fjölda þess fólks sem verður fyrir áhrifum af þeirra völdum. Dregið verði úr beinu efnahagslegu tjóni, sem hlutfalli af vergri landsframleiðslu á heimsvísu, af völdum hamfara, meðal annars hamfara sem tengjast vatni. Áhersla verði lögð á að vernda fátæka og fólk í viðkvæmri stöðu.*

11.6 *Eigi síðar en árið 2030 verði dregið úr neikvæðum umhverfisáhrifum borga á hvern einstakling, meðal annars með því að beina sérstakri athygli að loftgæðum og meðhöndlun sveitarfélaga á úrgangi.*

11.7 *Eigi síðar en árið 2030 verði almennur aðgangur veittur að öruggum og aðgengilegum grænum svæðum fyrir almenning, einkum konur og börn, eldra fólk og fatlað fólk.*

11.a *Stutt verði við jákvæð efnahags-, félags- og umhverfisleg tengsl milli þéttbýlis, þéttbýlla svæða í borgarjaðri og dreifbýlissvæða með því að styrkja áætlanir um byggðaþróun á landsvísu og innan svæða.*

11.b *Eigi síðar en árið 2020 verði fjölgað borgum og íbúðasvæðum sem samþykkja og hrinda í framkvæmd samþættum stefnumálum og áætlunum, sem miða að aðkomu allra, auðlindanýtni, því að draga úr loftslagsbreytingum og aðlögun að þeim svo og að styrkja viðnámsþol gegn hamförum. Þróuð verði og framkvæmd heildræn áhættustrýring vegna hvers kyns hamfara í samræmi við Sendai-rammaáætlunina 2015-2030.*

11.c *Löndum, sem eru skemmst á veg komin í þróun, verði veittur stuðningur, meðal annars fjárhags- og tækniaðstoð, til þess að reisa varanlegar og viðnámsþolnar byggingar úr staðbundnum byggingarefnum.*

12. MARKMIÐ:

## Sjálfbær neyslu- og framleiðslumynstur verði tryggð

12.1 *Hrundið verði í framkvæmd 10 ára rammaáætlunum um sjálfbæra neyslu og framleiðslu, þar sem öll lönd, með iðnríkin í fararbroddi, grípa til aðgerða. Tekið verði tillit til þróunar og getu þróunarlandanna.*

12.2 *Eigi síðar en árið 2030 verði markmiðum um sjálfbæra meðferð og skilvirka nýtingu náttúruauðlinda náð.*



Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.03.2026

12.3 *Eigi síðar en árið 2030 hafi sóun matvæla á smásölu- og neytendastigi minnkað um helming á hvern einstakling um heim allan. Dregið hafi úr glötuðum matvælum í framleiðslu- og birgðakeðjum, þar með talinn missir eftir uppskeru.*

12.4 *Eigi síðar en árið 2020 verði náð fram umhverfisvænni meðferð efna og efnablanda og meðhöndlun úrgangs af þeirra völdum allan lífsferil þeirra, í samræmi við samþykktar, alþjóðlegar rammaáætlanir. Dregið hafi verulega úr losun efna og efnablanda út í andrúmsloftið, vatn og jarðveg, í því skyni að lágmarka skaðleg áhrif þeirra á heilbrigði manna og umhverfið.*

12.5 *Eigi síðar en árið 2030 verði verulega dregið úr myndun úrgangs með forvörnum, með því að minnka úrgang og auka endurvinnslu og endurnýtingu.*

12.6 *Fyrirtæki, einkum stór og fjölþjóðleg fyrirtæki, verði hvött til þess að innleiða sjálfbæra þróun í starfsemi sína og fella upplýsingar um sjálfbærni inn í skýrslur sem gefnar eru út á þeirra vegum.*

12.7 *Stuðlað verði að sjálfbæru verklagi við opinber innkaup í samræmi við innlenda stefnu og forgangsröðun.*

12.8 *Eigi síðar en árið 2030 verði tryggt að fólk um allan heim fái viðeigandi upplýsingar og sé meðvitað um sjálfbæra þróun og lífsmáta í sátt við náttúruna.*

12.a *Þróunarlönd fái stuðning til þess að auka getu sína á sviði vísinda og tækni í því skyni að þoka neyslu- og framleiðslumynstrum áfram í átt til aukinnar sjálfbærni.*

12.b *Þróuð verði tæki og þeim beitt til þess að fylgjast með áhrifum sjálfbærrar þróunar á sjálfbæra ferðaþjónustu sem skapar störf og ýtir undir staðbundna menningu og framleiðslu.*

12.c *Óskilvirkar niðurgreiðslur vegna jarðefnaeldsneytis, sem ýta undir sóun, verði lagfærðar í samræmi við innlendar aðstæður á hverjum stað. Markaðsröskun vegna þessa verði upprætt, meðal annars með því að endurskipuleggja skattlagningu og leggja slíkar skaðlegar niðurgreiðslur niður í áföngum, þar sem þær fyrirfinnast. Jafnframt verði sýnt fram á þau umhverfisáhrif sem þær valda. Tekið verði fullt tillit til sérþarfa og aðstæðna þróunarlanda og hugsanlegum, skaðlegum áhrifum á þróun þeirra verði haldið í lágmarki með því að verja fátæk samfélög sem fyrir áhrifum verða.*

13. MARKMIÐ:

## Grípa til bráðra aðgerða gegn loftslagsbreytingum og áhrifum þeirra

13.1 *Viðnámsþol og aðlögunargeta vegna loftslagstengdrar hættu og náttúruhamfara verði eflt í öllum löndum.*

13.2 *Ráðstafanir vegna loftslagsbreytinga verði felldar inn í landsbundnar áætlanir, stefnumál og skipulag.*

13.3 *Menntun og geta fólks og stofnana til að draga úr, laga sig að, draga úr áhrifum og vara við loftslagsbreytingum verði bætt og vitund þess um vandann styrkt.*

13.a *Efnd verði fyrirheit þróaðra ríkja um 100 milljarða dollara framlag, bæði frá hinu opinbera og einkaaðilum, í því skyni að aðstoða þróunarlönd við að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og stuðla að gagnsæi aðgerða. Jafnframt verði unnið sem fyrst að fjármögnun Græna loftslagssjóðsins þannig að hann geti starfað af fullum krafti.*

13.b *Opna leiðir til að auka færni við að skipuleggja og stjórna loftslagsaðgerðum í þeim löndum sem skemmst eru á veg komin í þróun og í þróunarlöndum sem eru smáeyjaríki. Í því tilliti ber að leggja áherslu á konur, ungt fólk, byggðarlög og jaðarsamfélög.*

14. MARKMIÐ:

## Vernda og nýta hafið og auðlindir þess á sjálfbæran hátt í því skyni að stuðla að sjálfbærri þróun

14.1 *Eigi síðar en árið 2025 verði verulega dregið úr og komið í veg fyrir hvers kyns mengun sjávar, einkum frá starfsemi á landi, þ.m.t. rusli í sjó og mengun af völdum næringarefna.*

14.2 *Eigi síðar en árið 2020 verði gengið um vistkerfi sjávar og stranda og þau vernduð á sjálfbæran hátt til að koma í veg fyrir veruleg neikvæð áhrif. Þetta verði meðal annars gert með því að efla viðnámsþol þeirra og gripið verði til aðgerða til að endurheimta og efla heilbrigði þeirra og framleiðslu.*

14.3 *Áhrifum af súrnun sjávar verði haldið í lágmarki og unnið gegn henni, t.d. með því að efla vísindasamstarf á þessu sviði.*

14.4 *Eigi síðar en árið 2020 verði komið á skilvirku eftirliti með tekju og tekið fyrir ofveiði og ólöglegar, ótilkynntar og stjórnlausar fiskveiðar og eyðileggjandi veiðiaðferðir. Hrundið verði í framkvæmd áætlunum um stjórn fiskveiða, sem byggjast á vísinda-*

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.03.2026

*legum grunni, í því skyni að endurheimta fiskistofna á stysta mögulega tíma, a.m.k. að því marki að stofnar geti gefið af sér hámarksafrakstur miðað við líffræðilega eiginleika sína.*

14.5 *Eigi síðar en árið 2020 verði a.m.k. 10% af strand- og hafsvæðum vernduð, í samræmi við landslög og alþjóðalög, og byggt á bestu fyrirliggjandi vísindaupplýsingum.*

14.6 *Eigi síðar en árið 2020 verði niðurgreiðslur til sjávarútvegs, sem stuðla að of mikilli afkastagetu og ofveiði, bönnuð svo og niðurgreiðslur, sem stuðla að ólöglegum, ótilkynntum og stjórnlausum fiskveiðum, afnumdar. Jafnframt verði reynt að koma í veg fyrir að teknar verði upp nýjar tegundir slíkra niðurgreiðslna, þar sem viðurkennt er að viðeigandi og skilvirk, sérstök og annars konar meðferð ætti að vera órjúfanlegur þáttur í samningaviðræðum Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar um niðurgreiðslur til sjávarútvegs fyrir þróunarríkin og þau lönd sem skemmst eru á veg komin í þróun.*

14.7 *Eigi síðar en árið 2030 hafi efnahagslegur ávinningur þróunarlanda sem eru smáeyjaríki og þeirra landa sem eru skemmst á veg komin í þróun aukist vegna sjálfbærrar nýtingar sjávarauðlinda, sem felst meðal annars í því að ástunda sjálfbæra stjórnun fiskveiða, fiskeldi í sjó og ferðaþjónustu.*

14.a *Vísindaleg þekking verði aukin, geta á sviði rannsókna verði þróuð og tækniþekking í haffræðum verði yfirfærð, að teknu tilliti til viðmiðana og leiðbeininga Alþjóðahaffræðinefndarinnar um yfirfærslu þekkingar í sjávarútvegi (Intergovernmental Oceanographic Commission Criteria and Guidelines on the Transfer of Marine Technology), í því skyni að efla heilbrigði sjávar og auka líffræðilega fjölbreytni í höfunum til framþróunar í þróunarlöndunum, einkum þeim sem eru smáeyjaríki og þeim sem eru skemmst á veg komin í þróun.*

14.b *Veita þeim sem veiða í smáum stíl aðgang að sjávarauðlindum og mörkuðum.*

14.c *Varðveisla og sjálfbær nýting hafsins og auðlinda þess verði efld með því að hrinda í framkvæmd alþjóðalögum, samkvæmt ákvæðum þar að lútandi í hafréttarsamningi Sameinuðu þjóðanna, þar sem kveðið er á um lagaramma um varðveislu og sjálfbæra nýtingu hafsins og auðlinda þess, og minnt er á í 158. gr. í skjalinu* ***Framtíðin sem við viljum****.*

15. MARKMIÐ:

## Vernda, endurheimta vistkerfi á landi og stuðla að sjálfbærri nýtingu þeirra, vinna að sjálfbærri stjórnun skógarauðlindarinnar, berjast gegn eyðimerkurmyndun, stöðva jarðvegseyðingu og endurheimta landgæði og sporna við hnignun líffræðilegrar fjölbreytni

15.1 *Eigi síðar en árið 2020 verði tryggð verndun, endurheimt og sjálfbær nýting vistkerfa á landi og í ferskvatni og þjónusta þeirra, einkum skóga, votlendis, fjallendis og þurrkasvæða, í samræmi við skuldbindingar samkvæmt alþjóðasamningum.*

15.2 *Eigi síðar en árið 2020 hafi tekist að efla sjálfbæra stjórnun í öllum gerðum skóga, stöðva skógareyðingu, endurheimta hnignandi skóga og auka verulega nýskógrækt og endurræktun skóga á heimsvísu.*

15.3 *Eigi síðar en árið 2030 verði barist gegn eyðimerkurmyndun, hnignandi land og jarðvegur verði endurheimt, þ.m.t. land sem er raskað af eyðimerkurmyndun, þurrkum og flóðum, og unnið að því að koma á hlutleysi milli hnignunar og endurreisnar lands í heiminum.*

15.4 *Eigi síðar en árið 2030 verði tryggð verndun vistkerfa í fjalllendi, meðal annars líffræðileg fjölbreytni þeirra, í því skyni að efla getu þeirra til að gefa af sér afrakstur sem er meginþáttur í hugmyndafræði sjálfbærrar þróunar.*

15.5 *Gripið verði til brýnna aðgerða og aðgerða sem skipta máli til að draga úr hnignun náttúrulegra búsvæða, stöðva tap líffræðilegrar fjölbreytni og eigi síðar en árið 2020, verði gripið til aðgerða til að vernda tegundir í bráðri hættu og koma í veg fyrir útrýmingu þeirra.*

15.6 *Stuðlað verði að sanngjarnri og jafnri skiptingu ávinnings af nýtingu erfðaauðlinda og aðgangi við hæfi að slíkum auðlindum samkvæmt alþjóðlegum samþykktum.*

15.7 *Gripið verði til bráðra aðgerða til að binda enda á veiðiþjófnað og viðskipti með vernduð tegundir plantna og dýra og komið í veg fyrir eftirspurn og framboð á ólöglegum afurðum villtra dýra.*

15.8 *Gripið verði til ráðstafana, eigi síðar en árið 2020, til að koma í veg fyrir aðflutning ágengra, framandi tegunda og dregið verulega úr áhrifum þeirra á vistkerfi á landi og í vatni og þeim tegundum sem eru í forgangi verði stýrt eða þeim útrýmt.*

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.03 2026

15.9 Eigi síðar er árið 2020 verði verðmæti vistkerfa og líffræðilegrar fjölbreytni samþætt landsbundinni og staðbundinni áætlanagerð, þróunarferlum, aðgerðum til að draga úr fátækt og skýrslugerðum.

15.a Kallað verði eftir fjármagni alls staðar frá og það aukið verulega í því skyni að varðveita og nýta líffræðilega fjölbreytni og vistkerfi með sjálfbærum hætti.

15.b Kallað verði eftir verulegu fjármagni alls staðar frá og á öllum sviðum í því skyni að fjármagna sjálfbæra stjórnun skógarauðlindarinnar og mynda nægilega hvata fyrir þróunarlöndin til að þróa slíka stjórnun, meðal annars vegna verndunar og endurræktunar skóga.

15.c Efldur verði stuðningur á heimsvísu við viðleitni til að berjast gegn veiðiþjófnaði og ólöglegum viðskiptum með verndaðar tegundir, meðal annars verði efld geta byggðarlaga á hverjum stað til þess að leita sjálfbærra leiða til að afla sér lífsviðurværis.

16. MARKMIÐ:

## Stuðla að friðsælum og sjálfbærum samfélögum fyrir alla menn, tryggja öllum jafnan aðgang að réttarkerfi og byggja upp skilvirkar og ábyrgar stofnanir fyrir alla menn á öllum sviðum

16.1 Dregið verði alls staðar verulega úr hvers kyns ofbeldi og dauðsföllum því tengdum.

16.2 Misnotkun, misneyting, mansal og hvers kyns ofbeldi gegn börnum og pyntingar á þeim verði upprætt.

16.3 Réttarríkið verði eflt á landsbundnum og alþjóðlegum vettvangi og jafn aðgangur allra að réttarkerfinu tryggður.

16.4 Eigi síðar en árið 2030 verði dregið verulega úr ólöglegu flæði fjármagns og vopna, endurheimt og skil á stolnum eigum efld, svo og barátta gegn hvers kyns skipulagðri brotastarfsemi.

16.5 Dregið verði verulega úr hvers kyns spillingu og mútum.

16.6 Þróaðar verði skilvirkar og ábyrgar stofnanir á öllum sviðum sem hafa gagnsæi að leiðarljósi.

16.7 Tryggð verði ákvarðanataka á öllum sviðum sem er ítarleg, bregst við aðstæðum og byggir á þátttöku.

16.8 Þátttaka þróunarlanda í stofnunum, sem eru ábyrgar fyrir stjórnun á heimsvísu, verði aukin og efld.

16.9 Öllum verði tryggð lögleg persónuskilríki, þ.m.t. fæðingarvottorð, eigi síðar en árið 2030.

16.10 Tryggður verði aðgangur að upplýsingum og vernd grundvallarréttinda í samræmi við landslöggjöf og alþjóðasamninga.

16.a Viðeigandi landsbundnar stofnanir verði styrktar, t.d. með alþjóðlegri samvinnu, í því skyni að efla getu á öllum sviðum, einkum í þróunarlöndunum, til að koma í veg fyrir ofbeldi og berjast gegn hryðjuverkum og brotastarfsemi.

16.b Lög og stefnumál á sviði sjálfbærrar þróunar, sem mismuna engum, verði efld og þeim framfylgt.

17. MARKMIÐ:

## Efla framkvæmd og blása lífi í alþjóðlegt samstarf um sjálfbæra þróun

### Fjármál

17.1 Tilföng innanlands verði aukin, meðal annars með alþjóðlegum stuðningi við þróunarlönd, til að bæta innlenda getu til öflunar skatttekna og annarra tekna.

17.2 Iðnríkin komi að fullu til framkvæmda skuldbindingum sínum um opinbera þróunaraðstoð, t.d. þeirri skuldbindingu margra iðnríkja að láta 0,7% af opinberri þróunaraðstoð/vergum þjóðartekjum renna til þróunarlanda og 0,15 til 0,20% af opinberri þróunaraðstoð/vergum þjóðartekjum til þeirra landa sem eru skemmst á veg komin í þróun. Þau ríki sem veita opinbera þróunaraðstoð eru hvött til þess að íhuga að setja sér það markmið að láta a.m.k. 0,20% af opinberri þróunaraðstoð/vergum þjóðartekjum renna til þeirra landa sem eru skemmst á veg komin í þróun.

17.3 Kallað verði eftir viðbótarfjármagni frá hinum ýmsu aðilum til handa þróunarlöndum.

17.4 Þróunarlönd fái aðstoð til að ná sjálfbærri skuldastöðu til lengri tíma litið með samræmdum stefnumálum sem miða að því að bæta fjármögnun, niðurfellingu og endurskipulagningu skulda eftir því sem við á. Erlendar skuldir mjög skuldsettra, fátækra ríkja verði skoðaðar með það fyrir augum að draga úr skuldavanda.

17.5 Aðgerðaráætlanir til að efla fjárfestingar verði samþykktar fyrir þau lönd sem eru skemmst á veg komin í þróun og þeim hrundið í framkvæmd.



Skjal sótt af '000000000' dags: 25.03 2026

### Tækni

17.6 *Eflt verði samstarf milli svæða í norðri og suðri, innan suðursvæða og þríhliða samstarf. Einnig verði alþjóðlegt samstarf um vísindi, tækni og nýsköpun eflt og aðgangur að þessum sviðum auðveldaður. Enn fremur verði þekkingarmiðlun á jafnræðisgrundvelli efld, meðal annars með því að bæta samræmingu fyrirliggjandi aðgerða, einkum á vettvangi Sameinuðu þjóðanna og innan ramma alþjóðlegra kerfa sem er ætlað að greiða fyrir tækni.*

17.7 *Stuðlað verði að þróun, yfirfærslu, miðlun og dreifingu umhverfisvænnar tækni til þróunarlandanna með hagstæðari skilmálum en nú gerist, m.a. með ívilnandi skilmálum og vildarkjörum, eftir því sem gagnkvæmt samkomulag næst um.*

17.8 *Eigi síðar en árið 2017 verði tæknibanki og aðgerðir til uppbyggingar á getu á sviði vísinda, tækni og nýsköpunar að fullu starfhæf fyrir þau lönd sem eru skemmst á veg komin í þróun og stuðningur til sjálfshjálpar efldur, einkum á sviði upplýsinga- og fjarskiptatækni.*

### Uppbygging getu

17.9 *Efldur verði alþjóðlegur stuðningur við framkvæmd skilvirkrar og hnitmiðaðrar uppbyggingar á getu í þróunarlöndunum með það að markmiði að styðja við landsáætlanir um að hrinda öllum þróunarmarkmiðum um sjálfbærni í framkvæmd, meðal annars með samstarfi milli svæða í norðri og suðri, innan suðursvæða og með þríhliða samstarfi.*

### Viðskipti

17.10 *Stuðlað verði að alþjóðlegu viðskiptakerfi, sem byggist á reglum, er opið, án mismununar og er réttlátt og marghliða, innan ramma Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar og miðar meðal annars að því að ljúka viðræðum stofnunarinnar sem kenndar eru við Dóha.*

17.11 *Útflutningur þróunarlanda verði aukinn verulega, einkum með það fyrir augum að tvöfalda hlut þeirra landa sem eru skemmst á veg komin í þróun í útflutningi á heimsvísu, eigi síðar en árið 2020.*

17.12 *Komið verði til framkvæmda í tæka tíð tollfrjálsum og kvótalausum markaðsaðgangi á varanlegum grunni fyrir öll lönd sem eru skemmst á veg komin í þróun, í samræmi við ákvarðanir Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar, meðal annars með því að tryggja að upprunareglur, sem veita fríðindi og eiga við um innflutning frá þeim löndum sem eru skemmst á veg komin í þróun, séu gagnsæjar og einfaldar og stuðli að því að greiða fyrir markaðsaðgangi.*

### Kerfistengd málefni

Stefnumál og samhengi í stofnanalegu tilliti.

17.13 *Efldur verði efnahagslegur stöðugleiki um allan heim, meðal annars með því að samræma stefnur og samfellu í stefnumálum.*

17.14 *Samræmi í stefnum varðandi sjálfbæra þróun verði aukið.*

17.15 *Svigrúm og vald hvers lands til að koma á og framfylgja stefnumálum um útrýmingu fátæktar og sjálfbæra þróun verði virt.*

### Samstarf margra hagsmunaaðila.

17.16 *Eflt verði samstarf á heimsvísu um sjálfbæra þróun, stutt samstarfi margra hagsmunaaðila um að virkja og miðla kunnáttu, sérþekkingu, tækni og fjármagni, til að stuðla að því að markmiðum um sjálfbæra þróun verði náð í öllum löndum, einkum þróunarlöndum.*

17.17 *Hvatt verði til skilvirkra samstarfsverkefna opinberra aðila innbyrðis, opinberra aðila og einkaaðila og á vettvangi borgaralegs samfélags og stutt við slík verkefni. Við framkvæmd þeirra verði byggt á reynslu af samstarfsverkefnum almennt og á fjármögnunaraðferðum þeirra.*

### Gögn, eftirlit og ábyrgð

17.18 *Efldur verði stuðningur við þróunarlöndin, meðal annars við þau lönd sem eru skemmst á veg komin í þróun og þróunarlönd sem eru smáeyjaríki, eigi síðar en árið 2020, hvað varðar uppbyggingu getu til að auka verulega framboð á vönduðum, tímanlegum og áreiðanlegum gögnum, sundurliðuðum eftir tekjum, kyni, aldri, kynþætti, uppruna, innflytjendastöðu, fötlun, landfræðilegri staðsetningu og öðrum breytum sem eiga við í landsbundnu samhengi.*

17.19 *Eigi síðar en árið 2030 verði tekið mið af fyrirliggjandi frumkvæði til að þróa mælikvarða fyrir framvindu sjálfbærrar þróunar, þ.e. mælikvarða til viðbótar mælikvörðum um verga landsframleiðslu, og stutt verði við uppbyggingu getu á sviði tölfræði í þróunarlöndunum.*

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.03.2026

VIÐAUKI 3

# MÆLIKVARÐAR

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.03 2026

1.1.1 Hlutfall íbúa undir alþjóðlegum fátæktarmörkum eftir kyni, aldri, atvinnustöðu og landfræðilegri staðsetningu (þéttbýli/dreifbýli).

1.2.1 Hlutfall íbúa undir innlendum fátæktarmörkum, eftir kyni og aldri.

1.2.2 Hlutfall karla, kvenna og barna á öllum aldri, sem búa við fátækt í öllum sínum birtingarmyndum samkvæmt skilgreiningum í hverju landi.

1.3.1 Hlutfall íbúa sem njóta félagslegrar lágmarksverndar/félagslegra verndarkerfa, eftir kyni, þar sem greint er á milli barna, atvinnulausra einstaklinga, eldri borgara, fatlaðra, barnshafandi kvenna, nýbura, fórnarlamba vinnuslysa og fátækra og annarra í viðkvæmri stöðu.

1.4.1 Hlutfall íbúa sem búa í húsnæði með aðgangi að grunnþjónustu.

1.4.2 Hlutfall allra fullorðinna íbúa með örugg leiguréttindi á landi, með lagalega viðurkennd gögn og sem meta réttindi sín til lands sem örugg, eftir kyni og tegund ábúðar.

1.5.1 Fjöldi dauðsfalla, týndra einstaklinga og fólks sem orðið hefur fyrir beinum áhrifum af völdum hamfara á hverja 100.000 íbúa.

1.5.2 Beint efnahagslegt tap í tengslum við hamfarir miðað við verga landsframleiðslu.

1.5.3 Fjöldi landa sem hafa samþykkt og komið til framkvæmda innlendum áætlunum um að draga úr áhrifum hamfara í samræmi við Sendai-rammaáætlunina um forvarnir gegn náttúruvá 2015-2030.

1.5.4 Hlutfall sveitarstjórna sem hafa samþykkt og komið til framkvæmda staðbundnum áætlunum um að draga úr áhrifum hamfara í samræmi við innlendar áætlanir um það.

1.a.1 Hlutfall innlendra úrræða sem stjórnvöld úthluta beint til áætlana um að draga úr fátækt.

1.a.2 Hlutfall heildarútgjalda hins opinbera til nauðsynlegrar þjónustu (menntunar, heilbrigðismála og félagsverndar).

1.a.3 Heildarfjárhæð allra styrkja og óafturkræfra fjárveitinga sem veitt er beint til áætlana um að draga úr fátækt, sem hlutfall af vergri landsframleiðslu.

1.b.1 Hlutfall opinberra rekstrar- og stofnkostnaðarfjárveitinga til atvinnugreina sem konur, fátækir og viðkvæmir hópar njóta umfram aðra.

2.1.1 Algengi vannæringar.

2.1.2 Algengi nokkurs eða alvarlegs fæðuóöryggis hjá þjóðinni, byggt á Mælikvarðanum um fæðuóöryggi (FIES - Food Insecurity Experience Scale).

2.2.1 Algengi kyrkings í vexti (hæð m.v. aldur <-2 staðalfrávik frá meðaltali Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar (WHO)) meðal barna undir 5 ára aldri.

2.2.2 Algengi lélegs næringarástands (þyngd m.v. hæð >+2 eða <-2 staðalfrávik frá meðaltali barnavaxtarstuðuls Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar) meðal barna undir 5 ára aldri, eftir tegund (vanþrif og ofþyngd).

2.3.1 Framleiðslumagn á starfseiningu, flokkað eftir umfangi búskapar/hjarðmennsku/skógræktar.

2.3.2 Meðaltekjur lítilla matvælaframleiðenda, eftir kyni og hvort um frumbyggja er að ræða.

2.4.1 Hlutfall landbúnaðarsvæðis til framleiðslu og sjálfbærs landbúnaðar.

2.5.1 Fjöldi erfðaauðlinda plantna og dýra á sviði matvæla og landbúnaðar sem komið hefur verið tryggilega fyrir í varðveisluaðstöðu til meðallangs og langs tíma.

2.5.2 Hlutfall staðbundinna tegunda sem



Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.03.2026

metnar eru í hættu, ekki í hættu eða á óvissustigi m.t.t. útrýmingar.

2.a.1 Leitnistuðull fyrir landbúnað í útgjöldum hins opinbera.

2.a.2 Heildartilfærslur hins opinbera (opinber þróunaraðstoð að viðbættum öðrum opinberum tilfærslum) til landbúnaðargeirans.

2.b.1 Útflutningsstyrkir vegna landbúnaðarafurða.

2.c.1 Mælikvarði fyrir frávik í matvælaverði.

3.1.1 Dánarhlutfall mæðra.

3.1.2 Hlutfall fæðinga þar sem faglærðir heilbrigðisstarfsmenn eru til staðar.

3.2.1 Dánartíðni barna undir 5 ára aldri.

3.2.2 Dánartíðni nýbura.

3.3.1 Fjöldi nýrra HIV-sýkinga á hverja 1.000 ósýkta landsmenn, eftir kyni, aldri og helstu samfélagshópum.

3.3.2 Nýgengi berkla á hverja 100.000 íbúa.

3.3.3 Nýgengi malaríu á hverja 100.000 íbúa.

3.3.4 Nýgengi lifrarbólgu B á hverja 100.000 íbúa.

3.3.5 Fjöldi einstaklinga sem þarfnast inngrips vegna vanmeðhöndlaðra hitabeltissjúkdóma.

3.4.1 Dánartíðni af völdum hjarta- og æðasjúkdóma, krabbameins, sykursýki eða langvinnra öndunarfærasjúkdóma.

3.4.2 Dánartíðni af völdum sjálfsvíga.

3.5.1 Umfang meðferðarinngrips (lyfjafræðilegrar, sálfélagslegrar og endurhæfingar- og eftirmeðferðarþjónustu) vegna vanda af völdum lyfjamisnotkunar.

3.5.2 Skaðleg notkun áfengis, skilgreint út frá innlendu samhengi sem áfengisnotkun á mann (15 ára og eldri) innan almanaksárs, í lítrum af hreinu áfengi.

3.6.1 Dánartíðni af völdum umferðarslysa.

3.7.1 Hlutfall kvenna á barneignaaldri (15-49 ára) sem fá fullnægjandi og nútímalega þjónustu m.t.t. fjölskylduáætlanagerðar.

3.7.2 Fæðingartíðni meðal unglingsstúlkna (10-14 ára annars vegar og 15-19 ára hins vegar) á hverjar 1.000 stúlkur í viðkomandi aldurshópi.

3.8.1 Umfang nauðsynlegrar heilbrigðisþjónustu (skilgreint sem meðalumfang nauðsynlegrar þjónustu á grundvelli gátunaríhlutana sem taka til frjósemisheilbrigðis og heilbrigðis mæðra, nýbura og barna, smitsjúkdóma, smitlausra sjúkdóma, og þjónustugetu og aðgengis almennings og þeirra samfélagshópa sem standa höllustum fæti).

3.8.2 Hlutfall íbúa með mikil útgjöld vegna heilbrigðismála sem hlutfall af heildarútgjöldum- eða tekjum heimilis.

3.9.1 Dánartíðni sem rekja má til loftmengunar á heimilum og í andrúmslofti.

3.9.2 Dánartíðni sem rekja má til mengaðs vatns, lélegrar salernisaðstöðu og skorts á hreinlæti (ófullnægjandi aðgangur að hreinu vatni, salernisaðstöðu og hreinlæti, WASH-þjónustu).

3.9.3 Dánartíðni sem rekja má til eitrana af vangá.

3.a.1 Útbreiðsla tóbaksnotkunar eftir aldurshópum hjá 15 ára og eldri.

3.b.1 Hlutfall markþýðis sem fengið hefur allar bólusetningar samkvæmt viðkomandi landsáætlun.

3.b.2 Samanlögð nettóþróunaraðstoð opinberra aðila til rannsókna í læknisfræði og helstu heilbrigðisgreina.

3.b.3 Hlutfall heilbrigðisstarfsstöðva sem búa yfir grunnbirgðum af viðeigandi nauðsynlegum lyfjum á viðráðanlegu verði á sjálfbærum grunni.

3.c.1 Þéttleiki og dreifing heilbrigðisstarfsmanna.

3.d.1 Geta og viðbúnaður gegn heilbrigðisvá samkvæmt alþjóðlegum heilbrigðisreglum (IHR).

4.1.1 Hlutfall barna og ungmenna a) í 2. og 3. bekk, b) við lok grunnskóla, c) við lok framhaldsskóla sem náð hefur a.m.k. lágmarksfærni í i. lestri og ii. stærðfræði, eftir kyni.

4.2.1 Hlutfall barna undir 5 ára aldri sem eru með eðlilegan þroska hvað varðar heilbrigði, nám og sálfélagslega vellíðan, eftir kyni.

4.2.2 Þátttökuhlutfall í skipulögðu námi (ári áður en opinberum aldri til grunnskólanáms er náð), eftir kyni.

4.3.1 Þátttökuhlutfall ungmenna og fullorðinna í formlegu og óformlegu námi og þjálfun á síðastliðnum 12 mánuðum, eftir kyni.

4.4.1 Hlutfall ungmenna og fullorðinna sem búa yfir upplýsinga- og fjarskiptatækniþekkingu, eftir tegund þekkingar.

4.5.1 Jöfnuðarvísar (konur/karlar, dreifbýli/þétt-



Skjal sótt af '00000000' dags: 25.03.2026

býli, fátækasti/ríkasti fimmtungur og aðrir hópar, s.s. öryrkjar, frumbyggjar og þeir sem hafa orðið fyrir barðinu á átökum, eftir því sem gögn verða tiltæk), fyrir alla menntavísa í þessari skrá sem unnt er að aðgreina.

4.6.1 Hlutfall íbúa í tilteknum aldurshópi sem náð hafa a.m.k. ákveðinni verkfærni í a) læsi og b) tölulæsi, eftir kyni.

4.7.1 Að hvaða marki i. menntun í heimsborgararétti og ii. menntun í sjálfbærri þróun, þ.m.t. í kynjajafnrétti og mannréttindum, hefur verið felld inn á öllum stigum í a) innlendar menntunaráætlanir, b) námskrár, c) kennaramenntun og d) mat á nemendum.

4.a.1 Hlutfall skóla með aðgengi að a) rafmagni, b) Netinu til kennslu, c) tölvum til kennslu, d) aðlöguðum innviðum og námsgögnum fyrir fatlaða nemendur, e) drykkjarhæfu vatni, f) aðskilinni salernisaðstöðu fyrir kynin og g) handþvottaaðstöðu (sbr. skilgreiningar WASH-vísisins).

4.b.1 Umfang opinberrar þróunaraðstoðar til skólastyrkja eftir sviðum og námsgreinum.

4.c.1 Hlutfall kennara í: a) forskólum, b) grunnskólum, c) neðri bekkjum framhaldsskóla, d) efri bekkjum framhaldsskóla sem notið hafa a.m.k. skipulegrar lágmarksþjálfunar fyrir kennara (þ.e. í kennslufræðum) áður en starf hefst eða í starfi, sem krafist er til kennslu á viðkomandi skólastigi í tilteknu landi.

5.1.1 Hvort til staðar er lagarammi sem miðar að því að efla, framfylgja og hafa eftirlit með því hvort kynin njóti jafnréttis og að þeim sé ekki mismunað.

5.2.1 Hlutfall kvenna og stúlkna eldri en 15 ára sem hafa verið í sambandi og orðið fyrir líkamlegu, kynferðislegu eða andlegu ofbeldi af hálfu núverandi eða fyrrverandi sambúðarmaka á síðastliðnum 12 mánuðum, eftir tegund ofbeldis og aldri.

5.2.2 Hlutfall kvenna og stúlkna eldri en 15 ára, sem hafa orðið fyrir kynferðislegu ofbeldi af hálfu annarra en sambúðarmaka á síðastliðnum 12 mánuðum, eftir aldri og verknaðarstað.

5.3.1 Hlutfall kvenna á aldrinum 20-24 ára sem giftust eða höfðu verið í sambandi fyrir 15 ára aldur og fyrir 18 ára aldur.

5.3.2 Hlutfall stúlkna og kvenna á aldrinum 15-49 sem hafa undirgengist limlestingu/skurð á kynfærum sínum, eftir aldri.

5.4.1 Hlutfall tíma sem varið er til ólaunaðra heimilis- og umönnunarstarfa, eftir kyni, aldri og staðsetningu.

5.5.1 Hlutfall kvenna a) á þjóðþingum og b) í sveitarstjórnum.

5.5.2 Hlutfall kvenna í stjórnunarstöðum.

5.6.1 Hlutfall kvenna á aldrinum 15-49 ára sem taka eigin upplýstar ákvarðanir varðandi kynlíf, notkun getnaðarvarna og frjósemisheilbrigði.

5.6.2 Fjöldi landa sem tryggja fullan og jafnan aðgang kvenna og karla eldri en 15 ára, með lagasetningu og reglum, að kyn- og frjósemisheilbrigðisþjónustu, upplýsingum og menntun.

5.a.1 a) Hlutfall heildarmannfjölda í landbúnaði sem hefur eignarhald á eða öruggan rétt til landbúnaðarlands, eftir kyni, og b) hlutfall kvenna meðal eigenda eða rétthafa til landbúnaðarlands, eftir tegund ábúðar.

5.a.2 Hlutfall landa þar sem lagaramminn (þ.m.t. venjuréttur) tryggir jafnan rétt kvenna til eignarhalds á landi og/eða yfirráða.

5.b.1 Hlutfall einstaklinga sem eiga farsíma, eftir kyni.

5.c.1 Hlutfall landa með kerfi til að hafa eftirlit með og annast opinberar fjárveitingar til að stuðla að jafnrétti kynjanna og valdeflingu kvenna.

6.1.1 Hlutfall íbúa sem búa við örugga vatnsveitu.

6.2.1 Hlutfall íbúa sem nýtur öruggrar salernisaðstöðu, þ.m.t. handþvottaaðstöðu með sápu og vatni.

6.3.1 Hlutfall skólps sem fær örugga meðhöndlun.

6.3.2 Hlutfall vatnshlota með góðum vatnsgæðum.

6.4.1 Breyting á nýtni í vatnsnotkun með tímanum.

6.4.2 Álag á vatnsbúskap: ferskvatn minnkar sem hlutfall af tiltækum ferskvatnsauðlindum.

6.5.1 Að hvaða marki samþættri stjórnun vatnsauðlinda hefur verið komið til framkvæmda (0-100).

6.5.2 Hlutfall vatnasvæða þvert á landamæri þar sem samkomulag er til staðar um vatnsnotkun.

6.6.1 Breyting á umfangi vatnstengdra vistkerfa með tímanum.

6.a.1 Umfang opinberrar þróunaraðstoðar í

Skjal sótt af '0000000' dags: 25.03 2026

tengslum við vatns- og hreinlætismál sem hluta af samræmdri útgjaldaáætlun stjórnvalda.

6.b.1 Hlutfall sveitarstjórnareininga með samþykktar og virkar stefnur og verklagsreglur varðandi þátttöku staðbundinna samfélaga í stjórnun vatns- og hreinlætismála.

7.1.1 Hlutfall íbúa með aðgang að rafmagni.

7.1.2 Hlutfall íbúa sem reiða sig fyrst og fremst á hreint eldsneyti og tækni.

7.2.1 Hlutur endurnýjanlegrar orku í heildarorkunotkun.

7.3.1 Orkukræfni mæld með tilliti til frumorku og vergrar landsframleiðslu.

7.a.1 Alþjóðlegt fjárstreymi til þróunarlanda sem veitt er til rannsókna og þróunar á hreinni orku og framleiðslu á endurnýjanlegri orku, þ.m.t. í blönduðum kerfum.

7.b.1 Fjárfestingar í orkunýtni sem hlutfall af vergri landsframleiðslu og fjárhæð beinnar erlendrar fjárfestingar í fjármagnsflutningum fyrir innviði og tækni í þjónustu á sviði sjálfbærrar þróunar.

8.1.1 Árlegur vaxtarhraði raunverulegrar vergrar landsframleiðslu á mann.

8.2.1 Árlegur vaxtarhraði raunverulegrar vergrar landsframleiðslu á hvern vinnandi einstakling.

8.3.1 Hlutfall óformlegra starfa í öðru en landbúnaði, eftir kyni.

8.4.1 Efnisspor, efnisspor á mann og efnisspor miðað við verga landsframleiðslu.

8.4.2 Innlend efnisnotkun, innlend efnisnotkun á mann og innlend efnisnotkun miðað við verga landsframleiðslu.

8.5.1 Meðaltímakaup starfandi karla og kvenna, eftir starfi, aldri og fötluðum einstaklingum.

8.5.2 Atvinnuleysishlutfall eftir kyni, aldri og fötluðum einstaklingum.

8.6.1 Hlutfall ungmenna (15-24 ára) sem stunda ekki nám, atvinnu eða eru í starfsþjálfun.

8.7.1 Hlutfall og fjöldi barna á aldrinum 5-17 ára sem stundar barnavinnu, eftir kyni og aldri.

8.8.1 Tíðni banvænna og óbanvænna starfstengdra áverka, eftir kyni og farandstöðu.

8.8.2 Að hve miklu leyti nýtur launafólk réttinda á innlendum vettvangi (félagafrelsis og kjaraviðræðna) byggt á gögnum Alþjóðavinnumálastofnunarinnar (ILO) og innlendri löggjöf, eftir kyni og farandstöðu.

8.9.1 Bein verg landsframleiðsla af ferðaþjónustu sem hlutfall af vergri heildarlandsframleiðslu og vaxtarhraða.

8.9.2 Hlutfall starfa í sjálfbærri ferðaþjónustu af heildarstarfafjölda í ferðaþjónustu.

8.10.1

a) Fjöldi viðskiptabankaútibúa á hverja 100.000 fullorðna einstaklinga og b) fjöldi hraðbanka á hverja 100.000 fullorðna einstaklinga.

8.10.2 Hlutfall fullorðinna (15 ára og eldri) með reikning hjá banka eða öðrum fjármálastofnunum eða fargreiðslumiðlunarþjónustu.

8.a.1 Aðstoð vegna viðskiptaskuldbindinga- og greiðslna.

8.b.1 Fyrirliggjandi mótuð og rekstrartæk innlend áætlun hvað varðar atvinnumál ungmenna, annaðhvort sem sérstök áætlun eða sem hluti af innlendri atvinnuáætlun.

9.1.1 Hlutfall íbúa í dreifbýli sem býr í innan við 2 km fjarlægð frá heilsársvegi.

9.1.2 Farþega- og vöruflutningageta, eftir flutningsmáta.

9.2.1 Framleiðsluvirðisauki sem hlutfall af vergri landsframleiðslu og á mann.

9.2.2 Atvinna í framleiðslugreinum sem hlutfall af heildaratvinnuþátttöku.

9.3.1 Hlutfall lítilla og meðalstórra fyrirtækja í heildarvirðisauka.

9.3.2 Hlutfall lítilla og meðalstórra fyrirtækja með lán eða lánalínu.

9.4.1 Koltvísýringslosun á virðisaukaeiningu.

9.5.1 Útgjöld til rannsókna og þróunar sem hlutfall af vergri landsframleiðslu.

9.5.2 Vísindamenn (í jafngildi fullrar stöðu) á hverja milljón íbúa.

9.a.1 Heildarfjárstuðningur opinberra aðila á alþjóðavísu (opinber þróunaraðstoð, að viðbættri annarri opinberri fjármögnun) til innviða.

9.b.1 Hlutfall virðisauka meðal- og hátæknifyrirtækja af heildarvirðisauka.

9.c.1 Hlutfall íbúa með aðgang að farsímaneti, eftir tækni.

Skjal sótt af '000000000' dags: 25.03.2026

10.1.1 Vaxtarhraði í útgjöldum heimila eða tekjum á mann meðal lægstu 40 hundraðshluta íbúanna og hjá öllum íbúum.

10.2.1 Hlutfall fólks með undir helming af meðaltekjum, eftir kyni, aldri og fötluðum einstaklingum.

10.3.1 Hlutfall íbúa sem tilkynnt hafa um persónulega reynslu af mismunun eða áreitni á síðastliðnum 12 mánuðum á grundvelli mismununar sem bönnuð eru samkvæmt alþjóðlegum mannréttindalögum.

10.4.1 Hluti vinnuafls í vergri landsframleiðslu sem samanstendur af launum og millifærslum frá félagslega kerfinu.

10.5.1 Mælikvarðar á fjárhagslegt heilbrigði.

10.6.1 Hlutfall aðildarríkja og atkvæðisréttur þróunarlanda innan alþjóðastofnana.

10.7.1 Ráðningarkostnaður sem greiddur er af launamanni sem hlutfall af árstekjum sem aflað er í viðtökulandi.

10.7.2 Fjöldi landa sem hrundið hafa i framkvæmd vel stýrðri innflytjendastefnu.

10.a.1 Hlutfall tollskrársviða sem notuð eru vegna innflutnings frá þeim löndum sem eru skemmst á veg komin í þróun og þróunarlöndum með enga tolla.

10.b.1 Heildarúrræði til þróunar, eftir viðtakanda og gjafalandi og tegund úrræðis (þ.e. opinber þróunaraðstoð, bein, erlend fjárfesting og önnur úrræði).

10.c.1 Kostnaður við peningasendingar sem hlutfall af þeirri upphæð sem send er.

11.1.1 Hlutfall íbúa í þéttbýli sem búa í fátækrahverfum, óformlegu húsnæði eða óviðunandi húsnæði.

11.2.1 Hlutfall íbúa með auðvelt aðgengi að almenningssamgöngum, eftir kyni, aldri og fötluðum einstaklingum.

11.3.1 Hlutfall milli landnýtingar og fólksfjölgunar.

11.3.2 Hlutfall borga með beinu þátttökuferli fyrir íbúa við skipulag og stjórnun þéttbýlis, með reglubundnum og lýðræðislegum hætti.

11.4.1 Heildarútgjöld (opinberra aðila og einkaaðila) á mann sem varið er til varðveislu, verndunar og friðunar allrar menningar- og náttúruarfleifðar, eftir tegund arfleifðar (menningararfleifð, náttúruarfleifð, blönduð arfleifð og arfleifð á heimsminjaskrá UNESCO), tegund stjórnvalda (landsstjórn, svæðisstjórn og sveitarstjórn), tegund fjármögnunar (rekstrarútgjöld/fjárfestingar) og tegund einkafjármögnunar (gjafir í fríðu, óhagnaðardrifinn einkageiri og kostun).

11.5.1 Fjöldi dauðsfalla, týndra einstaklinga og fólks sem orðið hefur fyrir beinum áhrifum af völdum hamfara á hverja 100.000 íbúa.

11.5.2 Beint efnahagslegt tap af völdum hamfara í tengslum við verga landsframleiðslu á hnattræna vísu, skemmdir á þýðingamiklum innviðum og truflanir á veitingu grunnþjónustu.

11.6.1 Hlutfall fasts úrgangs frá þéttbýli sem er safnað saman með reglubundnum hætti og er fargað með viðunandi hætti sem hlutfall af heildarmagni fasts úrgangs í þéttbýli, eftir borgum.

11.6.2 Árlegt meðalgildi fíngerðs ryks (þ.e. PM2,5 og PM10) í borgum (vegið m.v. íbúafjölda).

11.7.1 Meðalhlutfall uppbyggðra svæða í borgum sem eru opin svæði til almennrar notkunar fyrir alla, eftir kyni, aldri og fötluðum einstaklingum.

11.7.2 Hlutfall einstaklinga sem eru þolendur líkamlegrar eða kynferðislegrar áreitni, eftir kyni, aldri, fötlun og staðsetningu verknaðar, á síðastliðnum 12 mánuðum.

11.a.1 Hlutfall íbúa sem búa í borgum sem komið hafa til framkvæmda áætlunum um þróun í þéttbýli og svæðisbundna þróun þar sem mannfjöldaspár og auðlindanotkun hefur verið samþætt, eftir stærð borgar.

11.b.1 Fjöldi landa sem hafa samþykkt og komið til framkvæmda innlendum áætlunum um að draga úr áhrifum hamfara í samræmi við Sendai-rammaáætlunina um forvarnir gegn náttúruvá 2015-2030.

11.b.2 Hlutfall sveitarstjórna sem hafa samþykkt og komið til framkvæmda staðbundnum áætlunum um að draga úr áhrifum hamfara í samræmi við innlendar áætlanir um það.

11.c.1 Hlutfall fjárstuðnings til þeirra landa, sem eru skemmst á veg komin í þróun, sem úthlutað er til byggingar og endurbóta á varanlegum, álagsþolnum og auðlindanýtnum byggingum úr byggingarefnum af svæðinu.

12.1.1 Fjöldi landa sem hafa innlendar áætlanir um sjálfbæra neyslu og framleiðslu eða hafa slíkar áætlanir sem forgangsverkefni eða markmið í innlendri stefnumótun.

12.2.1 Efnisspor, efnisspor á mann og efnisspor miðað við verga landsframleiðslu.

12.2.2 Innlend efnisnotkun, innlend efnisnotkun á mann og innlend efnisnotkun miðað við verga landsframleiðslu.



Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.03.2026

12.3.1 Hnattrænn stuðull fyrir matvælatap.

12.4.1 Fjöldi aðila að alþjóðlegum marghliða umhverfissamningum um hættulegan úrgang og önnur efni sem uppfylla skuldbindingar og skyldur þeirra varðandi upplýsingagjöf sem krafa er gerð um í hverjum viðeigandi samningi.

12.4.2 Myndun hættulegs úrgangs á mann og hlutfall hættulegs úrgangs sem fær meðhöndlun, eftir tegund meðhöndlunar.

12.5.1 Innlent endurvinnsluhlutfall, fjöldi tonna sem endurnýttur er.

12.6.1 Fjöldi fyrirtækja sem birta skýrslur um sjálfbærni.

12.7.1 Fjöldi landa sem koma til framkvæmda stefnum og aðgerðaáætlunum um sjálfbær opinber innkaup.

12.8.1 Að hvaða marki i. menntun í heimsborgararétti og ii. menntun í sjálfbærri þróun (þ.m.t. menntun í loftslagsbreytingum), hefur verið samþætt a) innlendum menntunaráætlunum, b) námskrám, c) kennaramenntun og d) mati á nemendum.

12.a.1 Umfang stuðnings við þróunarlönd til rannsókna og þróunarstarfsemi vegna sjálfbærrar neyslu og framleiðslu og umhverfisvænnar tækni.

12.b.1 Fjöldi sjálfbærra ferðaþjónustustefna eða -áætlana og aðgerðaáætlana sem komið hefur verið til framkvæmda með samþykktum eftirlits- og matsaðferðum.

12.c.1 Fjárhæð niðurgreiðslna á jarðefnaeldsneyti á hverja einingu vergrar þjóðarframleiðslu (framleiðsla og notkun) og sem hlutfall heildarútgjalda landsins vegna jarðefnaeldsneytis.

13.1.1 Fjöldi dauðsfalla, týndra einstaklinga og fólks sem orðið hefur fyrir beinum áhrifum af völdum hamfara á hverja 100.000 íbúa.

13.1.2 Fjöldi landa sem hafa samþykkt og komið til framkvæmda innlendum áætlunum um að draga úr áhrifum hamfara í samræmi við Sendai-rammaáætlunina um forvarnir gegn náttúruvá 2015-2030.

13.1.3 Hlutfall sveitarstjórna sem hafa samþykkt og komið til framkvæmda staðbundnum áætlunum um að draga úr áhrifum hamfara í samræmi við innlendar áætlanir um það.

13.2.1 Fjöldi landa sem hafa tilkynnt um að komið hafi verið á fót samþættri stefnu/stefnuáætlun/áætlun og hún orðin rekstrartæk sem eykur getu þeirra til að laga sig að neikvæðum áhrifum loftslagsbreytinga og stuðla að bættu viðnámi gegn loftslagsbreytingum og þróun í átt að lítilli losun gróðurhúsalofttegunda með hætti sem ógnar ekki matvælaframleiðslu (þ.m.t. með innlendri aðlögunaráætlun, landsákvörðuðu framlagi, landsskýrslu, skýrslugjöf annað hvert ár eða öðru).

13.3.1 Fjöldi landa sem hafa fellt aðgerðir til mildunar, aðlögunar, skaðaminnkunar og snemmviðvörunar inn í námskrár grunnskóla, framhaldsskóla og æðri menntunar.

13.3.2 Fjöldi landa sem hafa tilkynnt um eflda getu stofnana, kerfa og einstaklinga til að hrinda í framkvæmd aðgerðum til aðlögunar, mildunar og tækniyfirfærslu, og þróunaraðgerðum.

13.a.1 Tiltækt fjármagn í Bandaríkjadölum á ári á tímabilinu 2020 og 2025 sem reiknast upp í 100 milljarða Bandaríkjadala skuldbindinguna.

13.b.1 Fjöldi landa, sem eru skemmst á veg komin í þróun og lítilla eyríkja í hópi þróunarríkja, sem fá sérhæfðan stuðning, ásamt umfangi stuðnings, þ.m.t. fjármagn, tækni og getuuppbygging, til að efla getu til að útbúa skilvirkar áætlanir er varða loftslagsbreytingar, m.a. með áherslu á konur, ungmenni, staðbundin samfélög og jaðarhópa.

14.1.1 Stuðull fyrir ofauðgun strandsvæða og þéttleika fljótandi plastúrgangs.

14.2.1 Hlutfall af sérefnahagslögsögum landa sem stjórnað er með vistkerfislegum nálgunum.

14.3.1 Meðalsýrustig sjávar mælt á samþykktum fjölda dæmigerðra sýnatökustöðva.

14.4.1 Hlutfall fiskistofna innan líffræðilega sjálfbærra marka.

14.5.1 Umfang friðaðra svæða sem hlutfall af hafsvæðum.

14.6.1 Árangur landa við framkvæmd alþjóðlegra gerninga sem miða að því að berjast gegn ólöglegum, ótilkynntum og stjórnlausum fiskveiðum.

14.7.1 Sjálfbærar fiskveiðar sem hlutfall af vergri þjóðarframleiðslu í litlum eyríkjum í hópi þróunarríkja, löndum sem eru skemmst á veg komin í þróun og öllum löndum.

14.a.1 Hlutfall heildarfjárveitinga til rannsókna sem ráðstafað er til rannsókna í haftækni.

14.b.1 Árangur landa af beitingu laga-/reglu-/stefnu-/stofnanaramma þar sem aðgangsréttur lítilla útgerða er viðurkenndur og varinn.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.03.2026

14.c.1 Fjöldi landa sem náð hafa árangri við að fullgilda, staðfesta og koma til framkvæmda á grundvelli laga-, stefnu- og stofnanaramma gerningum er varða málefni hafsins sem eru til framkvæmdar alþjóðalögum, eins og þau birtast í Hafréttarsamningi Sameinuðu þjóðanna, vegna varðveislu og sjálfbærrar nýtingar hafsins og auðlinda þess.

15.1.1 Skógi vaxin svæði sem hlutfall af heildarlandsvæði.

15.1.2 Hlutfall mikilvægra svæða í líffræðilegri fjölbreytni land- og ferskvatnssvæða sem falla undir friðunarsvæði, eftir vistkerfistegund.

15.2.1 Árangur í sjálfbærri skógarstjórnun.

15.3.1 Hlutfall landhnignunar af heildarlandsvæði.

15.4.1 Umfang friðunarsvæða á mikilvægum stöðum fyrir líffræðilega fjölbreytni á fjallasvæðum.

15.4.2 Stuðull fyrir gróðurþekju fjalllendis.

15.5.1 Rauðlistastuðull

15.6.1 Fjöldi landa sem hafa samþykkt laga-, stjórnsýslu- og stefnuramma í því skyni að tryggja sanngjarna og réttláta skiptingu ávinnings.

15.7.1 Hlutfall villtra lífvera sem verslað er með og veiddar hafa verið með ólögmætum hætti eða eru í ólöglegum viðskiptum.

15.8.1 Hlutfall landa sem hafa samþykkt viðeigandi innlenda löggjöf og fjármagnað með fullnægjandi hætti forvarnir eða stjórnun á ágengum, framandi tegundum.

15.9.1 Árangur af innlendum markmiðum sem sett hafa verið í samræmi við 2. markmið Aichi-markmiðanna um líffræðilega fjölbreytni í Stefnuáætlun um líffræðilega fjölbreytni 2011-2020.

15.a.1 Opinber þróunaraðstoð og opinber útgjöld til varðveislu og sjálfbærrar nýtingar líffræðilegrar fjölbreytni og vistkerfa.

15.b.1 Opinber þróunaraðstoð og opinber útgjöld til varðveislu og sjálfbærrar nýtingar líffræðilegrar fjölbreytni og vistkerfa.

15.c.1 Hlutfall villtra lífvera sem verslað er með og veiddar hafa verið með ólögmætum hætti eða eru í ólöglegum viðskiptum.

16.1.1 Fjöldi fórnarlamba ásetningsmorða á hverja 100.000 íbúa, eftir kyni og aldri.

16.1.2 Átakatengd dauðsföll á hverja 100.000 íbúa, eftir kyni, aldri og orsök.

16.1.3 Hlutfall íbúa sem orðið hefur fyrir líkamlegu, andlegu eða kynferðislegu ofbeldi á síðastliðnum 12 mánuðum.

16.1.4 Hlutfall íbúa sem upplifir sig örugga á göngu einir síns liðs í nágrenni heimilis síns.

16.2.1 Hlutfall barna á aldrinum 1-17 ára sem orðið hafa fyrir einhvers konar líkamlegum refsingum og/eða andlegu ofbeldi af hálfu umönnunaraðila síðastliðinn mánuð.

16.2.2 Fjöldi mansalsfórnarlamba á hverja 100.000 íbúa, eftir kyni, aldri og tegund misneytingar.

16.2.3 Hlutfall ungra kvenna og karla á aldrinum 18-29 ára sem orðið hafa fyrir kynferðislegu ofbeldi fyrir 18 ára aldur.

16.3.1 Hlutfall fórnarlamba ofbeldis á síðastliðnum 12 mánuðum sem tilkynnt hafa um brot gegn sér til lögbærra yfirvalda eða annarra opinberlega viðurkenndra sáttaumleitunaraðila.

16.3.2 Hlutfall ósakfelldra gæslufanga af heildarfjölda í fangelsum.

16.4.1 Heildarvirði ólögmæts inn- og útflæðis fjármagns (í gildandi bandaríkjadölum)

16.4.2 Hlutfall haldlagðra, fundinna eða afhentra vopna þar sem lögbært stjórnvald hefur rakið eða sýnt fram á ólögmætan uppruna eða aðstæður í samræmi við alþjóðlega gerninga.

16.5.1 Hlutfall einstaklinga sem hafa átt samskipti við opinberan embættismann í a.m.k. eitt skipti og greitt mútur til opinbers embættismanns eða fengið beiðni um það frá þessum opinberu embættismönnum á síðastliðnum 12 mánuðum.

16.5.2 Hlutfall rekstraraðila sem hafa átt samskipti við opinberan embættismann í a.m.k. eitt skipti og greitt mútur til opinbers embættismanns eða fengið beiðni um það frá þessum opinberu embættismönnum á síðastliðnum 12 mánuðum.

16.6.1 Frumgjöld ríkissjóðs sem hlutfall af upprunalegum, samþykktum fjárlögum, eftir geira (eða fjárlagalínum eða þess háttar).

16.6.2 Hlutfall íbúa sem eru ánægðir með síðustu upplifun sína af opinberri þjónustu.

16.7.1 Hlutfall stöðugilda (eftir kyni, aldri, fötluðum einstaklingum og þjóðfélagshópum) hjá opinberum stofnunum (innlendir og staðbundnir löggjafar, opinber þjónusta og dómskerfi) borið saman við skiptingu í samfélaginu.

16.7.2 Hlutfall íbúa sem telja ákvarðanatöku vera fyrir alla og að brugðist sé við slíku, eftir kyni, aldri, fötlun og þjóðfélagshóp.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.03 2026

16.8.1 Hlutfall aðildarríkja og atkvæðisréttur þróunarlanda innan alþjóðastofnana.

16.9.1 Hlutfall barna undir 5 ára aldri á fæðingarskrá hjá borgaralegu yfirvaldi, eftir aldri.

16.10.1 Fjöldi sannprófaðra tilvika þar sem blaðamenn, tengdir starfsmenn fjölmiðla, félagar í stéttarfélögum og baráttumenn fyrir mannréttindum hafa verið myrtir, rænt, horfið af mannavöldum, fangelsaðir með tilviljanakenndum hætti eða pyntaðir á síðastliðnum 12 mánuðum.

16.10.2 Fjöldi landa sem hafa samþykkt og komið til framkvæmda aðgengi almennings að upplýsingum sem er tryggt samkvæmt stjórnarskrá, lögum og/eða stefnum.

16.a.1 Fyrir liggja sjálfstæðar mannréttindastofnanir í samræmi við Parísar-reglur Sameinuðu þjóðanna.

16.b.1 Hlutfall íbúa sem tilkynnt hafa um persónulega reynslu af mismunun eða áreitni á síðastliðnum 12 mánuðum á grundvelli mismununar sem bönnuð er samkvæmt alþjóðlegum mannréttindalögum.

17.1.1 Heildartekjur hins opinbera sem hlutfall af vergri landsframleiðslu, eftir uppruna.

17.1.2 Hlutfall innlendra fjárveitinga sem fjármagnaðar eru með innlendum sköttum.

17.2.1 Nettóþróunaraðstoð opinberra aðila, í heild og til þeirra landa sem eru skemmst á veg komin í þróun, sem hlutfall af vergum þjóðartekjum gjafaríkja í þróunaraðstoðarnefnd Efnahags- og framfarastofnunarinnar.

17.3.1 Bein, erlend fjárfesting, opinber þróunaraðstoð og samstarf innan suðursvæða sem hlutfall af heildarfjárlögum ríkisins.

17.3.2 Umfang peningasendinga (í bandaríkjadölum) sem hlutfall af vergri heildarlandsframleiðslu.

17.4.1 Greiðslubyrði sem hlutfall af útflutningi vöru og þjónustu.

17.5.1 Fjöldi landa sem samþykkt hafa og komið til framkvæmda aðgerðaáætlunum til að efla fjárfestingar fyrir þau lönd sem eru skemmst á veg komin í þróun.

17.6.1 Fjöldi samstarfssamninga og -áætlana um vísindi og/eða tækni milli landa, eftir tegund samstarfs.

17.6.2 Fastar breiðbandsáskriftir á hverja 100 íbúa, eftir hraða.

17.7.1 Heildarfjárhæð samþykktra fjárveitinga til þróunarríkja sem ætlað er að styðja við þróun, yfirfærslu, dreifingu og útbreiðslu umhverfisvænnar tækni.

17.8.1 Hlutfall einstaklinga sem nota Netið.

17.9.1 Fjárhæð í bandaríkjadölum sem veitt er til fjárhagslegs og tæknilegs stuðnings við þróunarlönd (m.a. með samstarfi milli svæða í norðri og suðri, innan suðursvæða og með þríhliða samstarfi).

17.10.1 Vegið meðaltal tolla á heimsvísu.

17.11.1 Hluti þróunarlanda og þeirra landa sem eru skemmst á veg komin í þróun af heildarútflutningi á heimsvísu.

17.12.1 Meðaltollar á þróunarlönd, þau lönd sem eru skemmst á veg komin í þróun og lítil eyríki í hópi þróunarríkja.

17.13.1 Þjóðhagslegt mælaborð.

17.14.1 Fjöldi landa þar sem fyrir hendi er fyrirkomulag til að stuðla að samfellu í stefnum um sjálfbæra þróun.

17.15.1 Að hvaða marki veitendur þróunarsamvinnu nota árangursramma og skipulagningarúrræði í eigu landanna.

17.16.1 Fjöldi landa sem tilkynna um árangur af ramma fjölhagsmunaaðila um eftirlit með skilvirkni þróunaraðstoðar sem styður við markmið um að ná tilteknum markmiðum um sjálfbæra þróun.

17.17.1 Fjárhæð í bandaríkjadölum sem veitt er til samstarfsverkefna einkaaðila og opinberra aðila og á vettvangi borgaralegs samfélags.

17.18.1 Hlutfall vísa fyrir sjálfbæra þróun, sem settir eru fram á innlendum vettvangi, með fullri aðgreiningu þegar við á vegna markmiðsins, í samræmi við grundvallarreglur um opinbera hagskýrslugerð.

17.18.2 Fjöldi landa sem hafa innlenda hagskýrslulöggjöf sem er í samræmi við grundvallarreglur um opinbera hagskýrslugerð.

17.18.3 Fjöldi landa sem hafa áætlun um landshagskýrslur sem er að fullu fjármögnuð og komin til framkvæmda, eftir tegund fjármögnunar.

17.19.1 Andvirði allra úrræða í Bandaríkjadölum sem tiltæk eru til að efla tölfræðilega getu í þróunarlöndum.

17.19.2 Hlutfall landa sem a) hafa framkvæmt a.m.k. eitt manntal og húsnæðistal á síðustu 10 árum og b) hafa náð 100% skráningu fæðinga og 80% skráningu dauðsfalla.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.03.2026